- Stefán Sigurðsson, bóndi, varaþm., 345.
- Stefnuljós á bifreiðum, rg., 66.
- Steinar Steinsson, skipaæftirlitsmaður, 472.
- Steindór Steindórsson, menntaskólakennari, alþm., 345.
- Steingrímur Þorsteinsson, dr., prófessor, í varastjórn vísindasjóðs, 477.
- Steinþór Gestsson, bóndi, varaþm., 345, 348.
- Stemann, P. C. von, amtmaður, hm., 486.
- Stewart, A. G., ambassador, 483.
- Stikker, dr., D. V., ambassador, hm., 485.
- Stóreignaskattur, kærufrestur, rg., 35.
- Sturla Jónsson, sjr., 40.
- Summerhayes, D. M., veitir sendiráði forstöðu, 482, 483.
- Sundhöll Reykjavíkur, gjsk., br., augl., 17.
- Sundnám, rg., 109—112.
- Svanhildur Sigurðardóttir, kennari, 475.
- Svavar Pálsson, endurskoðandi, dósent, 479.
- Sveinn Einarsson, verkfræðingur, varaþm., 348.
- Sveinn Einarsson, fil. cand., fulltrúi dag-skrárdeildar Ríkisútvarpsins, 476.
- Sveinn Guðmundsson, forstjóri, varaþm., 345.
- Sveinn Þórðarson, dr., lausn frá skóla-meistaraembætti, 477; menntaskólakennari, 477.
- Sveitarstjóri í Patrekshreppi, sp., 100.
- Sverrir Haraldsson, aðstoðarlæknir, staðfest ráðning, 478; héraðslæknir, settur, 479.
- Sverrir Jóhannesson, cand. med. & chir., aðstoðar-héraðslæknir, ráðning, 476; héraðslæknir, settur, 480.
- Svíþjóðaferðir, sjr., 359.
- Sýsluvegasjóður, A.-Skaftafellssýslu, sp.,

15—16; N.-Þingeyjarsýslu, sp., 76—78; Árnassýslu, sp., br., 313—316.
 Sæmundsen, Pétur, viðskiptafræðingur, varaþm., 348.
 Sæmundsson, Nína, myndhöggvari, hm., 485.
 Sölubúðir á vegum ríkisins, Keflavíkurflugvöllur, rg., 101—103.
 Sölubúðir og sölustaðir, á Patreksfirði, sp., 70—71; á Sauðárkróki, sp., 83—84.
 Söluturnar í Reykjavík, gjsk., augl., 336.
 Söngur og tónlist, kennaramenntun, rg., 275—276.

T.

Theoander, Ragnar O., vararæðismaður í Sundsvall, 478.
 Theódór Skúlason, læknir, dósent, 479.
 Thorarensen, Oddur, kennari, gfr., 477.
 Thorkelsson, Sóffónías, verksmiðjueigandi, hm., 485.
 Thorkil-Jensen, N., prófessor, hm., 485.
 Thorlacius, Áslaug, ritari í Þjóðskjalasafni, 475.
 Thorlaksson, Steingrímur Octavius, ræðismaður, hm., 485.
 Thoroddsen, Gunnar, borgarstjóri, alþm., 344, 347; ráðherra 480.
 Thors, Ólafur, alþm., 344, 346; forsætisráðherra, 480.
 Thorsson, Joseph, dómforseti, hm., 485.
 Tollar, skattar, „dúkkulísur“ og myndakotrur, stj.bréf, 45; Pastic Cement og gúmmibætur, stj.bréf, 98.
 Tollvörur, dúkkulísur og myndakotrur, stj.bréf, 45.
 Tómas Árnason, deildarstjóri, varaþm., 345, lausn, 480.
 Tómas Helgason, læknir, lækningaleyfi, 478.
 Tómas Jóhannsson, msk., 75—76.
 Tómas Tryggvason, jarðfræðingur, vara-stjórn vísindasjóðs, 477.
 Tónlistarskólinn, reglur um kennslu og próf við kennaradeild, stj.bréf, 321—323.
 Torre, Rafael Montoro y de la, sendiherra, lausn, 481.
 Tryggingarsjóður sparisjóða, reikn., 362.
 Tryggingastofnun ríkisins, reikn., 349—355.
 Türkmen, Bechet, sendiherra, 483.

U. Ú.

Umferð í Reykjavík, augl., 5, 309, 328.
 Umferðarmerki og notkun þeirra, rg., 89—96.
 Unnar Stefánsson, viðskiptafræðingur, varaþm., 346, 349.
 Útflutningur hrossa, rg., 32—35.
 Útvegskbanki Íslands, reikn., 392—396.

V. W.

Wagnière, Jean Frédéric, sendiherra, 483.
 Valdimar Stefánsson, sakadómari, hm., 484.
 Valgarð Björnsson, héraðslæknir, settur, 474.
 Vallholtslegat, sjr., 238.
 Valtýr Guðjónsson, forstjóri, varaþm., 348.
 Wamberg, Helge, sendiherra, hm., 485.
 Vangefinna styrktarsjóður, sjr., 254.
 Vatnsveita Blönduóss, rg., 17—19; Reykjavíkur, rg., 57—61; Akureyrar, rg., 79—81; gjsk., 81—82; Ísafjarðar, rg., 116—120; Bolungavíkur, rg., br., 149—150; Sauðárkrókskaupstaðar, rg., 288—290; Víkurkaupþúns, rg., 307—309; Hellisands, rg., 311—313; Siglufjarðar, rg., br., 401.
 Vatnsveitufélagið Lindin, sp., 165—167.
 Vegabréf á varnarsvæðum Keflavíkurflugvallar, rg., br., 332.
 veiðifélag Fellsstrandar, sp., 62—63; Kjósarhrepps, arðskrá, 141—142.
 Veitingaþjónaskólinn, og matsveina-, rg., 151—157.
 Verðlagsskrár, 176—209.
 Vestdal, Jón, dr. ing., forstjóri, hm., 484.
 Vestmannaeyjar, fiskveiðasamþykkt, br., 30—31.
 Vík í Mýrdal, rafveita, gjsk., br., 61—62.
 Viktoría Ágústa Ágústsdóttir, kennari, sett, 475.
 Víkurkaupþún, vatnsveita, rg., 307—309.
 Vilborg Auðunsdóttir, kennari, varaþm., 348.
 Vilborg Dagbjartsdóttir, kennari, 475.
 Vilhjálmar Hjálmarsson, bóndi, alþm., 344, varaþm., 347.
 Vilmundur Jónsson, landlæknir, lausn, 473.
 Vísindasjóður, rg., 273—275.
 Vísitala framfærslukostnaðar, 403.

Vitaverðir Íslands, 2 sjr., 254—255, 255—256.

Vopnafjörður, hafnarrg., br., 112—114.

Vörubifreiðar á Akranesi, rg., 327.

Vöruhappdrætti, samband ísl. berklasjúklinga, rg., 316—319.

Vörumerkjaauglýsingar, 414—472.

Vörutegundir, niðurfelling aðflutningsgjalda, augl., 333.

Þ.

Þingeyjarsýsla, N., sýsluvegasjóður, sp., 76—78; S., og Húsavík, fjallskilarg., 133—141.

Þjóðjarðalandsetar í hinu fyrrv. Suður-anti, sjr., 400.

Þóra Davíðsdóttir, kennari, gfr., 477.

Þórarinn Þórarinsson, ritstjóri, alþm., 344, 347.

Þorbjörn Sigurgeirsson, prófessor, stjórn vísindasjóðs, 477.

Þórður Eyjólfsson, hæstaréttardómari, forseti hæstréttar, 477, hm., 484.

Þorgrímur Jónsson, cand. odont., leyfi til tannlækninga, 475.

Þórir Helgason, cand. med. & chir., aðstoðarhéraðslæknir, ráðning, 475.

Þorkell Jóhannesson, aðstoðar-héraðslæknir, ráðning, 474.

Þórleif Kr. Sigurðardóttir, sjr., 272.

Þormar, Þorvarður G., sóknarprestur, lausn, 473.

Þorsteinn Þorsteinsson, fyrrv. sýslum., úthlutun fjár til listamanna, 474.

Þorvaldarminning, sjr., 398—399.

Þorvaldur G. Kristjánsson, lögfræðingur, alþm., 344, varalþm., 347.

Æ.

Ægir, skipstjóra- og stýrimannafélag, msk., 147—148.

Skammstafanir.

alþm. = alþingismaður.	r. = reglur.
augl. = auglýsing.	rg. = reglugerð.
br. —= breyting.	reikn. = reikningur.
gfr. = gagnfræðaskóli.	sjr. = sjóðreikningur.
hm. = heiðursmerki.	sk. = skipulagsskrá.
gjsk. = gjaldskrá.	stj.bréf = stjórnarráðsbréf.
hsk. = héraðsskóli.	sp. = samþykkt.
msk. = minningarsjóður, skipulagsskrá.	varalþm. = varaalþingismaður.

AUGLÝSING

1

2. jan.

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. jan. 1930.

1. gr.

2. mgr. 19. gr. orðist svo:

Unglingum innan 16 ára er óheimill aðgangur að almennum knattborðsstofum, dansstöðum og öldrykkjustofum. Þeim er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, ís-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 20.00, nema í fylgd með full-orðnum, sem ber ábyrgð á þeim. Öll afgreiðsla um söluop til barna eftir útvistar-tíma þeirra er lokið, er óheimil. Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að unglingar fái þar ekki aðgang né hafist þar við fram yfir það, sem leyfilegt er. Ákvæði þessi eru þó ekki því til fyrirstöðu, að unglingar megji hafa afnot af strætisvagnaskýlum.

Breyting þess staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dómsmálaráðuneytið, 2. janúar 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Gústav A. Jónasson.

SAMÞYKKT

2

5. jan.

um forkaupsrétt Neskaupstaðar að fasteignum í Neskaupstað.

Neskaupstað er áskilinn forkaupsréttur að eftirtöldum fasteignum í kaupstaðnum:

Egilsbraut	6	Skúr austan við húsið, eigandi Þorlákur Gislason.
—	12	Pakkhús, eigandi Aðalsteinn Halldórsson.
—	14	Sjöhús, eigandi Guðrún Eiríksdóttir.
—	16	Sjöhús, eigandi Guðrún Eiríksdóttir.
—	18	Hjallur, eigendur Pálmar Magnússon og Jóhanna og Sigrún Magnúsdætur.
—	24	Pakkhús, eigandi Björn Björnsson.
Eyrargata	6	Pakkhús, eigandi Þórshamar h.f.
Hafnarbraut	15	Sjöhús, eigandi Guðröður Jónsson.
—	23	Pakkhús, eigandi Karl Karlsson.
—	25	Pakkhús, eigandi Karl Karlsson.
—	26	Pakkhús, eigandi Jón Benjamínsson.
—	27	Sjöhús, eigandi Sveinn Magnússon.
—	29	Skúr, eigandi Karl Karlsson.
—	31	Pakkhús, eigandi Jóhann Eyjólfsson.
—	33	Skúr, eigandi Jón Þórðarson.
—	35	Sjöhús, eigandi Ársæll Júlíusson.
—	39	Sjöhús, eigandi Hafbjörg h.f.
—	45	Krakaskúr, eigandi Eiríkur Ásmundsson.

B 1

2	Hafnarbraut	51	Sjóhús (2), eigendur Þorbergur og Þórður Sveinssynir.
5. jan.	—	54	Gamla-Tröllanes, eigendur Hrafnkell h.f. og Herbert Jónsson.
	Nesgata	2	Sjóhús, eigandi Björn Ingvarsson.
	—	8	Atlahús og Kornvöruhús, eigandi Verzlun Sigfúsar Sveinssonar.
	—	8A	Bryggjuhús, eigandi Verzlun Sigfúsar Sveinssonar.
	Strandgata	3	Sjóhús, eigandi Ármann Magnússon.
	—	5	Glaðheimar, eigandi Ármann Magnússon.
	—	7	Skúr, eigandi Jósef Halldórsson.
	—	9	Skúr, eigandi Lárus Ásmundsson o. fl.
	—	13	Sjóhús, eigandi Stefán Höskuldsson.
	—	15	Sjóhús, eigandi Guðmundur Bjarnason, Hlíðargötu 7.
	—	17	Nýhöfn, eigandi Guðm. Bjarnason, Urðarteigi 23.
	—	21	Sjóhús, eigandi Gísli Bergsveinsson.
	—	35	Sjóhús, eigandi Jakob Jakobsson.
	Sverristún	1	Fjánhús og hlaða, eigandi Haraldur Brynjólfsson.
	—	3	Hlaða, eigandi Guðni Einarsson.
	Þiljuvellir	3	Gripahús, eigandi Guðni Einarsson.
	Þórhólgata	5	Laufás, eigendur Hermann Davíðsson og Einar Bjarnason.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur gert samkvæmt lögum nr. 22 23. júní 1932, öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningardegi hennar að telja, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. janúar 1959.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Helgi Helgason.

3

AUGLÝSING

6. jan.

um viðauka við Lyfsöluskrá I frá 15. jan. 1956.

Frá og með 1. janúar 1959 gengur í gildi viðauki við Lyfsöluskrá I frá 1. jan. 1956 útgefinn í dag af þessu ráðuneyti.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 6. janúar 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Baldur Möller.

4

AUGLÝSING

6. jan.

um viðauka og breytingu á Lyfsöluskrá II frá 10. des. 1958.

Frá og með 15. jan. 1959 gengur í gildi viðauki og breyting á Lyfsöluskrá II frá 10. des. 1958 út gefin í dag af þessu ráðuneyti.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 6. janúar 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Baldur Möller.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild
hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

5

21. jan.

1. gr.

Töluliður 25 í d-lið reglugerðarinnar orðist svo:

25. svæði: Hofsós.

15. apríl—15. nóvember.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um
hlutatryggingasjóð bátaútvegsins og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga
að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 21. janúar 1959.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

BÆJANÖFN

6

23. jan.

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febr. 1953 gefið
út leyfisbréf fyrir eftirgreindum bæjanöfnum á árinu 1958:

Arnþórsgerði, nýbýli í landi jarðarinnar Garðshorn í Köldukinn í Suður-
Þingeyjarsýslu.

Minniborg, nýbýli í landi jarðarinnar Borg í Miklaholtshreppi í Hnappadals-
sýslu.

Syðri-Völlur III, nýbýli í landi Syðri-Vallar I í Gaulverjabæjarhreppi í Ár-
nessýslu.

Laugargerði, nýbýli í landi Laugaráss í Biskupstungahreppni í Árnassýslu.

Sólveigarstaðir, nýbýli í landi Laugaráss í Biskupstungnahreppi í Árnassýslu.

Lindarbrekka, nýbýli í landi Laugaráss í Biskupstungnahreppi í Árnassýslu.

Hjarðargrund, nýbýli í landi ½ jarðarinnar Hjarðarhaga í Jökuldalshreppi
í Norður-Múlasýslu.

Lynghóll, nýbýli í landi Geirófsstaða í Skriðdalshreppi í Suður-Múlasýslu.

Múli, nýbýli í landi Svinadals í Skaftártunguhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

Laugarholt, nýbýli í landi Ytra-Laugalands í Öngulsstaðahreppi í Eyja-
fjarðarsýslu.

Stóra-Búrfell II, nýbýli í landi Stóra-Búrfells í Svinavatnshreppi í Austur-
Húnavatnssýslu.

Skorrastaðir III, nýbýli í landi jarðarinnar Skorrastaðir II í Norðfjarðar-
hreppi í Suður-Múlasýslu.

Flaga II, nýbýli í landi jarðarinnar Flaga í Skaftártungu, Vestur-Skaftafells-
sýslu.

Slétta, nýbýli í landi jarðarinnar Hraun II í Fljótshverfi í Kirkjubæjarhreppi
í Vestur-Skaftafellssýslu.

- 6 *Skógar II*, nýbýli í landi Skóga í Vopnafirði í Norður-Múlasýslu.
23. jan. *Steindalur*, nýbýli í landi jarðarinnar Ytri-Tungu í Tjörneshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.
- Árhólar*, nýbýli á landi jarðarinnar Hóla í Laxárdal í Reykdælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.
- Mýrar III*, nýbýli í landi Mýra I í Ytri-Torfustaðahreppi í Vestur-Húnavatnssýslu.
- Ármúli II*, nýbýli í landi Ármúla í Nauteyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.
- Laxárbakki*, nýbýli í landi Helluvaðs í Mývatnssveit í Suður-Þingeyjarsýslu.
- Laxamýri II*, nýbýli í landi Laxamýrar í Reykjahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.
- Kvisthagi*, nýbýli í landi Hamraenda í Miðdalahreppi í Dalasýslu.
- Miklaholt II*, nýbýli í landi Miklaholts í Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu.
- Hjarðarhagi*, nýbýli í landi Jarlsstaða í Aðaldælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.
- Hjarðarhagi*, nýbýli í landi Núps í Vindhælishreppi í Austur-Húnavatnssýslu.
- Lambeyrar*, nýbýli í landi Dönustaða í Laxárdalshreppi í Dalasýslu.
- Hlíðarendi*, nýbýli í landi Vatnshlíðar í Bólstaðarhlíðarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu.
- Hlemmiskeið V*, nýbýli í landi Hlemmiskeiðs II og Brúnavallakots í Skeiðahreppi í Árnesýslu.
- Kornvellir*, nýbýli á erfðafestulandi að Hvolsvelli í Hvolhreppi í Rangárvallasýslu.
- Kvjar II*, í landi Kvía í Þverárhlið, Mýrasýslu.
- Hvítárbakki II*, nýbýli í landi Hvítárbakka í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu.
- Vindheimar*, nýbýli í landi Hvítárbakka í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu.
- Árholt*, nýbýli í landi Mánár í Tjörneshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.
- Árbakki*, nýbýli í landi Syðri-Reykja í Biskupstungnahreppi í Árnessýslu.
- Bergþórshvoll II*, nýbýli í landi Bergþórshvols í Vestur-Landeyjahreppi í Rangárvallasýslu.
- Jörfi II*, nýbýli í landi Jörfa í Haukadalshreppi í Dalasýslu.
- Fjöll II*, nýbýli í landi Fjalla í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu.
- Árland*, nýbýli í landi Fellssels í Ljósavatnshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.
- Lón II*, nýbýli á þriðjungum jarðarinnar Lón og hálfri jörðinni Sultum í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu.
- Kviaból*, nýbýli í landi Garðshorns í Ljósavatnshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.
- Hjarðarhvoll*, nýbýli í landi jarðanna Dala og Kóreksstaða I í Hjaltastaðahreppi í Norður-Múlasýslu.
- Hámundarstaðir IV*, nýbýli í landi Hámundarstaða II í Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
- Heiði*, nýtt nafn á jörðinni Bjarnastaðir, Skútustaðahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Í menntamálaráðuneytinu, 23. janúar 1959.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

7

26. jan.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur:

- Á Skólavörðustíg milli Bergstaðastrætis og Bankastrætis til norðvesturs.
- Í Bankastræti milli Skólavörðustígs og Ingólfsstrætis til vesturs.
- Á Klapparstíg milli Grettisgötu og Njálsgötu til suðurs.

2. Bifreiðastöður bannaðar:

- Á Laugavegi milli Skólavörðustígs og Traðarkotssunds.
- Á Klapparstíg milli Hverfisgötu og Laugavegar. Þó skulu haldast tvö bifreiðastæði næst gatnamótum Hverfisgötu.

3. Stöðumælar verði settir upp:

- Á Ingólfsstræti milli Bankastrætis og Amtmannsstígs.
- Á Skólavörðustíg sunnan megin götunnar milli Bankastrætis og Bergstaðastrætis.

4. Akstur á tveimur akreinum:

- Á Laugavegi milli Traðarkotssunds og Skólavörðustígs.
- Á Bankastræti.
- Á Klapparstíg milli Hverfisgötu og Laugavegar.
- Á Skólavörðustíg milli Bergstaðastrætis og Bankastrætis.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 26. janúar 1959.

Sigurjón Sigurðsson.

HAFNARREGLUGERÐ

8

31. jan.

fyrir Húsavíkurkaupstað.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Húsavíkurhöfn tekur yfir Húsavíkina, austan línu sem hugsast dregin vestast úr Kaldbaksnefi í svonefndar Snásur á Húsavíkurhöfða.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarsjórn Húsavíkur hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins.

8 31. jan. Hafnarnefnd, sem skipuð er fimm mönnum kjörnum af bæjarstjórn, hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

3. gr.

Bæjarstjóri er hafnarstjóri og formaður hafnarnefndar, nema öðruvísi sé ákveðið af bæjarstjórn.

4. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri, í samráði við hafnarnefnd. Heimilt er hafnarnefnd að ráða svo marga starfsmenn til aðstoðar henni, sem þurfa þykir. Hafnarnefnd ræður fasta starfsmenn hafnarinnar og setur þeim erindisbréf og ákveður launakjör þeirra. Enn fremur víkur hún þeim frá störfum, ef ástæða þykir til að dómi nefndarinnar. Ákvarðanir hafnarnefndar um starfsmannahald ganga ekki til bæjarstjórnar til fullnaðar afgreiðslu.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarvörður sér um, að reglu sé gætt á höfninni og landi hennar.

Öllum er skylt að hlíta jafnt boði hans sem banni og enn fremur starfsmanna þeirra, er settir eru til að gæta reglu. Nú þykir einhverjum sér óréttur gerður af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjórn, en þó skal hann hlýða skipun starfsmannsins þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmeitt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar eru unnin.

7. gr.

Allrar varúðar skal gæta í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.

Óheimilt er að kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skips og á lögboðnum ljóskerum, í skipum, sem flytja eldfim efni. Tóbaksreykingar eru bannaðar í skipum, sem flytja eldfim efni og þar sem unnið er að fermingu eða affermingu þeirra. Líti hafnarvörður svo á, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarvarðar.

8. gr.

Óheimilt er á landi hafnarinnar að smíða ný skip eða þetta eldri skip eða gera við þau á annan hátt, nema að fengnu leyfi hafnarnefndar og samkvæmt þeim skilmálum, sem hún ákveður. Leyfi hafnarvarðar þarf til að leggja skipum til hreinsunar upp í hafnarfjöruna.

9. gr.

Útbyrðis má ekki kasta seglfestu, ösku, kolum, fiskúrgangi eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, frá skipum sem þar liggja, né flytja það úr

landi út í höfnina. Óheimilt er að gera hafnarmannvirki í landi Húsavíkur, eða 8
breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru þar og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá 31. jan.
landi, nema leyfi bæjarstjórnar komi til.

Umráðamönnum þeirra mannvirkja, sem eru eða kunna að verða gerð með leyfi
bæjarstjórnar, er skylt að halda þeim við þannig, að engin hætta geti stafað af þeim.
Nú vanrækir eigandi slíks mannvirkis að halda því í því ástandi, sem nauðsynlegt
er að áliti hafnarnefndar, er þá hafnarnefnd heimilt að láta gera við mannvirkid
á kostnað eigenda, en eigandi eða umráðamaður er ábyrgur fyrir öllum þeim tjónum
á skipum og mannvirkjum annarra, er stafa kann frá mannvirkjum hans.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

10. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma eða afferma, mega aldrei leggjast svo
á höfninni, að tálmi affermingu annarra skipa og skulu þau í hvert skipti skyld
að hlýða boðum hafnarvarðar eða starfsmanna hafnarinnr, um hvar þau megi liggja
og leggjast. Aldrei mega skip liggja svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt rými fyrir
önnur skip að komast að eða frá.

Bannað er að leggja svo skipum og bátum, að það hindri eða tefji umferð um
höfnina. Nú tregðast eigandi skips eða báts við að hlýða boðum hafnarvarðar eða
hafnarstarfsmanna, um að flytja skip sitt, ból eða strengi á höfninni, getur hafnar-
stjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

11. gr.

Á skipi hverju — að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til
að liggja mannlauk á lægi hafnarinnar — skal jafnan vera einn maður að minnsta
kosti, er tekið geti á móti fyrirmælum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt
þau, hvort heldur á að færa skipið eða aðhafast annað, samkvæmt reglugerð þessari.

12. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggju, nema við festarhringa eða festar-
stólpa. Séu landfestar úr járn skulu þær vera klæddar þar sem þær hvíla á bólvirkinu
eða bryggjunni. Festum skal koma þannig fyrir, að þær hindri sem minnst umferð
á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki hafnarverði þess eigi nægilega gætt, má krefjast
að úr sé bætt tafarlaust. Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og virkis eða
bryggju, ef þess er krafizt.

13. gr.

Vélknúin skip mega ekki láta vélarnar ganga af það miklu afli, að öðrum skip-
um eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af. Óheimilt er að hleypa vatni á bryggju
eða bólvirki að óþörfu.

14. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur þar, sem það að áliti hafnarnefndar
tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burtu, svo fljótt sem auðið er.
Verði dráttur á því, heimilast hafnarstjóra að fjarlægja skipið á kostnað eigandans
og má hann selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

V. KAFLI

Notkun hafnarbryggna.

15. gr.

Skipum skal heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð sem þau koma, nema hafnarnefnd ákveði aðra tilhögun. Þó skal þess jafnan gætt, að þau skip er sigla eftir fyrirfram ákveðnum og auglýstum ferðaáætlunum og flytja póst, geti lagzt að bryggju, þótt önnur skip liggi þar fyrir og verða þau skip að vikja, meðan hin eru afgreidd. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að dómi hafnarvarðar, ber því að vikja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess.

16. gr.

Nú ber nauðsyn til, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja yfir þilför hinna á bjálkabráum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skip, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

17. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skipsins og bólvirkisins, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Kjölfestu má eigi láta annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar sem hafnarvörður til vísar.

18. gr.

Skyllt er skipstjóra eða afgreiðslumanni að láta ræsta bryggju þá, sem notuð hefur verið við fermingu eða affermingu skips. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiði allan kostnað. Sömu ákvæði gilda og um fiskafla settan á land í Húsavíkurhöfn og ber þá skipstjóri eða útgerðarmaður og kaupandi aflans ábyrgð samkvæmt þessari grein.

19. gr.

Munir þeir eða vörur, sem affermdar eru eða láttnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki eða annars staðar í landi hafnarinnar, en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi.

Skal flytja burt muni og vörur jafnóðum og hafnarvörður krefst þess. Sé það ekki gert, lætur hann gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða ábyrgðarmanna hans.

VI. KAFLI

Um geymslu skips, sem lagt er í lægi.

20. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi og skal binda leyfið því skilyrði, að eigandi láti taka það upp, ef það sekkur, eða láti sprengja það í sundur, svo það skemmi ekki höfnina.

Sé þessu ekki fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda. Hafnarnefndin ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skulu vera og hvernig þeim skuli fyrir komið. Nú sannar eigandi geymsluskipsins með vottorði tveggja óvilhallra manna, sem hafnarnefnd til-

nefnir, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hætta af hvað leka snertir, þó 8
það sé mannaust, og er honum þá leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja, 31. jan.
án þess að menn séu í því, á þeim tíma árs, þegar ekki verður heimtað ljós á skip-
um. Skylt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd krefst þess. Ljós
skulu tendruð á skipum þessum, þegar hafnarvörður krefst þess. Liggja skipin fyrir
utan ákveðið svæði, er einungis er ætlað skipum, sem lagt er í lægi, þá skal bæði
tendra ljós og gera breytingar á þeim, eftir þeim reglum, er settar eru í alþjóða-
sjóferðareglum fyrir skip, er liggja fyrir akkeri.

21. gr.

Meðan skip liggur mannaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en einu sinni í
viku fara út í það, til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað, hafi haggast eða
bilað og ef svo reynist, skal lagfæra það, svo fljótt sem auðið er. Ekki ber hafnar-
sjóður ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lægi á höfninni.

22. gr.

Eigendur báta, sem skrásettir eru á Húsavík, eða gerðir út þaðan til fiskjar, eiga
forgangsrétt á legum við botnkeðjur hafnarsjóðs (múrningar) á höfninni og greiða
þeir legugjald eftir ákvörðun hafnarnefndar.

Hafnarsjóður leggur til uppihöld frá botnkeðjum, en bátaeigendur kosta sjálfir
nauðsynlegar festar við uppihöldin og bera kostnað við að ná þeim upp, ef þau tapast
niður. Hafnarnefnd hefur einkarétt til að leggja botnkeðjum á hafnarsvæðinu, en
þeir sem leggja bátum sínum á höfninni við eigin festar skulu hlíta fyrir mælum
hafnarnefndar um legustað þeirra.

VII. KAFLI

Um lestagjöld.

23. gr.

Öll skip og bátar, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu
greiða lestagjald, í hver sinn, sem þau leggjast við festar á höfninni eða við
bryggju í höfninni, þó með þeim undantekningum, sem síðar getur. Ef ekki er
öðruvísi ákveðið, greiðist lestagjaldið af nettóburðarmagni skipsins, talið í heilum
tölum og brotum sleppt.

24. gr.

- a) Skip og bátar, sem eru eign búsettra manna í Húsavík og skrásett þar eða gerð
út þaðan til fiskveiða og flutninga, þó ekki millilandasiglinga, svo og önnur
skip og bátar, sem gerðir eru út frá Húsavík a. m. k. tveggja mánaða tíma sam-
fleytt á ári, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári sem hér segir:

Opnir bátar greiði lágmarksgjald kr. 100.00 og auk þess kr. 25.00 á hverja
brúttólest.

Dilfarsbátar greiði lágmarksgjald kr. 200.00 og auk þess kr. 25.00 á hverja
brúttólest. Fari þessi skip millilandaferðir verða þau gjaldskyld undir e-lið
þessarar greinar og má þá endurgreiða nefnt gjald hlutfallslega fyrir þann tíma,
sem millilandaferðin tekur eða ferðirnar, ef þeim er haldið áfram óslitið.

- b) Innland fiskiskip greiða kr. 0.80 fyrir hverja brúttórúmllest, í hvert skipti er þau
koma til hafnar.
- c) Strandferðaskip, sem að staðaldri eru í strandferðum, eftir fastri fyrirfram
auglýstri áætlun, greiði kr. 0.60 fyrir hverja rúmllest (nettó).
- d) Millilandskip, þegar þau sigla í strandferðum eftir fyrirfram auglýstri áætlun,
greiði kr. 0.80 á hverja rúmllest (nettó).

- 8 e) Öll önnur skip greiði kr. 1.20 á hverja rúmlest (nettó), nema herskip, varð-
31. jan. skip, skip sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip sem gerð eru út til
vísindalegra rannsókna og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, svo og vita-
skip ríkissjóðs.

25. gr.

Liggi skip lengur í höfninni en 14 daga, skal eiganda þess skylt að greiða lesta-
gjald að nýju, fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim.

Hafi skip verið tekið á land til viðgerðar telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi.

VIII. KAFLI

Um ljósagjöld.

26. gr.

Öll skip, sem til hafnarinnar koma á tímabilinu 1. ágúst til 15. maí og um
getur í 24. grein skulu greiða ljósagjald þannig:

- a) Skip, sem getur um í a-lið 24. gr., greiði árlega kr. 50.00.
- b) Önnur skip, hvort sem þau greiða lestagjald samkv. 24. gr. eða eru undanþegin,
skulu greiða í ljósagjald kr. 0.15 fyrir hverja rúmlest (nettó), þó aldrei lægra
en kr. 30.00 í hvert sinn.

IX KAFLI

Um bryggjugjöld.

27. gr.

Hvert það skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki, hvar sem er í höfninni, eða
að skipi, sem liggur við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald eftir stærð
skipsins, talið í heilum tonnum, en brotum skal sleppa. Gjöldin skulu vera sem hér
segir:

- a) Bátar og skip 30 rúmlestir að stærð og þar yfir, sbr. 24. gr. a-lið, greiði kr. 4.00
af hverri brúttólest árlega.
- b) Skip, sem um getur í 24. gr. c- og d-liðum, greiði kr. 0.30 af hverri nettólest
skipsins, en skip samkv. b-lið 24. gr. sama gjald miðað við brúttólestatölur.
Gjaldið skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta af hálfum sólarhring.
- c) Öll önnur skip, nema varðskip og björgunarskip, greiði kr. 0.50 af hverri brúttó-
rúmlest, samkv. síðustu málsgrein b-liðs þessarar greinar.

Bryggjugjald samkvæmt b- og c-lið skal þó aldrei vera minna en kr. 50.00 í
hvert sinn.

X. KAFLI

Um vörugjald.

28. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum lifandi og dauðum, sem
fermdar eða affermdar eru á höfninni, svo og afla lögðum á land, með þeim undan-
tekningum, sem um getur í næstu grein.

29. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnir til umhleðslu og
eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald.
Af vörum, sem settar eru á land, en eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé þess
getið í farmskrá, greiðist ekkert gjald.

30. gr.

8

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

31. jan.

- a) Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- b) Póstflutningar og farangur ferðamanna.
- c) Vörur sem fluttar eru úr varðskipi, björgunarskipi eða í þau.

31. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeim tegundum, sem hæst gjald skal greiða af.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjald greiðist eins og þar segir. Ef vafi leikur á því í hverjum flokkanna skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarstjóri, en úrskurði hans má skjóta til hafnarnefndar.

32. gr.

Vörugjaldskrá.

Aðfluttar vörur:

1. flokkur: Gjald kr. 1.50 fyrir hver 100 kg:
Kol, koks og salt.
2. flokkur: Gjald kr. 2.50 fyrir hver 100 kg:
Kornvara og fóðurvara í sekkjum, áburður, hey, garðávextir í sekkjum (s. s. kartöflur, rófur og laukur), sement og kalk.
3. flokkur: Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:
Gasolía, svartolía og aðrar brennsluolíur, benzín byggingarefni óunnið (s. s. þakjárn, þakhellur, þakskífur, asbest, steypustyrktarjárn, múrhúðunarefni, þó ekki sementsmálning, vikur, vikursteinar, hlutir úr frauðsteypu og gjalli, vegg- og gólflísar), veiðarfæri, ótalin annars staðar og fiskumbúðir.
4. flokkur: Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:
Járn óunnið, smíðajárn, miðstöðvar og vatnsleiðsluvörur (s. s. rör, ofnar, katlar, kranar og annar „fittings“) rör og pípur (s. s. raflagnarör, olíuleiðslur, rör ótalin annars staðar), jarðstrengur, vír, óeinangraður, girðingaefni annað en tréstaumar, vélar og tæki (þyngri en 100 kg, s. s. vinnuvélar, mótórar, rafalar, spennar) háspennueinangrarar, bifreiðar, vélar og tæki til landbúnaðar, önnur en handverkfæri, olíur í heilum fötum aðrar en brennsluolíur (s. s. smurningsolíur og smjörlíkisolíur) trjáviður og þilplötur til húsagerðar, sem gjald reiknast af eftir þyngd.
5. flokkur: Gjald kr. 1.00 fyrir hver 10 kg:
Olíur í litlum pakningum, ílátum og dósum, rafknúin heimilistæki, raflagnaefni ótalið annars staðar, eldavélar, ofnar, kynditæki, hreinlætistæki, s. s. úr postulín og málmum, málingarvörur ýmiss konar, sementsmálning, húðunarefni ótalin annars staðar, terrassó, gólfdukur og plötur til gólflagna, korkur unninn og óunninn, rúðugler í kistum,

8
31. jan.

einangrunarvör, sykur, kaffi, kaffibætir, brauðvörur alls konar, ávextir, grænmeti, matvara í stórum pakningum og í dósnum og glösnum, fullunnar efnagerðarvörur ótaldar annars staðar, kjötvörur, fiskvörur.

6. flokkur: Gjald kr. 1.50 fyrir hver 10 kg:

Handverkfæri, vélar og tæki, undir 100 kg, varahlutir ýmiss konar, smávarningur ýmiss konar (s. s. saumur, skrúfur, boltar, skrár, lamir o. fl. þ. k., úr málmum og gerviefnum), barnavagnar, hjólhestar, mótórhjól, smávélar (s. s. skilvindur, strokkar, saumavélar o. fl.), hreinlætisvörur, aldinsafar, öl og gosdrykkjavörur, búshöld ýmiss konar, burstavörur, siglingatæki, gúmmívörur, bækur, pappírsvörur, kennslutæki.

7. flokkur: Gjald kr. 2.00 fyrir hver 10 kg:

Leðurvörur, vefnaðarvörur, garn (ull og gerviefni), skófatnaður, glervörur ótaldar annars staðar, lyfjavörur, hjúkrunarvörur, rafmagnsvörur og tæki ótalið annars staðar, smáhljóðfæri, viðtæki, upptökutæki, grammófónar, spólar og hljómplötur.

8. flokkur: Gjald kr. 3.00 fyrir hver 10 kg:

Mælitæki, s. s. mælar, klukkur, úr og önnur mælitæki ótalin, sportvörur, sælgætisvörur, skrifstofuvélar, byssur, skotfæri, leikföng, skrautvörur, glysvarningur, áfengi, ilmvoðna, tóbaksvörur, ótaldar smávörur, svo og allar þær vörur, sem gjald er tekið af eftir þyngd, ótaldar annars staðar.

9. flokkur: Gjald kr. 0.75 fyrir hvert stykki:

Tómar tunnur og föt.

10. flokkur: Gjald kr. 0.60 fyrir hvert teningsfet.

Trjáviður, sem reiknast eftir rúmmáli.

11. flokkur: Gjald kr. 1.00 fyrir hvert teningsfet:

Húsgögn, hljóðfæri, oliugeymar o. fl., allar aðrar vörur ótaldar annars staðar, sem gjald reiknast af eftir rúmmáli.

Útfluttar vörur:

12. flokkur: Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:

Sjávarafurðir, nema saltsíld, gærur, húðir og garnir.

13. flokkur: Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:

Landbúnaðarvörur ótaldar annars staðar

14. flokkur: Gjald kr. 2.00 fyrir hver 10 kg:

Iðnaðarvörur ótaldar annars staðar.

15. flokkur: Gjald kr. 1.00 fyrir hvert teningsfet:

Burtfluttar vörur, sem gjald reiknast af eftir rúmmáli.

16. flokkur: Gjald kr. 10.00 fyrir stykki:

Lifandi sauðfé og stórgripir.

17. flokkur: Gjald kr. 1.50 fyrir stykki:

Saltsíld í tunnum.

Aflagjöld:

18. flokkur: Gjald $\frac{1}{2}\%$ af verðmæti:

Sjávarafli lagður á land, nema sildarafurðir. Gjaldið skal miðað við lögskráð verð á hráefni. Fiskaupandi eða verkandi er ábyrgur fyrir gjaldinu.

19. flokkur: Gjald kr. 1.00 af hverju sildarmáli í bræðslu.

20. flokkur: Gjald kr. 1.00 af hverri tunnu sildar til frystingar.

XI. KAFLI

Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

8

31. jan.

33. gr.

Fyrir að leggja skip í fjöru hafnarsjóðs til hreinsunar eða viðgerðar, skal greiða af hverri nettórúmlest skipsins fyrir hvern sólarhring, eða hluta úr sólarhring 50 aura, þó aldrei minna en kr. 20.00.

Heimilt er hafnarnefnd að undanþiggja þessu gjaldi skip, sem eiga heimilisfang í Húsavík.

34. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða kr. 1.00 fyrir hvert stykki, sem ekki er flutt burt innan sólarhrings. Gjaldið reiknast fyrir hverjar 24 klukkustundir eða brot úr þeim. Gjald fyrir stór stykki fer eftir samkomulagi.

35. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald fyrir leigu og aðstöðu, sem ákveðið verður í samningi.

36. gr.

Fyrir kjölfestu greiðist gjald, sem hafnarnefnd ákveður í hvert sinn.

37. gr.

Fyrir geymslu skips, sem lagt er í lægi í höfninni samkv. 20. gr., greiði eigandi árgjald kr. 1.00 á brúttólest.

38. gr.

Fyrir uppsátur skipa og báta greiðist árgjald miðað við brúttóstærð sem hér segir: Allt að 5 rúmlestum kr. 30.00, 6—12 rúmlesta kr. 50.00, 13—50 rúmlesta kr. 100.00, stærri skip kr. 200.00.

39. gr.

Utanbæjarbátar, minni en 12 rúmlestir, greiði í hafnargjöld, bryggjugjöld og ljósagjöld kr. 40.00 í hvert sinn sem þeir koma til hafnar.

Hafnarvörður tilkynni hafnargjaldkera jafnóðum um öll afnot hafnar og hafnarmannvirkja samkvæmt þessum kafla.

XII. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

40. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin í skrifstofu hans.

41. gr.

Skipstjóri eða formaður á bát, ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds og kjölfestugjalds. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á fleytu, ber eigandi fleytunnar ábyrgð á greiðslu gjaldanna.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt á fleytum unz gjöldin eru greidd. Greiða skal gjöld samkvæmt reglugerð þessari, áður en skipið fer burt úr höfninni, nema þar sem reglugerðin ákveður fasta gjalddaga á gjöldunum.

Gjalddaga fyrir ársgjöld ákveður hafnarstjóri.

8

42. gr.

31. jan. Gjöld fyrir vörur þær, sem um getur í 32. grein, greiðir eigandi eða umboðsmaður hans á Húsavík og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslum.

Hafi skip eða bátar ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Vörugjald af vörum sem koma til hafnar fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina en vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

43. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu renna í hafnarsjóð. Öll skipagjöld, er reglugerð þessi kveður á um, skulu tryggð með lögveði í viðkomandi skipi og gengur það í tvö ár fyrir sanningsveðskuldum. Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

XIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

44. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið.

Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhöllum mönnum, Kostnað við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður eigi breytt meira en sem nemi 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

45. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara úr höfninni meðan mál hans er óútljád, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

46. gr.

Enginn skipstjóri getur vænt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann sanni með vottorði frá hafnargjaldkera, að hann hafi borgað gjöld þau, sem um getur í þessari reglugerð, svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða.

47. gr.

Hverja þá skipun, sem gefa má skipi samkvæmt reglugerð þessari, skal gefa stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans samkvæmt 11. grein. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

48. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.

Sektin rennur í hafnarsjóð Húsavíkur.

49. gr.

8

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. 31. jan.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, um breyting á þeim lögum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. janúar 1959.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T

9

um sýsluvegasjóð Austur-Skaftafellssýslu.

5. febr.

1. gr.

Í Austur-Skaftafellssýslu skal vera sýsluvegasjóður. Úr honum greiðist kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslunni.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

Í Bæjarhreppi:

Syðri-Fjarðarvegur, af Þjóðveginum að Syðra-Firði.

Í Hafnarhreppi:

Hafnarvegur, af Þjóðveginum yfir að Svalbarði, gegnum kaupúnið að sláturhúsinu.

Í Nesjahreppi:

Dilksnesvegur, frá Þjóðveginum að Hjarðarnesi og Dilksnesi.

Í Mýrahreppi:

1. Rauðabergsvegur, frá Þjóðveginum á Króksbakka, inn móa að Hlíðarbergi og Rauðabergi.
2. Einholtsgvegur, frá Þjóðveginum austan Brunnhólsár, út með Árbæ og Brunnhóli að Einholti.
3. Borgarvegur, af Þjóðveginum að Borg og Baldurshaga og nýbýlinu Nípugarði.

Í Borgarhafnarhreppi:

1. Borgarhafnarvegur, af Þjóðveginum að Borgarhöfn.
2. Brunnavegur, frá Þjóðveginum að Brunnum og Brunnavöllum.

Í Hofshreppi:

1. Kirkjuvegur, af Þjóðveginum að kirkju og skólahúsi.
2. Flugvallarvegur, af flugvellinum að Fagurhólsmýri.

Sýsluvegur nær ekki nema að heimatúni býlis. Þetta gildir þó ekki, þar sem sýsluvegur liggur gegnum tún jarða eða býlis, og ekki um flugvallarveginn að Fagurhólsmýri.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum í sýslunni, og greiðist hann á manntalsþingi af ábúendum hverrar jarðar, en

9 af eigendum hvefrrar lóðar eða húseignar í kaupúnum. Hreppsfélaginu er heimilt 5. febr. að greiða skatt þennan úr sveitarsjóði, enda sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmatum sveitarfundi og tilkynning komi þar um til sýslumanns fyrir 1. apríl.

Sýslunefnd ákveður, fyrir eitt ár í senn, upphæð skattsins. Má hann ekki vera lægri en 2% og ekki hærri en 12% af landverði samkvæmt fasteignamati og hálfu minna af húsaverði. Með gjöldum til vegabóta má telja vexti og afborganir af lánnum, sem tekin eru til sýsluvega.

4. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs og skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar. Gilda þar um sömu reglur og um sýslusjóðsreikning.

Sýslufundur semur áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðs yfirstandandi árs. Afrit af sýsluvegasjóðsreikningi ásamt áætlun skal oddviti senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

5. gr.

Undanskildar vegaskatti eru kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús.

6. gr.

Tillag úr ríkissjóði fær sýslusjóður eftir því, sem ákveðið er í gildandi lögum á hverjum tíma.

7. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Skaftafellsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 5. febrúar 1959.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

10

REGLUGERÐ

11. febr.

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hvammstangakaupún, nr. 18 3. febr. 1957.

1. gr.

Öll gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni hækki um 50%.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 11. febrúar 1959.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

11

14. febr.

um breyting á auglýsingu nr. 220 30. des. 1958, um breyting á gjaldskrá
Sundhallar Reykjavíkur nr. 52 31. marz 1948.

Í 2. tölulið I. kafla komi: kr. 1.50, í stað „kr. 2.00“.

Í 4. tölulið I. kafla komi: kr. 15.00, í stað „kr. 20.00“.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Þetta tilkynnist öllum sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1959.

F. h. r.

Gunnlaugur Þórðarson.

Helgi Helgason.

REGLUGERÐ

12

16. febr.

fyrir vatnsveitu Blönduóshrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Blönduóshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt, og einnig til hafnarinnar á Blönduósi.

2. gr.

Vatnsveitunefnd skipa 3 aðalmenn og 3 varamenn, sem kosnir eru af hreppsnefndinni til fjögurra ára í senn. Annast hún öll framkvæmdastörf, endurbætur, viðhald og umsjón með eignum vatnsveitunnar í samráði við hreppsnefnd.

3. gr.

Hver sá, er vill komast í samband við vatnsveitu hreppsins, skal senda vatnsveitunni skriflega umsókn þar um.

Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota

4. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsleiðslur liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef honum þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal húeigandi tafarlaust bæta úr því, ella lætur umsjónarmaður gera það á hans kostnað.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu, eða greiða ekki vatnsskatt eða tengigjald á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, er vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

12

16. febr.

5. gr.

Hver sá, er veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar eða á annan hátt bakar henni skaða, skal bæta það að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Engum er heimilt án leyfis vatnsveitunefndar og brunaliðsstjóra að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

6. gr.

Skylt er sérhverjum að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir, samkvæmt mati, ef eigi næst samkomulag.

7. gr.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunefndar og hafi auk þess greitt kr. 500.00 — fimm hundruð krónur — í stofngjald.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum í hús sín, og annast viðhald þeirra. Skylt er húseigendum að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim. Enginn má eyða vatni að óþörfu, né setja aflvélar í samband við vatnsveituna, án leyfis vatnsveitunefndar.

8. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Blönduóshrepps, sem vatn er leitt í úr vatnsveitunni, annarra en þeirra, er um ræðir í 9. gr., skal greiða vatnsskatt árlega er sé 18 pro mille — átján af þúsundi — miðað við fasteignamat húsanna, þó aldrei minna en kr. 150.00 — eitt hundruð og fimmtíu krónur —, fyrir hvert hús.

9. gr.

Af húsum þeim, sem nota mikið vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar, svo sem: verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, gistihús, frystihús o. fl., skal greiða vatnsskatt 30 pro mille — þrjátíu af þúsundi — af fasteignamati húsanna, ef ekki er greiddur sérstakur aukaskattur vegna rekstursins, eða vatn selt eftir mæli, samkvæmt 10 gr., en sé svo skal greiða vatnsskatt af húsaverði slíkra fyrirtækja samkvæmt 8. gr.

10. gr.

Auk vatnsskatts þess, er um getur í 8. og 9. gr., skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir hverja smálest af innveginni mjólk í mjólkurstöð kr. 5.00, — fimm krónur — af fyrstu milljón litrunum. Umfram magn skal greiðast með kr. 3.00 — þremur krónum — á smálest.
2. Fyrir hverja slátraða kind í sláturhúsi kr. 0.25 og fyrir hvern slátraðan stórgrip kr. 1.00.
3. Fyrir hverja smálest vatns til skipa kr. 20.00.
4. Fyrir hverja smálest vatns, ef selt er eftir mæli kr. 1.00.

11. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að hækka eða lækka vatnsskatt þenna um allt að 50% — fimmtíu af hundruði —.

12. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast oddviti eða sveitarstjóri reikningshaldið, innheimtu og greiðslur.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. júlí ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi **12** fyrir liðið ár.

16. febr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, sem má taka lögtaki, og einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu tvö ár á eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði

13. gr.

Hver sá húseigandi, sem ekki hefur fengið endurnýjaðar vatnsæðar frá því að vatnsveitan yfirtók vatnsveitukerfi Blönduóshrepps, skal þó undanþeginn stofngjaldi og skal vatnsveitunefnd sjá um að leiðslur hans verði endurnýjaðar, honum að kostnaðarlausu, sé vegalengdin frá aðalæð ekki yfir 25 m. Vegalengd þar fram yfir greiði húseigandi að hálfu.

14. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00 — eitt þúsund krónum —, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Blönduóshrepps, staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Blönduóshrepps nr. 49 23. marz 1949.

Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um heimilishjálp í Húsavík.

13

17. febr.

1. gr.

Kvenfélag Húsavíkur og Verkakvænnafélagið Von á Húsavík, annast framkvæmdastjórn heimilishjálparinnar í Húsavík í umboði bæjarstjórnar undir yfir-
stjórn bæjarstjóra.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með umsögn lækni, ljósmóður eða á annan hátt, sem framkvæmdastjórn heimilishjálparinnar metur gildan, að heimilishjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt um lengri tíma í senn en 10—20 daga.

3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks eina konu til heimilishjálparinnar. Stjórn heimilishjálparinnar ber að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær sem heimilishjálpin stunda, séu hæfar til starfans og séu ekki haldnar smitandi sjúkdómi.

13

17. febr.

4. gr.

Bæjarsjóður Húsavíkur ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem konur er vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín.

5. gr.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálpar fer eftir ákvörðun bæjarstjórnar. Bæjarstjórn getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálp að nokkru eða öllu leyti að fengnum tillögum bæjarráðs.

6. gr.

Fyrir heimilishjálp skal greitt eftir gjaldskrá er bæjarstjórn setur að fengnum tillögum bæjarráðs og ráðherra staðfestir

Bæjarstjórn setur og reglur um greiðslu, innheimtu og annað, er hún telur máli skipta í þessu efni, og annast fjárreiður.

7. gr.

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar Húsavíkurbæjar.

8. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálp, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálp og reglugerð þessari, greiðist að $\frac{1}{3}$ úr rikissjóði, en $\frac{2}{3}$ úr bæjar-sjóði Húsavíkur.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Jón S. Ólafsson.

14

17. febr.

G J A L D S K R Á

fyrir heimilishjálp í Húsavík.

1. gr.

Greiða skal heimilishjálp með kr. 45.00 fyrir hvern unnin dag. Vinnutími skal vera 8 tímar hvern virkan dag.

Skylt skal heimilishjálparþiggjanda að láta starfsstúlku heimilishjálpar í té ókeypis fæði á starfsdeginum.

Nú óskar þiggjandi heimilishjálpar að starfstúlka vinni lengri starfstíma en kveður á í 2. málsgrein, skal honum skylt að greiða starfsstúlku aukabóknum samkvæmt samkomulagi aðila.

2. gr.

Greiðslu fyrir heimilishjálp, samanber 1. málsgrein 1. greinar, skal inna af hendi til forstöðu heimilishjálparinnar, þegar að loknum starfstíma á hverjum stað.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt, stað- 14
festist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 til þess að öðlast gildi 17. febr.
þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ

15

17. febr.

um breyting á reglugerð nr. 180/1952 og reglugerð nr. 174/1954
fyrir Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hlutverk ráðningarstofunnar er, auk þess sem talið er í reglugerð um vinnu-
miðlun nr. 130 17. sept. 1956:

1. Að hafa milligöngu um ráðningu starfsfólks bæjarins og bæjarstofnana, þess
er laun tekur skv. XI.—XV. flokki samþykktar um laun fastra starfsmanna
Reykjavíkurbæjar.
2. Að fara með stjórn heimilishjálpar í Reykjavík, skv. reglugerð nr. 122 21.
sept. 1954.
3. Að inna af höndum þau störf, sem henni verða falin af bæjarstjórn og borgar-
stjóra.

2. gr.

3. og 4. gr. reglugerðarinnar falli niður og breytist greinatala samkvæmt því.

3. gr.

5. gr. reglugerðarinnar, er verður 3. gr., orðist svo:

Stjórn Ráðningarstofunnar skipa fimm menn. Þrír þeirra skulu kjörnir af
bæjarstjórn Reykjavíkur með hlutfallskosningu, einn skal tilnefndur af fulltrúa-
ráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík og einn af Vinnuveitendasambandi Íslands.
Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir af sömu aðilum.

Hafi þeir aðilar, er síðast voru taldir, annar eða báðir, eigi tilnefnt fulltrúa
í stjórn Ráðningarstofunnar innan tveggja mánaða frá því að þeir fá tilkynningu
um að gera það, þá skal bæjarstjórn Reykjavíkur á næsta fundi sínum þar á eftir
kjósa fulltrúa til viðbótar í stjórnina, svo að hún verði jafnan skipuð fimm
mönnum.

Kjörtímabil stjórnarmanna og varamanna er fjögur ár.

Stjórnin kys sér sjálf formann, varaformann og ritara, til eins ár í senn.

4. gr.

6. gr. reglugerðarinnar, er verður 4. gr., breytist þannig:

Í stað orðanna „tveir úr stjórninni óska“, komi: einn úr stjórninni óskar.

5. gr.

7. gr. reglugerðarinnar, er verður 5. gr., orðist svo:

Bæjarstjórn skipar forstöðumann stofunnar og aðra fasta starfsmenn að fengn-
um tillögum stjórnarinnar og hefur yfirumsjón með störfum þeirra og stofunnar

15 yfirlieitt. Bæjarstjórn getur sett starfsmönnum ráðningarstofunnar sérstakar starfs-
17. febr. reglur að fengnum tillögum stjórnarinnar.

6. gr.

Ný grein, er verður 7. gr., komi í reglugerðina og orðist þannig:

Forstöðumanni Ráðningarstofunnar til aðstoðar og ráðuneytis um vinnumiðlun-
ina skulu vera fjórir menn. Tveir þeirra skulu vera tilnefndir af fulltrúaráði verkalyðs-
félaganna í Reykjavík, en tveir af Vinnuveitendasambandi Íslands. Varamenn
skulu tilnefndir á sama hátt. Ef málefni varðar Vinnuálag samband samvinnu-
félaganna, skal fulltrúi þess koma í stað annars fulltrúa Vinnuveitendasambands
Íslands. Ef ráðunautur er ekki tilnefndur fer á sama hátt og um kosningar stjórnar-
manns, sbr. 2. mgr. 3. gr.

Trúnaðarmenn skulu koma saman til fundar með forstöðumanni Ráðningar-
stofunnar eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði, sömuleiðis þegar einhver þeirra óskar
að fundur sé haldinn.

Um verksvið trúnaðarmanna skv. þessari grein, fer eftir því sem fyrir er mælt
í lögum nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun og í reglugerð um vinnumiðlun nr.
130 17. sept. 1956.

7. gr.

9. gr. reglugerðarinnar falli niður.

8. gr.

10. gr. reglugerðarinnar, er verður 9. gr., orðist þannig:

Kostnaður við vinnumiðlun, skv. reglugerð þessari greiðist að $\frac{2}{3}$ hlutum úr
bæjarsjóði Reykjavíkur, en $\frac{1}{3}$ úr ríkissjóði.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 52 9. apríl
1956, um vinnumiðlun, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni
öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

16

20. febr.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Vestmannaeyja skal greiða fasteignaskatt af fasteignum í lög-
sagnarumdæmi Vestmannaeyja eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af verzlunarlóðum og lóðum til atvinnureksturs 1%.
2. Af verzlunarhúsum, verksmiðjum og byggingum til atvinnureksturs 1%.
3. Af húseignum, sem einungis eru notaðar til íbúðar og lóðum, sem þær standa
á 0.5%.

Sé húseign notuð bæði til atvinnureksturs og íbúðar, skal við ákvörðun skattsins miða við stærð hvors hluta hússins og skatturinn síðan ákveðinn hlutfallslega eftir fasteignamati. 16
20. febr.

3. gr.

Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái fasteignamatsvirðing eignar ekki 1000 krónum, greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiði skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkvæmt reglugerð þessari er 2. janúar ár hvert og ber að greiða skattinn hjá bæjargjaldkera. Skattinn skal reikna í heilum krónum. — Gjalddagi fasteignaskatts fyrir árið 1959 skal þó vera hinn 1. marz 1959.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum samkvæmt 33. gr. laga nr. 66 12. apríl 1945.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkvæmt reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjarsjóðs Vestmannaeyja, aðrar en lóðir og lönd, sem seldar eru á leigu.

Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomu- og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annarra ríkja að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í millirikjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum, og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðilum að skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvöxtu má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 67 frá 12. apríl 1945, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. febrúar 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Helgi Helgason.

17

24. febr.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 111 10. ágúst 1956.

1. gr.

Aftan við 2. flokk í 33. gr. reglugerðarinnar, komi viðbót, svo hljóðandi:
Soðkjarni, svo og aðrar vörur, sem ekki eru taldar annars staðar í skrá þessari.

2. gr.

Orðið „ýmislegt“, í niðurlagi 6. flokks 33. gr. reglugerðarinnar, falli niður.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 24. febrúar 1959.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

18

27. febr.

AUGLÝSING

um breytingu á lyfsöluskrá I frá 1. janúar 1956.

Frá 1. marz 1959 lækkar verð á lyfjum, eins og það er ákveðið í Lyfsöluskrá I frá 1. janúar 1956 með áorðnum breytingum og viðaukum 15. október 1958, 10. desember 1958 og 15. janúar 1959, um 5%.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 27. febrúar 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Baldur Möller.

19

27. febr.

AUGLÝSING

um viðauki og breytingu á Lyfsöluskrá II frá 10. des. 1958.

Frá og með 10. marz n. k. gengur í gildi viðauki og breyting á lyfsöluskrá II frá 10. des. 1958, útgefin í dag af þessu ráðuneyti.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 27. febrúar 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Baldur Möller.

AUGLÝSING

20

26. febr.

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Ísafjarðar, nr. 113 29. júní 1951.

1. gr.

Stafliðir A., B. og C. orðist svo:

A. Lýsing.

Þar sem orkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld um kwst.mæli á kr. 2.25 hver kwst.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæla, annan til ljósa en hinn til heimilisévél, suðu og hitunar.
Um ljósamælinn kr. 2.25 en hinn mælinn kr. 0.60 hver kwst.

C. Vélar.

Þar, sem orkan er seld til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hver kwst. til smáiðnaðar.
2. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, skal orkan seld á kr. 0.60 hver kwst., enda hafi rafveitan rétt til að rjúfa strauminn, þegar álag rafveitunnar er of mikið að dómi rafveitustjóra.

2. gr.

Í stað „kr. 0.20“ í D-lið gjaldskrárinnar komi: kr. 0.35.

3. gr.

Í stað „kr. 0.50“ í F-lið komi: kr. 0.60.

4. gr.

Stafliður H. orðist svo:

H. Heimtaugargjald.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða heimtaugargjald. Skál það vera sem hér segir:

1. Grunnjald fyrir hverja loftlínuheimtaug kr. 400.00.
2. Fyrir jarðlínuheimtaug kr. 800.00.

Auk þessa grunnjalds skal greiða kr. 4.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og annarra mannvirkja. Hálfu þúsundi eða minna í brunabótamati skal sleppa í útreikningi þessum en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða rafveitustjórn samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Húseigandi greiði grunnjald heimtaugar um leið og uppsetningu heimtaugar er lokið. Hinn hluti heimtaugargjaldsins fellur í gjalddaga þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meira en 15 metrar og loftlínuheimtaugar meira en 40 metrar og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 m², skal húseigandi greiða að fullu kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein taug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

20 Hámark heimtaugargjaldsins fari þó ekki fram yfir kr. 5000.00, að viðbættu 26. febr. grunngjaldi.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi 1. marz 1959, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um sama efni, nr. 88 25. maí 1957.

Atvinnumálaráðuneytið, 26. febrúar 1959.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

21
28. febr.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 94 12. júlí 1958.

I. kafli gjaldskrárinnar orðist svo:

I. RAFORKA

Rafmagnsveita Reykjavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Þar, sem raforkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 285 aura hver kwst.
2. Um hemil eða hemil-mæli á 360 kr. hvert árshektóvatt, og skal hemilstillingin ávallt standa á heilu hw. og bil milli tveggja stillinga eigi vera minna en 10% hinnar hærrí. Umframnotkun skal seld samkv. gjaldskrárlið A.1.
Samkvæmt þessum lið má selja útiljós, enda þótt mælitækjum verði ekki við komið.
3. Um kwst.mæli á 72 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi 360 kr. á ári fyrir allt að 25 m² gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og 11 kr. fyrir hvern m² umfram 25 m². Fullt flatargjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal deila fermetragjaldinu með 3.5.
4. Á 282 kr. fyrir hvert kw. og öll notkunin á 72 aura kwst., ef um meir en 2.5 kw. afl er að ræða, og notkunartíminn er meiri en 600 klst. á ári. Verði ekki aflmælingu við komið undir þessum gjaldskrárlið, skal reikna 15 wött á hvern fermetra gólfplatar.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

1. Um tvenna kwstmæla, annan til ljósa, en hinn til heimilisvéla. Um ljósmælinn reiknast ljósagjald samkv. A.1, á hinn mælinn 72 aurar á kwst. Þennan gjaldskrárlið má einnig nota fyrir skrifstofur, verzlanir og verkstæði, en þó ekki fyrir 3-fasa hreyfla.
2. Um einn kwst.mæli á 64 aura hver kwst., og auk þess fastagjald, 60 kr. á ári, af hverju íbúðarherbergi heimilisins.

Eftir þessum gjaldskrárlið má selja rafmagn til suðu til veitingahúsa, gisti-húsa og annarra slíkra staða, sem ekki verða talin heimili, enda sé þá rafmagnið selt um sérmæli og leiga goldin af sérmælinum, en herbergjagjald ekki reiknað.

Selja má og til súgþurrkunar á heyi samkvæmt þessum gjaldskrárlið. **21**

3. Um hemilmæla 2175 kr. hvert árskw. og auk þess 60 aura á kwst. fyrir umframnotkun. Hemilstillingin skal vera minnst 500 wött, að viðbættum 100 wöttum fyrir hvert íbúðarherbergi fram yfir tvö. **28. febr.**

Þennan gjaldskrárlið, B.3, má einnig nota fyrir skrifstofur, verzlánir og verkstæði, þó eigi fyrir 3-fasa hreyfla, og skal þá miða stillingu hemilsins við 500 wött fyrir fyrstu 25 m² gólfplatar eða minna, og síðan 100 wött fyrir hverja 12 m² eða minna, og skal reiknaður út eftir sömu reglum og settar eru fyrir gjaldskrárlið A.3.

Reglur um útreikning herbergja.

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð. Þegar heildartala herbergja hefur verið reiknuð út samkvæmt þessu, skal hún hækkuð upp í heila næstu tölu, ef stendur á hálfu.

C. Vélar.

Þar sem raforka er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 128 aura hver kwst. Hafi vélarinnar mjög stuttan notkunartíma á árinu, má krefjast minnsta árgjalds frá 240 til 285 kr. á hvert uppsett kw. vélanna.

Sé um meira en 5 kw.-afl að ræða og notkunartíminn meiri en 500 klst., má veita afslátt af þeirri notkun og reikna gjaldið þannig:

50000 kwst. á 84 aura hver kwst. og notkunin umfram það á 62 aura hver kwst.

2. Um mestu-mæla fyrir mesta notað afl, ef um meira en 5 kw. er að ræða og notkunin meiri en 500 klst. á árinu, þannig:

385 kr. á árskw. fyrir fyrstu	50 kw.
320 — — — — næstu	50 —
256 — — — — umfram	100 —

Auk þess skal greiða kwst.gjald, er reiknast þannig:

Fyrstu	200000 kwst. ársnotkun á 20 aura hver kwst.
Umfram	200000 — — — 15 — — —

3. Um hemilmæla á 1400 kr. árskw. og 72 aura á kwst. öll umframnotkun. Rafmagnsstjóri ákveður stillingu hemilmælisins í hvert skipti í hlutfalli við vélaaflið. Þenna gjaldskrárlið má einnig nota til hitunar í iðnaði.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 30 aura á kwst., enda sé þá minnsta notkun 10000 kwst. á ári.
2. Um kwst.mæli á 25 aura á kwst., ef straumur er rofinn með klukkurofa frá kl. 10.45 til 12.00 og frá kl. 18.30 til 19.45. Sameina má þennan gjaldskrárlið B.2. enda skal þá talið á B.2.-lið 1500 kwst. notkun fyrir eins herbergja íbúðir og 600 kwst. að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er fram yfir, allt að 3900 kwst. á ári. Selja má rafmagn samkvæmt þessum gjaldskrárlið og þá án klukkurofa, þar sem umframnotkun fer til neytluvatnshitunar, stærri kæliklefa og á vatnsdælur til heimilisþarfa.
3. Um kwst.mæli á 18 aura á kwst., ef straumurinn er rofinn með klukkurofa frá kl. 10 til 12 og 2 klst. á tímanum frá kl. 17 til 21.

- 21** 4. Um kwst.mæli á 11 aura á kwst., ef straumurinn er rofinn með klukkurofa frá kl. 8 til 23, enda sé nægilega stórir hitageymar settir upp fyrir dagnotkunina. Þegar um er að ræða hitun á húsrúmi, sem er yfir 2000 m³ að stærð, eða aðra hliðstæða notkun á aflri, er heimilt að láta í té straum á tímanum 12.30 til 15.30, ef þörf gerist.
28. febr. 5. Um tvígjaldsmæla á 15 aura kwst. frá kl. 23 til 8, og 64 aura hver kwst. frá kl. 8 til 23.

Selja má raforku samkvæmt þessum lið til véla, ef um meira en 5 kw. afl er að ræða og notkunartíminn meiri en 500 klst. á ári, enda sé straumur rofinn af lögninni með klukkurofa frá kl. 10.45 til kl. 12.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- Að vélaafl, götulinur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa og greiði leigu fyrir hann samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum Rafmagnsveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E.

Þegar sérstaklega stendur á, má rafmagnsstjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, er þó gildi eigi lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki bæjarráðs.

F.

Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögum bæjarráðs.

G.

Fyrir hver full 5%, sem kaupgjald hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga á kaupgjaldsvisitölu eftir 1. marz 1959 eða grunnkaupi, er heimilt að hækka eða lækka raforkureikninga Rafmagnsveitunnar um 4%. Telji bæjarstjórn Reykjavíkur nauðsyn á, að ráðstafanir séu gerðar til að draga úr rafmagnsnotkun, er henni m. a. heimilt að hækka rafmagnsverðið á notkun umfram meðalnotkun í hverjum gjaldskrárlíð allt að 10-földu verði. Í útreikningi meðalnotkunar skal tekið tillit til orku- og aflþarfar.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 28. febrúar 1959.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

22

23. febr.

um skemmtanaskatt í Selfosshreppi, Árnassýslu.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Selfosshreppi, og aðgangur er seldur að.

2. gr.

Þessar skemmtanir teljast skattskyldar, og flokkast þannig:

I. flokkur.

- a) Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b) Sjónleikir.
- c) Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d) Fyrirlestrar og upplestrar.
- e) Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

II. flokkur.

- a) Dansleikir.
- b) Danssýningar.
- c) Loddara- og fjölleikasýningar.
- d) Aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrsta flokki, skal greiða 10% af innangangseyri og af skemmtunum í öðrum flokki 20%.

Ef skemmtunin er margþætt, skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattaður.

4. gr.

Hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá skattgreiðslu fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða til eflingar fræðslu og menningarstarfsemi, innan sveitar.

5. gr.

Hreppsnefnd Selfosshrepps hefur eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og hefur eftirlit með skemmtunum, ef þess þykir þörf. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann eða falið það löggæzlumönnum hreppsins.

6. gr.

Hver sá, sem halda vill skemmtun, sem aðgangur er seldur að, skal tilkynna skrifstofu hreppsins hvar og hvenær skemmtunina á að halda. Afhendir hann eða þeir hreppsnefnd aðgöngumiða, nægilega marga, sem hreppsnefnd stimplar, og skal um leið greiða fjárhæð, sem nemur skemmtanaskattinum af þessum miðum.

Þegar skemmtun er lokið, skal sá, sem fyrir henni stóð, afhenda á hrepps-skrifstofunni eða löggæzlumanni á skemmtistað alla ónotaða aðgöngumiða, og fær þá endurgreiddan skattinn af þeim.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skemmtanagjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félög er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

22

23. febr.

8. gr.
Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í hreppssjóð, en féð skal þó varðveita í sérstökum sjóði, er hreppsnefnd stjórnar.

Skulu reikningar sjóðsins fylgja sveitarsjóðsreikningum, og endurskoðast og úrskurðast með þeim.

Fé sjóðsins skal verja til hvers konar menningarstarfsemi í Selfosshreppi svo sem til styrktar heilbrigðri félagsstarfsemi í hreppnum, og til styrktar íþróttalífi og listum.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 1000.00 — eitt þúsund krónum. —

Mál, sem rísa kunna út af reglugerð þessari, skal fara með sem opinber mál.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 34/1918, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 23. febrúar 1959.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Ásgeir Pétursson.

23

5. marz

SAMÞYKKT

um breyting á fiskveiðasamþykkt fyrir Vestmannaeyjar nr. 15 18. febr. 1958.

1. gr.

2. gr. 1. mgr. samþykktarinnar orðist svo:

Frá 1. janúar til 1. apríl, að báðum dögum meðtöldum, má eigi fara til fiskjar með línu seinna að degi en til kl. 8 fyrir hádegi.

2. gr. 2. mgr. orðist svo:

Frá 1. janúar til 31. janúar má eigi fara til fiskjar með línu, fyrr en kl. 2 f. h. og frá 1. febrúar til 28. febrúar kl. 1 f. h. og frá 1. marz til 15. apríl kl. 24 e. h., og skal farið eftir sólar- eða meðaltíma. Ofangreint er miðað við að báðir dagar séu meðtaldir. Greinin helzt óbreytt að öðru leyti.

2. gr.

3. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Nefnd sú, sem kosin er samkv. 5. grein hér á eftir, lætur gefa merki (ljósmerki) úr landi, þegar tíminn er kominn. Öllum bátum er heimilt að fara út á Vik eða inn fyrir Eiði. Sömuleiðis er þeim bátum, er róa ætla á miðin austan Dyrhólaeyjar, heimilt að fara austur að Dyrhólaey. Bátum þeim, sem róa austur í Meðallandsbugt, er heimilt að fara austur að Alviðruhamravita og bíða róðrarmerkis þar. Merki þetta skal gefið á sama hátt og við Dyrhólaey. Bátum þessum er skylt að fara minnst 15 sjómílar austur fyrir Alviðruhamravita, áður en þeir byrja að leggja. En þar til ljósmerkið er gefið, skulu allir halda sig innan takmarka þeirra, er hér segir:

Þeir, sem eru á Vikinni, mega ekki fara utar en í línu, sem ákveðin er með þrem gulum ljósum. Ljós þessi eru sett upp ofanvert við Helli á Urðum, þannig að þau mynda beina línu í Klettsnef, þegar þau bera saman.

Þeir, sem fara inn fyrir Eiði, mega ekki fara vestar en að tvö gul ljós, ofarlega og vestarlega í bænum, beri saman, og ekki norðar en miðið Brekaflá á Bjarnarey í Faxasker að norðan. Og þeir, sem eru austur við Dyrhólaey mega ekki fara austar en að Dyrhólaeyjarviti miðist í misvisandi NA og skulu þeir halda sig innan við 45 faðma dýpi. 23
5. marz

Þeir, sem fara austur að Alviðruhamravita, mega ekki fara austar en, að Alviðruhamraviti miðist í norður eftir kompás og ekki dýpra en á 60 faðma dýpi. Út fyrir þessar línur má enginn bátur fara, fyrr en tímamerkið er gefið, og telst það fullt brot á samþykktinni, ef nokkur bátur fer að einhverju leyti út fyrir tilteknar línur. Eftirlitsbátar skulu dreifa sér á ofangreindar línur, svo að þeir geti sem bezt fylgt með því, að ákvæðum fiskveiðisamþykktarinnar sé fylgt, og leyfist þeim að sjálf-sögðu að fara út fyrir línu til eftirlits.

Á leiðinni út og inn í höfnina, má enginn bátur fara með meiri ferð en svo, að hann láti vel að stjórn.

Smábátar (trillubátar) mega þó ekki fara út fyrir hafnargarða, fyrr en tíma-merkið hefur verið gefið.

Bátar þeir, sem ætla að sækja austur fyrir Dyrhólaey, mega alls ekki leggja línu sína vestan við Dyrhólaey, nema í þeim tilfellum, að veður hamli fiskveiðum austan Dyrhólaeyjar. En þá skulu þeir í öllum tilfellum bíða báta þeirra, sem hafa farið eftir tímamerki á Víkinni og sameinast þeim, áður en þeir fara að leggja.

Bátar þeir, sem róa austur í Meðallandsbugt, mega alls ekki leggja línu sína vestan áðurgreindra marka, nema í þeim tilfellum, að veður hamli veiðum í Meðal-landsbugt, en þá skulu þeir í öllum tilfellum bíða báta þeirra, sem hafa róið frá Dyrhólaey eða af Víkinni og sameinast þeim, áður en þeir byrja að leggja.

Samþykkt þessi, sem bæjarráð Vestmannaeyjakaupstaðar hefur gert samkvæmt lögum nr. 86 14. nóv. 1917 og síðari breytingum á þeim, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 5. marz 1959.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

REGLUGERÐ

um barnavernd á Blönduósi.

24

5. marz

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar (skólanefndar) Blönduósskaupþúns er börnum yngri en 12 ára bannað að vera á almannafæri, eftir klukkan 20 að kvöldi, á tímabilinu frá 15. október til 15. apríl, og eftir klukkan 22 frá 15. apríl til 15. október, nema í fylgd forráðamanna eða fullorðinna, er falin hefur verið umsjá þeirra.

Börn á aldrinum 12—14 ára mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22 að kvöldi, á tímabilinu frá 15. október til 1. apríl, og ekki eftir klukkan 23 á tímabilinu frá 1. apríl til 15. október, nema í fylgd foreldra sinna eða forráðamanna. Foreldrum eða forráðamönnum barnanna ber að viðlagðri ábyrgð, að sjá um, að ákvæðum þess-um sé framfylgt.

2. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs eru bannaðar ferðir út í skip, sem liggja við bryggju eða á höfninni, nema í fylgd forráðamanna.

24

5. marz

3 gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að almennum dansstöðum, öldrykkju- og knattborðsstofum. Þeim er og bannaður aðgangur að almennum kaffistofum eftir klukkan 21, nema í fylgd foreldra eða fullorðinna, er falið hefur verið að sjá um þá.

Eigendum og umsjónarmönnum slíkra fyrirtækja ber að sjá um, að börn eða unglingar fái þar ekki aðgang eða hafist þar við.

4. gr.

Ekki má leyfa unglingum innan 16 ára aldurs aðgang að kvikmyndasýningum, nema leyfi barnaverndarnefndar (skólanefndar) komi til.

5. gr.

Bannað er að selja unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, gefa þeim það, eða stuðla að því að þeir neyti þess eða hafi það um hönd. Sama gildir og um aðrar munaðarvörur, sem að dómi lækna geta talizt hættulegar fyrir börn.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum hegningarlögum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 39/1947, um vernd barna og ungmenna, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 5. marz 1959.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

25

6. marz

REGLUGERÐ

um útflutning hrossa.

1. gr.

Öll skip, sem notuð eru til útflutnings hrossa frá Íslandi til útlanda, skulu fullnægja þeim fyrirmælum um útbúnað til geymslu hrossanna, sem sett eru í þessari reglugerð.

Á sama skipi og flytur hross frá Íslandi má ekki samtímis flytja hross frá öðrum löndum.

Ef um er að ræða skip, sem áður hafa verið notuð til flutninga á erlendum gripum, skal skipstjóri skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra skriflega frá því, og skal skipið þá sótthreinsað á kostnað skipaeigenda, samkvæmt fyrirsögn embættisdýralæknis, ef hann telur þörf á því.

2. gr.

Hross má ekki flytja milli landa á öðrum skipum en þeim, sem eru traust og örugg að dómi skipaskoðunar ríkisins og geti haft 10 sjómílna ganghraða á klukkustund.

Hross má ekki flytja á þilfari frá Íslandi til annarra landa á öðrum tíma árs en frá 15. júní til septemberloka. Skýla skal hrossum gegn sjó og veðri með ábreiðum

eða seglum, sem fest eru á sterka grind og skal tryggt að útbúnaður til þess sé fyrir hendi á skipinu. 25

6. marz

3 gr.

Hross skal hafa í stíum eða básum svo traustgerðum, að ekki bili þótt þau hross, sem í þeim eru, kastist á veggina í sjógangi. Stíur og básar skulu gerðir úr tré, burðarviðir úr plönkum 2"×6" eða gildari og bitar boltaðir saman með járnboltum (¼") eða járnbendir, eða útbúnað jafn tryggilega á annan hátt. Stíuveggir og milli-gerðir skulu ekki vera lægri en hæð meðalhests á herðakamb. Við útbúnað stíanna skal þess gætt, að hrossin geti hvergi fest fatur á milli bita og hvergi séu skarpir kantar eða horn, sem valdið geti meiðslum á hrossunum. Í hverri stíu skal ekki hafa fleiri en 6 hross.

Stíubreidd skal vera rúmlega hestlengd, svo að nægilegt rými sé til gjafa og brynningar. Fyrir hvert fullvaxið hross skal ætla ca. 70 cm breidd á jötu, eftir stærð og ástandi hrossanna.

Að hverri stíu og bás skal vera greiður gangur, að minnsta kosti 0,50 m breiður, er eigi má teppa, svo að ávallt sé auðvelt að komast að hrossunum til brynningar, gjafa og eftirlits. Gólf skal strá sandi eða öðru, er gerir þau óskreip. Svo skal til haga, að hrossin snúi þvert í skipinu. Hross má eingöngu binda með mjúku múlbandi, meðan á flutningi stendur, og ávallt skal hafa hross ójárnud, meðan á flutningi stendur.

4. gr.

Þegar hross eru flutt undir þiljum, skal þess gætt, að birta sé nægileg og jöfn svo að unnt sé þess vegna að hafa nægilegt eftirlit með öllum hrossum í lestinni. Svo skal um búnað, að nægileg loftræsting sé þar, sem hross eru geymd, þótt loka þurfi lestum til fulls einhvern tíma. Fóður og vatn skal geymt svo nálægt hrossunum, að það sé jafnan tiltækt og gæta skal þess, að það spillist ekki af sjó eða vatni.

5. gr.

Nú skal flytja hross með sérstökum gripaflutningaskipum og skal þá viðkomandi embættisdýralæknir fullvissa sig um eftirgreind atriði, áður en heimilt er að hefja útskipun hrossa á skipið. Að skjöl skipstjóra sanni, að skipið hafi viðurkenningu sem hæft til gripaflutninga. Að útbúnaður allur, er lýtur að geymslu og meðferð gripanna sé í fullkomnu lagi. Að fullkomin og tryggileg sóttþreinsun hafi farið fram á öllum gripageymslum skipsins, eftir að síðustu flutningum lauk, og skal skipstjóri gefa skriflega yfirlýsingu um það. Enn fremur skal dýralæknir ákvarða, hve mörg hross flest megi flytja með skipinu með hliðsjón af stærð og rými gripageymslna.

6. gr.

Á hverju skipi, sem flytur hross til útlanda, skal skipstjóri sjá fyrir nægum og hæfum mannafla til þess að gæta hrossanna, gefa þeim og brynna. Eigi skal ætla einum manni hirðingu og gæzlu á meir en 30 hrossum.

Fóðra skal hross og brynna þeim að minnsta kosti tvisvar á sólarhring hverjum og ætla skal að minnsta kosti eitt brynningaráhalð fyrir hver 4 hross.

Dýralæknir sá, sem eftirlit hefur með útflutningi hrossa á hverjum stað, skal ganga úr skugga um það, að nægilegt fóður og drykkjarvatn sé í skipinu handa hrossunum á leiðinni. Skal fóður eigi vera minna en 7 kg af góðu en ekki of kjarnmiklu heyi á dag fyrir hvert fullorðið hross, miðað við áætlun skipsins og ætla skal hverju hrossi að minnsta kosti 20 lítra af góðu vatni dag hvern.

Dýralæknir skal gefa skipstjóra skriflega yfirlýsingu um, að vatns og fóðurbirgðir séu nægar miðað við hrossafjölda og áætlun skipsins, áður en skipið lætur úr höfn.

25 Á skipinu skal vera tiltækt hentugt skotvopn, ef gæzlumenn þurfa að lóga
6. marz hrossi vegna lemstra.

7. gr.

Að lokinni hverri ferð með hross til útlanda, skal skipstjóri láta landbúnaðar-ráðuneytinu í té skýrslu um líðan hrossanna á leiðinni og upplýsingar um, hvort nokkurt þeirra hafi slasast eða drepizt og, ef unnt er, af hvaða orsökum. Senda skal slíka skýrslu til landbúnaðarráðuneytisins innan mánaðar frá því hrossunum var skipað á land í erlendri höfn.

8. gr.

Áður en hross eru flutt úr landi, hvort heldur er til einstakra manna eða á markað, skulu þau skoðuð af dýralækni á útflutningsstað. Skylt er útflytjanda að tilkynna dýralækni þeim, er skoðun á að annast, um fyrirhugaðan útflutning hrossanna með viku fyrirvara að minnsta kosti, og hrossin skulu komin til skoðunar á útskipunarstað eigi síðar en sólarhring fyrir brottför skipsins.

Ef um mörg hross er að ræða, eða ef gera þarf á hrossunum sérstök próf vegna útflutnings til ákveðinna landa, getur dýralæknir krafizt þess, að fá hrossin til skoðunar allt að þremur dögum áður en skipa á þeim um borð. Skylt er útflytjanda eða umboðsmanni hans að veita dýralækni næga aðstoð við skoðun, prófun og merkingu hrossanna, svo að starfið geti gengið sem greiðlegast.

9. gr.

Dýralæknar þeir, sem annast skoðun á hrossunum til útflutnings, skulu hafa eftirlit með því, að hrossin verði ekki fyrir slæmri meðferð við útskipun og geymslu á útflutningsstað. Þeir skulu skoða nákvæmlega öll þau hross, sem flytja á á erlendan markað. Þeim er skylt að kyrrsetja og hanna útflutning á hrossum, sem eru mögur og illa útlitandi, meidd, hölt, með mjög snúna hófa, áberandi skakka eða hnýtta fætur, áberandi bilun í fótum, eða með öðrum verulegum lýtum og göllum, en veruleg eru lýti og gallar, þegar þau spilla að mun útliti hrossins eða rýra notagildi þess eða valda slæmri líðan hrossanna. Fylfullar hryssur, sem nokkrar líkur eru til að kasti á leiðinni, skulu kyrrsettar, og ef um fýlsugur er að ræða, skal venja folöldin undan að minnsta kosti tveim vikum áður en hryssurnar eru fluttar á skipsfjöl.

10. gr.

Ef eigandi hrossa óskar eftir að fá heimild til þess að flytja út stóðhest eða kynbótahryssu, sem tekin hefur verið í ættbók, skal hann senda um það skriflega umsókn til landbúnaðarráðuneytisins. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um aldur hrossins, lit, ætt þess og uppruna, sem og upplýsingar um afkvæmi, eftir því sem hægt er.

Óheimilt er að veita öðrum en hrossaræktarsamböndum leyfi til útflutnings á stóðhestum allt að 8 vetra gömlum, enda hafi önnur hrossaræktarsambönd hafnað forkaupsrétti á hestum þessum.

Heimild ráðherra sé afhent dýralækni þeim sem annast skoðun útflutningshrossa.

11. gr.

Sá sem flytur út hross á tímabilinu 1. október til 1. júní, skal tilkynna það dýralækni á viðkomandi útflutningshöfn viku áður en útskipun á að fara fram, og skal hann þá hafa aflað sér heimildar landbúnaðarráðuneytisins og Búnaðarfélags Íslands fyrir útflutningnum.

12. gr.

Dýralæknir sá, er skoðun annast skal semja skrá yfir hin útfluttu hross í áframhaldandi töluröð og láta spjaldmerkja hvert hross, þar sem tilgreind er skráning-

artala þess og, ef krafizt er, einnig kynferði, aldur, litur og hæð hrossins. Útflytjandi skal leggja til nægilega vönduð merkispjöld. **25**

6. marz

Dýralækni og skipstjóra er einnig skylt að láta fylgja farmskrá skipsins vottorð um aldur, útlit og heilbrigði hrossanna á útskipunardegi í samræmi við kröfur um heilbrigðisvottorð, sem gerðar eru á hverjum tíma í löndum þeim, sem hrossin eru flutt til.

Ef krafizt er sérstakra prófa á hrossunum til ákveðinna landa, er skoðunar-dýralækni skylt að framkvæma slík próf, enda sé honum tilkynnt um það með nægum fyrirvara.

Greiðslu fyrir slík próf skal útflytjandi inna af hendi í samræmi við gjaldskrá fyrir dýralækna eins og hún er ákveðin á hverjum tíma af landbúnaðarráðuneytinu. Dýralæknum er óheimilt að framkvæma skoðun á hrossum til útflutnings, sem hann á sjálfur eða lætur flytja til útlanda.

13. gr.

Dýralækna skulu við lok hvers árs senda landbúnaðarráðuneytinu skýrslu um útflutt hross, aldur þeirra, kyn og lit, hvenær og með hvaða skipi hrossin voru flutt.

Þá skulu þeir jafnframt senda skýrslu um tölu kyrrsettra hrossa og skýra frá orsökum þeim, er til þess lágu, að hrossin voru kyrrsett.

14. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 2000 til 20000 kr., er renna í ríkissjóð. Með mál, er rísa kunna út af brotum á ákvæðum reglugerðarinnar, skal farið sem almenn lögglumál.

15. gr.

Reglugerð þessi er gerð samkvæmt lögum um útflutning hrossa, nr. 64 26. nóv. 1958, og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt staðfestingu þessarar reglugerðar eru úr gildi fallin reglugerð nr. 143 10. des. 1908 og erbr. nr. 145 22. des. 1908.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. marz 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um kærufrest varðandi skatt á stóreignir.

26

6. marz

1. gr.

Frestur til að kæra til skattstjórans í Reykjavík og ríkisskattaneftndar skatt á stóreignir, lagðan á hlutfjár- og stofnsjóðseignir skal vera 20 dagar frá því tilkynning um skattaákvörðun eða kærúrskurðun er póstlögð.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 44/1957 um skatt á stóreignir, sbr. og lög nr. 46/1954, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 6. marz 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Sigtr. Klemenzson.

27

4. marz

REGLUGERÐ

um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga.

Árið 1959 skulu iðgjöld samkvæmt 27. og 29. gr. almannatryggingalaga nr. 24/1956, vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkv. 27. gr. laga nr. 24/1956:

a. Hjón:		
Á 1. verðlagssvæði	kr.	1250.00
Á 2. —	—	973.00
b. Ókvæntir karlar:		
Á 1. verðlagssvæði	kr.	1136.00
Á 2. —	—	885.00
c. Ógiftar konur:		
Á 1. verðlagssvæði	kr.	852.00
Á 2. —	—	664.00

2. Félagsmenn sérsjóða samkv. 85. gr. laga nr. 24/1956 skulu árið 1959 greiða iðgjald sem hér segir:

a. Hjón:		
Á 1. verðlagssvæði	kr.	375.00
Á 2. —	—	292.00
b. Ókvæntir karlar:		
Á 1. verðlagssvæði	kr.	341.00
Á 2. —	—	266.00
c. Ógiftar konur:		
Á 1. verðlagssvæði	kr.	256.00
Á 2. —	—	199.00

3. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 29. gr. laga nr. 24/1956 skulu árið 1959 vera þessi:

Á 1. verðlagssvæði	kr.	10.00 á viku
Á 2. —	—	7.80 á viku

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956 um almannatryggingar, sbr. lög nr. 74 30. des. 1958 um breyting á þeim lögum, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. marz 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

28

6. marz

um geldingu húsdýra og afhendingu deyfilyfja til geldingamanna.

1. gr.

Héraðsdýralæknar skulu, þegar nauðsynlegt þykir að dómi sýslunefndar og yfir-dýralæknis, skyldir að gefa mönnum kost á að læra aðgerðir við vönum húsdýra og meðferð svæfingar- og deyfilyfja, sem nauðsynleg eru við þær aðgerðir.

2. gr.

Þegar geldingamenn hafa aflað sér nægilegrar þekkingar og leikni til þess að inna vananir vel af hendi, skal héraðsdýralæknir sá, sem kennsluna hefur annazt, láta geldingamanni í té vottorð um það.

Setur sýslunefnd þá geldingamanni skipunarbréf, sem gefur rétt til þess að framkvæma geldingar innan sýslunnar, en eigi annars staðar.

Slík skipun geldingamanna skerðir þó eigi rétt skipaðra dýralækna, og skal því sýslunefnd ávallt leita samþykkis viðkomandi héraðsdýralæknis, áður en skipun geldingamanna fer fram, og skal hann jafnframt segja fyrir um á hve stóru svæði innan umdæmisins geldingamaður skal starfa.

3. gr.

Héraðsdýralæknar og héraðslæknar skulu ávísá með lyfseðli geldingamönnum, sem starfa samkvæmt lögum nr. 123 27. des. 1935, um geldingu húsdýra, nauðsynlegum deyfingar- og svæfilyfjum, eða láta þau af hendi sjálfir, ef þeir hafa rétt til lyfjasölu. Til þessara nota má ávísá eða láta af hendi klóróform, klóralhydrat, eter og staðdeyfingarlyfin prókain, tetrakain og xylokain, hins vegar aldrei kókain. Um afhendingu og afgreiðslu lyfjanna skal að öðru leyti fara samkvæmt reglum nr. 273 varðandi gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja frá 30. des. 1950.

4. gr.

Geldingamenn, sem hafa í vörzlum sínum deyfingarlyf og svefnlyf, er um getur í 3. gr., skulu geyma þau í lokaðri hirzlu, sem enginn hefur aðgang að nema þeir sjálfir, og hin eldfimu efni fjarri eldi þannig, að sem tryggilegast sé girt fyrir, að slys hljótist af þeim. Þeir mega og ekki í neinu skyni láta lyf þessi af hendi til annarra.

5. gr.

Nú fylgir geldingamaður eigi settum reglum um svæfingu eða deyfingu gripa við geldingu, eða vikur að verulegu leyti frá viðurkenndum aðferðum um framkvæmd aðgerðarinnar að dómi héraðsdýralæknis og skal hann þá þegar í stað sviptur réttindum til þess að starfa sem geldingamaður. Sama máli gegnir, ef hann misnotar lyf þau, sem honum er trúað fyrir sem geldingamanni.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, 300—1500 krónum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum.

- 28** Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 123 27. des. 1935, um geldingu húsdýra, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi fallnar reglur um sölu og afhendingu deyfilyfja til geldingar húsdýra, nr. 40 28. apríl 1937.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. marz 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

29

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Sóttvarnasjóðs ríkisins á árinu 1955.

	T e k j u r :	
1. Stofnfé sjóðsins:		
a. Lagt í sparisjóðsbók nr. 6646 í Landsbanka Íslands	kr. 250000.00	
b. Lagt í sparisjóðsbók nr. 2572 í Iðnaðarbanka Íslands	— 483656.42	
2. Vextir í sparisjóðsbók nr. 6646 í Landsb. Íslands	kr. 2601.03	
Vextir í sparisjóðsbók nr. 2572 í Iðnaðarb. Íslands	— 3829.10	
Vextir af verðbréfum í Landsbanka Íslands ...	— 5350.00	
Hagnaður af keyptum bankavaxtabréfum	— 4351.65	
		— 16131.78
		Kr. 749788.20
	G j ö l d :	
1. Í sjóði til næsta árs:		
a. Í verðbréfum	kr. 150000.00	
b. Innst. í sparisjóðsb. nr. 6646 í Landsb. Íslands	kr. 112302.68	
c. Innst. í sparisjóðsb. nr. 2572 í Iðnaðarb. Íslands	— 487485.52	
		— 599788.20
		Kr. 749788.20

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 28. jan. 1959.

Vilm. Jónsson.

REIKNINGUR

30

yfir tekjur og gjöld Sóttvarnasjóðs ríkisins á árinu 1956.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá fyrra ári		kr. 749788.20
2. Vextir í sparisjóðsbók nr. 6646 í Landsb. Íslands	kr. 2099.04	
Vextir í sparisjóðsbók nr. 2572 í Iðnaðarb. Íslands	— 13009.06	
Vextir af verðbréfum í Landsbanka Íslands ..	— 9900.00	
Hagnaður af keyptum bankavaxtabréfum	— 9330.00	
		<u>— 34338.10</u>
		Kr. 784126.30

Gjöld:

1. Í sjóði til næsta árs:		
a. Í verðbréfum	kr. 342000.00	
b. Innst. í sparisjóðb. nr. 6646 í Landsb. Íslands	kr. 60651.72	
c. Innst. í sparisjóðsb. nr. 2572 í Iðnaðarb. Íslands	— 381474.58	
		<u>— 442126.30</u>
		Kr. 784126.30

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 28. jan. 1959.

Vilm. Jónsson.

REIKNINGUR

31

yfir tekjur og gjöld Sóttvarnasjóðs ríkisins á árinu 1957.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá fyrra ári		kr. 784126.30
2. Vextir í sparisjóðsb. nr. 6646 í Landsb. Íslands	kr. 799.71	
Vextir í sparisjóðsb. nr. 2572 í Iðnaðarb. Íslands	— 9749.08	
Afborg. og vextir af verðbréfum í Landsb. Íslands	— 47706.47	
Hagnaður af keyptum bankavaxtabréfum	— 15107.45	
		<u>— 73362.71</u>
		Kr. 857489.01

Gjöld:

1. Í sjóði til næsta árs:		
a. Í verðbréfum	kr. 659700.00	
b. Innst. í sparisjóðsb. nr. 6646 í Landsb. Íslands	kr. 25760.90	
c. Innst. í sparisjóðsb. nr. 2572 í Iðnaðarb. Íslands	— 172028.11	
		<u>— 197789.01</u>
		Kr. 857489.01

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 28. jan. 1959.

Vilm. Jónsson.

32

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Sóttvarnasjóðs ríkisins á árinu 1958.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá fyrra ári		kr. 857489.01
2. Vextir í sparissjóðsb. nr. 6646 í Landsb. Íslands	kr. 2539.27	
Vextir í sparissjóðsb. nr. 2572 í Iðnaðarb. Íslands	— 6881.12	
Afborg, og vextir af verðbréfum í Landsb. Íslands	— 49037.00	
Hagnaður af keyptum bankavaxtabréfum	— 930.00	
		<hr/>
		— 59387.39

Kr. 916876.40

Gjöld:

1. Í sjóði til næsta árs:		
a. Í verðbréfum		kr. 649900.00
b. Innst. í sparissjóðsb. nr. 6646 í Landsb. Íslands	kr. 88067.17	
c. Innst. í sparissjóðsb. nr. 2572 í Iðnaðarb. Íslands	— 178909.23	
		<hr/>
		— 236976.40

Kr. 916876.40

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 28. jan. 1959.

Vilm. Jónsson.

33

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs Sturlu Jónssonar á árinu 1958.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá fyrra ári		kr. 77892.80
2. Vextir af skuldabréfi Sturlu Friðrikssonar	kr. 2500.00	
3. Vextir í sparissjóðsb. nr. 66359 við Landsb. Íslands	— 1394.60	
		<hr/>
		— 3894.60

Kr. 81787.40

Gjöld:

Til jafnaðar í sjóði til næsta árs:		
1. Skuldabréf Sturlu Friðrikssonar	kr. 50000.00	
2. Inneign í sparissjóði	— 31787.40	
		<hr/>
		kr. 81787.40

Kr. 81787.40

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 28. jan. 1959.

Vilm. Jónsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1959.

Lög um niðurfærslu verðlags og launa o. fl., undirskrifuð af forsetanum 30. janúar 1959, nr. 1.

Lög um framlenging á gildi laga nr. 73 1958, um bráðabirgðaffárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 2.

Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1959, undirskrifuð af forsetanum 13. febrúar 1959, nr. 3.

Lög um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, undirskrifuð af forsetanum 20. janúar 1959, nr. 4.

Lög um breyting á lögum nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk, undirskrifuð af forsetanum 5. febrúar 1959, nr. 5.

Lög um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, undirskrifuð af forsetanum 17. febrúar 1959, nr. 6.

Lög um breyting á lögum nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna, undirskrifuð af forsetanum sama daga, nr. 7.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 12. febrúar 1959, nr. 8.

Lög um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, undirskrifuð af forsetanum 12. marz 1959, nr. 9.

Lög um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs, undirskrifuð af forsetanum 17. marz 1959, nr. 10.

Lög um viðauka við lög nr. 64 2. sept. 1955, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 20. marz 1959, nr. 11.

Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum nr. 43 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Ítalíu, undirskrifuð af forsetanum 23. marz 1959, nr. 12.

Lög um framlenging á gildi laga nr. 73 1958, um bráðabirgðaffárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959, undirskrifuð af forsetanum 31. marz 1959, nr. 13.

G J A L D S K R Á

héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

34

6. marz

I. RAFORKA

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir, nema á veituvæðum, sem sérstakar gjaldskrár eru settar fyrir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.40 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.70 hverja kwst., auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur kr. 9.50 á m² á ári.

Fyrir ganga, geymslur o. þ. h. — 4.25 — — —

B 6

B. Notkun til heimilisþarfa og búrekstrar.

6. marz

1. Um kwst.mæli þannig reiknað:

a. Grunn gjald (mælisleiga o. fl.):

af einfasa mælingu	kr. 8.50 á mánuði
af þrífasa mælingu	— 17.00 — —

b. Orkugjald

af allri notkun	— 0.85 — kwst.
-----------------------	----------------

c. Fastagjald

af hverri gjaldskráreiningu	— 8.50 — mánuði
-----------------------------------	-----------------

Gjaldskráreiningar reiknast sem hér segir:

(1) Fyrir fjölskylduheimili

ein eining fyrir hvert íbúðarherbergi.

Til íbúðarherbergja teljast öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki gangar, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m² telst sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m² má miða við samantlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngilda einu herbergi og hverjir 5 m² hálfu herbergi.

(2) Fyrir félagshemili (skóla, sjúkrahús, gistihús o. þ. h.)

ein eining fyrir hverja 20 m² gólfplatár.

Gólfplötur mælist milli útveggja, þó að frátöldum geymslum, sem sjaldan er farið um og göngum þeim tilheyrandi.

Rafmagnsnotkun í gripahúsum og öðrum húsum, sem notuð eru við búskap, er heimilt að selja eftir þessum gjaldskrárlið. Rafmagnsveitustjóri setur reglur um útreikning gjaldskráreininga af slíkum húsum og tækjum í þeim.

2. Til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða má selja raforku til suðu og hitunar um sérmæli á 85 auru hverja kwst., enda séu suðu- og hitunartæki fasttengd og öll önnur notkun seld eftir A-lið.

Heimilt er einnig að selja slíkum notendum eftir lið C-2.

3. Um orkumæli (aflmarksæli), sem stilltur er á tiltekið afl og sýnir annars vegar orkunotkun yfir aflstillingu og hins vegar heildarorkunotkun. Aflstilling skal vera 500 wött, að viðbættum 300 wöttum fyrir hverja gjaldskráreiningu, sem ákveðst samkvæmt gjaldskrárlið B-1. Notendur, sem stunda búrekstur, eiga þó vól á hærri aflstillingu, þó ekki hærri en tvöfaldri og hæst 10 kw. Þegar aðstæður leyfa, getur rafmagnsveitustjóri veitt hærri aflstillingu en að ofan greinir, þó eigi hærri en 10 kw. Aflstilling skal gilda til eins árs í senn. Þó þannig, að heimila má hækka aflstillingar við árstjórnungsmót, ef skrifleg umsókn hefur horizt með minnst eins mánaðar fyrirvara.

Notandi greiða sem hér segir fyrir aflstillingu og orkunotkun:

a. Aflgjald:

af lágmarksstillingu	kr. 1425 á kw. á ári
— stillingu þar fram yfir, allt að tvöfaldri lágmarksstr.	— 975 — — —
— stillingu umfram tvöfalda lágmarksstillingu	— 1200 — — —

b. Orkugjald:

af allri notkun	— 0.13 á kwst.
— notkun yfir aflstillingu auk þess	— 1.70 — —

Leiga á einum mæli er innifalin í aflgjaldinu.

4. Ef um er að ræða meira afl en 10 kw. til búrekstrar, má selja um afl- og orkumæla (mestaafismæli) þannig reiknað:

- a. Aflgjald
af notuðu afli kr. 1200 á kw. á ári **34**
- b. Orkugjald
af allri notkun — 0.13 á kwst.
Notað afl hvers árs telst vera meðaltal fjögurra álestra, sem fara fram með sem næst þriggja mánaða millibili.
Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung.
Leiga af einum mæli er innifalin í aflgjaldinu.

C. Vélanotkun.

- Um kwst.mæli á kr. 1.70 hver kwst. Lágmarksgjald skal vera kr. 1000.00 á ári og ekki lægra en sem svarar kr. 400.00 á ári fyrir kw. í málraun véla.
- Um afl- og orkumæla (mestaafismæli) þannig reiknað:
 - Aflgjald
af notuðu afli kr. 975.00 á kw. á ári
 - Orkugjald
af allri notkun — 0.26 – kwst.
Notað afl hvers árs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, sem fara fram með sem reglulegustu millibili og eigi skemmri en eins mánaðar. Aflnotkunin mælist sem meðallag yfir stundarfjórðung. Minnsta aflgjald skal vera 2000 krónur á ári. Eftir þessum gjaldskrárlið má selja alla raforku-notkun atvinnufyrirtækja gegn greiðslu fastagjalda af ljósanotkun samkvæmt reglum, sem rafmagnsveitustjóri setur.
- Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:
Um kwst.mæli á 26 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 860 á ári fyrir hvert kw. í málraun véla.
Minnsta aflgjald skal vera 2000 krónur á ári.
- Raforku til súgurrkunar og hliðstæðra nota á tímabilinu 1. júní til 1. nóv. má selja gegn fastagjaldi, óháðu notkunartíma, sem nemi kr. 286.00 á ári fyrir hvert kw. í málraun véla, og auk þess 26 aura á hverja kwst. Kaupandi skuldbindi sig þá til að nota ekki vélarnar utan tímabilsins 1. júní til 1. nóv., nema með leyfi rafmagnsveitustjóra og gegn greiðslu fulls fastagjalds samkvæmt lið C-3, kr. 860.00 á kw. í málraun véla. Kaupandi skuldbindi sig enn fremur til að takmarka samtímisnotkun sína með tilliti til stærðar spennu og annarra aðstæðna, samkvæmt sérstökum fyrirmælum rafmagnsveitustjóra í hverju tilfalli.
Framangreint raforkuverð fyrir vélar, gildir fyrir notkun með raunstuðul, $\cos \varphi = 0.8$ eða hærri. Sé raunstuðull hjá notanda lægri en 0.8, hækkar afl- og orkugjald notandans samkvæmt reglum sem rafmagnsveitustjóri setur þar um.
Af rafsúðuspennum skal greiða aukafastagjald er nemi sem svarar 50% af fastagjaldi gjaldskrárliðar C3 og það enda þótt notkun þeirra sé seld samkvæmt öðrum gjaldskrárliðum. Rafmagnsveitustjóri getur bannað uppsetningu rafsúðuspenna, nema skriflegt leyfi komi til. Hann getur takmarkað notkun rafsúðuspenna við tiltekna tíma dags.

D. Hitun.

- Um kwst.-mæli á 20 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag í tímum mesta álags rafmagnsveitnanna um hádegis og síðdegis, en þó eigi lengur en $1\frac{1}{2}$ klst. í senn. Minnsta árgjald skal vera kr. 400.00 á hvert kw. uppsetts afl hitunartækja.
- Um kwst.mæli á 10 aura hverja kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9.

- 34** 3. Til hitunar í vatnsgeymum og gufukötlum um kwst.mæli á 35 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna um hádegi og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Minnsta árgjald skal vera kr. 400.00 á hvert kw. uppsetts afl hitunartækja.
6. marz 4. Til fasttengdra bökunarofna í brauðgerðarhúsum um tvígjaldsmæli á 20 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til 10 og 65 aura hverja kwst. í 10 klst. á tímanum frá kl. 8 til 24, enda sé straumurinn rofinn í 4 klst. á mestu álagstímum rafmagnsveitnanna, þó eigi lengur en 2 klst. í senn.
- Verð til hitunar breytist með útsöluverði á dieselolíu í Reykjavík, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 800 kr. verði á oliutonni, en hækki eða lækki um 1 eyri hver kwst. á liðum D1, D3 og D4 og 0,8 eyri hver kwst. á lið D2 fyrir hverjar fullar 50 kr., sem oliutonnið hækkar eða lækkar.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- Að ekki þurfi að auka vélaafl, línur eða spenna vegna hitunarálags.
- Að notandi setji segulrofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafmagnsveitustjóri ákveðið, að rafmagnsveiturnar leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra.
- Notandi greiði leigu af rofum og rofaklukkum samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mælitækja.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafmagnsveitnanna, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

- Til að nota um vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 1.70 hverja kwst.
- Þar sem ástæður leyfa, að dómi rafmagnsveitustjóra, að komið verði upp útlýsingarkerfi, er heimilt að selja rafmagn til útlýsingar á kr. 1.10 hverja kwst., enda hafi uppsetning kerfisins verið kostuð af notanda.

Heimilt er að lækka orkugjaldið niður í 40 aura á kwst. gegn greiðslu fastagjalds samkvæmt reglum, sem rafmagnsveitustjóri setur.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, er rafmagnsveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins ár í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa kwst.mælum 60 amp. og minni	kr. 4.00 á mán.
2. — þrífasa kwst.mælum 20 amp. og minni	— 10.00 — —
3. — þrífasa kwst.mælum 20 til 100 amp.	— 14.00 — —
4. — þrífasa kwst.mælum yfir 100 amp.	— 40.00 — —
5. — mestaafsmælum 100 amp. og minni	— 30.00 — —
6. — mestaafsmælum yfir 100 amp.	— 60.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

34

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstöku reglugerðum og gjaldskráum um heimtaugargjöld til héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

6. marz

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, þannig, að breyta þurfi reglugerðarákvæðum um lokun fyrir veitu, má taka gjöld fyrir lokunartilkynningu og enduroppnun, allt að kr. 140 samtals.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt umboðsmanni héraðsrafmagnsveitna ríkisins 70 kr. gjald. Gjaldið skal greitt í aðsetursstað umboðsmannsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins nr. 107 24. maí 1955 og auglýsing um breytingu á þeirri gjaldskrá nr. 129 25. sept. 1958. Enn fremur falla úr gildi gjaldskrár fyrir Rafveitu Stykkishólms, nr. 148 5. nóv. 1948 og breyting á henni nr. 80 25. maí 1955, Rafveitu Suðurfjarðahrepps nr. 58 1. apríl 1949, Rafveitu Þingeyrar, nr. 139 17. júlí 1951, Rafveitu Flateyrar, nr. 88 6. júlí 1948 og breyting á henni nr. 59 26. apríl 1951, Rafveitu Suðureyrar, nr. 216 15. des. 1951, Rafveitu Bolungavíkur nr. 72 25. marz 1952, Rafveitu Hofsóss nr. 87 11. júní 1955, Rafveitu Ólafsfjarðar, nr. 18, 3. febr. 1953, og breyting á henni nr. 173 22. des. 1954, Rafveitu Kaupfélags Langnesinga, Þórshöfn, nr. 6 24. jan. 1952, Rafveitu Raufarhafnar, nr. 126 26. okt. 1955, Rafveitu Seyðisfjarðar, nr. 108 8. ágúst 1949 og breyting á henni, nr. 5 23. jan. 1952, Rafveitu Neskaupstaðar, nr. 154 11. nóv. 1948, Rafveitu Eskifjarðar, nr. 38 20. marz 1951 og breytingar á henni, nr. 1 4. jan. 1955, og nr. 29 8. marz 1956, Rafveitu Búðakauptúns, nr. 204 26. nóv. 1951.

Atvinnumálaráðuneytið, 6. marz 1959.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjórans í Reykjavík, um toll 35 af „Dúkkulísu“ og myndakotrum (puslespil).

9. marz

Hér með tilkynnist yður, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefur úrskurðað neðangreindar vörur til tolls eins og hér segir:

- 1) „Dúkkulísu“, hvort sem þær eru fluttar inn í örkum, bókum eða annan hátt, til nr. 2 í 84. kafla tollskrár með kr. 5.28 af kg í vörumagnstoll, 90% verðtoll, 2% tollstöðva- og byggingarsjóðsgjald, 7.7% söluskatt og 55% yfirfærslugjald.
- 2) Myndakottrur (puslespil) til nr. 4 í 84. kafla tollskrár með kr. 5.28 af kg í vörumagnstoll, 90% verðtoll, 2% tollstöðva- og byggingarsjóðsgjald, 7.7% söluskatt og 55% yfirfærslugjald.

S A M Þ Y K K T

fyrir Sparisjóð Fljótsdalshéraðs.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Fljótsdalshéraðs og skal heimili hans og varnarþing vera í Egilsstaðahreppi.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru ábyrgðarmenn hans, og skuldbinda þeir sig með undirskrift sinni undir samþykktir þessar til þess að ábyrgjast, að sjóðurinn standi í skilum. Svarar hver ábyrgðarmaður hlutfallslega fyrir halla eða tjón, sem sjóðurinn kann að verða fyrir, en hann getur eigi sjálfur staðið straum af. Þó ábyrgist enginn einn meira en 3000.00 krónur. Hver ábyrgðarmaður leggur fram þegar í stað 1000.00 kr. af ábyrgðarupphæð sinni sem stofnfé sjóðsins. Skal ákveðið um vexti af því fé á aðalfundi. Þó mega þeir ekki vera hærri en 1% umfram innlánsvexti sjóðsins.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 12. Skal stjórninni, með aðstoð annarra ábyrgðarmanna, skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur, til að sjá um að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Enginn getur gerzt ábyrgðarmaður nema aðalfundur samþykki hann og ræður einfaldur meiri hluti. Ábyrgð getur eigi fallið niður, nema fyrir andlát, burtflutning úr landinu, missi fjárforræðis, gjaldþrots, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt. Flytji ábyrgðarmaður burt úr Austfirðingafjórðungi fellur ábyrgð hans niður, enda útvegi hann nýjan ábyrgðarmann, sem aðalfundur samþykkir. Stofnfjárframlag ábyrgðarmanna endurgreiðist eigi fyrr en við löglegt niðurfall ábyrgðar eða samkvæmt heimildinni í 22. gr. laga nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu 2 þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna, en 1 af sýslunefnd S.-Múlasýslu á sama tíma, og gildir kosning þeirra allra til eins árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Aðalfundur ákveður þóknun stjórnarmanna. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni í fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu, eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í hans stað fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður kjörinn af sýslunefndum, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að sýslunefndir kjósi annan í hans stað.

Stjórn sparisjóðsins hefur umsjón með öllum framkvæmdum hans. Hún ræður starfsmenn hans, ákveður kaup þeirra og kjör og segir þeim upp starfi, ef henni þykir ástæða til.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins

fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðs- **36**
ins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigend- **9. marz**
um skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og
lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi
mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra, né reka eigin lánastarfsemi eða
aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins. Sé stjórnandi eða starfs-
maður sparisjóðsins í stjórn einhvers annars fyrirtækis eða framkvæmdastjóri
þess, má ekki veita því fyrirtæki lán úr sjóðnum nema að sparisjóðsstjórnin sam-
þykki það einróma og sparisjóðseftirlitið leyfi það. Þó þarf ekki slíkt leyfi til að
veita lán gegn veði í fasteign, enda fari lánið ásamt því, sem áður kann að hvíla
á eigninni, ekki fram úr $\frac{2}{5}$ af matsverði fasteignarinnar.

6. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu tafarlaust hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins
og ráðnir starfsmenn hans.

7. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og
bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr spari-
sjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendur séu við-
staddir og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má
féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur,
en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis
getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávisun formanns, þó að aðrir starfsmenn
séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnendur sjóðsins hafi þessi störf með höndum.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Sparisjóðseftirlitið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðs-
stjórnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í sjóðbók sjóðsins
og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lán-
um skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af vixli skal einnig
tafarlaust skráð á vixilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig
ritaðar, að enginn vafi geti á því leikað, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt,
sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi, hverju breytt
hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti einu sinni í mánuði, og ákveður
stjórnin, hvernig skulu haga daglegri starfrækslu sjóðsins. Sparisjóðurinn skal hafa
gerðabók, er í séu skráðar ályktanir stjórnar um lánveitingar og lánsynjanir, lán-
tökur og annað slíkt.

36

9. marz

Eigi síðar í aprílmánuði ár hvert skal aðalfundur haldinn og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum með ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt með viku fyrirvara. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og féhirðis, og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst þriðjungur ábyrgðarmanna æskja þess. Fundur er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur, hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

Ábyrgðarmaður getur ekki látið aðra mæta fyrir sig á fundinum.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

13. gr.

- a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minna en 10 kr. í senn.
- b. Það sem lagt er inn í sjóðinn færast inn í innstæðubók, og fær hver innlánsmaður dálk.
- c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Í viðskiptabókum skal prenta ágrip af lögum nr. 69 27. júní 1941 um sparisjóði svo og samþykktir sparisjóðsins sjálfs, og gildir hún í öllu sem samningur við sjóðinn.
Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
- d. Sparisjóðurinn tekur einnig við innlögum með þeim kjörum, að hægt er að taka út peninga af innstæðunni gegn ávísun og án þess, að viðskiptabók sé sýnd, og skal þá greinilega letrað á bókina, að hún sýni ekki ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhaf.
- e. Aldrei má sparisjóðurinn taka á móti meira innlánsfé en svo, að það, að frá-dregnu því, er hann á í sjóði, innistandandi í innlendum bönkum, í tryggum veðbréfum eða lánnum gegn veði í fasteign, nemi 25 sinnum eigin fé sparisjóðsins, þar með talið stofnfé og innborgað ábyrgðarfé. Eigi má draga frá samkvæmt þessari málsgrein, önnur fasteignalán en þau, þar sem lánið, ásamt því er áður kann að hvíla á eigninni, nemur ekki meira en $\frac{3}{5}$ fasteignamatsverðs hennar.
- f. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má veita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óbreytt að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
- g. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.
- h. Fé það, sem lagt hefur verið í sparisjóðinn, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið löghaldi, á meðan það stendur þar.

14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól í dálk hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum, þó svo að frá teljast móttökudagur og úttökudagur og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum sem nema 1000 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir 1. jan. ár hvert, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkjur í vaxtareikningi eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðréttá skal skekkjuna á þann hátt, að skrá mismuninn, er jafnframt færast sparissjóðnum til reiknings í innstæðubókina og viðskiptabókina næst þegar hún verður sýnd.

15. gr.

Af fé, sem sparissjóðurinn ávaxtar með sparissjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má, að upphæðum frá 500 til 1500 kr. sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með 2 mánaða fresti. Án 2 mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 2000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparissjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd, og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana, eða gegn ávísun ef eigandi hefur samið svo um og það er letrað á viðskiptabók hans. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé rétt gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Innstæðueigandi getur áskilið, að á áberandi stað á viðskiptabók sinni sé letrað, að hann einn eða sá, er hann gefur skriflegt umboð til þess, geti hafið peninga úr henni.

Nú ber viðskiptabók eigi slíka áletrun, og er það þá eigi á ábyrgð sparissjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueigenda, en það skal gert næst þegar viðskiptabókin er sýnd í sparissjóðnum. Þess skal enn fremur getið í hlutaðeigandi dálki í innstæðubók um leið og greiðslan er þar skráð, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum, og tilfærast endurborgað fé í dálk eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds. Ef viðskiptabók, sem gefin er út fyrir sparissjóðsinnstæður, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sé þrisvar í röð í Lögbirtingabladinu, með 6 mánaða fyrir vara frá því 1. auglýsing er birt, hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiptabókina, og ef enginn hefur sagt til sín áður en téður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiptabókina hefur fengið upphæðina, án þess að nokkur annar, sem viðskiptabókin kann að hafa verið afsöluð, geti gert kröfur á sparissjóðinn.

36

9. marz

18. gr.

Ef eigandi að viðskiptabók hreyfir ekki innstæðu sína í 15 ár samfleytt, skal ekki reikna vexti af innstæðunni framar. Ber þá að skora á eiganda að segja til sín og skal það gert með auglýsingu á sama hátt og ef bók glatast. Ef hann gefur sig ekki fram áður en tilskilinn frestur er liðinn, er viðskiptabók hans ógild og féð ásamt vöxtum eign sparisjóðsins. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að greiða féð, að meira eða minna leyti, ef réttur eigandi gefur sig fram innan 5 ára.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með 3 mánaða fresti. Skal annað hvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í Lögbirtingablaðinu.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

20. gr.

Sparisjóðurinn skal, til þess að það sé tryggt, að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum veðbréfum minnst $\frac{1}{10}$ af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minni en 7% af innlánsfénu. Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þess fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða skal sparisjóðsstjórnin tilkynna sparisjóðseftirlitinu það.

21. gr.

Sparisjóðurinn greiðir árlega 2% af nettó ágóða sínum í tryggingarsjóð sparisjóða, unz eign sparisjóðsins í tryggingarsjóði er orðinn 3% af samanlögðu innstæðufé sparisjóðsins.

22. gr.

Árstekjur sparisjóðsins, að frádregnum kostnaði, greiðslu í tryggingarsjóð, vöxtum og af því fé, sem lagt er til hliðar til að mæta fyrirsjáanlegum töpum, skal leggja í varasjóð.

Heimilt er að verja nokkru af ársarðinum til endurborgunar á stofnfé og greiddu ábyrgðarfé, ef varasjóður nemur meira en 10% af sparisjóðsinnstæðunni.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins, að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. Þegar hagur varasjóðs leyfir, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

Um lánveitingar o. fl.

23. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- a. Með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álita má jafngóð.
- b. Með því að lána fé einstakra manna eða félaga gegn tryggu fasteignaveði eða gegn sjálfskuldarábyrgð.

Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum má því aðeins veita til lengri tíma en eins árs að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni.

- c. Á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins álitur heppilegan.
Stjórnin setur sér reglur um lánveitingar úr sjóðnum.

36

9. marz

24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Til lána gegn sjálfskuldarábyrgð, ábyrgð héraðs eða sveitar til fasteignaveðs-lána umfram 60% matsverðs má sparisjóðurinn aldrei verja meira en sem svarar 12½ sinnum eigin fé sjóðsins.

Aldrei má sparisjóðurinn lána einum viðskiptamanni eða fleiri viðskiptamönnum, sem fjárhagslega eru tengdir, meira en sem svarar 50% af eigin fé og ábyrgðarfé sínu. Í ofangreindri lánsupphæð skal þó ekki telja:

1. Lán veitt gegn veði í fasteign, ef það er ekki hærra en ⅓ fasteignamatsverðs.
2. Lán, sem tryggð eru með inneign í sparisjóðnum sjálfum, tryggum verðbréfum eða öðru handveði.

Þegar verðbréf er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar samþykki.

25. gr.

Sérstaka bók skal jafnan halda um lán úr sjóðnum. Skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, og skal það tilgreint um lántaka, tryggingu, upphæð lánsins, afborganir og vaxtagreiðslur. Einnig skal halda skrá um skuldunauta sjóðsins, er sýni skuldbindingar hvers og eins gagnvart sjóðnum.

26. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það. Hafi sparisjóðurinn tekið lán, skal í bókum sjóðsins vera sérstakur dálkur fyrir hverja lántöku.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða veðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánnum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skirteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu þækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

27. gr.

Sparisjóðurinn má eigi eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna rekstrar hans, og ekki hlutabréf. Þó má hann yfirtaka fasteign eða hlutabréf, sem honum hefur verið veðsett, til þess að innheimta kröfu sína, en selja skal hann eignina strax og hann á þann hátt getur fengið kröfu sína greidda. Sparisjóðurinn má ekki ganga í ábyrgð fyrir aðra. Halda skal skrá um eignir sparisjóðsins, svo sem veðbréf o. fl.

28. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávisun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

29. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir 1. marz ár hvert. Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glögg:

- 36** 1. Hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal
9. marz í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum, og sé þar greint, hver sjóðsforðinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok.
2. Hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreint tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir ábata og halla sjóðsins.
3. Hverjar séu eignir sjóðsins í árslokinn og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn, eins og hagur hans stóð í árslok.

31. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabók) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útstandandi, bæði fasteignaveðlán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánamanna.

Skrár þessar skulu bera með sér fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggt sjáist, hversu mikið er greitt fyrirfram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir. Gjaldalagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skráum skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

32. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir sparisjóðseftirlitsins sýna.

V. Um endurskoðun.

33. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera tveir endurskoðunarmenn kosnir til eins árs af sýslunefnd Suður-Múlasýslu með hlutfallskosningu. Kjósa skal tvo menn til vara.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

34. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum ársfjórðungi.

Jafnan skulu endurskoðendur eiga frjálstan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig. Einnig eiga þeir rétt á að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins, svo oft sem þeim þykir þörf á.

35. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því, að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt tilfærðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

36. gr.

36

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið því starfi sínu fyrir febrúarmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

37. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrlausnar.

Eins skal farið að, ef endurskoðendur finna eitthvað athugasvert við reikningsfærslu eða starfrækslu sparisjóðsins og stjórn sparisjóðsins tekur þær athugasemdir ekki til greina eða tregðast við að bæta úr ágöllum, sem endurskoðendur telja vera á starfrækslu sparisjóðsins, eða þeir telja að rekstur sparisjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941.

38. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrirfram.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 9. marz 1959.

Gylfi Þ. Gíslason.

Jónas H. Haralz.

REGLUGERÐ

37

um skemmtanaskatt í Neshreppi utan Ennis, Snæfellsnessýslu.

10. marz

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Neshreppi utan Ennis og aðgangur er seldur að og eigi eru undanþegnar skatti með lögum.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

I. flokkur:

- a) Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b) Sjónleikir.
- c) Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d) Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

II. flokkur:

- a) Dansleikir.
- b) Danssýningar.
- c) Loddara- og fjölleikasýningar.
- d) Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér sérstaklega.

37

10. marz

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í I. flokki skal greiða 10% af aðgangseyri og 20% af skemmtunum í II. flokki. — Ef skemmtun er margþætt skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattlagður.

4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Getur hreppsnefnd þannig undanþegið skemmtanir skatti, sem haldnar eru í góðgerðaskyni, svo og þær skemmtanir, sem haldnar eru sem fræðslu- og menningarstarfsemi.

5. gr.

Hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis hefur eftirlit með því, að reglugerð þessari sé framfylgt og sér um innheimtu skattsins. Heimilt er hreppsnefndinni að hafa eftirlit með sölu aðgöngumiða og getur hún enn fremur ráðið sérstakan mann, til þess að annast eftirlit með skemmtunum.

6. gr.

Hver sá, sem halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin og afhenda honum til stimplunar alla þá aðgöngumiða, sem ætlunin er að nota við skemmtunina.

Eigi síðar en 2 dögum eftir samkomu, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt samkv. 3. gr., af öllum þeim miðum, sem notaðir voru.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn. Sé um félag að ræða, ábyrgjast allir stjórnendur þess gjaldið.

8. gr.

Skatttekjur samkv. reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en halda skal fénu aðgreindu frá öðrum tekjum og verja því til menningarstarfsemi í Neshreppi utan Ennis, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum. Sé broti þannig háttað, að dreginn hafi verið undan skemmtanaskattur, skal sektin ákveðin sem svarar a. m. k. fjórföldum skatti, sem undan var dreginn. Með mál, sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið sem opinber mál.

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 10. marz 1959.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

38

14. marz

um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum.

1. gr.

Gera skal spjaldskrá yfir alla Íslendinga, 15 ára og eldri, sem vitað er um frá landnámstíð og ekki hafa verið færðir á spjaldskrá Hagstofu Íslands, er hófst 16. október 1952. Gildir þetta ákvæði einnig fólk af erlendum uppruna, ef það hefur öðlazzt íslenzkan ríkisborgararétt eða verið búsett hér á landi áður en hann kom til.

Spjaldskrá þessi skal vera vélrituð, gerð í tvíriti og geymd í Þjóðskjalasafni Íslands. Taka ákvæði þessi einnig til spjaldskrár þeirrar, sem um er rætt í 7. gr.

2. gr.

Hvern mann, karl eða konu, sem náð hefur 15 ára aldri, skal skrá á sérstakt spjald með fullu skírnarnafni, föðurnafni, ef kunnugt er, og ættarnafni, ef til er eða tíðkazzt hefur. Sé föðurnafn ókunnugt, en maður hafi verið kenndur við móður, skal nafn hennar skráð í stað föðurnafns. Sé föðurnafn ókunnugt og maður hafi ekki verið kenndur við móður, heldur við stað, skal svo einnig gert í spjaldskránni. Nöfn manna, sem auðkenndir eru með viðurnefni í fornum heimildum, skulu skráð með því.

Á spjald hvers einstaklings skal auk þess færa, ef heimildir greina:

- 1) fæðingardag, fæðingarár og fæðingarstað, dánardag, dánarár og dánarstað;
- 2) nöfn foreldra, atvinnu og heimili, er spjaldhafi fæddist;
- 3) nafn eða nöfn maka, giftingardag og giftingarár;
- 4) nöfn barna, fæðingardag þeirra og fæðingarár, ásamt stuttri tilvísun um, hvað um þau varð; sé um óskilgetin börn að ræða, skal nafn barnsmóður (eða barnsföður, sé spjaldhafinn kona) skráð á sama hátt og nafn maka;
- 5) helztu æviatriði spjaldhafa (uppeldi, menntun, atvinnu, heimili, embætti, áhugamál og störf, þ. á m. ritstörf); vísa skal í ritskrá, ef til er;
- 6) tilvísun um helztu heimildir.

Á spjalðið skal ekki færa neitt annað en staðreyndir samkvæmt heimildum; og frá þeim skal skýrt í svo stuttu máli sem unnt er, án dóma, hvort heldur um menn eða málefni.

3. gr.

Spjaldskrárgerð þessi skal fara fram á vegum Þjóðskjalasafns Íslands; en til þess að annast hana skal ráðinn sérstakur starfsmaður, æviskrárritari, er lagt hefur stund á íslenzka ættfræði og mannfræði, enda sýnt hæfni og áhuga á því sviði.

4. gr.

Að samningu spjaldskrárinnar skal unnið í áföngum, þannig að tekið sé fyrir eitt tímabil í senn, afmarkað af þeim aðalheimildum íslenzkrar mannfræði, sem úr er að vinna. Skal fyrst tekið fyrir það tímabil, sem kirkjubækur og manntöl ná til, en síðan rakið aftur í tímann, þar sem aðrar heimildir, svo sem ættartölubækur, alþingisbækur, annálar, íslenzk fornbréf, Sturlunga og landnámabækur, taka við og segja til um, hvernig áfangar spjaldskrárgerðarinnar skuli afmarkaðir. En kanna skal til hlítar, auk slíkra aðalheimilda hvers tímabils, hverja þá mannfræði- og ættfræðiheimild, prentaða og óprentaða, sem til er um það, svo að tryggt sé, að spjaldskráin verði eins tæmandi og unnt er.

38

14. marz

5. gr.

Æviskrárritari skal kosta kapps um að koma sem fyrst upp spjaldskrárstofni fyrir hvert það tímabil, sem fyrir er tekið við spjaldskrárgerðina. Skal þá látið nægja í bili að færa nafn hvers manns, karls eða konu, 15 ára eða eldri, sem uppi var á því tímabili, á spjald, ásamt allra nauðsynlegustu upplýsingum til þess að auðkenna hann meðal samnefndra manna: fæðingardegi og fæðingarári, dánardegi og dánarári, foreldranöfnum og fæðingarstað, — ef heimildir greina.

Síðar skal spjald hvers einstaklings fyllt út, eftir því sem tími og starfskraftar leyfa, með þeim upplýsingum og æviatriðum, sem spjaldskráin á, samkvæmt 2. gr., að geyma.

6. gr.

Æviskrárritari skal gera sér far um að fá áhugamenn um íslenska mannfræði og ættfræði til liðs við sig við spjaldskrárgerðina, þannig að þeir taki að sér æviskráningu fyrir hana í sem flestum héruðum og byggðarlögum landsins. Skal hann hafa samráð um slíka samstarfsmenn við þau félög íslenskra mannfræðinga og ættfræðinga, sem til eru eða stofnuð kunna að verða, svo og við sögufélög og áttthaga-félög. Ber æviskrárritara að koma skipun á æviskráningu slíkra samstarfsmanna og láta þeim í té prentuð eyðublöð fyrir æviskrár þeirra, svo að þær verði samræmdar og þurfi sem fæstra breytinga við, er þeir verða færðar á spjaldskrána.

7. gr.

Jafnframt spjaldskrá þessari yfir alla Íslendinga, 15 ára og eldri, sem vitað er um frá landnámstíð og ekki hafa verið færðir á spjaldskrá Hagstofu Íslands frá og með 16. október 1952, skal sams konar spjaldskrá gerð um alla Íslendinga, 15 ára og eldri, sem látizt hafa eftir þann dag. Gildir það ákvæði einnig fólk af erlend-um uppruna, ef það hefur öðlazzt íslenskan ríkisborgararétt.

Hagstofa Íslands lætur æviskrárritara í þessu skyni í té skrá við lok hvers árs um þá, sem létust á því ári. Ef óskað er, lætur Hagstofan honum einnig í té afrit gagna, sem hún hefur um þá menn, eftir því sem ástæður leyfa.

Skylt er og prestum þjóðkirkjunnar og prestum eða löggiltum forstöðumönnum annarra trúfélaga í landinu að skrá á prentuð eyðublöð, sem æviskrárritari sendir þeim, æviatriði hvers manns, karls eða konu, 15 ára og eldri, sem andazt hefur í söfnuðum þeirra. Skulu þær æviskrár einnig sendar æviskrárritara í lok hvers árs.

Að fengnum þessum og öðrum nauðsynlegum gögnum skal æviskrárritari, þegar búið er að bera þau saman við frumheimildir, kirkjubækur og manntöl, færa nafn hvers látins einstaklings á sérstakt spjald, svo sem fyrir er mælt í 2. gr., og fylla það út með þeim upplýsingum, sem þar eru upp taldar.

8. gr.

Skylt er starfsmönnum ríkisins og opinberra stofnana, ef óskað er, að láta æviskrárritara í té nauðsynlegar upplýsingar úr bókum embættisins eða stofnunarinnar.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, 100—3000 krónum.

10. gr

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 30/1956, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 14. marz 1959.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius

REGLUGERÐ

39

13. marz

fyrir vatnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

2. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur fer með stjórn vatnsveitunnar, sem er eign Reykjavíkurbæjar.

Bæjarstjórn skipar vatnsveitustjóra, sem annast daglegan rekstur vatnsveitunnar, svo og aðra starfsmenn eftir því, sem þörf krefur.

3. gr.

Bæjarstjórn hefur einkasölu á vatni á svæði því, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, svo og til hafnarinnar.

4. gr.

Bæjarstjórn lætur leggja vatnsleiðslur, aðalæðar og götuæðar, um bæinn.

5. gr.

Hver sá, er húseign á við götu eða veg, sem vatnsæð liggur í, á rétt á að tengja vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús- eða heimaæðar nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseigenda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægjanlegur.

Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óskar eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægilegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunnar.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar í götu eða veg, þar sem óskað er eftir vatnsnotum, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lög vatnsæðar, að tryggt sé, að kostnaður við lögnina fái endurgreiddur, annað hvort með heinni þátttöku notanda eða með því að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum.

Vatnsveitan getur einnig ákveðið að notendur, er síðar bætast við, beri hluta stofnkostnaðar við lögnina.

Vatnsveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á dreifiaðum, enda þótt hús-eigendur hafi í upphafi borið, að einhverju eða öllu leyti, þann kostnað, er af lögninni leiddi, nema öðru vísi verði um samið.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum eftir fyrirsögn slökkviliðsstjóra.

6. gr.

Sá, er óskar eftir að leggja vatnsveituæð að húsi sínu, leggja nýlagnir, gera breytingar á eða viðbætur við eldri vatnslagnir, skal með nægum fyrirvara fá til þess leyfi hjá vatnsveitunni.

39 Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð, sem fást í skrifstofu vatnsveitunnar, og skulu þær undirritaðar af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans, ásamt pípulagningameistara þeim, sem verkið á að annast.

Með umsókninni fylgi uppdráttur af vatnslögninni í tvíriti og eigi í minni mælikvarða en 1:100.

Uppdrátturinn skal gerður af þar til hæfum manni, er hlotið hefur til þess löggildingu vatnsveitunnar.

Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsæða, loka og krana, bæði utanhúss og innan. Á afstöðumynd skal sýnd og málsett lega heimæðar frá húsvegg að tengistað við vatnsveituæð. Gert skal ráð fyrir vatnsmæli á óskiptri húsæð, og skal honum afmarkaður staður á uppdrætti. Álíti vatnsveitan nauðsyn á, að gerðir séu nánari uppdrættir eða séruppdrættir, skulu þeir látnir í té.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafizt þess, að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Ef vatnsveitan samþykkir uppdrátt, skal á hann færð áritun um það.

Pípulagningameistari sá, er verkið á að vinna, ritar nafn sitt á eintak vatnsveitunnar, áður en verkið hefst. Sé skipt um pípulagningameistara, meðan á verki stendur, skal það tilkynnt vatnsveitunni.

Uppdráttur, áritaður af vatnsveitunni og viðkomandi pípulagningameistara, skal ávallt vera á vinnustað. Með áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á því, að hægt sé að framkvæma verkið vegna leiðslna eða annars, sem kann að vera því til fyrirstöðu.

7. gr.

Pípulagningameistarar, löggiltir af bæjarstjórn, hafa einir rétt til þess að annast vatnslagnir, og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri vatnslögnum. Þeir bera og ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við samþykkt þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett og samþykktan uppdrátt.

Ef pípulagningameistari brýtur í bág við fyrirmæli samþykktar þessarar eða reglna, settra samkvæmt þeim, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, getur vatnsveitan veitt honum áminningu. Enn fremur má hún svipta hann löggildingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

8. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa.

Engar vatnsæðar má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseigenda, og sé það gert, skal pípulagningameistari sá, er ábyrgð ber á verkinu, vera viðstaddur og aðstoða starfsmenn vatnsveitunnar við prófunina.

Álíti eftirlitsmaður vatnsveitunnar, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

9. gr.

Allar vatnsæðar frá vatnsveituæðum að húsi og í því, eru eign húseiganda, og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi.

Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra, skuli lagðar af starfsmönnum hennar, en á kostnað húseiganda.

Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja sama húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar. 39
13. marz

Vatnsveitan getur ákveðið, að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð, og gefur þá fyrirmæli um vidd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið, hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt.

Óski húseigandi að tengja við gamla heimæð, skal fá til þess leyfi bæði hjá eiganda heimæðarinnar og vatnsveitunni.

Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu fohheld og upphituð.

Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar er hans verður vart. Þótt leka hafi ekki orðið vart, getur vatnsveitan, ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti.

Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

10. gr.

Eftirlitsmenn vatnsveitunnar skulu hafa frjálstan aðgang að öllum vatnslögnum innanhúss, og skulu húseigendur gefa þær upplýsingar um vatnsnotkun, sem óskað er eftir.

11. gr.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar í eigu einstaklinga, sé eigi gert sennilegt, að þær verði teknar í notkun innan skamms tíma. Kostnað, er af þessu leiðir, greiðir eigandi.

12. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í einkaeign eða eign vatnsveitunnar.

13. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal innheimta vatnsskatt af húseignum, er um ræðir í 2. mgr., og skal skatturinn miðaður við ákveðinn hundraðshluta af fasteignamatverði húseignar eftir ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni, enda sé vatn eigi selt samkvæmt mæli.

Vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum í lögsagnarumdæmi bæjarins, sem standa við götu eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja. Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatvirkingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskatt skal leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun og ákveður bæjarstjórn gjald fyrir hvern m³.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til, sem í 3. mgr. segir, og skal þá vatnsveitan ákveða aukavatnsskatt samkvæmt áætlaðri notkun.

Nú settir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið eftir vali vatnsveitunnar, og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

39 Bæjarstjórn getur ákveðið, að vatn til heimilisparfa verði selt eftir mæli, og 13. marz sett um það sérákvæði.

14. gr.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 2. janúar ár hvert og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn samkvæmt mæli, er heimilt að greiða skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunnar.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

15. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli (sjá 13. gr.), greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælisins.

Vatnsveitan sér um viðhald mælisins að því er snertir eðlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum, ber húseiganda að bæta.

Ef maður rýfur innsigli vatnsmælisins varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Vatnsveitan er eigandi mælisins og greiðir húseigandi fyrir afnot hans endurgjald, er bæjarstjórn ákveður. Lögn vatnsæða innanhúss á jafnan að vera þannig háttáð, að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhúskerfi (sjá 6. og 9. gr.).

Verði vatnsmæli eigi komið fyrir án breytinga á vatnslögn, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á eigin kostnað.

Vatnsveitan ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað.

Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við.

16. gr.

Verði vatnsnotandi uppvís að óhófllegri notkun vatns eða hlíti ekki fyrirmælum vatnsveitunnar, um viðhald eða breytingu vatnsæða, hefur vatnsveitan rétt til þess að loka heimæð hans að undangenginni aðvörun.

Vatnsveitunni er heimilt að skammta vatn til annars en heimilisnotkunar. Enn fremur getur hún krafizt þess, að fyrirtæki, er mikið vatn nota, afli sér sparneytnari véla eða setji upp geyma til söfnunar vatns að næturlagi. Ef fyrirmælum vatnsveitunnar er eigi sinnt innan hæfilegs frests, er heimilt að loka fyrir heimæð fyrirtækisins.

Vatnsveitunni er heimilt að taka gjald fyrir opnun heimæðar, sem lokað hefur verið af ofangreindum ástæðum.

17. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar.

Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum.

Vatnsveitan getur krafizt þess, að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyfingar á hávaða frá dælu.

18. gr.

Vatnsæðar og tæki skulu þannig tengdar, að eigi sé hætta á, að vatnið í æðunum óhreinist.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitu og hitaveitu, og skulu blöndunar-
tæki hafa óhindrað rennsli í frárennslistút. **39**

Enn fremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið getur óhreinun á
vatni í vatnsveituað eða heimæð. **13. marz**

19. gr.

Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð
þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar
ástæður til slíks.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri
refsing liggja við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opin-
berra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, stað-
festist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní
1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til
eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. marz 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir rafmagnsstöðina í Vík í Mýrdal,
nr. 144 23. des. 1958.

40

14. marz

I. kafli gjaldskrárinnar orðist svo:

I. RAFORKA

Rafmagnsstöðin í Vík selur raforku við því verði og á þann hátt, sem hér
segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 1.70 hverja kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

- Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 50 aura hverja kwst. og
auk þess fastagjald, er nemi kr. 3.75 á mánuði af hverju íbúðarherbergi.
Til íbúðarherbergja teljast öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi,
og eldhús, en ekki baðherbergi, gangar eða geymslur. Herbergi, sem er minna
en 5 m², telst sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Ef meðalstærð herbergja
í íbúð er undir 10 m², má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig, að
hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og hverjir 5 m² hálfu herbergi.
- Um hemla á kr. 1000.00 hvert árskw. Hemilstillingin skal ávallt standa á heil-
um hundruðum watta.

40
14. marz

Stjórn rafmagnsveitunnar er heimilt að takmarka raforkusölu eftir þessum gjaldskrárlið, ef nauðsynlegt reynist til þess að draga úr orkunotkuninni. Slíka takmörkun má framkvæma með því að lækka stillingu hemlanna almennt og synja nýjum notendum um orkukaup um hemla.

C. Vélanotkun.

Um kwst.mæli á 85 aura hverja kwst. Hafi vélanar mjög stuttan nýtingartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds kr. 140.00.

D. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa og annarra slíkra staða um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttegn.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 12 aura hverja kwst., enda sé straumurinn þá rofinn með klukkurofa frá kl. 8.30 til 23 eða um tvígjaldsmæli á 12 aura hverja kwst. frá kl. 23 til 8.30 og á 70 aura frá kl. 8.30 til 23.
4. Til götulýsingar á 70 aura hverja kwst. og annast rafmagnsstöðin þá rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla aðra raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár skal selja eftir gjaldskrárlið A. Þegar sérstaklega stendur á, getur stjórn rafmagnsstöðvarinnar þó selt raforku eftir sérstökum samningi, en eigi lengur en til eins árs í senn.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 14. marz 1959.

Emil Jónsson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

41
20. marz

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Fellsstrandar.

1. Félagið heitir Veiðifélag Fellsstrandar. Heimili þess og varnarþing er á Staðarfelli í Fellsstrandarhreppi.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Kjarlaksstaðaá, Tungná og Flekkudalsá, en þær eru: 1. Kjarlaksstaðir, 2. Ytrafell, 3. Harastaðir, 4. Staðarfell, 5. Túngarður, 6. Hallsstaðir, 7. Svínaskógur, 8. Orrahóll, 9. Stóra-Tunga, 10. Litla-Tunga, 11. Stóri-Galtardalur, og 12. Grund.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö

- ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær 41
félagismaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, 20. marz
eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endur-
skoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar
endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær
menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum
tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við
og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.
- Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu
leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki,
og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
6. Aðalfund skal halda í marzmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá
störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess
á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og
úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í
gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá,
gjaldskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá.
Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957
um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og
silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast gildi, og birtist til eftirbreytni öllum
þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. marz 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Dorv. K. Dorsteinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild
hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

42

23. marz

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist tveir nýir liðir, svo hljóðandi:
XVI. flokkur: Skip 12—30 rúmlestir, sem veiðar stunda með handfærum.
XVII. flokkur: Skip yfir 30 rúmlestir, sem veiðar stunda með handfærum.

2. gr.

Töluliðir 6, 7, 8, 9, 10, 14, 15, 25, 26, 30 og 34 í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar
orðist svo:

6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
1. janúar—15. maí
1. september—31. desember

- 42 7. svæði: Hafnarfjörður
 23. marz 1. janúar—15. maí
 1. september—31. desember
8. svæði: Reykjavík
 1. janúar—15. maí
 1. september—31. desember
9. svæði: Akranes
 1. janúar—15. maí
 1. september—31. desember
10. svæði: a. Hellissandur
 1. janúar—15. maí
 b. Rif
 1. janúar—15. maí
 1. október—31. desember
 c. Ólafsvík
 1. janúar—15. maí
 1. október—31. desember
14. svæði: Patreksfjörður og Tálknafjörður
 1. febrúar— 31. maí
 1. október—15. desember
15. svæði: Arnarfjörður
 1. janúar—15. maí
 1. október—15. desember
25. svæði: Ólafsfjörður
 1. marz—30. nóvember
26. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd, Grenivík
 1. apríl—15. desember
30. svæði: Vopnafjörður
 1. júní—31. október
34. svæði: Fáskrúðsfjörður
 1. febrúar—31. maí
 1. júní—30. nóvember

3. gr.

Töluliðir 6, 8 og 10 í c-lið 3. gr. orðist svo:

6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
 15. febrúar—11. maí
 1. september—31. desember
8. svæði: Reykjavík
 15. febrúar—11. maí
 1. september—31. desember
10. svæði: Hornafjörður
 1. marz—11. maí

4. gr.

Töluliðir 22, 25, 27, 30, 34 og 43 í d-lið 3. gr. orðist svo:

22. svæði: Steingrímsfjörður
 15. júlí—31. október
25. svæði: Hofsós
 15. apríl—15. nóvember
27. svæði: Ólafsfjörður
 1. apríl—30. nóvember

30. svæði: a. Húsavík
1. apríl—15. nóvember
b. Flatey
1. apríl—15. nóvember
34. svæði: Vopnafjörður
15. maí—31. október
43. svæði: Þorlákshöfn
1. marz—11. maí

42

23. marz

5. gr.

Staflíður g. í 3. gr. færast aftur og verði staflíður h, en nýr staflíður g. orðist svo:

g. Fyrir skip í XVI. og XVII. flokki

1. svæði: Berufjörður—Ingólfshöfði
1. marz—31. maí
2. svæði: Dyrhólaey—Látrabjarg
1. marz—31. maí
3. svæði: Dyrhólaey—Langanes (vestur um land)
1. júní—30. september

6. gr.

Með reglugerð þessari falla úr gildi reglugerð nr. 132 4. október 1958 og reglugerð nr. 5 21. janúar 1959, báðar um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutaftryggingasjóðs bátaútvegsins.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutaftryggingasjóð bátaútvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 23. marz 1959.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 224 26. okt. 1950, um síldveiðideild
hlutaftryggingasjóðs bátaútvegsins.

43

23. marz

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til þeirra skipa bátaflotans, sem stunda síldveiðar með herpinót, hringnót og reknet.

2. gr.

3. grein orðist svo:

Veiðisvæði sumarsíldveiða skal vera eitt fyrir allt landið fyrir þau skip, sem veiða með herpinót eða hringnót. Bótasvæði fyrir síldveiðiskip, sem veiðar stunda með reknetjum, skal ná frá Dyrhólaey að Hornbjargi.

Bótatímabil er tvö:

Frá 15. maí til 30. september og
frá 1. október til 22. desember.

43

23. marz

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Veiðiskipum á sumarsíldveiðum með herpinót eða hringnót skal skipta í flokka, sem hér segir:

1. fl. Herpinótaskip.
2. — Hringnótaskip.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatrygginga-sjóð bátaútsvegsins, sbr. lög nr. 38 24. maí 1958, um breyting á þeim lögum, og öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 23. marz 1959.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

44

24. marz

REGLUGERÐ

um stefnuljós á bifreiðum.

1. gr.

Á bifreið skulu vera stefnuljós af einhverri eftirtaldrá gerða:

- a. Ljósker sitt hvorum megin framan og aftan á bifreið. Skulu þau lýsa með hvítu eða rauðgulu ljósi með vissu millibili fram fyrir og rauðu eða rauðgulu ljósi aftur fyrir bifreiðina.
- b. Ljósker eitt eða fleiri á hvorri hlið bifreiðar, er lýsi fram og aftur eins og segir í a.-lið.
- c. Hreyfanlegur armur á hvorri hlið bifreiðar. Armarnir skulu vera með rauðgulu ljósi, þegar þeir eru í láréttri stöðu eða sveiflast upp og niður.

Tíðni ljósa samkvæmt a.- og b.-lið skal vera 60—120 rið á mínútu. Stefnuljós-ker skulu staðsett þannig, að ljósin sjáist greinilega frá stöðum á framlengdri miðlengdarlinu bifreiðar, 10 metra fyrir framan og 10 metra fyrir aftan hana. Á vörubifreið með opnum palli skal miðað við, að hann sé hlaðinn að yztu brún. Ljós frá stefnuljóskerum samkvæmt a.- og b.-lið skal vera sýnilegt, einnig í sólskini, í 30 metra fjarlægð. Ef nauðsynlegt er, má nota saman stefnuljós samkvæmt a.—c.-liðum. Stefnuljós samkvæmt a.- og b.-lið megi ekki vera hærra yfir akbraut en 175 cm. Bifreiðaeftirlitið getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef það telst hættulaust.

Ef stefnuljós eru ekki tengd stýrisbúnaði eða tímarofi stöðvar ekki merkjagjöf, skulu þau tengd sérstökum ljósa- eða hljóðmerkjabúnaði, er gefi öikumanni til kynna, hvenær þau eru í notkun.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 1958, öðlast þegar gildi.

Í dómsmálaráðuneytinu, 24. marz 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Gústav A. Jónasson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðmundar Gissurar- 45
sonar vegna Elli- og hjúkrunarheimilisins Sólvangs, útgefin á venjulegan hátt að 25. marz
mandatum af dómsmálaráðherra 25. marz 1959.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

**Minningarsjóðs Guðmundar Gissurarsonar, forseta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
og fyrsta forstjóra Elli- og hjúkrunarheimilisins Sólvangs.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Guðmundar Gissurarsonar vegna Elli- og hjúkrunarheimilisins Sólvangs.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1958 af nokkrum vinum Guðmundar heitins Gissurarsonar.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gera vistfólki á öllum deildum Elli- og hjúkrunarheimilinu Sólvangi dagamun ár hvert á fæðingardegi Guðmundar Gissurarsonar hinn 12. maí. Stjórn sjóðsins ákvarðar hverju sinni, hvernig þetta er gert.

4. gr.

Til þessa skal aðeins verja vöxtum sjóðsins þar til höfuðstóllinn er orðinn 10000.00 kr. Þá má verja árlegum tekjum sjóðsins auk vaxta til þess að gleðja og gera vistmönnum Elli- og hjúkrunarheimilisins Sólvangs dagamun.

5. gr.

Sjóðnum sé aflað tekna með sölu minningarspjalda og minningargjöfum.

6. gr.

Rita skal nöfn allra þeirra, sem minnst er með gjöfum, í þar til gerða bók, sem ávallt skal geymd í Elli- og hjúkrunarheimilinu Sólvangi.

7. gr.

Komi til þess, að Elli- og hjúkrunarheimilið Sólvangur verði ekki starfrækt, renni sjóðurinn til hliðstæðrar líknarstofnunar í Hafnarfirði.

8. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtað í sparisjóði eða bankastofnun í Hafnarfirði með beztu fánlegum kjörum.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Bæjarstjóri Hafnarfjarðar, forstjóri Elli- og hjúkrunarheimilisins Sólvangs og eftirlifandi kona Guðmundar Gissurarsonar eða nánasta ættmenni hans búsett í Hafnarfirði. Verði ágreiningur um, hvert tveggja eða fleira ættmenna eigi að sitja í stjórninni, sker bæjarfógetinn í Hafnarfirði úr.

10. gr.

Reikningar sjóðsins og endurskoðun þeirra skulu fylgja reikningum Sólvangs.

46 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sigurbjargar Ein-
31. marz arsdóttur, Þingeyri við Dýrafjörð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms-
málaráðherra 31. marz 1959.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Sigurbjargar Einarsdóttur, Þingeyri við Dýrafjörð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigurbjargar Einarsdóttur, fædd 3. sept. 1881, fluttist til Þingeyrar árið 1896, dáið 29. sept. 1953.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 17. febr. 1957 af sonum hinnar látnu: Adolf Sigurðs-
syni, Axel Sigurðssyni, Gunnari Sigurðssyni, Ingólfi Sigurðssyni, Tryggva Sigurðs-
syni og ekkju Einars heit. Sigurðssonar, Guðfinnu Hallgrímsdóttur, með kr. 3000.00
— þrjú þúsund krónum — í tilefni af 50 ára afmæli kvenfélagsins Von, Þingeyri,
17. febr. 1957, en Sigurbjörg var ein af stofnendum félagsins og heiðursfélagi þess.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að vera kvenfélaginu Von til styrktar í menningar-,
mannúðar- og líknarstörfum, sem það beitir sér fyrir.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3000.00 — þrjú þúsund krónur —, sem leggja skal inn í
sparisjóð Þingeyrarhrepps, úr sjóðnum er félaginu heimilt að verja allt að þrem
fjórðu af tekjum hans árlega. En aldrei má skerða stofnfé hans.

5. gr.

Til sjóðsins skulu renna allar minningargjafir, sem kvenfélagið Von fær og
hlutaðeigendur tilgreina eigi að fara til annars.

Skrá skal allar gjafir í sjóðinn í sérstaka bók.

6. gr.

Stjórn kvenfélagsins Von tekur á móti væntanlegum gjöfum til sjóðsins og hefur
reikningshald hans á hendi.

Hætti kvenfélagið Von störfum, rennur eign sjóðsins óskipt til Þingeyrarkirkju.

7. gr.

Reikningár sjóðsins er almanaksárið og skal reikningur hans vera gerður fyrir
janúarlök ár hvert.

8. gr.

Endurskoða má skipulagsskrá þessa þegar þurfa þykir, en aldrei má skerða
aðaltilgang hennar, sbr. 3. grein.

Þingeyri, 20. febr. 1959.

F. h. gefenda

Sigurður Jóhannesson.

F. h. Kvenfél. Von, Þingeyri.

Erla Sveinsdóttir, formaður. Hulda Sigmundsdóttir, ritari.

Ingunn Angantýsdóttir, gjaldkeri.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Þorsteins Eiríks- 47
sonar frá Minni-Völlum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráð- 31. marz
herra 31. marz 1959.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þorsteins Eiríkssonar frá Minni-Völlum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þorsteins Eiríkssonar frá Minni-Völlum.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Þorstein Eiríksson, fæddum að Minni-Völlum í Landsveit 20. september 1872.

Stofnendur sjóðsins eru eftirtaldar systur hans og bróðurdóttir ásamt eiginmönnum tveggja þeirra:

Frú Guðríður Eiríksdóttir frá Þjórsártúni, frú Ingiríður Eiríksdóttir og maður hennar Guðjón Jónsson, Ási í Rangárvallasýslu, frú Valgerður Eiríksdóttir 1136 A Ave National City í Californiu og frú Dorothea Guðmundsson og maður hennar Pálmi Guðmundsson, 9002 Harness Street, Spring-Wally Californiu.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja og gleðja börn, sem dvelja á Barnaspítala Hringsins í Reykjavík.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 22698.34.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir, áheiti, minningargjafir og önnur skyld fjárframlög.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Hann skal ávaxtaður þar sem stjórn hans telur tryggilegast og hagkvæmt.

Úthlutun úr sjóðnum má hefjast, þegar höfuðstóllinn nemur 30000.00 kr. — þrjátíu þúsund krónur 00/100 —, og má þá verja úr honum helmingi vaxtatekna hans, en hinn helmingur vaxtanna leggjast ávallt við höfuðstól. Sjóðstjórnin hefur þó heimild til að leggja stærri hlut til höfuðstóls einstök ár, en hér er ákveðið og einnig að geyma til síðari ára, til úthlutunar þá, nokkurn hluta eða allt, sem kemur til úthlutunar ár hvert.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: Biskup Íslands, yfirhjúkrunarkona Barnaspítala Hringsins og maður tilnefndur af biskupi Íslands, helzt úr hópi stofnenda eða afkomenda þeirra. Verði yfirhjúkrunarkonur barnaspítalans fleiri en ein, skal sú eiga sæti í stjórninni, sem elzt er í starfi á hverjum tíma.

8. gr.

Stjórn sjóðsins heldur gerðabók fyrir sjóðinn. Í hana færir hún m. a. skipulagsskrá þessa. Einnig árlega reikninga sjóðsins.

9. gr.

Leitað verði staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og hún síðar birt í B-deild Stjórnartíðinda.

S A M Þ Y K K T

um lokunartíma sölubúða og sölustaða á Patreksfirði.

1. gr.

Sölubúðum og sölustöðum á Patreksfirði skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3., 4. og 5. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað kl. 18 og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 8 árdegis næsta virkan dag.

Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, sem hér segir:

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum lokað, ekki síðar en kl. 13, nema þegar aðfangadagur og gamlársdagur eru á mánudegi, þá má hafa opið til kl. 16.00.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda sölubúðum opnum til miðnættis. Svo er og heimilt að hafa opið til kl. 22 einn virkan dag á undan þessum degi skömmu fyrir jól.

Á tímabilinu 1. janúar til 30. september skal lokað á laugardögum ekki síðar en kl. 13. Á tímabilinu 1. október til 31. desember skal lokað ekki síðar en kl. 16.00.

Föstudaga á tímabilinu 1. janúar til 30. september má hafa opið til kl. 19.00.

3. gr.

Brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum eins og öðrum verzlunum og auk þess almenna helgidaga og frídaga frá kl. 8 til kl. 12 á hádegi. Þó skal loka jóladag, nýársdag og páskadag eins og öðrum búðum. Laugardaga á tímabilinu 15. maí til 15. sept. skal loka ekki síðar en kl. 16. Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

4. gr.

Söluturnum (sælgætisbúðum), sem hafa fengið sérstakt leyfi hreppsnefndar, má halda opnum til sölu blaða, tímarita, frimerkja, sælgætis, gosdrykkja, öls og tóbaksvara sem hér segir:

Á tímabilinu frá 1. maí til 30. september frá kl. 8 til kl. 23.30 alla daga.

Á tímabilinu frá 1. október til 1. maí frá kl. 8 til kl. 22.00. Þó skal loka föstudaginn langa, jóladag, hvítasunnudag, páskadag, aðfangadag jóla og gamlársdag eins og venjulegum sölubúðum.

Eftir lokunartíma almennra sölubúða má sala aðeins fara fram gegnum afhendingarlúgur þessara sölustaða, þannig að viðskiptamönnum er ekki hleypt þar inn.

Hreppsnefnd getur bundið leyfið samkv. 1. málsgrein þessarar greinar þeim skilyrðum, sem hún telur nauðsynleg og ákveðið árlegt gjald í sveitarsjóðinn fyrir leyfið.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á torgum og strætum eða annars staðar utan sölubúða, sbr. þó ákvæði 4. gr., nema úr sjálfisölum nokkurn varning, sem ekki má selja nema samkv. verzlunarleyfi. Undanþegið þessu ákvæði eru þó matvæli og aðrar nauðsynjar til skipa, sem eru að leggja á haf út.

6. gr.

Alla sem komnir eru inn í sölubúð eða sölustað, fyrir lokunartíma er heimilt að afgreiða eftir að lokað hefur verið.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari, fyrir einstaka daga og til þess að sala megi fara fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfir til almenningsheilla.

48

2. apríl

8. gr.

Brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar verða 20—500 króna sektum og renna þær í sveitarsjóð Patrekshrepps.

Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögglumál.

9. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 142 8. ágúst 1957 um lokunartíma sölubúða og sölustaða á Patreksfirði.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Patrekshrepps hefur gert, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuuneytið, 2. apríl 1959.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ

um heimilishjálp á Akureyri.

49

10. apríl

1. gr.

Bæjarráð og bæjarstjóri fara með yfirstjórn heimilishjálpar á Akureyri. Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar á Akureyri er í höndum konu, er bæjarráð skipar til þess.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með vottorði lækni, ljósmóður eða á annan hátt, sem forstöðukona heimilishjálparinnar metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum. Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt lengur en til 14 daga í senn.

3. gr.

Bæjarráð ákveður að fengnum tillögum forstöðukonu heimilishjálparinnar, hve margar konum skuli ráða eða hafa til taks til heimilishjálpar. Einnig ákveður bæjarráð launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálparinnar í samræmi við gildandi kaupsamninga fyrir hliðstæða vinnu.

4. gr.

Bæjarráð ákveður að fengnum tillögum forstöðukonu heimilishjálparinnar, hvert form skuli vera á umsóknum um heimilishjálp.

49

10. apríl

5. gr.

Fyrir heimilishjálp samkvæmt reglugerð þessari og reglum, sem bæjarráð setur þar um, skal sá er hjálpar nýtur greiða kr. 35.00 á dag, auk þess skal hjálparstúlka fá ókeypis fæði á vinnustað.

Heimilt er bæjarráði að setja nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað, er hún telur máli skipta í þessu efni.

Bæjarráð getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálp að nokkru eða öllu leyti að fengnum tillögum forstöðukonu heimilishjálparinnar.

6. gr.

Skrifstofa Akureyrarkaupstaðar annast bókhald og fjárreiður heimilishjálparinnar og skulu reikningar heimilishjálparinnar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar bæjarsjóðs.

7. gr.

Forstöðukona heimilishjálparinnar lætur bæjarráði árlega í té skýrslu um starfsemina undanfarandi ár.

8. gr.

Sá halli, sem verður af heimilishjálpi, sem veitt er samkvæmt reglugerð þessari og lögum um heimilishjálpi í viðlögum, greiðist að $\frac{1}{3}$ úr ríkissjóði og $\frac{2}{3}$ úr bæjarsjóði.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. apríl 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Jón S. Ólafsson.

50

14. apríl

REGLUGERÐ

um launakjör á símastöðvum og póstafrageiðslum.

1. gr.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins, og 8. gr. laga nr. 8/1935, um sameiningu pósts og síma, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um launakjör á símastöðvum og póstafrageiðslum, sem ekki eru sérstaklega tilgreindar í launalögum.

2. gr.

Stöðvarstjórar pósts og síma á eftirgreindum stöðvum hafa árslaun, sem hér segir:

VIII. launafl.: Póst- og símastöðvar: Akranes, Blönduós, Borgarnes, Húsavík, Keflavík, Neskaupstaður, Sauðárkrókur, Selfoss og Stykkishólmur.

Póststöðvar: Hafnarfjörður.

IX. launafl.: Póst- og símastöðvar: Bolungavík, Brúarland, Dalvík, Egilsstaðir, Eskifjörður, Hveragerði, Hvolsvöllur, Ólafsfjörður, Raufarhöfn, Reyðarfjörður, Sandgerði og Þingeyri.

Símastöðvar: Höfn og Patreksfjörður.

Póststöðvar: Höfn og Patreksfjörður.

X. launafl.: Póst- og símastöðvar: Bildudalur, Búðardalur, Eyrarbakki, Fáskrúðsfjörður, Grafarnes, Grindavík, Hofsó, Hólmavík, Sandur, Skagaströnd, Stokkseyri, Suðureyri, Vopnafjörður og Þórshöfn. **50**
 Símastöðvar: Flateyri, Hvammstangi og Ólafsvík. **14. apríl**

Póststöðvar: Flateyri.

XI. launafl.: Póst- og símastöðvar: Gerðar, Kirkjubæjarklaustur, Kópasker og Laugarvatn.

Símastöðvar: Hnifsdalur, Meiritunga og Vík.

Póststöðvar: Hvammstangi.

Ofan nefndir stöðvarstjórar skulu hafa sömu laun og réttindi og sömu skyldur og um getur í lögum nr. 38/1954. Þeir fá ekki aukagreiðslu fyrir störf, sem rétt er að telja til aðalstarfsins, sbr. 25. gr. laga nr. 92/1955, og ætlast er til að séu unnin í vinnutíma þeim, sem aðalstarfið er miðað við.

Greiðsla fyrir yfirvinnu kemur því aðeins til greina, að póst- og símamálastjórnin hafi talið hennar þörf og heimilað greiðslu fyrir hana.

3. gr.

Á þeim stöðvum, er um getur í 2. gr., þar sem aðstoðarfólk telst nauðsynlegt, ákveður póst- og símamálastjórnin fjölda þess og gefur föstum aðstoðarmönnum ráðningar- eða skipunarbréf. Þeir aðstoðarmenn, sem fullnægja sömu kröfum um undirbúningsmenntun og hæfni og fastráðnir starfsmenn ríkisins, er póst- og símamálastjórnin telur hliðstæða, skulu hafa sömu laun, réttindi og skyldur. Ef ekki fást aðstoðarmenn, sem fullnægja tilskildum kröfum, ákveður póst- og símamálastjórnin um laun, réttindi og skyldur annarra aðstoðarmanna.

4. gr.

Árspóknun stöðvarstjóra til reksturs pósts og síma á eftirtöldum stöðvum er sem hér segir:

- Kr. 30 000.00: Póst- og símastöðvar: Fosshóll, Hjalteyri, Hrísey, Króksfjarðarnes, Reykholt, Svignaskarð og Torfastaðir.
 Póststöðvar: Ólafsvík.
- Kr. 27 000.00: Póst- og símastöðvar: Arnarstapi (Mýras.), Borgarfjörður, Breiðdalsvík, Eiðar, Grenivík, Síðumúli, Skútustaðir, Staðarhóll, Súðavík, Svalbarðseyri og Varmahlíð (Skagaf.).
 Símastöðvar: Ásgarður (Grímsnesi), Breiðamýri, Djúpvogur, Galtafell, Hvanneyri og Munkaþverá.
- Kr. 24 000.00: Póst- og símastöðvar: Ásar (Gnúpverjahl.), Bakkafjörður, Bægisá, Dranganes, Fossvellir, Hafnir, Húsatóftir, Minniborg, Skarðshlíð, Skógar, Sveinseyri, Þorlákshöfn og Þykkvibær.
 Símastöðvar: Gaulverjabær og Mælifell.
- Kr. 21 000.00: Póst- og símastöðvar: Ás í Vatnsdal, Bólstaðarhlíð, Lindarbrekka, Skarð, Stóru-Akrar og Villingaholt.
 Símastöðvar: Hjarðarfell og Stöðvarfjörður.
 Póststöðvar: Djúpvogur, Vík og Einarstaðir.
- Kr. 18 000.00: Póst- og símastöðvar: Ásgarður (Dalas.), Hallormsstaður, Ingólfsfjörður, Seljaland og Staðarfell.
 Símastöðvar: Bessastaðir, Haganesvík, Hnausar og Varmahlíð (undir Eyjafj.).
 Póststöðvar: Haganesvík og Stöðvarfjörður.

- 50** Stöðvarstjórar á stöðvum, sem taldar eru í þessari grein, teljast ekki fastráðnir
 14. apríl starfsmenn ríkisins, en orlofsfé greiðist á ársþóknunina.
 Aðstoð vegna forfalla er innifalin í ársþóknuninni.

5. gr.

Á þeim stöðvum, sem taldar eru í 4. gr., má setja það sem skilyrði fyrir ráðningu stöðvarstjóra, að hann sjái fyrir húsnæði, ljósi, hita og ræstingu fyrir rekstur stöðvarinnar gegn hæfilegri greiðslu. Náist ekki samkomulag um greiðsluna, geta aðilar skotið málinu til yfirskattanefndar. Sami háttur skal hafður á um mat slíkra greiðslna, þótt um stöðvar sé að ræða, sem taldar eru í 2. gr., ef stöðvarstjóri hefur fallizt á að láta húsnæði á leigu fyrir reksturinn.

Á stöðvum, þar sem stöðvarstjóri hefur átt kost á að fá íbúð í húsi, sem er eign pósts og síma, skal leigan metin af yfirskattanefnd, og hann skal greiða ljós og hita hlutfallslega við stofnunina eftir mati póst- og símamálastjórnarinnar, ef sérmaelum fyrir það verður ekki komið við.

Mati yfirskattanefndar má í báðum tilfellum skjóta til ríkisskattanefndar.

6. gr.

Þóknun fyrir rekstur 3. fl. símstöðva sé, sem hér segir:

1. Föst ársþóknun kr. 1400.00.
2. Kr. 2.00 fyrir hvert útfarið viðtalsbil í símtölum og hvert útfarið símskeyti, og eru þjónustusímtöl og -skeyti og veðurskeyti þá ekki meðtalin.
3. Fyrir hvern simnotanda kr. 60.00 á ári.

Í ofanefndri heildarþóknun samkvæmt 1., 2. og 3. lið er innifalin greiðsla fyrir húsnæði, ljós, hita og ræstingu, orlof og forföll.

Ef þjónustutími einstakra 3. fl. símstöðva er lengdur eitthvað vegna mikils viðskiptamagns, hækkar þóknun samkvæmt 1. og 3. lið.

7. gr.

Á laun og rekstrarþóknun samkvæmt þessari reglugerð, sem er miðuð við grunnlaun 1. jan. 1959, greiðast upphætur eftir sömu reglum og á laun opinberra starfsmanna, er fylgja launalagaflokkum.

8. gr.

Póst- og símamálastjórnin setur nánari ákvæði um rekstur ofanefndra stöðva, eftir því sem nauðsynlegt þykir. Hún ákveður og um rekstrarþóknun á öðrum stöðvum en að framan eru taldar.

9. gr.

Reglugerð þessa skal endurskoða eftir 3 ár með útgáfu nýrrar reglugerðar, er ráðherra setur að fengnum tillögum póst- og símamálastjórnarinnar, sbr. 18. gr. laga nr. 92/1955.

Við endurskoðun reglugerðarinnar skal, sbr. 24. gr. laga nr. 92/1955, gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félagsmanna sinna um ágreiningsatriði þau, sem upp kunna að koma.

Verði verulegar breytingar á starfsskilyrðum nefndra stöðva eða nauðsynlegt sé að stofna nýjar stöðvar á milli þess, að heildarendurskoðun reglugerðarinnar er framkvæmd, ákveður póst- og símamálastjórnin til bráðabirgða starfsmannahald, launaflokkun og því um líkt.

10. gr.

50

Reglugerð þessi gildir frá 1. janúar 1959 og fellur þá úr gildi reglugerð um sama efni frá 24. maí 1956. 14. apríl

Póst- og símamálaráðherrann, 14. apríl 1959.

Emil Jónsson.

G. Briem.

REGLUGERÐ

51

um breyting á reglugerð nr. 19/1949, um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum. 10. apríl

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Um höfundagreiðslur útvarpsstöðva fyrir flutningsrétt hugverka skulu þó gilda þau ákvæði, að takist ekki samningar milli heildarsamtaka höfunda og útvarpsstöðva, skal gerðardómur skipaður einum hæstaréttardómara tilnefndum af Hæstarétti, sem jafnframt skal vera formaður dómsins, einum tilnefndum af hlutaðeigandi samtökum og einum tilnefndum af menntamálaráðuneytinu, skera til fullnaðar úr ágreiningi. Fulltrúar ráðuneytisins og höfundasamtakanna skulu vera embættisgengir lögfræðingar. Formaður dómsins setur dóminum starfsreglur, sem ráðuneytið staðfestir.

Áður en lagður er á úrskurður, skal gerðardómurinn gefa aðilum kost á að skýra sjónarmið sín fyrir dóminum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 49/1943 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 10. apríl 1959.

Gylfi P. Gíslason.

Knútur Hallsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Tómasar Jóhannssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. apríl 1959. 52 17. apríl

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Tómasar Jóhannssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Tómasar Jóhannssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er gefinn af nemendum Tómasar Jóhannssonar, er eign bændaskólans á Hólum og skal vera undir stjórn skólastjóra og íþróttakennara.

3. gr.

Ávaxta skal sjóðinn í Sparisjóði Hólahrepps eða öðrum tryggum sjóði.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, en allt að $\frac{3}{4}$ hlutum vaxta skal verja árlega til verðlauna. Þau verðlaun hlýtur sá nemandi bændaskólans, sem hæsta einkunn fær í leikfimi og öðrur þeim íþróttum, sem kenndar eru við skólann og próf er tekið í.

Fái tveir eða fleiri nemendur jafnháa einkunn, skal skipta verðlaunum á milli þeirra.

5. gr.

Sjóðurinn skal eiga bók. Inn í hana ber að færa afrit af skipulagsskránni, nöfn þeirra, sem gefa í sjóðinn og þær upphæðir, sem þeir leggja fram. Einnig nöfn og heimilisföng þeirra nemenda, sem verðlaun hljóta úr sjóðnum hverju sinni.

6. gr.

Árlega skal gerður reikningur yfir tekjur og gjöld sjóðsins. Reikninginn semja skólastjóri og íþróttakennari bændaskólans og sé hann endurskoðaður af sóknarpresti Hólalrestakalls. Reikninginn skal birta í skýrslum skólans.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

S A M Þ Y K K T

um sýsluvegasjóð í Norður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Í Norður-Þingeyjarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Úr honum greiðist kostnaður við þær umbætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu, eftir því sem fé er veitt til vegagerðar á ári hverju.

2. gr.

Sýsluvegir eru:

Í Kelduneshreppi:

1. Sandsvegur, af Þingeyjarsýslubraut, hjá Lindarbrekku um Þórunnarsel, Syðri-Bakka, Þórseyri og Árnanes, með álmu að Nýjabæ.
2. Uppsveitarvegur, af Þingeyjarsýslubraut, norður af Meiðavöllum um Tóvegg og Hlíðargerði að Undirvegg.

Í Öxarfjarðarhreppi:

3. Austursandsvegur, af Sandsvegi við Sandárbrú um Skóga, að Jökulsá og þaðan að Ytri-Bakka í Kelduneshreppi, með álmu í Ærlækjarsel og um Hróarsstaði í Akursel.
4. Gilhagavegur, af Kópaskersvegi hjá Lundi, um Hafrafellstungu og Gilsbakka að Gilhaga.
5. Bjarnastaðavegur, af Gilhagavegi við Smjörhólsárbrú, um Smjörhól að Bjarnastaðum.
6. Vestara-Landsvegur, af Hólsfjallavegi hjá Austara-Landi að Vestara-Landi.

Í Fjallahreppi:

7. Viðihólsvegur, af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum, um Grundarhól, Viðihól að Nýjahól.

53
17. apríl

Í Presthólahreppi:

8. Daðastaðavegur, af Kópaskersvegi hjá Sveltingi, um Daðastaði, Arnarhól, í Arnarstaði.
9. Efri-Hólavegur, af Kópaskersvegi um Presthóla að Efri-Hólum.
10. Grjótnesvegur, af Raufarhafnarvegi norðan Leirhafnarvatns að Grjótnesi.
11. Núpskötluvegur, af Raufarhafnarvegi um Jörfa að Núpskötlu.
12. Oddsstaðavegur, af Raufarhafnarvegi, á Þýfigötu um Vatnsenda að Oddsstöðum.

Í Svalbarðshreppi:

13. Sveinungsvíkvegur, af Raufarhafnarvegi að Sveinungsvík.
14. Brekknakotsvegur, af Þistilfjarðarvegi að Brekknakoti.
15. Kúðarvegur, af Þistilfjarðarvegi, um Svalbarðssel, Fjallalækjarsel að Kúðá.
16. Ytra-Álandsvegur, af Þistilfjarðarvegi, austan Sandár að Ytra-Álandi.
17. Syðra-Álandsvegur, af Þistilfjarðarvegi um Skógarás að Syðra-Álandi.

Í Sauðaneshreppi:

18. Tunguselsvegur, af Þistilfjarðarvegi austan Hafralónsár, um Hallgilsstaði að Tunguseli.
19. Ásselsvegur, af Hálsvegi hjá Hóli að Ásseli.
20. Flugvallarvegur, af Langanesvegi utan Sauðaness, að flugvelli.
21. Hlíðarvegur, af Langanesvegi vestan Krossóss að Hlíð.
22. Hrollaugsstaðavegur, af Langanesvegi utan við Heiði, norðan Heiðarfjalls að Hrollaugsstöðum.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum í sýslunni, sem greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar eða húseignar í kaптúnunum. Þó er hreppsfélögum heimilt að greiða skatt þennan úr sveitarsjóði, sé það samþykkt með meirihluta atkvæða á lögmatum sveitarfundu og tilkynning kemur þar um til sýslumanns fyrir 1. apríl.

Sýslunefndin ákveður fyrir eitt ár í senn hve hér skatturinn skuli vera. Má hann þó ekki lægri vera en 6% af verði skattskyldra fasteigna eftir fasteignamati, og ekki hærri en 12%, nema samþykki atvinnuáráðherra komi til í hvert sinn. Skatturinn er miðaður við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbætti eyðslu umfram áætlun undanfarin ár, en að frádregnu áætluðu tillagi ríkissjóðs, ef til kemur samkvæmt gildandi lögum.

Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin að fengnum tillögum vegamálastjóra.

4. gr.

Í verzlunarstöðum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal hálfur vegaskatturinn renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vegagerðar innanhrepps á því ári að minnsta kosti jafnmiklu fé úr sveitarsjóði, sem hálfum vegaskattinum nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hefur til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið með hámarki þeirrar upphæðar á hvern verkfæran mann, sem lög heimila.

5. gr.

Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn eða aðallega í þágu hreppsins, og heimilist þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýsluvegasjóði, að

53 hreppurinn sjái um að lagt verði fé á móti eftir nánari ákvæðum sýslunefndar í 17. apríl hvert sinn.

6. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs, skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur og sýslusjóðsreikning.

Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár.

Afrít af sýsluvegasjóðsreikningnum, ásamt áætlun, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

7. gr.

Undanskyldar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús.

Ráðherra er heimilt, eftir tillögu sýslunefndar, að undanþiggja skattgjaldi að einhverju leyti eyðijarðir, ásamt húsum og lóðum á þeim, enn fremur ívilna að einhverju leyti jörðum, sem eru í mjög háu mati sökum sjávarhlunninda.

8. gr.

Sýsluvegasjóðurinn skal fá tillög úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í gildandi lögum.

9. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka með lögtaki.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að kr. 500.00, er renna í sýsluvegasjóð, og fer um mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 17. apríl 1959.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

54

18. apríl

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 13 9. febr. 1956, um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Brjótí leyfishafi eitthvað það af sér, að dómi bifreiðarstöðvarstjóra, að segja beri leyfishafa upp afgreiðslu um stundarsakir, er viðkomandi bifreiðarstöðvarstjóra heimilt að segja leyfishafa upp afgreiðslu í allt að 5 sólarhringa í fyrsta skipti, en allt að því 10 sólarhringa í annað skipti.

Skulu slíkar uppsagnir og tilefni þeirra skrásettar hjá viðkomandi bifreiðastöð og tilkynntar úthlutunarmönnum jafnóðum.

Telji bifreiðarstöðvarstjóri ástæðu til að víkja leyfishafa úr afgreiðslu oftar, lengri tíma eða fyrir fullt og allt, skal viðkomandi bifreiðastöð afhenda úthlutunar-

mönnum atvinnuleyfi leyfishafa og leggja málið fyrir þá. Skulu úthlutunarmenn, innan **54**
15 daga, úrskurða, hvort útiloka skuli umræddan bifreiðastjóra frá afgreiðslu og **18. apríl**
hve langan tíma eða alveg.

Telji úthlutunarmenn ástæðu til að segja leyfishafa upp afgreiðslu um lengri
eða skemmri tíma, skal atvinnuleyfi leyfishafa vera í vörzlu þeirra, meðan uppsögn
afgreiðslunnar stendur.

Viðkomandi bifreiðastöð er skylt að taka leyfishafa í afgreiðslu aftur að af-
greiðslubanni loknu, ef leyfishafi æskir þess.

Nú æskir leyfishafi ekki að afgreiðslubanni loknu að fara til þeirrar bifreiða-
stöðvar, sem hann var hjá, skal hann þá innan 30 daga útvega sér afgreiðslu hjá
annarri bifreiðastöð, en takist honum það ekki, hefur hann fyrirgert rétti sínum til
leyfisins og fellur það þá til úthlutunar að nýju, nema úthlutunarmenn ákveði annað.

Báðir málsaðilar hafa rétt til að skjóta úrskurði úthlutunarmanna til sam-
göngumálaráðuneytisins, innan 6 daga frá birtingu úrskurðarins, ef um er að ræða
útilokun í 6 mánuði eða lengri tíma eða ef ágreiningur er um afgreiðslu málsins hjá
úthlutunarmönnum.

2 gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðar í kaupstöð-
um og kaupúnum, nr. 40 29. maí 1957, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem
hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 18. apríl 1959.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Akureyrar.

55

30. apríl

1. gr.

Vatnsveita Akureyrar er eign Akureyrarbæjar, sem hefur einkarétt til að reka
vatnsveitu og selja vatn í lögsagnarumdæmi bæjarins.

2. gr.

Vatnsveita Akureyrar skal rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki undir yfir-
stjórn bæjarstjórnar Akureyrar, sem ræður vatnsveitustjóra, er tekur laun úr vatns-
veitusjóði, til að annast daglegan rekstur og eftirlit í samráði við bæjarráð, en
bæjarstjórn hefur úrslitavald í öllum málum, er vatnsveituna varða.

Bæjarverkfræðingur skal vera vatnsveitustjóra og bæjarráði til aðstoðar og
ráðuneytis um málefni vatnsveitunnar, þegar þess er óskað, einkum að því er varðar
nýjar vatnsvirkjunarframkvæmdir.

3. gr.

Gegn hæfilegu endurgjaldi er bæjarstjórn ákveður, annast skrifstofa Akur-
eyrabæjar bókhald og fjárreiður vatnsveitunnar og innheimtir vatnsskatt og önnur
gjöld til hennar samkvæmt gjaldskrá, er bæjarstjórn semur, en félagsmálaráðuneytið
staðfestir.

55 Halda skal bókhaldi vatnsveitunnar aðskildu frá bókhaldi bæjarsjóðs.
30. apríl Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, og skulu reikningar hennar fylgja bæjarreikningunum ár hvert og vera endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarreikninganna.

4. gr.

Um skyldur landeigenda til að láta af hendi landsafnot og mannvirki í þágu vatnsvirkjunar fer að lögum.

5. gr.

Vatnsveitan leggur vatnsæðar um kaupstaðinn frá vatnsgeymum veitunnar eftir því sem þörf er á og fært þykir, og er vatnsveitunni bæði rétt og skylt að leggja heimæðar í ný íbúðarhús að stofnkranu, enda sé húsin á skipulögðum byggingarsvæðum og húseigandi hafi sótt um það til vatnsveitustjóra, að íbúðarhús hans yrði tengt.

6. gr.

Vatnsveitan annast allt viðhald og viðgerðir vatnsveituaða utanhúss.

7. gr.

Hverjum húseiganda er skylt að halda vatnsrásum sínum innanhúss vel við og láta umsvifalaust gera við vatnsleiðslur eða vatnstæki, ef leki kemur að þeim. Skulu vatnsnotendur gæta þess sérstaklega, að ekki frjósi í vatnsæðum.

8. gr.

Vanræki vatnsnotandi að gera við bilanir á vatnsæðum eða vatnstækjum sínum er vatnsveitustjóra heimilt að láta loka fyrir vatn til hans og láta gera við bilunina á hans kostnað.

9. gr.

Vatnsveitustjóra og öðrum starfsmönnum vatnsveitunnar er heimill frjáls aðgangur til eftirlits og viðgerða um fasteignir, þar sem vatnsæðar liggja.

10. gr.

Ef nauðsyn krefur vegna skorts á vatni í uppsprettulindum, vegna hreinsunar eða viðgerða á vatnsgeymum og æðum eða af öðrum ástæðum, getur vatnsveitustjóri fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, takmarkað vatnsrennsli eða lokað fyrir vatnið, eftir því sem þörf krefur hverju sinni, en jafnan skal tilkynnt fyrirfram um slíkar takmarkanir í blöðum og útvarpi, ef unnt er.

11. gr.

Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt lokun fari fram samkv. 8. og 10. gr.

12. gr.

Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitustjóra.

13. gr.

Óheimilt er öðrum en slökkviliði, að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, nema með leyfi vatnsveitustjóra.

14. gr.

Hver sá, sem óhreinkar vatn í uppsprettulindum, brunnum, geymum eða æðum vatnsveitunnar eða spillir mannvirkjum hennar, skal sæta refsingu samkvæmt lögum, auk þess sem hann verður fébótaskyldur eftir almennum reglum vegna þess tjóns, er hann veldur.

15. gr.

55

Brot gegn reglugerð þessari varða allt að 2000.00 króna sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. 30. apríl

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar nr. 190 18. nóv. 1949.

Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

G J A L D S K R Á

56

vatnsveitu Akureyrar.

30. apríl

Vatnsskattur.

1. gr.

Fyrir vatnsnotkun skal greiða árlegan vatnsskatt af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Akureyrar, sem fá vatn úr vatnsveitu bæjarins.

2. gr.

Vatnsskattur samkv. 1. gr. skal vera 1.2% af fasteignamati húss.

3. gr.

Hafi hús ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskattur.

4. gr.

Auk vatnsskatts samkv. 1. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðapvottastöðvar og önnur slík fyrirtæki, svo og fyrir hreyfivélar og gosbrunna.

5. gr.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli með kr. 1.50 fyrir hvern teningsmetra vatns, fyrstu 1000 teningsmetrana, en fyrir það vatnsmagn, sem fram yfir er með kr. 0.75 fyrir hvern tengingsmetra.

6. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli kr. 100.00.

Skipavatnsskattur.

7. gr.

Greiðsla fyrir vatn, sem selt er til skipa og báta í Akureyrarhöfn, skal vera kr. 10.00 fyrir hvern teningsmetra, þó aldrei minna en kr. 50.00.

56

30. apríl

8. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

Um gjalddaga, ábyrgð á greiðslu o. fl.

9. gr.

Gjalddagi vatnsskatts af húsum er 1. febr. ár hvert og greiðist skatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár.

Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta eftir á með 4 gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs.

Vatn til skipa skal greiða við afhendingu.

Vatnsskattur greiðist í skrifstofu bæjargjaldkera.

10. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns.

Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsskatts vegna atvinnurekstrar. Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns til skips.

Greiðsla vatnsskatts er tryggð með lögveði í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsvæði fyrir hvers konar sammings- og aðfararveðum.

Vatnsskatt og önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki.

Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra, sem ekki greiða vatnsskatt á réttum gjalddögum.

Ýmis ákvæði.

11. gr.

Ef vatn er notað án mælis, þar sem svo hagar til, sem í 4. gr. segir, getur vatnsveitan ákveðið aukavatnsskattinn eftir ætlaðri notkun.

Vilji vatnsnotandi ekki sætta sig við ákvörðun vatnsveitunnar um aukavatnsskatt, getur hann krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld tiltekið tímabil, og verður aukavatnsskattur þess árs reiknaður í hlutfalli við þá mælingu.

Hrökkvi tekjur vatnsveitunnar ekki fyrir rekstrarútgjöldum, getur bæjarráð ákveðið fyrir eitt ár í senn, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins, að hækka vatnsskattinn um allt að 50%.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjalddagi vatnsskatts á árinu 1959 verði 1. júlí.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru gjaldskrárákvæði í reglugerð nr. 190 18. nóv. 1949 úr gildi felld.

Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

S A M Þ Y K K T

57

4. maí

um lokunartíma sölubúða á Sauðárkróki.

1. gr.

Sölubúðum á Sauðárkróki skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 18 síðdegis og þær eigi opnaðar fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undan-
tekningar frá þessu, sem nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlaársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa opnar sölubúðir til kl. 12 á miðnætti, svo og er heimilt að hafa opið til kl. 22 einn virkan dag á undan þessum degi skömmu fyrir jól.

Á tímabilinu frá 1. janúar til 1. október skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 13 e. h. og á föstudögum eigi síðar en kl. 19 e. h.

Frá 1. október til 31. desember skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 16 á laugardögum.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum eða útlit er fyrir að skortur geti orðið á því, er bæjarstjórn heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli lengri eða skemmri tíma lokað fyrr en kl. 18 síðdegis og þær opnaðar síðar en kl. 9 árdegis á virkum dögum.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar sölubúðir eða sölustaðir vera opnir. Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á hádegis, ef þessa daga ber upp á virkan dag.

4. gr.

Bæjarstjórn getur leyft, að vikið sé frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða, þegar um er að ræða:

- a. Verzlunar, er selja varning beint út á götu, t. d. gegnum söluop eða hafa sérstakt leyfi bæjarstjórnar og heilbrigðisnefndar til að verzlun með takmarkaðan fjölda vörutegunda.
- b. Veitingastaðir, er samkvæmt sérstöku leyfi bæjarstjórnar, selja vörur, sem ekki er ætlað að neyta á staðnum. Undanþegnir gjaldi samkvæmt síðustu málsgrein eru þeir veitingastaðir, sem selja heitar máltíðir, enda sé sú starfsemi megin hluti rekstrarins að dómi heilbrigðisnefndar.

Í verzlunarstöðum þessum má selja þann varning, er heilbrigðisnefnd samþykkir hverju sinni og er umbúnaður þeirra og fyrirkomulag allt háð samþykki lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar. Sala má þar fram fara á virkum dögum kl. 9—23.30 og á helgidögum öðrum en föstudaginn langa, páskadegi, hvítasunnudegi og jóladag. Aðfangadag jóla og gamlaársdag skal loka þessum verzlunum samkv. ákvæðum 2. mgr. 2. gr.

Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um leyfi til verzlunarreksturs samkv. þessari grein og getur bundið hann öllum þeim skilyrðum, er hún telur nauðsynleg, m. a. greiðslu árlegs gjalds í bæjarsjóð fyrir hvert leyfi og má innheimta það með lögtaki.

57

4. maí

5. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skal sú ein undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, fyrsta mánudag í ágústmánuði, 1. maí, 17. júní og 1. desember frá kl. 9 árdegis til kl. 13 síðdegis, eingöngu til sölu á brauðum, kökum, mjólk, rjóma og skyri.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða. Þeim er þó óheimilt að selja eftir lokunartíma sölubúða nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkv. verzlunarleyfi.

6. gr.

Dá, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja í lyfjabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, á torgum eða götum eða annars staðar utan sölubúða, nema úr sjálfsölu, nokkurn þann varning, er ekki má selja án verzlunarleyfis. Heimilt er þó að selja bátum eða skipum, eftir lokunartíma, veiðarfæri, kol, olíu og matvæli, svo og bifreiðum benzín og olíu.

8. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni eða til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 100—1000 krónum og renna sektirnar í bæjarsjóð Sauðárkróks. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Sauðárkróks samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 153 11. nóv. 1948, um lokunartíma sölubúða á Sauðárkróki með áorðnum breytingum, sbr. auglýsingu nr. 5 15. jan. 1957.

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1959.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ**58**

6. maí

um breyting á reglugerð nr. 202 31. des. 1957 um iðgjöld til slysatryggingadeildar almennatrygginga og skiptingu starfa og starfsgreina í áhættuflokka.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Vikugjald í hverjum áhættuflokki skulu vera sem hér segir:

Áhættuflokkur	Iðgjald kr. á viku
1.	1.00
2.	1.50
3.	2.50
4.	4.00
5.	5.50
6.	8.00
7.	10.00
8.	12.00
9.	15.00
10.	33.00
11.	36.00

2. gr.

16. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Í 10. áhættuflokki (vikugjald kr. 33.00) teljast:

Áhafnir flutningaskipa 100 lesta og stærri.

3. gr.

17. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Í 11. áhættuflokki (vikugjald kr. 36.00) teljast:

Áhafnir fiskiskipa 12 lesta og stærri.

Áhafnir flutningaskipa undir 100 lestum, en ekki undir 12 lestum.

Reglugerðarbreyting þess staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 27 6. maí 1959, um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almennatryggingar, og gildir frá 1. janúar 1959.

Félagsmálaráðuneytið, 6. maí 1959.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

59

12. maí

AUGLÝSING

um framlengingu kjörskrár við alþingiskosningar 28. júní n. k. og styttingu fresta.

Samkvæmt heimild í 19., sbr. 23. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80 7. september 1942, er hér með mælt svo fyrir að auglýsingarfrestur sá, er getur í 2. málsg. 19. gr. laganna skuli falla niður við alþingiskosningar þær, er fram eiga að fara 28. júní n. k. Enn fremur styttist frestur sá er getur í 1. mgr. 19. gr. laganna þannig, að kjörskrár skulu lagðar fram 6 vikum fyrir kjördag. Loks styttist tími sá, sem kjörskrá á að liggja frammi, þannig að hann verður 3 vikur, sbr. 3. mgr. 19. gr. kosningalaganna.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 12. maí 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Gústav A. Jónasson.

60

27. apríl

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.50 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 0.85 hverja kwst. auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur kr. 0.75 á m² á mán.

Fyrir ganga, geymslur o. þ. h. — 0.30 - m² - —

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á kr. 0.65 hverja kwst., og auk þess fastagjald kr. 5.00 á mán. fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², telst sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngilda einu herbergi og hverjir 5 m² hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.30 hverja kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 250.00, fyrir kw. í málraun véla.

2. Um afl- og orkumæla til véla í frystihúsum, fiskverkunarstöðvum og iðnaðar- **60**
fyrirtækjum, ef uppsett vélaafl fastra véla er yfir 20 kw., þannig reiknað: 27. apríl
- Aflgjald: af notuðu afli kr. 750.00 á kw. á ári.
 - Orkugjald: af allri notkun — 0.30 – kwst.
- Heimilt er að rjúfa strauminn í allt að 3 stundir á dag á tímum mesta álags.
3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kwst.mæli á kr. 0.30 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 660.00 á ári fyrir hvert kw. í málraun véla.
4. Til súgþurrkunar um kwst.mæli á kr. 0.40 hverja kwst., enda skuldbindi notandi sig til að nota ekki vélarnar á mesta álagstíma dagsins, skv. fyrirmælum rafveitustjóra.

D. Hitun.

- Um kwst.mæli á kr. 0.30 hverja kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Heimilt er að rjúfa strauminn allt að 3 stundum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
 - Án straumrofs á kr. 0.65 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 0.15 hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn á tímanum frá kl. 8—23.
- Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:
- Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þá getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mælitækja.
 - Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
 - Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fastengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

- Til götu- og hafnarlýsingar um kwst.mæli á kr. 1.30 hverja kwst.
- Hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja samkv. lið A-1.

II. MÆLALÆIGA

Notandi greiði leigu af mælitækjum sem hér segir:

- Af einfasa kwst.mælum allt að 50 amp. kr. 3.00 á mán.
- þrífasa kwst.mælum allt að 50 amp. — 5.00 — —
- þrífasa kwst.mælum 50—200 amp. — 10.00 — —
- þrífasa kwst.mælum yfir 200 amp. — 15.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Skal leigan af mælitækjunum innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann.

60

III. HEIMTAUGARGJALD

27. apríl

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

1. Grunnjald af hverri loftlínuheimtaug kr. 750.00
2. Grunnjald af hverri jarðlínuheimtaug — 1050.00

Auk þessa grunnjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sá lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem umfram er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun, kr. 25.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt 50 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 10% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar nr. 20 3. febr. 1949 og auglýsing um breytingu á þeirri gjaldskrá nr. 141 2. ágúst 1957.

Atvinnumálaráðuneytið, 27. apríl 1959.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um umferðarmerki og notkun þeirra.

61

24. marz

I. Umferðarmerki.

1. gr.

Umferðarmerki skiptast í þessa flokka:

- A. *Aðvörunarmerki*, sem ætlað er að vekja athygli vegfarenda á því, að vegur sé hættulegur eða á einhverri sérstakri hættu á vegi.
- B. *Bannmerki* og
- C. *Boðmerki*, sem ætlað er að banna umferð eða mæla fyrir um umferð.
- D. *Leiðbeiningamerki*, sem ætlað er að gefa vegfarendum upplýsingar um ýmis atriði, sem telja má þýðingarmikil fyrir umferðina.
- E. *Leiðamerki*, *vegvisar* og *staðarmerki*.

A. *Aðvörunarmerki*.

2. gr.

Aðvörunarmerki skal vera jafnhliða þríhyrningur með rauðum jaðri og gulum miðfleti. Eitt af hornum þríhyrningsins skal snúa upp, nema á merki A 3, þar skal eitt hornið snúa niður. Á gula fletinum skal vera svartlituð tákmynd þeirrar hættu, sem framundan er, eins og sýnt er á forskj. A.

3. gr.

Aðvörunarmerki eru þessi:

- A 1. *Hættuleg beygja*. Merki þetta ber að nota fyrir framan beygju, sem er hættuleg vegna legu vegarins eða þar sem útsýn er slæm.
- A 2. *Hættulegar beygjur*. Merki þetta ber að nota fyrir framan vegarkafla, þar sem tvær eða fleiri hættulegar beygjur eru, hver nálægt annarri. Má þá á aukamerki tilgreina lengd hins hættulega vegarkafla.
- A 3. *Vegamót*. Merki þetta má setja við vegamót, þar sem umferð er mikil, en útsýn slæm eða aðrar ástæður mæla með notkun þess. Merki þetta má ekki nota, þar sem leiðamerki, biðskyldumerki eða stöðvunarmerki eru við vegamót. Eigi skal nota merkið í þéttbýli, nema sérstakar ástæður mæli með því.
- A 4. *Biðskyldumerki*. Merki þetta skal sett við veg, ef umferð frá honum ber að víkja skv. ákvæðum 3. mgr. 48. gr. umferðarlaganna.
- A 5. *Hringakstur*. Merki þetta má nota þar sem ekið er inn á torg með hringakstri og sérstakar ástæður valda því, að aðvörunar er þörf.
- A 6. *Börn*. Merki þetta ber að nota þar sem nauðsynlegt þykir, að ökumenn sýni sérstaka aðgæzlu í grennd við skóla, leikvelli eða aðra slíka staði, þar sem vænta má ferða barna.
Merkið skal einnig nota, þar sem ekið er inn á leikgötu, sbr. 2. mgr. 42. gr. umferðarlaganna.
- A 7. *Gangbraut*. Merki þetta má einkum nota utan þéttbýlis, ef aðstæður eru þannig, að æskilegt þygi að veita ökumönnum aðvörun um, að gangbraut sé framundan.
- A 8. *Vegur þrengist*. Merki þetta sýnir, að vegur þrengist verulega, t. d. við brú eða ræsi.

- 61 A. 9. *Vegavinna*. Merki þetta má nota til aðvörunar vegfarendum og verndar
24. marz vegavinnuönnu.
- A. 10. *Önnur hættu*. Merki þetta skal nota þar sem ástæða þykir til að vara við hættu, annarri en að framan hefur verið getið. Skýra má hættuna nánar á aukamerki.

B. Bannmerki.

4. gr.

Bannmerki skal vera hringlaga með rauðum jaðri og gulum miðfleti, að undanskildum merkjunum B 2 og B 12. Á hinum gula fleti skal merkið skýrt nánar með tákmynd eða svörtu lettri, eins og sýnt er á fskj. B.

5. gr.

Bannmerki eru sem hér segir:

- B 1. *Allur akstur bannaður*.
- B 2. *Innakstur bannaður. Einstefnuakstursvegur*.
- B 3. *Hægri (vinstri) beygja bönnuð*. Örin sýnir þá átt, sem bannið á við. Bann gegn beygju til hægri nær einnig til þess að snúa við ökutæki.
- B 4. *Bann við framúrasktri*. Letra skal á aukamerki vegalengd þá, sem bannið nær til.
- B 5. *Akstur vörubifreiða bannaður*.
- B 6. *Hjólreiðar bannaðar*.
- B 7. *Takmörkuð breidd ökutækja*.
- B 8. *Takmörkuð hæð ökutækja*.
- B 9. *Takmörkuð heildarþyngd ökutækja*.
- B 10. *Takmarkaður öxulþungi ökutækja*.
- B 11. *Takmarkaður hámarkshraði*.
- B 12. *Sérstakri takmörkun hámarkshraða lokið*. Merki þetta má letra á bakhlíð B 11.
- B 13. *Stöðvunarskylda við vegamót*. Merki þetta skal sett við vegamót, þar sem hliðarvegur liggur inn á aðalbraut og boðin hefur verið skilyrðislaus stöðvunarskylda samkv. ákvæðum 4. mgr. 48. gr. umferðarlaganna. Skylt er að nema staðar, áður en ekið er inn á vegamót, þar sem merki þetta er.
- B 14. *Bannað að stöðva eða leggja ökutæki*. Merki þetta þýðir, að bannað er að leggja eða stöðva ökutæki, nema vegna umferðar annarra ökutækja eða fyrirmæla lögreglumanns.
- B 15. *Bannað að leggja ökutæki*.
- B 16. *Tímatakmárkað stöðuleyfi*. Hámarkstími stöðuleyfis skal skráður á miðflöt merkisins.
- B 17. *Annað bann*. Nánari skýring á efni bannsins skal skráð á miðflöt merkisins.

C. Boðmerki.

6. gr.

Boðmerki skal vera hringlaga með bláum fleti og hvítu tákni, eins og sýnt er á fskj. C.

7. gr.

Boðmerki eru þessi:

- C 1. *Akstursstefnumerki*. Merkið er notað þar sem ákveðin akstursstefna er boðin og bendir ör, hvert aka skuli. Á hringaksturstorgi má setja merkið

á miðflöt torgsins gegnt þeim vegum, sem að því liggja. Merkið skal því 61
aðeins nota við einstefnuakstursveg, að heina eigi umferð eingöngu í þá átt, 24. marz
sem örin vísar. Annars skal nota einstefnumerki D 12, bannmerki B 2, eða
bæði merkin, ef þurfa þykir.

C 2. *Akbrautarkerki*. Nota skal þann hluta akbrautar, sem örin vísar til.

D. *Leiðbeiningamerki*.

8. gr.

Leiðbeiningamerki skal vera réttthyrndur ferhyrningur og þannig sett, að tvær hliðar séu láréttar. Þó skulu merkin D 3 „Aðalbraut“ og D 4 „Aðalbraut endar“ sett þannig, að eitt hornið snúi niður. Hengja má merkin yfir akbraut, ef hagkvæmt þykir. Gerð leiðbeiningamerkja og litur skal vera, eins og sýnt er á fskj. D.

9. gr.

Leiðbeiningamerki eru þessi:

- D 1. *Bifreiðastæði*. Merkið sýnir, hvar heimilt er að leggja bifreiðum.
- D 2. *Gangbraut*. Merki þetta má setja upp við gangbraut yfir akbraut, ef gangbrautin er ekki merkt á annan hátt.
- D 3. *Aðalbraut*. Merkið gefur til kynna, að vegur sé aðalbraut.
- D 4. *Aðalbraut endar*. Merkið sýnir, að aðalbraut sé á enda. Með aukamerki má gefa til kynna vegalengd að enda aðalbrautar.
- D 5. *Umferð á móti*. Merkið er notað til leiðbeiningar um, að vænta megi umferðar á móti á vegarkafli, sem framundan er.
- D 6—7. *Akbrautaskipti*. Merkið er notað, ef annarri akbraut á vegi með miðeyju er lokað, þannig að merkið D 6 er notað, þar sem umferð er beint inn á hægri akbraut, og merkið D 7, þegar umferð er aftur beint inn á vinstri akbraut.
- D 8—10. *Akreinamerki*. Merkin má nota til leiðbeiningar um, að aka skuli eftir ákveðinni akrein. Merkin skulu hanga yfir akbraut.
- D 11. *Útskot*. Merkið er sett við mjóa vegi, þar sem sérstök aðstaða er til að mætast eða aka framúr.
- D 12. *Einstefnumerki*. Merkið gefur til kynna, að einstefnuakstur sé um veg.

E. *Leiðamerki, vegvísar og staðarmerki*.

10. gr.

Leiðamerki eru sett við vegamót fjölfarinna vega, þar sem vegamálastjóri telur vegvísar (sbr. 11. gr.) ekki veita nægilega leiðbeiningu. Leiðamerki er réttthyrnt spjald með lauslegri mynd af afstöðu vega, sem framundan eru, og áletruðu staðar- eða vegarheiti. Grunnur skal vera gulur með svartri áletrun eða blár með hvítri áletrun. Leiðamerki skal setja í 50—150 m fjarlægð frá vegamótum.

11. gr.

Vegvísar eru settir á vegamót utan kaupstaða og kauptúna, þar sem vegamálastjóri telur þeirra þörf. Skal letrað eitt staðar- eða vegarheiti á hvern vegvísar og fjarlægð frá vegamótum í heilum km. Sá, sem setja vill vegvísar á vegamótum opinbers vegar og einkavegar, skal fá til þess heimild vegamálastjóra.

12. gr.

Vegvísir skal vera réttthyrnt spjald, sniðið í odd í þann enda, sem snýr frá festingu. Skal mála staðarheiti og kílómetratölu svörtum lit á gulum grunni eða

61 hvítum lit á bláum grunni við opinbera vegi, en með svörtu letri á hvítum
24. marz grunni við einkavegi og heimreiðar á bæi. Brún spjalds skal máluð svört, nema
grunnur sé blár. Vegvísar skulu festir efst á stöng við vegamót.

13. gr.

Staðarmerki er sett við veg á mörkum staðar. Skal á það skrá heiti staðar-
ins, kaupstaðar, kaupsins o. s. frv. Staðarmerki er réttthyrnt spjald með svartri
áletrun á gulum grunni eða hvíttri áletrun á bláum grunni.

F. Stærð og gerð merkja.

14. gr.

Gerð og litur umferðarmerkja skulu vera svo sem sýnt er á fskj. A—D.
Merkin A 1, A 2, A 4, A 8, B 13, D 3 og D 4 skulu glituð eða lýst þannig, að þau
sjáist vel í myrkri. Sama gildir um önnur merki eftir því, sem nauðsynlegt þykir.
Vegamálastjóri metur, hvort endurskinshæfni merkis sé fullnægjandi. Gerð bók-
stafa og tölustafa á umferðarmerkjum skal vera eins og sýnt er á fskj. E.

15. gr.

Stærð umferðarmerkja skal vera sem hér segir:

1. Aðvörunarmerki A 1 — A 10:
 - a. Venjuleg gerð: Lengd hliðarlínu 70 cm.
Breidd jaðars 7 cm.
 - b. Stærri gerð: Lengd hliðarlínu 90 cm.
Breidd jaðars 9 cm.
 - c. Minni gerð: Lengd hliðarlínu 60 cm.
Breidd jaðars 6 cm.
2. Bannmerki B 1—B 12 og B 14—B 17:
 - a. Venjuleg gerð: Þvermál 60 cm.
Breidd jaðars 8 cm.
 - b. Stærri gerð: Þvermál 70 cm.
Breidd jaðars 9 cm.
 - c. Minni gerð: Þvermál 50 cm.
Breidd jaðars 7 cm.

Merki B 13 (Stöðvunarskylda við vegamót) skal vera að þvermáli 70 cm
með 7 cm jaðri, en stærri gerð 90 cm með 9 cm jaðri og minni gerð 60 cm
með 6 cm jaðri.

3. Boðmerki C 1 og C 2:
 - a. Venjuleg gerð: Þvermál 60 cm.
 - b. Minni gerð: 50 cm.
4. Leiðbeiningamerki: D 1 — D 10:
 - a. Venjuleg gerð: 60 × 60 cm.
 - b. Minni gerð: 40 × 40 cm.

Merkið D 11 (útskot) skal þó vera 35 × 35 cm og
merkið D 12 (einstefnuakstur) 30 × 80 cm.
5. Vegamálastjóri ákveður stærð leiðamerkja, vegvísa og staðarmerkja og stafa-
gerð á þeim.
Stærð umferðarmerkja skal haga eftir því, hvert markmið þeirra er, stað-
háttum og hraða umferðar.

16. gr.

Merki skulu sett, þar sem þau sjást greinilega vinstra megin við veg, miðað við aksturstefnu. 24. marz

Aðvörunarmerki, bannmerki og leiðbeiningamerki má setja báðum megin vegar, ef þörf þykir. Ef tvær aðgreindar akbrautir eru á vegi, má setja merki eða aukamerki á umferðareyju. Hengja má bannmerki yfir akbraut, ef hagkvæmt þykir. Nægilegt er, að bannmerki B 12, leiðbeiningamerki D 11, leiðamerki og vegvísar séu hægra megin vegar.

Aðvörunarmerki ber jafnan að setja 25—250 m frá hættustaðnum og er heimilt að nota fleiri en eitt merki, ef hinn hættulegi vegarkafli er langur.

Í þéttbýli skal merkið A 4 aldrei vera lengra frá mótum aðalbrautar en 25 m og utan þéttbýlis 50 m. Bannmerki ber að setja sem næst þeim stað, sem merkið á við. Merkið B 3 má þó setja í nokkurri fjarlægð frá vegamótum. Leiðbeiningamerki ber að setja hæfilega langt frá þeim stað, er leiðbeining vísar til.

17. gr.

Merki skal festa á jarðfasta stöng í hæfilegri fjarlægð frá vegarbrún. Hæð mæld frá vegi að merki skal að jafnaði vera nálægt 150 cm, en allt að 220 cm í þéttbýli eða annars staðar, þar sem aðstæður eru þannig, að merki geti valdið hættu fyrir fótgangandi vegfarendur.

18. gr.

Ef talin er þörf að skýra nánar hættu, sem merki samkvæmt fskj. A á að vara við, má setja táknmynd eða lettra stuttorða aðvörun á aukamerki fyrir neðan aðalmerki. Sama gildir um upplýsingar um bann það, sem merki samkvæmt fskj. B sýnir, og leiðbeiningar samkvæmt merkjum á fskj. D.

II. Um merkingu á yfirborði vega o. fl.

19. gr.

Þar sem vegur er malbikaður eða steiptur, má marka hann með hvítum línum til leiðbeiningar umferðinni. Línur skv. 27. gr. skulu þó vera gular.

A. Merking langsum eftir akbraut.

20. gr.

Varúðarlínur skipta akbrautum langsum. Þær eru ýmist óbrotin lína eða óbrotin lína samhliða brotinni línu. Varúðarlínur gefa til kynna, að hættulegt sé að skipta um akrein og er óheimilt að aka yfir þær, nema brýna nauðsyn beri til. Þar sem brotin lína er samhliða óbrotinni línu, má þó aka yfir þær þeim megin frá, sem brotna línan er, ef nauðsynlegt er, enda sé gætt fyllstu varúðar.

Varúðarlínur skal einkum nota á hæðum og í beygjum, þar sem útsýn er verulega hindruð.

Enn fremur má nota varúðarlínur sem hér segir:

- Til leiðbeiningar fyrir framan umferðareyjar eða önnur þess háttar umferðarmannvirki.
- Sem miðlínur á vegi þar sem akreinar eru fjórar eða fleiri.
- Á stöðum þar sem akbraut mjókkar þannig að akreinum fækki.
- Til þess að sýna, hvernig ökutæki skulu staðsett við vegamót, áður en ekið er inn á þau.

Varúðarlínur skulu vera 10—15 cm breiðar.

61

24. marz

21. gr.

Markalínur eru óbrotnar eða brotnar línur meðfram brúnum akbrautar. Óbrotnar línur skulu vera mjóar, en brotnar línur breiðar.

Óbrotnar markalínur takmarka þann hluta akbrautar, sem ætlaður er ökutækjum á ferð.

Óheimilt er að aka yfir þær, nema ætlun sé að stöðva eða leggja ökutækinu.

Brotnar markalínur takmarka akbraut á miklum umferðarvegum gagnvart hliðarvegi eða útskotum.

22. gr.

Akreinalínur eru mjóar, brotnar línur langsum eftir akbraut. Ef akreinalína skiptir akbraut í tvær akreinar, skal að jafnaði ekið vinstra megin við línuna. Aka má yfir hana, ef heimilt er samkvæmt umferðarlögum, enda sé þá gætt ákvæða um varúð.

B. Merking þversum á akbraut.

23. gr.

Stöðvunarlínur eru 30—60 cm breiðar, óbrotnar línur þvert á akbraut. Þær sýna, hvar stöðva ber ökutæki samkvæmt umferðarmerki.

24. gr.

Gangbrautir yfir akbraut eru merktar með tveimur mjóum, óbrotnum línum eða málmbóluröðum þvert yfir akbrautina.

Þar sem sérstök ástæða er til að gangbraut sé greinileg, má merkja hana með hvítum og dökkum röndum á víxl, langsum á vegi.

C. Aðrar merkingar á vegum.

25. gr.

Hvítar örvar á akbraut benda á þá akrein, sem nota skal, ef ætlunin er að aka í þá átt, sem örin vísar.

Letra má á akbraut leiðbeiningar til þess að vekja athygli á umferðarmerkjum.

26. gr.

Bifreiðastæði eru merkt með mjóum línum. Þegar ökutæki er lagt á merkt stæði, skal það allt vera innan línanna.

27. gr.

Gul, óbrotin lína á gangstéttarbrún táknar bann við því, að vélknúnu ökutæki sé lagt á þeim stað. Merkingu þessa má nota til þess að vekja athygli á umferðarmerkjum, sem banna bifreiðastöður.

Gul, brotin lína á gagnstéttarbrún táknar bann gegn því, að vélknúnu ökutæki, öðru en almenningsvagni, sé lagt þar eða stöðvað.

28. gr.

Ef glitmerki eru notuð til þess að marka vegarbrún, skulu þau sýna rauðgult endurskin á vinstri og hvítt á hægri vegarbrún, miðað við akurstefnu.

29. gr.

Brúarenda, síma- og rafmagnsstaura og aðra slíka hluti við veg, sem valdið geta vegfarendum hættu, skal merkja með svörtum og gulum skástrikum.

30. gr.

61

Þegar stefna vegar breytist snögglega eða vegur endar, og aðstæður bera það ekki greinilega með sér, skal, ef þurfa þykir, setja merki með svörtum og gulum reitum við vegarbrún.

24. marz

31. gr.

Merkingar samkvæmt 19.—27. gr. eru sýndar á fskj. F.

Þar sem vegur er ekki með fullkominni lýsingu, skulu varúðarlínur glitaðar eða glitmerki notuð. Sama gildir um aðrar merkingar skv. þessum kafla eftir því, sem nauðsynlegt þykir.

III. Umferðarljós.

32. gr.

Ljósmerki til stjórnar umferð skulu vera rauð, gul og græn. Ef fleiri en eitt ljósmerki er notað á sama stað, skulu ljósker vera í lóðréttri röð með rauðu ljósi efst, en grænu neðst.

Rautt ljós merkir, að ökumenn skulu nema staðar við stöðvunarlínu, en gangandi vegfarendur við brún gangstéttar eða umferðareyju.

Grænt ljós merkir, að aka megi yfir stöðvunarlínu og gangandi vegfarendur megi ganga yfir akbraut. Jafnframt ber þeim, sem koma frá hlið, að nema staðar. Heimilt er að beygja til vinstri eða hægri, ef það er ekki hannað með umferðarmerki. Grænt ljós leysir ökumann ekki undan skyldu samkvæmt umferðarlögum til að sýna ýtrustu varúð, þegar beygt er.

Gult ljós á eftir grænu ljósi og á undan rauðu ljósi merkir, að numið skuli staðar. Ef ökutæki er komið á eða yfir stöðvunarlínu, þannig, að hætta eða röskun umferðar stafi af stöðvun þess, skal því ekið áfram. Þar sem ekki er stöðvunarlína, skal miða við ljósmerkið. Ef gangandi vegfarandi er kominn út á akbraut, skal hann halda áfram yfir á gangstétt eða umferðareyju.

Gult ljós á eftir eða samtímis rauðu ljósi merkir, að grænt ljós sé að koma. Óheimilt er að halda áfram, fyrr en græna ljósið er komið.

33. gr.

Á vegamótum þar sem mikill hluti umferðar beygir til vinstri eða hægri, má setja örvar í hin venjulegu umferðarljósker.

Rauð ör tákna, að umferð í þá átt, sem örin vísar, skuli nema staðar, en græn ör, að umferð megi halda áfram. Gildir það einnig, þótt rautt eða gult ljós sé í ljóskeri því, sem örin er í.

34. gr.

Þar sem umferð gangandi vegfarenda yfir akbraut er mikil, má setja orðin „Gangið“ eða „Bíðið“ í umferðarljósker. Í stað orða má nota táknmyndir.

„Gangið“ merkir, að gangandi vegfarendur megi ganga yfir akbraut. „Bíðið“ merkir, að ekki megi ganga út á akbraut. Ef vegfarandi er kominn út á akbraut, þegar ljósaskipti verða, skal hann halda áfram yfir á gangstétt eða umferðareyju.

35. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, er heimilt að aka yfir vegamót gegn rauðu eða gulu ljósi á ökutækjum þeim, sem um getur í 1. mgr. 40. gr. umferðarlaganna, enda gefi ökumaður lögboðin merki og sýni ýtrustu varúð. Öðrum ökumönnum, sem staddir eru á vegamótunum, er þá skylt að aka til hliðar og nema staðar, en gangandi vegfarendum að víkja af akbraut.

61

24. marz

36. gr.

Gult ljós, sem slokknar og kviknar á víxl yfir vegamótum eða við þau, merkir, að ökumenn skuli sýna þar sérstaka aðgæzlu.

IV. Ýmis ákvæði.

37. gr.

Hver sá, sem lætur vinna við veg eða raska honum, ber ábyrgð á, að staðurinn sé þannig varinn og merktur viðvörunarmerkjum, að ekki stafi hættu af verkinu. Ekki má byrja á slíku verki, fyrr en leyfi hefur verið fengið til þess hjá lögreglustjóra í kaupstað, en utan kaupstaða vegamálastjóra eða umboðsmanni hans.

38. gr.

Óheimilt er að setja auglýsingar á umferðarmerki né nokkuð annað merkja-gjöfnni óviðkomandi.

Lögreglustjóri getur bannað og látið taka niður auglýsingaspjöld, ljósauglýsingar, glitaugu og annað, sem líkist umferðarmerkjum eða valdið getur hættu, truflun eða óþægindum fyrir umferð.

39. gr.

Í kaupstað skal bæjarstjórn (bæjarverkfræðingur) láta setja umferðarmerki á eða við veg samkvæmt ákvörðun lögreglustjóra, og sjá um viðhald þeirra. Utan kaupstaða ákveður vegamálastjóri, hvar umferðarmerki skulu sett, og sér um viðhald þeirra.

40. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt VII. kafla umferðarlaga, nr. 26 1958.

41. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum, nr. 26 1958, öðlast gildi þegar í stað. Samtímis falla úr gildi öll eldri ákvæði, sem í bága fara við hana.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Lokið skal við að samræma aðalbrautarmerki, sem nú eru, ákvæðum reglugerðar þessarar, svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 1. október 1959.

2. Önnur umferðarmerki, sem nú eru, skulu samræmd ákvæðum reglugerðar þessarar innan þriggja ára frá birtingu hennar.

Í dómismálaráðuneytinu, 24. marz 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Gústav A. Jónasson.

A1
A2



A1
Hættuleg beygja



A2
Hættulegar beygjur

A3
A4



A3
Vegamót



A4
Biðskylda

A5
A6



A5
Hringakstur



A6
Börn

Aðvörunarmerki

Fskj.A

A7
A8



200m

A7
Gangbraut



A8
Vegur þrengist

A9
A10



A9
Vegavinna




Skýring
á hættu
A10
Önnur hættu

Bannmerki


Fskj B

B1
B2
B3



B1

Allur akstur bannaður



B2

Innakstur bannaður.
Einstefnuakstursvegur



B3

Hægri (vinstri)
beygja bönnuð

B4
B5
B6



50-800m

B4

Bann við framúrakstri



B5

Akstur vörubifreiða
bannaður



B6

Hjólreiðar
bannaðar

B7
B8
B9



B7

Takmörkuð breidd
ökutækja



B8


Takmörkuð hæð
ökutækja



B9

Takmörkuð heildar-
þyngd ökutækja

B10
B11
B12



B10
Takmarkaður
öxulþungi
ökutækja



B11
Takmarkaður
hámarkshraði



B12
Sérstakri takmörkun
hámarkshraða lokið

B13
B14
B15



B13
Stöðvunarskylda
við vegamót



B14
Bannað að stöðva
eða leggja ökutæki



B15
Bannað að leggja
ökutæki

B16
B17




B16
Tímatakmarkað
stöðuleyfi




B17
Annað bann

C1



C1
Akstursstefnumerki

C2



C2
Akbrautarmerki

Leiðbeiningamerki

Fskj. D

D1
D2




D1
Bifreiðastæði



D2
Gangbraut

D3
D4




D3
Aðalbraut




D4
Aðalbraut endar


D5
D6
D7



D5
Umferð á mótum



D6
Akbrautaskipti



D7

Leiðbeiningamerki

Fskj. D

D8
D9



D8



D9

Akreinamerki

D10
D11



D10

Akreinarmerki



D11

Útskot


D12






D12

Einstefnumerki


Gerð bókstafa og tölustafa á umferðarmerkjum









Varúðarlinur




Markalínur





Akreinalínur




Stöðvunarlinur




Gangbrautir



Örvar



Bifreiðastæði



Gangstéttarbrún



Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1959.

Auglýsing um viðskiptasamkomulag Íslands og Póllands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 23. marz 1959, nr. 14.

Auglýsing um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Austurríkis, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 15.

Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Spánar, undirskrifuð af utanríkisráðherra 16. apríl 1959, nr. 16.

Lög um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla, undirskrifuð af forsetanum 20. apríl 1959, nr. 17.

Lög um vöruhappdrætti fyrir Samband islenskra berklasjúklinga, undirskrifum af forsetanum 22. apríl 1959, nr. 18.

Lög um sameign fjölbýlishúsa, undirskrifuð af forsetanum 24. apríl 1959, nr. 19.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Bjarnastaði í Unadal, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 20.

Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1956, undirskrifuð af forsetanum 27. apríl 1959, nr. 21.

Lög um veitingu ríkisborgararéttar, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 22.

Lög um sauðfjárbaðanir, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 23.

Lög um breyting á lögum nr. 42 13. nóv. 1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð, undirskrifuð af forsetanum 29. apríl 1959, nr. 24.

Lög um breyting á lögum nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 25.

Fjárlög fyrir árið 1959, undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1959, nr. 26.

Lög um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum 6. maí 1959, nr. 27.

Lög um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1959, nr. 28.

Lög um heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að innheimta með álagi skatta og gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 29.

Lög um breyting á lögum nr. 105 21. desember 1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og lántöku í því skyni, undirskrifuð af forsetanum 9. maí 1959, nr. 30.

Lög um breyting á lögum nr. 33 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 31.

Forsetabréf um þingrof og almennar kosningar til Alþingis 28. júní 1959, undirskrifað af forsetanum 11. maí 1959, nr. 32.

Forsetabréf um þinglausnir, undirskrifað af forsetanum 14. maí 1959, nr. 33.

Lög um heimild handa ríkisstjórninni til ráðstafana vegna aðildar Íslands að Gjaldeyrissamningi Evrópu, undirskrifuð af forsetanum 9. maí 1959, nr. 34.

Lög um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins, undirskrifuð af forsetanum 23. maí 1959, nr. 35.

Lög um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 36.

Lög um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 37.

Lög um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 38.

Lög um ítölu, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 39.

Lög um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 40.

Lög um byggingarsjóð Listasafns Íslands, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 41.

Lög um breyting á lögum nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 42.

Lög um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 43.

Fjárukalög fyrir árið 1956, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 44.

Lög um afnotarétt húsnæðis fyrir félagsstarfssemi, undirskrifuð af forsetanum 26. maí 1959, nr. 45.

Auglýsing um samkomulag milli Íslands og sambandslýðveldisins Malaya um afnám vegabréfsáritana, undirskrifuð af utanríkisráðherra 29. apríl 1959, nr. 46.

Auglýsing um að samningur við Þýzkaland um mælibréf skipa frá 1895 sé úr gildi fallinn, undirskrifuð af utanríkisráðherra 26. maí 1959, nr. 47.

Auglýsing um viðskiptasamkomulag Íslands og Danmerkur, undirskrifuð af utanríkisráðherra 27. maí 1959, nr. 48.

Forsetabréf er stefnir Alþingi saman til aukafundar þriðjudaginn 21. júlí 1959, undirskrifað af forsetanum 9. júlí 1959, nr. 49.

Lög um eftirlit með skipum, undirskrifuð af forsetanum 31. júlí 1959, nr. 50.

62
23. júní

Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjórans í Reykjavík, um toll á Plastic Cement og á gúmmibótum (patches) samkvæmt sýnishorni.

Óskað er eftir úrskurði ráðuneytisins um tollun á (1) Plastic Cement og (2) gúmmibótum (Patches), en sýnishorn eru fyrir hendi af vörum þessum.

Um 1. Vara sú, sem hér um ræðir, er límkennnd og er það límhæfni vörunnar, sem öðru fremur einkennir eðli hennar og notkun, enda bendir heiti hennar að öðrum þræði til þess eiginleika hennar. Vöruna ber að telja til nr. 6a í 33. kafla tollskrár.

Um 2. Varan er sniðin til ákveðinnar notkunar og er meira unnin en ótilsniðnar plötur, sem teljast til nr. 4b í 39B kafla tollskrár. Vöruna ber að telja til nr. 20 í 39B kafla tollskrár.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð forustumanna K. N. Þ., 63
Kópaskeri, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. maí 1959. 20. maí
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð forustumanna K. N. Þ., Kópaskeri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður forustumanna K. N. Þ., Kópaskeri, það er þessara manna: Kaupfélagsstjórnanna Jóns Gauta Jónssonar og Björns Kristjánssonar og stjórnarformanna Þorsteins Þorsteinssonar og Pétur Siggeirssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður af framlagi frá K. N. Þ. fyrst með innstæðu í Menningarsjóði Björns Kristjánssonar kr. 26456.40, síðan viðbótartillagi kr. 75000.00, samtals kr. 101456.40.

3. gr.

Sjóðurinn ávaxtast í Innlánsdeild K. N. Þ. á Kópaskeri með vöxtum sambærilegum við hæstu vexti í Landsbanka Íslands.

Tekjur sjóðsins eru vextir og aukin framlög ef til kæmu.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er fyrst og fremst að styrkja allt það, sem eykur félagslegan þroska innan héraðsins og það er til vakningar og menningar horfir. Einnig að veita starfsmönnum félagsins styrk til að sækja námskeið eða annað það, sem auka mætti hæfni þeirra í störfum.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins má ekki skerða, en veita má úr sjóðnum $\frac{3}{4}$ ársvaxta og þó vextir séu eigi notaðir árlega, má veita þær upphæðir síðar einnig allt að $\frac{3}{4}$ hlutum.

6. gr.

Stjórn K. N. Þ. og framkvæmdastjóri hafa yfirumsjón með sjóðnum og veita úr honum styrki. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af endurskoðendum K. N. Þ.

Kópaskeri, 13. maí 1959.

B. Kristjánsson.

Pétur Siggeirsson.

Páll Þorleifsson.

S A M Þ Y K K T

um sveitarstjóra í Patrekshreppi, V.-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tilögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um að öll störf, sem nefndin á að annast um, séu tilhlýðilega unnin. Hann annast innheimtu á tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefnd ákveður, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

5. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 6. gr. og greiðast þau úr sveitarsjóði.

6. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem rétt þykir að taka fram af því tilefni, enda skal ráðningarsamningur vera samþykktur af hreppsnefnd. Uppsagnarfrestur af hendi hvers aðila skal vera 6 mánuðir.

7. gr.

Nú verður sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal félagsmálaráðuneytinu þegar frávikninguna. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Patrekshrepps hefur samið og samþykkt, samkv. lögum nr. 19 frá 1951, um sveitarstjóra, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. júní 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

65

6. júní

um rekstur sölubúða á Keflavíkurflugvelli á vegum ríkisins.

1. gr.

Settar skulu á fót sölubúðir á Keflavíkurflugvelli, er selja vörur eingöngu til flugvélaáhafna og farþega með flugvélum þeim, er um flugvöllinn fara í millilandaflugi. Nafn sölubúðanna skal vera: Frihöfnin, Keflavíkurflugvelli.

Í Frihöfninni má selja hvers konar varning, eins og tíðkast í frihöfnum erlendis.

2. gr.

Frihöfninni skal stjórnað af frihafnarstjóra, sem utanríkisráðherra skipar, og ber hann ábyrgð á rekstri hennar undir yfirstjórn utanríkisráðherra.

Annað starfslið, sem nauðsynlega þarf við daglegan rekstur Frihafnarinnar, skal frihafnarstjóri ráða að fengnu samþykki utanríkisráðherra.

3. gr.

Þegar kaupanda hafa verið afhentar söluvörur skal tollgæzlan á Keflavíkurflugvelli sjá um og bera ábyrgð á að gætt sé nauðsynlegra varúðarráðstafana, unz farþegar og áhafnir eru komnar um borð í flugvél þá, er flytur þá úr landi.

Einnig skal tollgæzlan hafa eftirlit með sölu Frihafnarinnar á varningi um borð í flugvélum og fylgjast með flutningi varnings, sem keyptur er í Frihöfninni, út í flugvélar og bera ábyrgð á þeim flutningum.

4. gr.

Frihöfnin fær, unz annað kann að verða ákveðið, til umræða í gistihúsinu á Keflavíkurflugvelli húsnæði fyrir skrifstofu og sölubúðir ásamt birgðageymslum, eftir því sem mögulegt er og reksturinn krefst á hverjum tíma.

Skal því þannig fyrir komið að auðvelt sé að innsigla dyr og skal frihafnarstjóri einn hafa lykla að þeim.

5. gr.

Frihafnarstjóri skal halda nákvæma skrá (birgðabók) um allar vörur, sem fluttar eru tollfrjálst til Frihafnarinnar.

Skal skráin þannig gerð að sjá megi glögglega hverjar tegundir varnings eru þangað fluttar og hve mikið af hverri um sig.

Þegar vörur eru þannig sendar án tollgjalda til Frihafnarinnar skal fylgja þeim nákvæm skýrsla til tollgæzlunnar á Keflavíkurflugvelli, þar sem tilgreint er hvaða vörur um er að ræða í hverri sendingu, og skal tollgæzlan bera ábyrgð á flutningi þessa varnings inn á flugvallarsvæðið og hafa eftirlit með því að vörur þessar séu fluttar til Frihafnarinnar.

6. gr.

Tóbaksvörur skal Tóbakseinkasala ríkisins selja Frihöfninni á kostnaðarverði.

7. gr.

Útsölu Frihafnarinnar skal skipt í sölubúðir, eftir því sem bezt hentar rekstrinum að dómi Frihafnarstjóra og að fengnu samþykki utanríkisráðherra. Skal Frihafnarstjóri sjá um rekstur þeirra. Þó skal Áfengisverzlun ríkisins reka þá sölubúð Frihafnarinnar, sem selur áfengi undir yfirstjórn utanríkisráðherra.

65

6. júní

8. gr.

Skylt er farþegum að sýna í Frihöfninni farseðil sinn eða önnur skilríki, er sanna heimildir þeirra til að verzla þar, áður en viðskipti hefjast, og er öllum öðrum óviðkomandi bannaður aðgangur.

Áhöfn flugvélar sýni vottorð flugstjóra.

9. gr.

Útfylla skal í þrítítri afgreiðsluseðil fyrir hvern þann, sem viðskipti á í Frihöfninni.

Skal þar greina:

- a) nafn kaupanda,
- b) ákvörðunarstað,
- c) númer flugferðar,
- d) vörutegund, sem keypt er,
- e) í hvaða gjaldeyri er greitt og hve mikið.

Viðtakandi kvittar á öll eintökin. Að því búnu skulu vörurnar settar í þar til gerðar umbúðir, er beri áletranirnar: Frihöfnin — Keflavíkurflugvelli, Duty free store — Keflavík Airport.

Síðan skal innsigli Frihafnarinnar sett á böggulinn og eitt eintak afgreiðsluseðilsins afhent kaupanda, annað eintak fær tollgæzlan en hinu þriðja heldur Frihöfnin.

10. gr.

Vörur úr Frihöfninni má aðeins selja gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri.

11. gr.

Ef flugvél er komin af stað frá flugvellið, en verður af einhverjum orsökum að snúa aftur, skulu tollgæzlumenn taka í sínar vörzlur vörur, sem keyptar hafa verið í Frihöfninni eða gæta þess að ekki sé farið með þær út úr flugvellið, þar til hún býzt til brottfarar af flugvellið að nýju.

12. gr.

Birgðir Frihafnarinnar skal telja svo oft, sem ástæða er til og eigi sjaldnar en hálfsmánaðarlega og bornar saman við birgðabók og afgreiðsluseðla.

Komi fram birgðavöntun skal þegar í stað tilkynna það utanríkisráðherra og tollgæzlunni á Keflavíkurflugvelli.

13. gr.

Skrifstofa frihafnarstjóra hefur á hendi allt bókhald vegna Frihafnarinnar að undanteknu bókhaldi sölubúðar þeirra, sem Áfengisverzlun ríkisins rekur undir yfirstjórn utanríkisráðherra.

Hver sölubúð hefur aðskilinn fjárhag. Utanríkisráðherra setur nánari reglur um þátttöku hvernar sölubúðar um sig í sameiginlegum kostnaði svo sem skrifstofuhaldi o. fl.

Frihafnarstjóri útbýr verðlista um hverja einstaka vörutegund í samráði við utanríkisráðherra.

14. gr.

Frihafnarstjóri og Áfengisverzlun ríkisins skulu árlega senda utanríkisráðherra sérstaka áætlun ásamt greinargerð um tekjur og gjöld Frihafnarinnar til afnota við samningu fjárlaga.

Skal frihafnarstjóri gæta þess vandlega, að útgjöld á fjárhagsáætlun Frihafnarinnar fari ekki fram úr fjárlögum.

15. gr.

65

Fríhafnarstjóri og Áfengisverzlun ríkisins skulu að jafnaði eigi sjaldnar en 6. júní vikulega selja til banka allan innkominn erlendan gjaldeyri.

Skal hann senda utanríkisráðherra skýrslu um hinn selda gjaldeyri.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1958 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja áfengi, tóbak o. fl. á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli til farþega í framhaldsflugi, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 116 1958 um sölu áfengis og tóbaks til flugfarþega á Keflavíkurflugvelli.

Utanríkisráðuneytið, 6. júní 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

REGLUGERÐ

66

11. júní

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist tveir nýir liðir, svo hljóðandi:

XVI. flokkur: Skip 12—30 rúmlestir, sem veiðar stunda með handfærum.

XVII. flokkur: Skip yfir 30 rúmlestir, sem veiðar stunda með handfærum.

2. gr.

Töluliðir 6, 7, 8, 9, 10, 14, 15, 25, 26, 30 og 34 í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar

1. janúar—15. maí

1. september—31. desember

7. svæði: Hafnarfjörður

1. janúar—15. maí

1. september—31. desember

8. svæði: Reykjavík

1. janúar—15. maí

1. september—31. desember

9. svæði: Akranes

1. janúar—15. maí

1. september—31. desember

10. svæði: a. Hellissandur

1. janúar—15. maí

b. Rif

1. janúar—15. maí

1. október—31. desember

c. Ólafsvík

1. janúar—15. maí

1. október—31. desember

14. svæði: Patreksfjörður og Tálknafjörður.

1. febrúar—31. maí.

1. október—15. desember.

- 66 15. svæði: Arnarfjörður.
 11. júní 1. janúar—15. maí.
 1. október—15. desember.
 25. svæði: Ólafsfjörður
 10. janúar—15. júní
 16. júní—15. september
 16. september—20. desember
 26. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd, Grenivík.
 10. janúar—15. júní
 16. júní—15. september
 16. september—20. desember
 30. svæði: Vopnafjörður
 1. júní—31. október
 34. svæði: Fáskrúðsfjörður
 1. febrúar—31. maí
 1. júní—30. nóvember

3. gr.

Töluliður 6, 8 og 10 í c-lið 3. gr. orðist svo:

6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
 15. febrúar—11. maí
 1. september—31. desember
 8. svæði: Reykjavík
 15. febrúar—11. maí
 1. september—31. desember
 10. svæði: Hornafjörður
 1. marz—11. maí

4. gr.

Töluliðir 5, 22, 25, 27, 30, 34 og 43 í d-lið lið 3. gr. orðist svo:

5. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
 15. marz—15. maí
 1. ágúst—20. desember
 22. svæði: Steingrímsfjörður
 15. júlí—31. október
 25. svæði: Hofsós
 15. apríl—15. nóvember
 27. svæði: Ólafsfjörður
 1. apríl—30. nóvember
 30. svæði: a. Húsavík
 1. apríl—15. nóvember
 b. Flatey
 1. apríl—15. nóvember
 34. svæði: Vopnafjörður
 1. maí—31. október
 43. svæði: Þorlákshöfn
 1. marz—11. maí

5. gr.

Stafliður g. í 3. gr. færast aftur og verði stafliður h, en nýr stafliður g. orðist svo:
 g. Fyrir skip í XVI. og XVII. flokki

1. svæði: Berufjörður—Ingólfshöfði
 1. marz—31. maí
 2. svæði: Dyrhólaey—Látrabjarg
 1. marz—31. maí

3. svæði: Dyrhólaey—Langanes (vestur um land)
1. júní—30. september

66

11. júní

6. gr.

Með reglugerð þessari fellur úr gildi reglugerð nr. 42 23. marz 1959, um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins og öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 11. júní 1959.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð hjónanna Finns Finns- 67
sonar og Guðlaugar Sveinsdóttur, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- 15. júní
málaráðherra 15. júní 1959.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð hjónanna Finns Finnssonar og Guðlaugar Sveinsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 17. júní 1949 af börnum þeirra hjónanna Finns Finnssonar og Guðlaugar Sveinsdóttur frá Hvilft í Önundarfirði.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10000 — tíu þúsund — krónur.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru arður af eignum hans, svo og gjafir og áheit, er honum kunna að berast.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega nemendur við Menntaskólann á Akureyri til náms, og skulu þeir nemendur að öðru jöfnu ganga fyrir, sem verri aðstöðu hafa til þess að vinna fyrir sér á sumrin vegna fötlunar eða veikinda. Við styrkveitingar skal það sjónarmið ráða að veita fáa styrki en ríflega.

5. gr.

Eigi má veita styrk úr sjóðnum fyrr en höfuðstóll hans er orðinn kr. 30000.00, en þá má stjórn sjóðsins veita einum eða fleiri nemendum styrk árlega, er nemi þó aldrei meiru en $\frac{3}{4}$ af vaxtatekjum sjóðsins, en $\frac{1}{4}$ vaxtanna leggjast ávallt við höfuðstólinn. Styrkinn skal veita án umsóknar.

6. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta á þann hátt, sem stjórn sjóðsins telur hagkvæmastan hverju sinni.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skólameistari Menntaskólans á Akureyri, sem er formaður stjórnarinnar, og tveir menn kosnir af föstum kennurum skólans í október ár hvert.

67

15. júní

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga hans skal birta í skólaskýrslu skólans.

8. gr.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, sem hún löggildir, og skrá í hana ákvörðun sína um ávöxtun sjóðsins, úthlutun úr honum og annað sjóðnum viðvíkjandi, sem máli skiptir.

10. gr.

Telji stjórn sjóðsins, að nauðsyn beri til þess að breyta skipulagsskrá þessari vegna breyttra háttá eða annarra aðstæðna, er henni það heimilt, enda samþykki dómsmálaráðuneytið breytinguna. Enn fremur verður samþykki stofnenda að koma til, meðan nokkur þeirra er á lífi.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

68

18. júní

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Eyrarbakka.

I. RAFORKA

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.80 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 85 aura hverja kwst., auk fastagjalds er nemi kr. 14.00 á ári af fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í íbúðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 3.50 á ári af fermetra.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 65 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 12.00 á mánuði af einu herbergi hverrar íbúðar og kr. 6.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 300.00 fyrir hvert kw. í málraun véla.

Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja raforku til lýsingar og greiðist þá, auk orkugjaldsins, fastagjald er nemi kr. 10.00 á ári af fermetra gólfflatar, í rúmi því er lýsa skal. Fyrir ganga og geymslur greiðist þó kr. 3.00 á ári af fermetra.

2. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við iðnaðarframleiðslu er yfir 20 kw., um kwst.mæli: 68

18. júní

a. Á 65 aura hverja kwst.

b. Á 53 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.

3. Um afl og orkumæla þannig reiknað:

1. Grunnjald 750.00 kr. á ári.

2. Aflgjald af notuðu afli 750.00 — kw. á ári.

4. Orkugjald 20 aura hverja kwst.

Notað afl telst vera meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálestra hvers almanaksárs. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung og álestrar fari fram sem næst mánaðarmótum.

Mælisleiga er innifalin í grunnjaldinu.

Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:

1. Grunnjald 750.00 kr. á ári.

2. Fastagjald á hvert kw. í málraun véla 576.00 — — —

3. Orkugjald 20 aura hverja kwst.

Mælisleiga er innifalin í grunnjaldinu.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 20 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.

2. Um kwst.mæli á 10 aura hverja kwst., í 9 klst., á tímanum frá kl. 22 til 9.

Minnsta árgjald skal vera sem svarar 2000 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækis.

Verð til hitunar breytist með útsöluverði á kolum og dieselolíu á Eyrarbakka, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 480 kr. verði á kolatonni og 800 kr. verði á oliutonni, en hækki eða lækki um 1 eyri hver kwst. á lið D-1 og 0.5 eyri hver kwst. á lið D-2 fyrir hverjar fullar 30 kr., sem kolatonnið hækkar eða lækkar eða hverjar 50 kr., sem oliutonnið hækkar eða lækkar, þó þannig, að raforkuverðið miðast við það eldsneytisverðið, sem lægra er hlutfallslega miðað við grunnverðið 480 kr. á kolatonni og 800 kr. á oliutonni.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.

b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.

Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.

c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 65 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.

2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst.

- 68 3. Til hökunarofna og fasttengdra tækja í brauðgerðarhúsum, og til annarra hlið-
18. júní stæðra nota, um kwst.mæli á 20 aura hverja kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 20 aura hverja kwst. frá kl. 22 til 8 og á kr. 1.50 hverja kwst. frá kl. 8 til 22.
4. Til súgþurrkunar á heyi á 50 aura hverja kwst.
5. Til götulýsingar um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst., og annast þá rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins. Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senni.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 3.00 á mán.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 5.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 100 amp.	— 10.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 100 amp.	— 15.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við fasteignamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir: Af fasteignamati allt að 2500 kr. greiðist kr. 800.00.

Af fasteignamati umfram 2500 greiðist 8% að auki. Hækki hús í mati fyrir endurbyggingu eða viðbót, reiknast viðbótarheimtaugargjald. Húsveita samkvæmt þessum lið reiknast hver séreign þó í sambyggingu sé, enda sé það sjálfstæð íbúð, þegar um íbúðarhús er að ræða.

Verð raforku veitt út fyrir Eyrarbakkakauptún greiðir hvert býli, sem tengt er við rafveituna, kr. 5000.00 í heimtaugargjald.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar fasteignamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 m og loftlínuheimtaugar meiri en 60 m og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 qmm, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun 30 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt 30 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

68

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

18. júní

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Eyrarbakkahepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir rafveitu Eyrarbakka, nr. 45 8. marz 1952.

Atvinnumálaráðuneytið, 18. júní 1959.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

69

um sundnám.

22. júní

I. KAFLI

Sundnám í barna- og unglingskólum.

1. gr.

Skólanemendum skal ætla sundtíma á stundaskrá skóla, eigi færri en einn á viku, ef sundlaug er svo nærri skólanum, að sundiðkun verði komið við með öðru námi.

2. gr.

Þar sem eigi háttar svo til, sem um getur í 1. gr., skal kenna sund á náms-skeiðum. Skal hver barnaskólanemandi eiga kost á sundkennslu í 72 stundir að minnsta kosti, áður en hann lýkur námi. Nemendur unglingskólanna skulu fá kennslu í 36 stundir, áður en þeir ljúka prófi. Ríkissjóður tekur þátt í kostnaði nemenda vegna framkvæmdar sundkennslunnar samkvæmt reglugerð þessari. Ákveður ráðuneytið árlega, hver þátttaka ríkissjóðs í ferðakostnaðinum skuli vera.

3. gr.

Þegar sundkennsla skólanna og sundnámsskeið fara fram, skal ætla nemendum sérstakan frátekinn tíma í sundlauginni, og skulu sundkennarar þá aðeins sinna sundkennslu skólanemenda. Í hverjum sundflokki skulu að jafnaði eigi vera fleiri nemendur en 15, og skal hver flokkur vera 30—35 mín. í senn við sundæfingar.

Kennarar skulu miða starf sitt við það að glæða áhuga nemenda á nauðsyn sundsins og fræða þá um helztu atriði í sambandi við björgun frá drukknun. Einnig skal veita fræðslu um, hvers ber að gæta við sundiðkanir í sjó og köldu vatni. Að loknu sundnámi skulu nemendur ganga undir sundpróf, þar sem sundhæfni nemanda miðast við eftirfarandi sundstig:

69 I. stig:
22. júní 10 metra bringusund.

II. stig:
30 metra bringusund.
15 metra baksund.
Tvenns konar björgunarsundgrip.
Ein lífgunaraðferð.
Köfun eftir hlut á botni. (Brjósthæðar-
djúpt vatn).
Steypa sér til sunds af bakka.

III. stig:
100 metra bringusund.
40 metra baksund.
15 metra björgunarsund með jafningja
(frjáls aðferð).
8 metra kafsund.

Tvenns konar björgunarsundgrip.
Ein lífgunaraðferð.
Köfun af sundi eftir hlut á 1.5 metra
dýpi.
Steypa sér til sunds af bakka.

IV. stig:
200 metra bringusund.
50 metra baksund.
Kafsund, piltar 15 metra, en stúlkur 10
metra.
50 metra sund í fötum.
25 metra björgunarsund með jafningja.
Marvaðasund.
Köfun eftir hlut á 1.5—2.5 metra dýpi.
Steypa sér til sunds úr 1 metra hæð.
Helztu björgunar- og leysitök.
Ein lífgunaraðferð.

Þar, sem því verður við komið, skulu kennarar láta nemendur reyna sund í fötum, svo og kenna þeim að afklæðast á sundi.

4. gr.

Gefa skal nemendum einkunnir fyrir sundkunnáttu sem hér segir: I. stig 1—4.9, II. stig 5—7, III. stig 5—10, IV. stig 5—10. Við einkunnagjöf skal fyrst og fremst leggja til grundvallar, að nemandi geti leyst tilskildar kröfur viðkomandi sundstigs. Einnig skal meta sundlag hans og öndun. Sundeinkunn skal reikna með til aðaleinkunnar.

5. gr.

Sundkennari ákveður í samráði við skólastjóra, hvenær sundpróf skulu haldin, og skulu þau fara fram undir eftirliti sundkennara og prófdómara.

6. gr.

Heimilt er að bæta við sundstigi, sem nefnist afrekssundstig, og gefa út sundmerki, sem þeir nemendur hljóta, er leysa eftirtaldar kröfur:

Afrekssstig:	Lengd laugar 16% m eða styttri		Lengd meiri en 16% m	
	Hámarkstími:		Hámarkstími:	
	pilta	stúlkna	pilta	stúlkna
100 metra bringusund	1.35 mín.	1.50 mín.	1.40 mín.	2 mín.
1000 metra bringusund	22	— 30	25	— 33
100 metra baksund.				
50 metra skriðsund.				
25 metra björgunarsund með jafningja (Báðir í fötum).				
Afklæðast á sundi.				
Sýna björgunar-, lífgunar- og leysitök.				

7. gr.

Nemendur í barnaskólum, aðrir en þeir, sem að læknisráði hafa fengið undanþágu frá sundnámi, skulu að minnsta kosti hafa lokið II. eða III. stigi til þess að teljast hafa lokið barnaprófi í sundi.

Sé barnið í skólahverfi, sem hefur sundlaug, skal lágmarkið vera III. stig. **69**
Nemendur, sem ljúka unglingsprófi, skulu taka IV. sundstig. Sundkennara er **22. júní**
heimilt, í samráði við skólalækni, að veita undanþágu frá þessum prófkröfum, ef
um hræðslu eða líkamslýti er að ræða.

8. gr.

Leikfimikennarar skólanna skulu í leikfimitímum kenna björgunar- og leysitök og lífgunaraðferð. Einnig skulu þeir eða aðrir kennarar skólanna veita sundkennurum aðstoð við sundkennsluna og gæzlu barnanna, eftir nánari ákvörðun skólastjóra eða skólaneftnda.

9. gr.

Að sundprófi loknu skal afhenda sundskírteini, undirritað af sundkennara og prófdómara.

Fræðslumálaskrifstofan annast prentun og dreifingu sundskírteina til skólanna, ásamt öðrum nauðsynlegum gögnum vegna sundnámsins.

10. gr.

Hafi nemandi, án þess að lögmæt foröll hindri, eigi fullnægt tilskildum kröfum um barna- eða unglingspróf í sundi, má ekki afhenda honum prófvottorð hinnar almennu barna- eða unglingsfræðslu fyrir en kröfum er fullnægt.

11. gr.

Skólastjórar skulu árlega gefa ípróttafulltrúa skýrslur um sundnám barnanna á þar til gerð eyðublöð.

II. KAFLI

Sundnám nemenda í framhaldsskólum og sérskólum.

12. gr.

Verði því eigi við komið að haga sundiðkun nemenda eins og um getur í 1. gr., skal veita þeim sundkennslu á námsskeiðum. Skulu nemendur fá að minnsta kosti 18 kennslustundir á hverju skólaári á slíkum námsskeiðum.

13. gr.

Í leikfimitímum skólans skal fara fram kennsla í björgunar- og leysitökum og lífgunaraðferð.

14. gr.

Nemendur þeir, sem að dómi skólalæknis eru eigi færir um að taka þátt í sundiðkunum, skulu undanþegnir þátttöku í sundi

15. gr.

Þeir, sem taka stýrimannspróf hið meira (farmannspróf og fiskimannspróf hið meira), svo og þeir, sem taka matsveinapróf, loftskýtamannspróf, vélstjóra-
próf hið meira, fiskimannspróf hið minna og vélstjóra-
próf hið minna, skulu hafa lokið IV. stigi í sundi. Gefa skal einkunnir eins og segir í 4. gr. Nemendur, sem taka gagnfræðapróf, kennarapróf og stúdentspróf, skulu ljúka V. sundstigi.

V. stig:

Piltar	Stúlkur
500 metra bringusund.	300 metra bringusund.
50 metra skriðsund.	25 metra skriðsund.

Gefa skal einkunnir fyrir V. sundstig þannig: Fyrir að geta synt hvort sundið um sig skal gefa 3.5 stig og enn fremur 0—1.5 stig fyrir sundlag hvors sunds.

69

22. júní

16. gr.
Íþróttafulltrúi skipar prófdómara, nema annað sé tekið fram í lögum.

17. gr.

Við skólauppsögn, eða að loknu sundnámi, skal afhenda nemanda sundskírteini undirritað af sundkennara og prófdómara. Sundeinkunn skal reiknast með í aðal-einkunn við próf.

18. gr.

Ákvæði 6. og 11. greinar gilda einnig um sundnám nemenda í framhaldsskólum og sérskólum.

19. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 49/1956, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 66/1943.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. júní 1959.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

70

26. júní

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Vopnafjarðarkauptún, nr. 33
25. febr. 1949, sbr. reglugerð nr. 134 26. júní 1952.

1. gr.

22. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Skip og bátar, sem eru eign manna búsettra á Vopnafirði, skulu greiða hafnar-gjöld eina sinni á ári, kr. 7.50 af hverri brúttó rúmlest. Opnir trillubátar 6 rúmlestir og minni kr. 30.00 á ári.

Gjalddagi sé 1. ágúst ár hvert.

Öll önnur skip nema þau, sem undanskilin eru í 21. gr., 12 rúmlestir og stærri, greiði kr. 0.70 af hverri brúttórúmlest í hvert sinn er þau koma til hafnar, þó ekki oftar en 6 sinnum á ári.

Innlend strandferðaskip skulu einungis greiða hafnargjald í fyrsta sinn, sem þau koma í höfn ár hvert.

2. gr.

25. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hvert skip, er leggst að bryggju eða skipi, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af brúttóstærð skipsins, talið í heilum tölum.

a. Af aðkomubátum:

5— 12 rúmlestir	kr.	20.00
12— 40	—	—	30.00
40— 60	—	—	35.00
60—100	—	—	50.00
100	— og stærri	—	80.00

b. Heimabátar, árgjald:

6— 12 rúmlestir	—	75.00
12	—	—	120.00
Trillubátar	—	40.00

- c. Öll önnur skip, þar á meðal strandferðaskip, skulu greiða kr. 0.40 af hverri nettórúmllest. 70
26. júní

3. gr.

Á eftir 25. grein reglugerðarinnar bætist við ný grein, sem verður 26. grein og breytist greinatala reglugerðarinnar til samræmist við það:

Skip sem halda til í höfninni eða hafa uppsátur innan takmarka hafnarinnar 4 mánuði af árinu eða lengur og eru minni en 100 rúmllestir brúttó, skulu greiða ljósagjald kr. 20.00 tvisvar á ári, og er gjalddagi 15. janúar og 15. júlí ár hvert.

Öll önnur skip skulu greiða ljósagjald í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar, kr. 8.00 fyrir fyrstu 50 rúmllestirnar af stærð skipanna og 0.8 aura af hverri nettó rúmllest þar fram yfir, þó aldrei minna en kr. 10.00.

Undanþegin greiðslu ljósagjalds eru sömu skip og undanþegin eru greiðslu lesta- gjalds, sbr. 23. gr.

4. gr.

29. grein reglugerðarinnar, sem verður 30. gr., orðist þannig:

A. Gjald fyrir aðfluttar vörur:

1. flokkur: Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg:
Kol, salt, sement, áburður, blý, brýni, eldfastur leir, járn- og stálvörur, kít, málningarvörur, sódi, þakpappi, þakjárn, asbest, rafmagnsvörur.
2. flokkur: Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg:
Bækur, smurningsolíur, baðlyf, sápuvörur, fiskilínur, kálmeti, kartöflur, hey, kornvörur, leður, linoleum, pappír, strigi, strigavörur, rúðugler, segldúkur, seglgarn, tvistur, togleður, ávextir, kaffi, kakaó, brauðvörur, jurtafeiti, te, sykur, leirvörur.
3. flokkur: Gjald kr. 2.50 fyrir hver 100 kg:
Olíur og benzín í lausu máli og í tunnum.
4. flokkur: Gjald kr. 3.50 fyrir hver 100 kg:
Þurrir ávextir, niðursuðuvörur, eldspýtur, glervörur, glysvarningur, leðurvörur, leikföng, lyfjavörur, léttar vörur, nýlenduvörur, tóbaks- vörur, sælgætisvörur, vefnaðarvörur, bílar, svo og allar aðrir vörur, sem reiknast eftir þyngd.
5. flokkur: Gjald kr. 0.30 fyrir hvert teningsfet:
Timbur, tunnuefni og aðrar líkar vörur.
6. flokkur: Gjald kr. 0.60 fyrir hvert teningsfet:
Húsmunir, hljóðfæri.
7. flokkur: Gjald kr. 0.60 fyrir hvert stykki:
Tómar tunnur:

B. Gjald fyrir brottfluttar vörur:

1. flokkur: Gjald kr. 1.50 fyrir hver 100 kg:
Fiskur í hvers konar ástandi, lýsi, gærur, ís, síld, kjöt, garnir, hrogn, mör, tólg.
2. flokkur: Gjald kr. 2.50 fyrir hver 100 kg:
Ull og ullarvörur, hert skinn.
3. flokkur: Gjald kr. 2.50 fyrir hvert kg:
Dúnn, fiður.
4. flokkur: Gjald fyrir lifandi gripi, út- og innflutta:
Kindur kr. 5.00, stórgripir kr. 10.00, fyrir hvern grip.
5. flokkur: Gjald kr. 0.60 fyrir hvert stykki:
Tómar tunnur.

- 70** 6. flokkur: Minnsta gjald kr. 2.00 fyrir hvert stykki, þótt vörur flokkaðar undir
26. júní brottfluttar vörur flytjist til staðarins, eða vörur flokkaðar undir að-
fluttar vörur flytjist frá staðnum, breytir það engu um vörugjaldið.
Vörugjald fyrir óvenjulegar vörur, sem vafasamt þykir hvernig flokka skuli,
ákveður hafnarnefnd.

5. gr.

Á eftir 29. grein reglugerðarinnar, sem verður 30. grein, bætist ný grein, sem verður 31. grein og greinatala reglugerðarinnar breytist til samræmis við það:

Greiða skal aflagjald til hafnarinnar, af afla sem landað er á hafnarsvæðinu, kr. 0.40 fyrir hver 100 kg af síld og öðrum fiski. Gjald þetta er kræft um leið og afla er landað, og ber eigandi skips eða umboðsmaður hans, ábyrgð á greiðslu þess. Skyldir eru skipstjórar og formenn að gefa hafnarverði upp heildarafla skips í hvert sinn.

Ef það er ekki gert, skal hafnarvörður áætla aflamagnið og innheimta aflagjald samkvæmt þeirri áætlun.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt á afla, þar til aflagjöld eru að fullu greidd. Heimilt er hafnarnefnd að semja um aflagjöld heimabáta.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lend-ingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 26. júní 1959.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

71

REGLUGERÐ

29. júní

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Bíldudalskaupþún, nr. 177 19. sept. 1947.

1. gr.

17. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Öll skip, sem eru eign manna búsettra við hafnarsvæðið eða skrásett þar, og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári 3 krónur á brúttó rúmlest, þó aldrei minna en kr. 50.00 á ári, með gjalddaga 1. júlí ár hvert. Fiskiskip, sem skrásett eru utan hafnarsvæðis greiða 80 aura af hverri brúttó rúmlest í hvert sinn, sem þau koma til hafnarinnar, þó ekki oftari en fimm sinnum á ári hverju, þó þau komi oftari til hafnarinnar. Innland strandferðaskip greiða í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma á Bíldudalshöfn, 100 aura af brúttó rúmlest hverri í hafnargjald, en ekkert þótt þau komi aftur á sama ári.

Önnur skip, sem til hafnarinnar koma og hafa samband við land, greiða 20 aura af hverri brúttó rúmlest í hvert sinn, sem þau koma á Bíldudalshöfn, sbr. þó 19. gr.

2. gr.

18. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Fyrir skip, sem lagt er við föst legufæri á höfninni, skal greiða árlega, sem hér segir: Ef þau eiga heima á Bíldudal, og eru að öllu leyti í eigu manna búsettra við hafnarsvæðið, skal greiða fyrir opna báta kr. 10.00, vélbáta með þilfari kr. 20.00, og stærri skip kr. 30.00 á ári.

Um aðra báta eða skip fer eftir samkomulagi við hafnarnefnd.

3. gr.

71

29. júní

20. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald af hverri nettó rúmlest, og er gjaldið 30 aurar fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en 10 krónur á sólarhring. Ef skip liggur utan á öðru skipi, sem liggur við bryggju, skal það greiða hálf gjald. Fyrir báta, heimilisfasta á Bildudal, gilda þó eftirfarandi sérstakar reglur: Batar og skip 5 rúmlestir brúttó eða stærri greiða kr. 40.00 á ári, batar, sem eru minni en 5 rúmlestir, greiða kr. 10.00 á ári. Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi nema þau flytji vörur til eða frá staðnum gegn gjaldi.

4. gr.

21. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fluttar eru í land eða úr landi eða á milli skipa, með þeim undantekningum, er síðar getur. Hálf gjald skal greiða af vörum, sem lagðar eru í land til umhleðslu eða sem einungis eru fluttar milli skipa.

Eftirtaldir vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Innlend mjólk og rjómi, sem fluttur er að.
- b. Bréfastur og farangur farþega.
- c. Nauðsynjar fiskiskipa.
- d. Vörur og tæki til hafnarinnar.

5. gr.

24. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

1. flokkur: Gjald 125 aurar fyrir hver 100 kg:
Blý, brýni, sement, eldfastur leir, gaddavír og stálvír, gærur, hverfi-steinar, ís, ísvarinn fiskur, járn, stál, kopar, kaðlar, kitti, kol, kritt, litarvörur þungar, nýr fiskur útfluttur og blautur saltfiskur, miðstöðvarvörur og steiptar járnvörur, prentsverta, saltsíld, sódi, toglegur, þakjárn og þakpappír.
2. flokkur: Gjald 150 aurar fyrir hver 100 kg:
Baðlyf, feiti, fiskilínur, grænsápa, garnir, hrogn, hey, kálmeti, kartöflur, kornvörur alls konar, kjöt, leður, leirvörur, linoleum, mör, pappír og bækur, pokar og pokastrigi, rjúpur og aðrir fuglar, rúðugler, saltfiskur þurr, sápa, segldúkur, seglgarn, tólg, tjara, tvistur, vaxdúkur og áburður.
3. flokkur: Gjald 175 aurar fyrir hver 100 kg:
Ávextir alls konar, brauðvörur, harðfiskur, kaffi, kakaó, lyfjavörur, lýsi, niðursuðuvörur, nýlenduvörur alls konar, palmin, smjör, smjörlíki, súkkulaði, sundmagar, sykur, te, ull.
4. flokkur: Gjald kr. 2.25 fyrir hver 100 kg:
Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, glysvarningur, rjól, rulla og alls konar tóbaksvörur, og enn fremur skinnvörur, skófatnaður, vefnaðarvörur, og enn fremur allar aðrar vörur, sem gjald er tekið af eftir þyngd og ekki eru annars staðar taldir.
5. flokkur: Gjald 50 aurar fyrir hvert teningsfet:
Timbur, tunnur og aðrar slíkar vörur, reiknaðar eftir rúmmáli.
6. flokkur: Gjald 75 aurar fyrir hvert teningsfet:
Bifreiðar, húsgögn, orgel, píanó, saumavélar, skilvindur, stundaklukkur, og aðrar þungar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

- 71 7. flokkur: Gjald 10 krónur á grip:
29. júní Hross, nautgripir, svín.
8. flokkur: Gjald 150 aurar fyrir hverja kind:
Sauðfé.
9. flokkur: Gjald 5 krónur fyrir hverja smálest:
Nýr fiskur úr veiðiskipum.
10. flokkur: Gjald 2 krónur fyrir hver 100 kg:
Benzín, gasolía og alls konar oliur aðrar.
- Minnsta gjald fyrir einstök stykki, úr hvaða flokki sem er, er kr. 1.50.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1959.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

72
30. júní

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Ísafjarðar.

1. gr.

Reglugerðin gildir um allt lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

2. gr.

Bæjarráð Ísafjarðar fer með stjórn vatnsveitunnar, sem er eign kaupstaðarins. Bæjarverkstjóri annast daglegan rekstur vatnsveitunnar, í samráði við bæjarráð og bæjarstjórn, eftir því sem ástæður þykja til.

3. gr.

Vatnsveita Ísafjarðar hefur einkasölu á vatni á því svæði, sem hún nær yfir og getur fullnægt, svo og til hafnarinnar.

4. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsleiðslur um bæinn, aðalæðar og götuæðar.

5. gr.

Hver sá, sem á húseign við götu eða veg, sem vatnsæð liggur í, á rétt á að fá tengda vatnsæð frá henni við húsið, á eigin kostnað, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð, með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, sem nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús- eða heimæðar nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur að hennar dómi.

Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur vatnsveituna ekki til þess að tryggja, að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægur.

Ef sýnt þykir, að þær götuæðar, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óska eftir vatni til annars en heimilisþarfa, fyrir nægilegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunnar. 72
30. júní

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar í götu eða veg, þar sem óskað er eftir vatnsnotum, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lögn vatnsæðar, að tryggt sé, að kostnaður við lögnina fái endurgreiddur, annað hvort samtímis af notanda, eða þannig, að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum. Það er á valdi vatnsveitunnar að ákveða, hver þessara kosta verður tekinn hverju sinni.

Vatnsveitan getur einnig ákveðið, að notendur, er síðar bætast við, beri hluta stofnkostnaðar við lögnina.

Vatnsveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á vatnsveituæðum (sbr. 4. gr.), enda þótt húseigendur hafi borið kostnað við lögnina í upphafi, að einhverju eða öllu leyti, nema öðruvísi sé um þetta samið.

Vatnsveitan skal koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra og bera kostnað af.

6. gr.

Sá, sem óskar eftir að leggja vatnsæð að húsi sínu frá götuæð vatnsveitunnar, leggja nýlagnir, gera breytingar á eða viðbætur við eldri vatnslagnir, skal útvega sér leyfi til þess hjá vatnsveitunni með nægum fyrirvara.

Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð, sem fást á skrifstofu vatnsveitunnar, og skulu þær undirritaðar af eiganda hússins, eða fullgildum umboðsmanni hans, ásamt þeim pípulagningameistara, sem á að annast verkið, og/eða bera ábyrgð á því.

Umsókn fylgi uppdráttur af vatnslögninni í tvíriti, gerður af hæfum manni, sem bæjarráð samþykkir.

Uppdrátturinn skal sýna grunnmynd kjallarahæðar hússins í eigi minni mælikvarða en 1:100.

Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsæða, loka og krana, bæði utan-húss og á eða í neðsta gólfi. Á afstöðumynd skal sýnd og málsett lega heimæðar, frá húsvegg að tengistað við vatnsveituæð. Gera skal ráð fyrir vatnsmæli á óskiptri húsæð, og skal honum afmarkaður staður á uppdrætti. Álíti vatnsveitan nauðsyn á, að gerðir séu nánari uppdrættir eða séruppdrættir, skulu þeir látnir í té og fylgja umsókninni.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafizt þess, að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Samþykki vatnsveitan uppdrátt, skal færa á hann áritun um það.

Pípulagningameistari, sem á að vinna verkið eða bera ábyrgð á því, ritar nafn sitt á eintak vatnsveitunnar, áður en verkið hefst. Sé lögn breytt eða skipt um pípulagningameistara, meðan á verki stendur, skal samstundis tilkynna vatnsveitunni það.

Uppdráttur, áritaður af vatnsveitunni og viðkomandi pípulagningameistara, skal ávallt vera á vinnustað. Með áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á, að unnt sé að framkvæma verkið, vegna leiðslna eða annars, sem kann að vera því til fyrirstöðu.

7. gr.

Pípulagningameistarar, sem bæjarráð viðurkennir hæfa, hafa einir rétt til að annast vatnslagnir eða bera ábyrgð á verkinu, og gildir það jafnt um nýlagnir og viðbætur við eða breytingar á eldri vatnslögnum. Þeir bera og ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við þessa reglugerð, nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett, og samþykktan uppdrátt.

72 Starfsmönnum vatnsveitunnar er einum heimilt að tengja heimæðar við götuæðar.
30. júní Húseiganda ber að greiða kostnaðinn.

Brjóti pípulagningameistari í bága við fyrirmæli þessarar reglugerðar eða annarra reglna um vatnslagnir, og eins þótt brot sé framið af starfsmönnum, sem vinna á hans ábyrgð eða með vitund hans, getur vatnsveitan veitt honum áminningu. Einnig getur bæjarráð svipt hann viðurkenningu (sbr. 1. málsgr.), ef um miklar sakir eða ítrekað brot er að ræða.

8. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og þessa reglugerð.

Engar vatnsæðar má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseiganda. Þegar það er gert, skal sá pípulagningameistari, sem ber ábyrgð á verkinu, vera viðstaddur og aðstoða starfsmenn vatnsveitunnar við prófunina.

Áliti eftirlitsmaður vatnsveitunnar, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

9. gr.

Allar vatnsæðar frá vatnsveituæðum, að húsi og í því, eru eign húseiganda og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi.

Vatnsveitan getur ákveðið að heimæðar eða hluti þeirra, skuli lagður af starfsmönnum hennar, en á kostnað húseiganda.

Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja sama húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar.

Vatnsveitan getur ákveðið, að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð, og gefur þá fyrirmæli um vídd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið, hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki á eitt sáttir um skiptinguna.

Óski húseigandi að tengja við gamla heimæð, skal hann útvega sér leyfi til þess, bæði hjá eiganda heimæðarinnar og vatnsveitunni.

Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu fokheld og upphituð. Frá þessu má víkja með samþykki starfsmanna vatnsveitunnar, enda sé fylgt fyrirmælum þeirra um umbúnað.

Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar er hans verður vart. Þótt leka hafi ekki orðið vart, getur vatnsveitan, telji hún brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti.

Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

10. gr.

Eftirlitsmenn vatnsveitunnar skulu hafa frjálstan aðgang að öllum vatnslögnum innanhúss, og skulu húseigendur gefa þær upplýsingar um vatnsnotkun, sem óskað er eftir.

11. gr.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar í eigu einstaklinga, sé eigi gert sennilegt, að þær verði teknar í notkun innan skamms tíma. Kostnað, er af þessu leiðir, greiðir eigandi.

12. gr.

72

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrar-truflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

Þegar eldsvoða ber að höndum, hafa slökkviliðið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem þessir aðilar telja nauðsynlegar, og á það jafnt við um vatnsæðar í einkaeign og um vatnsæðar vatnsveitunnar.

13. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal innheimta vatnsskatt af húseignum, er um ræðir í 2. málsg., og skal skatturinn miðaður við ákveðinn hundradshluta af fasteignamatsverði húseignar, eftir ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni.

Vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum í lögsagnarumdæmi bæjarins, sem standa við götu eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja. Nú er hús, sem greiða ber vatnsskatt af, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn.

Vatnsveitunni er heimilt að ákveða vatnsskatt af óbyggðum lóðum, sem eru við götu, veg eða opið svæði, þar sem vatnsæðar liggja.

Aukavatnsskatt skal leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun og ákveður bæjarstjórn gjald fyrir hvern rúmmetra.

Þar sem svo hagar til, sem segir í 4. málsg., skal vatnsmagn annað hvort mælt með vatnsmælum eða áætlað af vatnsveitunni.

Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitunnar, samfleytt eða í pörtum að ákvörðun hennar, og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega eftir þeim mælingum.

Vatnsveitunni er heimilt að ákveða, að vatn til heimilisþarfa verði selt eftir mæli, til einstakra húsa eða almennt. Samþykki bæjarstjórnar þarf til þessa, og setur hún þá sérákvæði um það, eftir því sem ástæður þykja til.

14. gr.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 1. júlí árlega. Skattinn ber að greiða til bæjar-gjaldkera.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn samkvæmt mæli eða áætlun, er heimilt að greiða hann á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunnar.

Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

15. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli (sjá 13. gr.), greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælisins. Vatnsveitan sér um viðhald mæla vegna eðlilegs slits, en húseiganda ber að bæta allar skemmdir af manna völdum og frostum.

Rjúfi einhver innsigli vatnsmælis varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Vatnsveitan er eigandi mælisins og greiðir húseigandi fyrir afnot hans endurgjald, sem bæjarstjórn ákveður.

Lögn vatnsæða innanhúss á jafnan að vera þannig háttáð, að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhúskerfi (sjá 6. og 9. gr.).

72 Verði vatnsmæli eigi komið fyrir án breytinga á vatnslögn, er húseiganda skylt 30. júní að láta breyta lögninni á eigin kostnað.

Vatnsveitin ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað.

Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust bilanir á vatnsmæli, sem hann kann að verða var við.

16. gr.

Verði vatnsnotandi uppvís að óhóflegri notkun vatns, hlíti ekki fyrirmælum vatnsveitunnar um viðhald eða breytingar vatnsæða, hefur vatnsveitan rétt til þess að loka heimæð að undangenginni aðvörum.

Vatnsveitunni er heimilt að skammta vatn til annars en heimilisnotkunar. Enn fremur getur hún krafizt þess, að fyrirtæki, sem nota mikið vatn, afli sér sparneytnari véla eða setji upp geyma til söfnunar vatns að næturlagi. Ef fyrirmælum vatnsveitunnar er eigi sinnt innan hæfilegs frests, er heimilt að loka fyrir heimæð fyrir-tækisins.

Vatnsveitunni er heimilt að taka gjald fyrir opnun heimæðar, sem lokað hefur verið af ofangreindum ástæðum.

17. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar.

Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum.

Vatnsveitan getur krafizt þess, að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyfingar á hávaða frá dælu.

18. gr.

Vatnsæðar og tæki skal tengja þannig, að eigi sé hætta á, að vatnið í æðunum óhreinkist.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum.

Enn fremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið getur óhreinun á vatni í vatnsveituæð eða heimæð.

19. gr.

Vatnsveitan getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, sem þessi reglugerð fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til þess.

20. gr.

Brot gegn þessari reglugerð varða sektum allt að 3000 krónum, nema þyngri refsing liggí við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Ísafjarðarkaupstaðar nr. 105 8. júní 1950.

Félagsmálaráðuneytið, 30. júní 1959.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

HAFNARREGLUGERÐ

73

30. júní

fyrir Raufarhöfn.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Raufarhöfn takmarkast af línu, sem dregin er úr norðausturhorni Raufarhafnarhöfða í Hólshöfðatá.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps kys þriggja manna hafnarnefnd, að loknum hreppsnefndarkosningum hverju sinni, til 4 ára í senn, og hefur hún, undir yfirstjórn hreppsnefndar og yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins, framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni og eignum hennar, stýrir öllum framkvæmdum er henni lúta og annast fjárhald hafnarsjóðs, innheimtu og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

3. gr.

Hreppsnefndin veitir fé úr hafnarsjóði til hafnarframkvæmda o. fl. eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á innstæðum hans eins og öðrum eignum hreppsfélagsins.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast og úrskurðast með þeim.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má innheimta með lögtaki.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

4. gr.

Hreppsnefnd ræður hafnarstjóra að fengnum tillögum hafnarnefndar og samþykkir laun hans.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boðum hans og banni, og enn fremur þeirra starfsmanna er hafnarnefnd eða hafnarstjóri setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

5. gr.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir, með því tefja fermingu eða affermingu skipa eða önnur störf sem þar eru unnin.

6. gr.

Ekki má kasta seglfestu, ösku, kolum, eða neinu öðru, sem valdið getur skemmdum á höfninni, né flytja það frá landi út í höfnina. Sama gildir og um síldar- og fiskúrgang, nema með leyfi hafnarstjóra.

73

30. júní

7. gr.

Ekki má gera nein hafnarmannvirki við höfnina, né breyta þeim mannvirkjum sem fyrir eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hreppsnefndar komi til.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

8. gr.

Fiskiskip og önnur skip, sem ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina, að tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa, og skal þeim í hvert skipti skylt að hlíta boði hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar, um hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega skip leggjast svo nærri bryggjum, að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur skip að komast að eða frá. Skipum eða bátum má eigi leggjast svo, að þau hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi eða umráðamaður við að hlýða boði hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð umráðaaðila eða eiganda. Kostnaðinn má taka lögtaki.

9. gr.

Ekkert skip má skilja eftir mannlaust á höfninni, nema með leyfi hafnarstjóra.

10. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það, að álitni hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er honum heimilt að láta selja skipið fyrir kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Kostnaðinn má taka lögtaki.

V. KAFLI

Um lesta- og ljósagjald.

11. gr.

Öll skip, er leggjast við festar eða bryggjur innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur, skulu greiða hafnargjöld er hér segir:

- a. Skip 8—20 brúttólestir, sem eru skrásett á Raufarhöfn, skulu greiða hafnargjald einu sinni á ári, kr. 2.00 fyrir nettórúmlest, þó aldrei minna en kr. 15.00. Stærri fiskiskip skrásett á Raufarhöfn, sem ekki eru í millilandasiglingum, greiða kr. 5.00 á nettó rúmlest árlega, þó aldrei minna en kr. 100.00 á ári.
- b. Innland veiðiskip greiði 75 aura á nettórúmlest í hvert skipti er þau koma til hafnar, þó aldrei minna en kr. 20.00.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma skulu greiða kr. 1.00 fyrir hverja nettórúmlest, nema strandferðaskip Skipaútgerðar ríkisins, sem greiði 60 aura af rúmlest. Hafnarnefnd er heimilt að lækka gjald þetta eða fella burtu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Undanþegin gjaldi þessu eru þó herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip, skip sem gerð eru út til visindalegra rannsókna og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda.

- d. Liggi skip lengur en 8 daga á höfninni í einu, skal það greiða lestagjald að nýju fyrir hverja 8 daga eða brot úr þeim. Hafi skipið verið tekið á land, til aðgerðar, telst sá tími ekki, sem það stóð uppi.

12. gr.

73

Öll skip, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí og lesta- 30. júní
gjald greiða skulu greiða ljósagjald þannig:

- a. Skip, sem getur um í 11. gr. a.-lið, minni skipin, greiði kr. 30.00 á ári. Stærri skipin greiði kr. 3.00 fyrir nettórúmllest um árið, þó aldrei minna en kr. 60.00.
- b. Skip sem getur um í 11. gr. b.-lið allt að 20 brúttólestir, greiða kr. 6.00 hvert skipti. Stærri skip í þessum flokki greiða kr. 8.00 í hvert skipti, sem þau koma til hafnar.
- c. Öll önnur skip greiði 10 aura af nettórúmllest, í hvert skipti sem þau koma til hafnar, þó aldrei minna en kr. 30.00.

VI. KAFLI

Um vörugjald.

13. gr.

Vörugjald skal greiða til hafnarsjóðs af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru og affermdar á höfninni, með þeim undanþágum, er um getur í næstu greinum.

14. gr.

Fyrir landsettar vörur úr skipi, sem samkvæmt farmskrám eru ætlaðar til umhleðslu, og eiga aðeins að leggjast á land um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald. Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda séu þær ákveðnar með farmskránni, greiðist ekkert gjald.

15. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar báta og skipa, sem fluttar eru úr landi.
- c. Póstflutningur og farangur ferðamanna.
- d. Vörur, sem fluttar eru úr herskipi (varðskipi) eða í herskip.

16. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst sem gjaldeining. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds, og er afgreiðslu skipsins eða skipstjóra þess skylt, að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrám skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

17. gr.

Vörugjaldskrá. (Aðfluttar og útfluttar vörur.)

1. flokkur: Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:
Salt, saltfiskur, síldarmjöl, fiskimjöl, sement (steinlím), kol og koks.
2. flokkur: Gjald 150 aurar hver 100 kg:
Áburður, blý, eldavélar, fóðurvörur, eldfastur steinn, akkeri, bárujárn, garðáxextir, gólfllisar og veggflisar, girðingarefni, vír og vírnet hvers konar, gærur og skinn, hey, járn, járnþípur, kornvörur, kálmeti, kaðall, kalk, kjöt, lýsi, landbúnaðarvélar, jarðstrengir, mjólk og mjólkurvörur, sykur óstil., þakpappi, þvottapottar, kaffi og kaffibætir.

- 73 3. flokkur: Gjald 200 aurar fyrir hver 100 kg:
 30. júní Bátar, benzín, bifreiðar, feiti, olíur (þar með gasolía), smjörliki, harðfiskur, skreið, tólg, veiðarfæri, sem ekki eru talin annars staðar.
4. flokkur: Gjald 50 aurar fyrir hver 10 kg:
 Bækur, blek, brauð og brauðvörur, garn, gúmmívörur, hessian, kitti, kex, kork og korkvörur, og einangrunarefni, linoleum, lín, lakk, lifur, menja, málning, olíufatnaður, pappír, pappakassar, pappírsvörur, sykur stíl-, stálbik, snurpinætur og snurpinótaefni, tjara, krit, gips, strigapokar, tvistur.
5. flokkur: Gjald 100 aurar fyrir hver 10 kg:
 Ávextir, ávaxtdrykkir, barnavagnar, blikkvörur, burstar, bökunarvörur, borðbúnaður, búsaðhöld, blóm og plöntur, eldspýtur, eldhúsaðhöld, gerefni, gerviefni, gler, glervörur, gólfáburður, gosdrykkir, hreinlætisvörur, hjólhestar, húsgagnaáburður, ferðatöskur, krydd, leður og leðurvörur, lyf, lykklar, lamir, laukur, niðursuðuvörur, pakkavörur, þrjónavörur, saumavélar, skilvindur, iðnaðarvörur, skrár, sápur, sódi, skóáburður, saft, sykurvatt, sýrur, smájárnvörur, leirvörur, kerti, te, tin, tómatar, öl, ölgerðarefni, vefnaðarvörur, plastvörur verkfæri, þvottaefni.
6. flokkur: Gjald 200 aurar fyrir hver 10 kg:
 Húsgögn og hljóðfæri, sem ekki er reiknað eftir rúmmáli, fatnaður, jólatré, leikföng, ljósmyndavélar, klukkur, mælar, peningaskápar, peningakassar, rafmagnsvörur, og raflagnaefni, rammar, rammalistar, listmunir, skrifstofuáhöld, skófatnaður, skot, skotfæri, sprengiefni, vopn, tóvara, símar, súkkulaði, sælgæti, sportvörur, sýnishorn, sýningarfilmur, viðtæki og ýmislegt.
7. flokkur: Gjald 300 aurar fyrir hver 10 kg:
 Ilmvörur, snyrtivörur, spritt, spíritus og áfengir drykkir, tóbak og tóbaksvörur.
8. flokkur: Gjald 30 aurar fyrir hvert stykki eða búnt:
 Tómar tunnur og föt, uppsett og í stöfum búntað í hverja tunnu.
9. flokkur: Gjald 35 aurar hvert rúmfet:
 Timbur og aðrar vörur taldar í rúmmáli.
10. flokkur: Gjald 150 aurar fyrir hverja tunnu:
 Fiskur, hrogn, garnir, kjöt, síld hvers konar verkuð, í tunnum.
11. flokkur: Gjald 150 aurar hver 100 kg:
 Freðsild og freðfiskur hvers konar.
12. flokkur: Gjald 60 aurar hvert mál:
 Öll síld í bræðslu (og annar fiskur), sem flutt er á land innan hafnar-svæðis Raufarhafnar eða í skip á höfninni.
13. flokkur: Gjald 600 aurar fyrir hvern grip:
 Geitur, hestar, loðdýr, nautgripir og sauðkindur.
14. flokkur: Gjald 10 aurar hver 100 kg:
 Þorskur og annar fiskur til verkunar, veginn upp úr sjó, slægður eða óslægður.
15. flokkur: Gjald 40 aurar fyrir hverja uppsaltaða tunnu:
 Síld og annar fiskur þannig mældur.
16. flokkur: Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg eða melda tunnu:
 Síld, mæld eða vegin til frystingar eða söltunar.
17. flokkur: Gjald 65 aurar fyrir hver 100 kg:
 Brennsluolía (fuelolía) og soðkjarni.

18. gr.

73

Viðtakandi greiðir vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. 30. júní

Vörugjöld falla í gjalddaga áður en viðkomandi skip fer úr höfninni, nema um annað hafi verið samið við hafnarstjórn.

Gjalddaga fyrir ársgjöld ákveður hafnarstjóri.

Hafnargjöld eru tryggð með lögveði í skipunum og gengur það veð fyrir samningsveðskuldum í tvö ár.

19. gr.

Gjald fyrir vörur þær, sem um getur í 17. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans á Raufarhöfn, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum unz gjaldið er greitt. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður standa skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð renna í hafnarsjóð.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

20. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af 3 dómkvöddum, óvilhöllum mönnum. Hvorum aðila um sig, er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð fór fram.

Yfirmat skal framkvæmt af 5 dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæð verður eigi breytt meir en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

21. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarstjóri tekur gilda.

22. gr.

Enginn skipstjóri getur vænt að fá afgreiðslu hjá lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra, að hann hafi greitt gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, ef um slíkt er að ræða, er hann á að greiða.

23. gr.

Hverja þá skipun, er samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipum, skal gefa stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og ekki heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður eða stýrimenn eru einnig fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt og skipstjóri hefði fengið hana sjálfur.

24. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

73

30. júní

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Sektirnir renna í hafnarsjóð Raufarhafnar.

25. gr.

26. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lend-ingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur niður hafnarreglugerð fyrir Raufarhöfn, nr. 65 29. apríl 1941, ásamt síðari breytingum.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. júní 1959.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

74

30. júní

G J A L D S K R Á

fyrir vatnsveitu Ísafjarðar.

Af fasteignamatsverði húsa skal greiða árlegan vatnsskatt $1\frac{1}{2}\%$.

Ef hús, sem vatnsskatt ber að greiða af, eru ekki virt fasteignamatsverði eða eru utan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, ákveður vatnsveitan skattinn.

Verksmiðjur, iðnaðarfyrirtæki, önnur atvinnufyrirtæki og aðrir, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa, skulu greiða aukavatnsskatt, 120 aura fyrir hvern rúm-metra, samkvæmt vatnsmæli eða áætlun vatnsveitunnar.

Gjald fyrir uppsetningu vatnsmæla:

5— 7 m ³ mælir	kr. 300.00
10—20 — —	— 450.00
50—80 — —	— 750.00

Leiga fyrir vatnsmæla:

5— 7 m ³ mælir	— 20.00 á mánuði.
10—20 — —	— 25.00 — —
50—80 — —	— 60.00 — —

Gjald fyrir enduropnun heimæðar kr. 100.00, þó eigi lægra gjald en kostnaði nemur hverju sinni.

Vatnsveitan ákveður verð, skilmála og tilhögun á vatnssölu til skipa í samráði við hafnarnefnd.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir vatnsveitu Ísafjarðar nr. 105 8. júní 1950.

Félagsmálaráðuneytið, 30. júní 1959.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ

75

30. júní

um hafnargjöld landshafnarinnar í Rífi á Snæfellsnesi.

Hafnargjöld.

1. gr.

Öll skip, sem eru 12 rúmlestir eða stærri, skulu greiða hafnargjöld er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Undanþegin hafnargjöldum eru herskip, skemmtiferðaskip, varðskip, björgunar-skip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna.

Hafnargjöld greiðast af nettóstærð skipa. Hálf rúmlest telst sem heil, en minna er sleppt.

Sérstök gjaldskrá gildir fyrir íslensk fiskiskip allt að 200 rúml.

A. Lestagjöld.

2. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald 60 aura fyrir hverja nettórúmlest í hvert sinn, sem þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, með þeim undantekningum, er síðar getur.

a. Skip, sem eingöngu eru í innanlandssiglingum, skulu þó eigi greiða lestagjald þetta oftár en tvisvar í mánuði, þó þau komi oftár til hafnar

b. Skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á skipi á ein- hvern hátt, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi ein- hverjar vörur.

Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að rétta áttavita, setja á land sjúka menn eða látna, eða til að fá skipanir.

B. Bryggjugjald.

3. gr.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald af nettó burðarmagni skipsins.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 25 aura af hverri rúmlest, þó aldrei minna en 25 krónur.

Ef farmskip liggur utan á öðru skipi og bíður eftir feringu eða affermingu, skal það greiða hálf gjald.

Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

C. Festargjald.

4. gr.

Skip og bátar, sem nota festar hafnarinnar, skulu greiða 10 aura af hverri nettólest af burðarmagni skipsins, fyrir hvern sólarhring eða hluta sólarhrings, þó aldrei minna en 5 krónur um sólarhringinn.

D. Kjölfestugjöld.

5. gr.

Ef skip tekur kjölfestu í höfninni, skal það greiða 25 aura af hverri nettórúm- lest, en 10 aura af hverri rúmlest, ef það skipar upp kjölfestu.

75

30. júní

E. Ljósagjald.

6. gr.

Skip, sem halda til í höfninni, eða hafa uppsátur innan takmarka landshafnarinnar fjóra mánuði af árinu eða lengur og eru minni en 100 rúmlestir brúttó, skulu greiða ljósagjald, 20 krónur misserislega. Gjaldalagi er 2. janúar og 1. júlí árlega.

Öll önnur skip skulu greiða ljósagjald í hvert sinn er þau koma til hafnarinnar, 5 krónur fyrir fyrstu 50 nettó tonn og 5 auro fyrir hvert nettó tonn þar fram yfir, þó aldrei minna en 5 krónur.

Undanþegin ljósagjaldi eru sömu skip og undanþegin eru lestagjaldi samkvæmt 2. gr. a.-lið hér á undan.

F. Vatnsgjöld.

7. gr.

Fyrir drykkjarvatn og ketilvatn handa skipum skal greiða það gjald fyrir hverja rúmlest, sem hafnarstjórn ákveður.

G. Lesta- og bryggjugjöld fyrir íslensk fiskiskip.

8. gr.

- a. Fiskiskip, sem halda til í höfninni eða hafa uppsátur innan takmarka landshafnarinnar fjóra mánuði af árinu eða lengur, skulu greiða lesta- og bryggjugjöld sem hér segir:

Fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem þau dvelja í höfninni, hvort heldur þau liggja við bólvirki eða bryggju eða utan á öðrum bátum eða skipum:

Þilfarsbátar og skip allt að	15 brúttó rúmlestir	kr.
— — — — 16— 30	— —	— 6.75
— — — — 31— 50	— —	— 10.50
— — — — 51— 70	— —	— 15.00
— — — — 71— 90	— —	— 18.75
— — — — 91—120	— —	— 22.50
— — — — 121—160	— —	— 26.25
— — — — 161—200	— —	— 30.00

- b. Fiskiskip, sem ekki hafa fasta viðlegu í landshöfninni, skulu greiða lesta- og bryggjugjöld sem hér segir, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem þau dvelja í höfninni, hvort heldur þau liggja við bólvirki eða bryggju, eða utan á öðrum bátum eða skipum:

Þilfarsbátar og skip allt að	15 brúttó rúmlestir	—
— — — — 16— 30	— —	— 9.00
— — — — 31— 50	— —	— 14.00
— — — — 51— 70	— —	— 19.00
— — — — 71— 90	— —	— 25.00
— — — — 91—120	— —	— 30.00
— — — — 121—160	— —	— 35.00
— — — — 161—200	— —	— 40.00
— — — — 161—200	— —	— 50.00

H. Vörugjald.

9. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi eða dauðum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land, eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, með þeim undantekningum, er síðar getur.

10. gr.

75

Ef vörur, sem á farmskrá skipsins eru ákveðnar til annarra hafna, eru látnar í land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land. 30. júní

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

11. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi í skip og ákveðnar eru til annarra hafna innanlands, greiðist hálf vörugjald.

Hálf vörugjald skal og greiða fyrir þær vörur, sem fluttar eru úr skipi í strandferðaskip og ætlaðar eru til annarra hafna innanlands, og fyrir þær vörur, sem koma með strandferðaskipum frá öðrum höfnum innanlands, og eru fluttar í önnur skip.

12. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru. Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, enn fremur kol, salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk fiskiskip til eigin notkunar. Hálf vörugjald greiðist af kolum, salti og ís til erlendra fiski- eða vöruflutningaskipa, þótt það sé til eigin afnota.
- b. Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.

13. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meiru, telst heil gjaldeining, en minna brot hálf gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá viðkomandi skips við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn við þetta.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

14. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjald greiða eins og þar segir, þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 1.00 kr.

Ef vafi leikur á, í hverjum flokki skuli telja vörur, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

15. gr.

Flokkar vörugjaldskrárinnar.

1. flokkur: Gjald 1.00 kr. fyrir hver 100 kg:
Allur fiskur upp úr sjó.
2. flokkur: Gjald 1.00 kr. fyrir hver 100 kg:
Blý, brýni, sement, eldfastur leir, gaddavír, stálvír, gærur saltaðar í pökkum, ís, járn og stál, járnkeðjur og járnþípur, kaðlar, kitti, litarvörur þungar, rafmagnsvörur, prentsverta, sódi, togleður, þakjárn, þakpappi, ísvarinn fiskur, nýr fiskur slægður og óslægður (gjald þetta á fiski greiðist aðeins, þegar honum er skipað út), kol og salt.
3. flokkur: Gjald 1.50 kr. fyrir hver 100 kg:
Benzín og baðlyf, fiskilínur, óverkaður saltfiskur, fiski- og síldarmjöl, garnir, hey, kálmeti, kartöflur, alls konar kornvörur, kjöt, leður, leir-

75

30. júní

- vörur, linoelum, mör, bækur, pokar, pokastrigi, strigi, rjúpur og aðrir fuglar, rúðugler, saumur, sápa, segldúkur, seglgarn, hampur, tvistur og vaxdúkur, hraðfrystur fiskur, harðfiskur og þurr saltfiskur.
4. flokkur: Gjald 2.40 kr. fyrir hver 100 kg:
Brennsluolía og benzín (laus í geymi).
5. flokkur: Gjald 3.00 kr. fyrir hver 100 kg:
Lýsisföt, smurnings- og steinolíutunnur, brennsluolía, áburðarolía, feiti, fernisólía og tjara.
6. flokkur: Gjald 1.50 kr. fyrir hver 100 kg:
Lýsi, ávextir, nýir, þurrkaðir og niðursoðnir, brauðvörur, kaffi, kakaó, lyf og lyfjavörur, mjólk, alls konar niðursuðuvörur, jurtafeiti, smjör, smjörlíki, súkkulaði, sykur, te, ull, sundmagi og nýlenduvörur alls konar.
7. flokkur: Gjald 5.00 kr. fyrir hver 100 kg:
Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, glysvarningur og þess háttar léttar vörur, rjól, rulla, reyktóbak, skinnavörur, vefnaðarvörur, vindlar og vindlingar.
8. flokkur: Gjald 3.00 kr. fyrir hver 100 kg:
Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
9. flokkur: Gjald 15.00 kr. fyrir hvern teningsmetra:
Húsgögn, orgel, píanó, saumavélar, skilvindur, stundaklukkur og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
10. flokkur: Timbur, 25.00 kr. fyrir hvern standard.
Tómar síldartunnur, 1.00 kr. fyrir hverja tunnu.
Tómar stáltunnur og tóm lýsisföt, 1.50 fyrir hvert stykki.
11. flokkur: Síld og hrogn í tunnum 2.50 kr. fyrir hverja tunnu.
Fiskflök í síldartunnum 2.50 fyrir hverja tunnu.
Saltfullar síldartunnur 2.00 kr. fyrir hverja tunnu.
Frosin beitusíld 2.00 kr. fyrir hver 100 kg.
12. flokkur: Gjald 10.00 kr. fyrir hvern grip:
Hross, nautgripir og svín.
13. flokkur: Gjald 2.00 kr. fyrir hverja sauðkind.
14. flokkur: Gjald 20 kr. fyrir hvert stykki:
Bifreiðar, dráttarvélar og jarðýtur.

I. Lóðir og geymsluhús m. m.

16. gr.

Fyrir að leggja vörur, sem affermdar eru, á land hafnarinnar, skal greiða 4 aura fyrir hvern fermetra af landi því, sem varan liggur á, fyrir hvern sólarhring, talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið.

Sama gjald skal greiða fyrir vörur, sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara eiga í skip.

17. gr.

Ef affermdar vörur eru látnar í geymsluhús hafnarinnar, skal greiða 10 aura fyrir hvert stykki, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið, enda sé varan tekin innan þriggja daga. Fyrir aðra vörugeymslu greiðist það gjald, sem um semur við hafnarstjóra.

18. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar og geymsluhús, sem eru leigð einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

J. Hafnsaga og hafnsögugjald.

75

30. júní

19. gr.

Sérhvert skip, sem hafnar ætlar að leita í landshöfninni og nota þarf hafnsögumann, skal gera boð um það til hafnsögumanns, verði því við komið, og með hæfilegum fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 1 sjómílu út af Tösku. Vísar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við festar á höfninni. Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu, að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmaett erindi, að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur á skipi ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

20. gr.

Öll skip, sem stærri eru en 30 rúmlestir brúttó, skulu hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, greiða hafnsögugjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma frá útlöndum og athafna sig í höfninni. Komi sama skip oftár á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald nema það noti hafnsögumann.

Herskip, skemmtiferðaskip og varðskip eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

21. gr.

Ef sjúkdómar eru á skipinu eða ástæða er til að ætla, að sóttþætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

22. gr.

Þegar skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarskrifstofunnar, sem segir honum hvar skipið megi liggja.

23. gr.

Hvert það skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða frá höfninni skal greiða hafnsögugjald.

24. gr.

Auk þess skal greitt sérstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina, þar á meðal inn í og út úr innri höfninni.

25. gr.

Ekkert skip, sem stærra er en 200 brúttó rúmlestir, má fara að né frá hafnarmannvirkjunum, nema hafnsögumaður landshafnarinnar sé á skipi. Þó getur hafnarstjóri veitt undanþágu frá þessu undir vissum kringumstæðum. Greiðir þá hlutaðeignandi $\frac{1}{3}$ hafnsögugjalds.

26. gr.

Hafnsögugjald.

Öll aðkomuskip, sem fara inn á innri höfn, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald eins og hér segir, reiknað af nettóstærð skipsins.

Innlend skip og bátar greiða hafnsögugjald einu sinni á ári, ef þau koma á innrihöfn, nema þau noti aðstoð hafnsögumanns.

Herskip og varðskip eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

- 75 a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 175.00 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir, og 70 aura fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 nettó rúmlestir, og 15 aura fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni 175 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir, og 35 aura fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 nettó rúmlestir, og 10 aura fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.
- c. Fyrir leiðsögu um höfnina greiðist 100.00 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir og 15 aurar að auki fyrir hverja nettó rúmlest fram yfir 100.
- d. Fyrir að vera úti í skipum greiðist 175 krónur á sólarhring eða hlutar úr sólarhring, þar til hafnsögumaður er eftur kominn heim, auk þess greiðist fæði og útlagður ferðakostnaður heim. Jafnframt greiði sömu skip hafnsögugjald undir staflið a. og b.

Öll hafnsögugjöld eru miðuð við kaupgjaldsvisitölu 100 1. marz 1959 — og breytast í samræmi við hana á hverjum tíma.

K. Um innheimtu og geymslu hafnargjalda.

27. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

28. gr.

Skipstjóri, formaður eða eigandi ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnar-sjóður hefur haldsrétt í skipum, unz hafnargjöld eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

29. gr.

Vörugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar samkv. 22. og 23. gr. greiði mót-takandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarstjóra skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem af-fermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar byrjað er að afferma skipið.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum, unz gjaldið er greitt.

30. gr.

Leigu af lóðum hafnarinnar greiðir samningsaðili.

31. gr.

Gjald fyrir að nota krana, sporbrautir eða önnur tæki og áhöld greiðir sá, sem semur við hafnarstjóra um afnotin.

32. gr.

Öll gjöld samkv. reglugerð þessari má taka lögtaki.

33. gr.

75

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð landshafnarinnar.

34. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 38 14. marz 1951, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um hafnargjöld landshafnarinnar í Rifi á Snæfellsnesi, nr. 70 4. maí 1956.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. júní 1959.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

76

1. júlí

um breyting á reglum um merkingu skipa, nr. 25 25. febr. 1954, sbr. auglýsingu nr. 175 31. des. 1954 og nr. 3 2. jan. 1956, um breyting á þeim reglum.

Í stað umdæmisbókstafanna „TH Þingeyjarsýslur“ í 3 gr. komi: ÞH Þingeyjarsýslur og Húsavík.

Breyting þessi á reglum um merkingu skipa nr. 25/1954 og auglýsingum nr. 175/1954 og 3/1956, sem settar eru samkvæmt 27. gr. laga nr. 17 8. marz 1948 öðlast gildi 1. janúar 1960.

Fjármálaráðuneytið, 1. júlí 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Sigtr. Klemenzson.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

77

11. júlí

fyrir Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavíkurbæ.

I. KAFLI

Stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Suður-Þingeyjarsýsla og Húsavíkurkaupstaður eru eitt fjallskilafélag, sem skiptist í deildir eftir því, sem landi hagar og fjöll og vatnsföll deila.

Sýslunefndin ákveður takmörk deilda eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarfélaga.

2. gr.

Sýslunefndin í Suður-Þingeyjarsýslu hefur á hendi yfirstjórn allra málefna fjallskilafélagsins, samkvæmt gildandi sveitarstjórnarlögum, en hreppsnefndir og

77 bæjarstjórn Húsavíkur hafa að öðru leyti alla stjórn og framkvæmd á fjallskilastjórnum. 11. júlí málum deildanna.

3. gr.

Hver hreppsnefnd getur valið einn mann eða fleiri til að hafa á hendi stjórn og framkvæmd fjallskilamála hreppsins og nefnast þeir fjallskilastjórnar.

Þar sem svo hagar til, að ein fjallskiladeild tilheyrir tveimur eða fleiri hreppum, kjósa hlutaðeigandi hreppsnefndir sameiginlega fjallskilastjórn, er hafi störf þessi á hendi í umboði nefndanna.

II. KAFLI

Notkun upprekstrarlanda.

4. gr.

Allt land skiptist í öræfi, afréttir og heimalönd. Ekki verður afréttarland, þótt í einkaeign sé, gert að heimalandi, nema samþykki hreppsnefndar komi til, enda hafi það aldrei áður í byggð verið.

Sýslunefnd getur ákveðið nýjar afréttir eftir tillögum hreppsnefndar, enda liggja samþykki landeigenda fyrir.

5. gr.

Hver hreppsnefnd skal semja skrá með tölu og ummerkjum yfir þær afréttir, er hún hefur umsjón með, og rita hana í gerðabók hreppsins eða sérstaka fjallskilabók. Þar skal og rita allar ákvarðanir, sem gerðar eru viðkomandi fjallskilum hreppsins, og getur sýslunefnd ávallt krafizt afríts úr bókum þessum.

6. gr.

Sumarbeitiland sauðfjár, samkvæmt reglugerð þessari, eru afréttir allar og heimalönd að öðru leyti en því, sem girt er af þeim eða varið til annarra nota. Hreppsnefnd hverri er skylt að sjá um, að öll landssvæði, sem eru í hennar umsjá til fjallskila, notist sem bezt og jafnast til sumargöngu. Þannig hafi hreppsnefnd, þar sem um afréttarsvæði, fráskilin heimalöndum, er að ræða, vald til að ákveða hvaða fjáreigendur reka fé þangað, hvenær þeir gera það og hvar þeir skilja það eftir.

7. gr.

Ef þurfa þykir skal hreppsnefnd beitast fyrir að sumargönguland hreppsins sé metið til ítölu, samkvæmt lögum nr. 85 frá 1943. Nú hefur ítölumati farið fram í tiltekið landssvæði, samkvæmt áðurnefndum lögum, og í ljós komið, að einstaka fjáreigendur skortir land til sumarbeitar fyrir fé sitt, og skulu þeir þá greiða upprekstrargjald til fjallskilasjóðs, er síðan greiðir hagatoll til þeirra landeigenda, er landrými hafa, fram yfir eigin þarfir og leyfa upprekstur í það. Skal hreppsnefnd ákveða gjöld þessi innan sveitar.

Þar sem svo hagar til, að afréttir eru í eigu eins eða fárra manna, ákveður hreppsnefndin gjöldin í samráði við þá, og getur falið þeim innheimtu sjálfum.

Heimilt er þeim fjáreiganda, sem skortir land til sumarbeitar, að útvega sér það sjálfur, en tilkynna skal hann það hreppsnefndinni, eigi síðar en 1. júní ár hvert. Þó fjáreigandi fái land til sumargöngu utan síns hrepps, verða eigi lögð á hann fjallskil þar, beinlínis, heldur fer þar um eftir samningi hlutaðeigandi hreppsnefndar, sbr. 23. gr.

8. gr.

Nú verður hreppur fyrir ágangi á afrétt eða heimalönd af fé úr öðrum hreppi, og á þá sá, er fyrir áganginum verður, kröfurétt á hinn um hagagjald.

Rétt er, að sveitarstjórnir hlutaðeigandi hreppa geri með sér samning til til- 77 tekens tíma um bætur fyrir áganginn eftir ástæðum á hverjum stað. Greiðast slík 11. júlí uslagjöld af hlutaðeigandi fjallskiladeild.

9. gr.

Eftir að hreppsnefnd hefur ákveðið að vorsmölun sé lokið og til fyrstu gangna má enginn smala afrétt né gera afréttarpeningi ónæði, nema með leyfi hreppsnefndar.

10. gr.

Rétt er þeim, sem verður fyrir ágangi á engjum sínum af sumargöngufé, að kæra það fyrir hreppsnefnd og getur hann skotið máli sínu til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar, ef ekki næst samkomulag.

11. gr.

Eigi má eigandi eða umráðamaður lands, sem notað er til sumargöngu, taka sauðfé eða annan búpening í land sitt af mönnum, sem heimili eiga utan hrepps, nema með samþykki hreppsnefndar, þar sem landið liggur. Þetta á þó eigi við þar sem fjallskiladeild nær til tveggja hreppa eða fleiri.

Ekki hefur eigandi lands, er liggur innan takmarka sýslufélagsins, sé hann hann búsettur utan þess, rétt til að nota það til upprekstrar, nema samþykki sveitarstjórnar, þar sem landið liggur, komi til.

Telji hreppsnefnd, að of mörgu fé sé sleppt til sumargöngu í þau lönd, sem að hreppsmörkum liggja, getur hún krafizt ítölu, samkvæmt ákvæðum ítölulaga.

III. KAFLI

Fjárréttir.

12. gr.

Fjárréttir skiptast í aðalréttir og aukaréttir.

Aðalréttir eru nú:

Miðvíkurrétt við Víkurskarð, Gljúfrárrétt í Höfðahverfi, Lokastaðarétt, Dælisrétt og Tungurétt hjá Illugastöðum í Fnjóskadal, Nausteyrarrétt á Flateyjardal, Fellsrétt í Kinn, Litlutungurétt, Fótarrétt og Viðikersrétt í Bárðardal, Baldurheimsrétt og Reykjahlíðarrétt í Mývatnssveit, Hallbjarnarstaðarétt í Reykjadal, Hraunsrétt í Aðaldal, Skógarrétt í Reykjahverfi, Tungugerðisrétt á Tjörnesi og Húsavíkurrétt.

Hver aukarétt heyrir undir einhverja aðalrétt. Á aukarétt skal rétta fyrr en á aðalrétt þeirri, er aukaréttin heyrir undir, enda gangi úrtíningsfé þaðan til aðalréttar og dragist þar upp.

13. gr.

Skýlt er hverri fjallskiladeild að annast byggingu og viðhald nauðsynlegra rétta á sínu svæði. Skulu fjáreigendur, sem sókn eiga til réttar, sjá sér þar fyrir nægilegu dilkrúmi á sinn kostnað, og hlíta samþykktum fjallskiladeildar um gerð þeirra, ef um nýbyggingu réttar er að ræða. Sama gildir um aðrar fjallskiladeildir, sem fjár geta átt von á réttinni.

Kostnað af byggingu almennings og geymslurúms ber fjallskiladeildin.

14. gr.

Nú þykir þörf að fjölga fjárréttum, eða færa gamla rétt á annan hentugri stað, og skal þá hreppsnefnd sú eða hreppsnefndir, er hlut eiga að máli, bera málið undir atkvæði búenda í fjallskiladeildinni á almennum fundi.

Sé um aukarétt að ræða, ræður meiri hluti atkvæða málinu til fullnaðarlykta, en um aðalrétt þarf samþykki sýslunefndar til þess, að ákvörðun sé gild.

77

11. júlí

15. gr.

Skyldur er hver landeigandi að leggja til land undir rétt, þó ekki tún eða engi. Valdi réttarbygging grasnámi eða jarðusla, skal bæta það landeiganda, ef krafizt er, eftir mati tveggja óvilhallra manna, er dómkvaddir séu af sýslumanni.

Endurgjald til jarðeiganda, sem og kostnaður af matsgerðinni, telst með bygg-ingarkostnaði réttarinnar.

IV. KAFLI

Smölun til rúnings.

16. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar, eru skyldir til að smala lönd sín á vorin eftir því, sem hreppsnefnd ákveður. Nú er jörð í eyði og enginn ákveðinn notandi að henni, ber þá fjallskiladeildinni að hlutast til um, að landið sé smalað til rúnings, ef þörf telst til og á kostnað landeiganda, eða taka ákvörðun um, hvernig kostnaður af smöl-uninni sé borinn uppi. Sama gildir um smölun afréttar, ef fé rennur þangað fyrir rúning.

17. gr.

Hreppsnefnd hefur vald til að ákveða hvenær vorsmölun skuli fara fram. Ókunnugt fé, sem þá kemur fyrir, og eigendur ráðstafa ekki sjálfir, ber finnanda að rýja, ef unnt er, og einnig marka unglömb. Skal hann gera eigendum aðvart um ullina, og gera grein fyrir mörkum á lömbum. Þóknun fyrir rúning má nema alla að andvirði helmings ullarinnar.

V. KAFLI

Hreinsun heimalanda.

18. gr.

Hver búandi er skyldur að hreinsa heimaland sitt á hverju hausti í sambandi við almenn fjallskil og eftir nánari fyrirmælum hreppsnefndar. Heimilt er hreppsnefnd að meta smölun þeirra til fyrstu réttar, og reikna sem framlag til fjallskila vinnu þá, sem lögð er til smölunarinnar. Rekstur til réttar reiknast með fjallskilum.

Hreppsnefnd getur skipað fyrir um almenna hreinsun heimalanda á haustin, hvenær sem henni þykir nauðsynlegt.

19. gr.

Nú liggja heimalönd tveggja eða fleiri hreppa saman, og skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir koma sér saman um, hvernig hreinsuninni skal hagað á því svæði.

20. gr.

Hver búandi er skyldur að hirða fé það, er finnst í heimalöndum, eftir að al-mennum fjallskilum er lokið, og greiða fyrir því, að það komist til réttra eigenda, samkvæmt reglum er hreppsnefnd setur.

VI. KAFLI

Göngur og réttir.

21. gr.

Hver sem á sauðkindur eða geitfé ber að telja fram við hreppsnefnd fyrir 1. ágúst ár hvert allt sitt fé og gera fjallskil fyrir það á þann hátt sem hún ákveður. Skyldur er hver húsráðandi að inna fjallskil af hendi fyrir heimilisfólk sitt.

Enginn fjáreigandi er undanþeginn fjallskilum, þótt hann hafi sleppt fé sínu í 77 heimaland. Þó getur hreppsnefnd undanskilið að meira eða minna leyti það fé, sem 11. júlí geymt er í eyjum eða girðingum, sem vel er við haldið. Gera má um þetta sveitar-samþykkt á lögmatum fundi, enda hafi þess verið getið í fundarboði, að málið verði borið þar fram.

22. gr.

Hreppsnefnd skal skipta löndum, sem hún hefur forsögn um fjallskil á, í tiltekin leitarsvæði og kveða á um, hvað marga menn þarf í hverja leit, og til hvaða réttar fé það skuli ganga. Einnig skipar hún fyrir um hvers konar fjallskilavinnu aðra inna þarf af höndum.

23. gr.

Þegar hreppar fá í haustgöngum ójafna fjártölu — svo að máli skiptir — hver úr annars löndum, þá er þeim hreppi, sem fleira fær féð, skylt að greiða hinum áfallinn gangnakostnað fyrir það.

Enginn hreppur verður krafinn um meiri liðsauka í göngur en nemi þeirri manntölu, sem hann þarf að senda til fjársóknar á réttir hlutaðeigandi hrepps, en mismunurinn að öðru leyti reiknaður til verðs. Hafi upprekstur átt sér stað úr þeim hreppi, sem krafinn er, í lönd þess hrepps, sem kröfuna gerir, á hann þó rétt á sérstökum liðsafla með tilliti til þess. Hagagjald fyrir sumargöngu fjárens sé greitt eftir samkomulagi. Skulu hreppar gera með sér glögga samninga um þessi viðskipti, og séu þeir ekki uppsegjanlegir nema með tilteknum fyrirvara. Ágreiningi hreppa um þessi atriði má skjóta til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar.

24. gr.

Nú vanrækir einhver þau fjallskil, sem á hann hafa skipzt, og er honum það sjálf-rátt, eða hann leggur ógildan mann til fjallskila, þá er það gangnarof og varðar 100—300 króna fébótum, er renna í fjallskilasjóð. Auk þess greiðir sá, er brotlegur verður, göngurnar eftir mati, nema leitarforingi eða hreppsnefnd fái mann til að inna þau af hendi, á hans kostnað.

25. gr.

Hæfan gangnamann skal álíta þann, er leitarforingi og minnst helmingur leitar-manna tekur gildan, þó aldrei yngri en 14 ára. Nú verður einhver leitarmanna sannur að óhlýðni, hirðuleysi eða handvömm, sem honum sjálfum er um að kenna, þá skal svo álíta sem enginn hafi verið lagður til fjallskila í það sinni, og að auki sæti aðili fébótum sem fyrir gangnarof. Nú er leitarmaður ekki talinn fullgildur, en þó eigi heim sendur, og reiknast honum þá kaup eftir mati leitarforingja og hreppsnefndar.

26. gr.

Þrenn skulu fjallskil haust hvert. Auk þess skal hreppsnefnd heimild að skipa fyrir um fleiri fjallskil, ef þörf þykir. Því aðeins skulu tvenn fjallskil látin nægja, að samþykki sýslunefndar liggja fyrir.

Nú kemur óveður, er gangnamenn eru af stað komnir og göngur byrjaðar, svo að þær verða að litlu gangi eða engu, og er þá komið undir álitu hlutaðeigandi hreppsnefndar, hvort telja skuli, að nokkrar göngur hafi verið gerðar í það sinn.

27. gr.

Haustgöngur skulu byrja svo snemma ár hvert, að fyrstu réttardagar á aðalrétt-um verði þessir:

- 77 a. 11. september: Nausteyrarrétt.
 11. júlí b. 12. september: Gljúfrár-, Fells-, Litlutungu-, Skóga-, Húsavíkur- og Tungu-gerðisrétt.
 c. 13. september: Lokastaða-, Víðikers- og Reykjahlíðarrétt.
 d. 14. september: Miðvíkur-, Dælis-, Tungu-, Baldursheims-, Hallbjarnarstaða-, Hrauns- og Fótarrétt.

Sjö dagar skulu líða milli gangna.

Nú er leitarsvæði, eitt eða fleiri, aðskilin frá öðrum með girðingum eða tálmunum frá náttúrunnar hálfu, sem hindra millirennslu fjár, og getur þá sýslumaður heimilað viðkomandi hreppsnefnd eða hreppsnefndum, að færa fjallskil til á því svæði, um tiltekinn tíma, þó ekki meira en viku.

28. gr.

Hreppsnefnd skal birta með umburðarbréfi, er berist sem þingboð um hreppinn nokkru á undan fjallskilum, hvað hver fjáreigandi skal leggja til fjallskilanna. Sé þar tekið fram, hvernig göngum skuli hagað í hvert skipti, tilnefndir leitarforingjar og þeir menn, sem sendir skulu á aðrar fjárréttir. Hreppsnefnd skipar réttarstjóra, er hefur umsjón með réttun fjárins og sundurdrætti. Getur hann kvatt sér til aðstoðar svo marga menn, sem þarf til þess að sundurdráttur fjárins gangi greiðlega.

Óhlýðni og þrjúska gegn skipun réttarstjóra varðar sektum.

29. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur til að hafa svo marga menn á þeirri fjárrétt, sem hann á sókn að, sem þarf, til þess að fé hans verði dregið svo greiðlega, sem réttarstjóri mælir fyrir. Skal að minnsta kosti einn maður vera kominn til réttar frá hverjum fjáreiganda, þá réttað er og sundurdráttur byrjar, enda má enginn reka fé frá réttinni, fyrir en honum er lokið, nema réttarstjóri leyfi.

30. gr.

Leitarforingjar skipa fyrir um, hvernig göngum skal hagað í hverri leit. Þeir sjá um, svo sem unnt er, að hver gangnamaður leysi hlutverk sitt vel af hendi, og að fjársöfnin séu rekin með reglu til réttar í tækan tíma. Svo hafa þeir og umsjón með geymslu fjárins, þar til réttarforingi tekur við því. Eru gangnamenn skyldir að hlýða leitarforingja, og varðar sektum, sem fyrir gangnarof, ef út af er brugðið.

Leitarforingja er skylt að sjá um, eftir því sem frekast er hægt, að vanmetafé, eða nytjar af því, komist til byggða. Ella verði svo frá því gengið, að fundið verði, og kostar þá fjallskiladeildin flutninginn í byggð. Þó ber fjallskiladeildin ekki ábyrgð á, að hrútum, eldri en veturgömlum, sé komið til réttar, ef þeir reynast ekki göngufærir með öðru fé, en skylt er að segja eigendum frá að þeirra hafi orðið vart.

31. gr.

Í hverri fjallskiladeild skal vera fjallskilasjóður og er heimilt að jafna niður ákveðnu gjaldi til hans, eftir tölu þess fjár, sem þar er fjallskilaskyld. Í hann mega renna hagagjöld, eftirstöðvar af skylduvinnu til fjallskila, fundarlaun fyrir fé úr öræfaleitum og eftirleitum, sem gerðar eru á kostnað fjallskiladeildarinnar, sektir og fleira.

Tekjur fjallskilasjóðs skal verja til að standa straum af fjallskilakostnaði, sem eigi verður auðveldlega inntur af höndum með skylduvinnu, svo sem til að borga aukaleitir, öræfaleitir, fundarlaun eftirleitarfjár fjáreigenda í deildinni, réttarbyggingar o. fl.

Reikningar fjallskiladeildar skulu gerðir samtímis reikningum sveitarsjóða og fylgja þeim til sýslunefndar.

77
11. júlí

32. gr.

Þyki einhverjum sér gerð of mikil fjallskil, hefur hann rétt til að kæra það fyrir hreppsnefnd, er leggur úrskurð á kæru hans. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til sýslunefndar. Enginn getur með því að kæra skotið sér undan að inna þau fjallskil af hendi, er honum voru gerð.

VII. KAFLI

Eftirleitir og öræfaleitir.

33. gr.

Þá er fjallskilum er að fullu lokið, má hreppsnefnd leyfa eftirleit á afrétti, annað hvort fyrir umsamda borgun eða á kostnað leitarmanna sjálfra.

Fjárleitir á öræfum, sem ekki geta talizt til nokkurra afrétta, skulu gerðar eftir sömu reglum sem eftirleitir, en heimilt er, að þær fari fram samtímis fjallskilum.

34. gr.

Fundarlaun fyrir fé, sem finnst í öræfaleit, skal vera $\frac{2}{5}$ hlutar verðs fjárins, samkvæmt mati finnandans, en $\frac{1}{3}$ hluti verðs fyrir það fé, sem finnst í eftirleit á afrétt. Vilji fjallskilastjóri ekki leysa féð út samkvæmt þessu mati, er finnandinn skyldur til að kaupa féð tilsvarendi verði.

Nú hafa aðeins farið fram tvenn almenn fjallskil á einhverju leitarsvæði og er þá ekki skylt að greiða fundarlaun fyrir það fé, sem finnst í 3. leit, þótt eftirleit sé kölluð.

Fyrir óheimt fé, sem finnst í heimalöndum eða við smölun fjár, þó í afrétt sé, eftir að fjallskilum er lokið, er ekki skylt að greiða fundarlaun.

Fé, sem finnst í öræfaleit, er skylt að farga sama haust.

35. gr.

Hver maður skal auðkenna fé sitt með glöggu marki á eyrum og brennimarki á hægri horni, eða öðru ótvíræðu einkenni, ef eigandaskipti hafa farið fram á kind, eða eyrnamark skemmt.

Um markréttindi fer sem í lögum er ákveðið.

Hver fjáreigandi er skyldur að auðkenna fé sitt á vinstra horni með þessum sveitarbrennimörkum, eða aluminiummerki í eyra, með sömu einkennisstöfum:

Tjörneshreppur	Þ. 2.	Húsavíkurkaupstaður	Þ. 3.
Reykjahreppur	Þ. 4.	Aðaldælahreppur	Þ. 5.
Reykðælahreppur	Þ. 6.	Skútustaðahreppur	Þ. 7.
Bárðdælahreppur	Þ. 8.	Ljósavatnshreppur	Þ. 9.
Hálshreppur	Þ. 10.	Flateyjarhreppur	Þ. 11.
Grýtubakkahreppur	Þ. 12.	Svalbarðsstrandahreppur	Þ. 13.

36. gr.

Öll fjármörk sýslunnar skal rita í eina skrá, er sýslunefnd semur, og skal prenta hana svo oft, sem sýslunefnd álitur þurfa, og útbýta meðal búenda í fjallskilafélaginu.

Hver búandi er skyldur að geyma markaskrána meðal þeirra heimilisskjala, er fylgja býli hans, og skila næsta ábúenda, þá er hann flytur af jörðinni.

- 77 Vilji menn taka upp eða nota mörk, sem eigi standa í markaskránni, skulu þeir 11. júlí fá til þess leyfi Markaðóms Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslu og auk þess birta það í Lögbirtingablaðinu og senda lýsingu þess til hreppsnefnda í næstu sveitum.

VIII. KAFLI

Óskilafé.

37. gr.

Nú kemur fyrir við vorsmölun ómarkað lamb, sem engin móðir finnst að, og skal þá tilkynna það fjallskilastjóra, sem ákveður hvernig lambið skuli auðkennt, svo ekki verði um villst. Verður lamb þetta eign fjallskilasjóðs, ef réttur eigandi kemur ekki fram síðar.

Á haustréttum annast réttarstjóri, að öll vafalömb, sem koma fyrir í réttum, séu dregin í sérstakan dilk, þar sem eigi er annað fé, og mönnum gefinn kostur á að láta lambsmæður helga sér lömbin. Þeir ómerkingar, sem ekki spyrjast upp, teljast óskilafé. Óskilafé, sem ekki finnast eigendur að, skal hreppstjóri láta tafarlaust slátra, eftir hverjar réttir, en skrásetja skal mark og önnur einkenni kinda, samkvæmt lýsingu markskoðunarmanna, er réttarstjóri skipar. Halda skal verði hverrar kindar aðskildu á sérreikningi.

Því óskilafé, sem einhver einkenni hefur, skal hreppsnefnd lýsa í opinberu blaði. Hafi enginn sannað eignarrétt sinn á fénu innan sex mánaða frá birtingu auglýsingarinnar fellur verð þess í fjallskilasjóð að frádregnum kostnaði.

IX. KAFLI

Fjárrekstrar.

38. gr.

Þegar sauðfé er rekið um hérað, skal þess gætt, að rekstri hverjum fylgi nægilega margir og duglegir rekstrarmenn, svo að sem minnstur bagi verði að fyrir þá, er lönd þau eiga, sem um er rekið eða í er áð. Eigi má leggja upp með slíka rekstra að morgni fyrr en markljóst er orðið, og eigi halda áfram að kvöldi eftir að fer að skyggja, nema brýna nauðsyn beri til.

Allt fé í sláturfjárrekstrum skal vera merkt ákveðnum rekstrarmerkjum, sem séu svo glögg, að þau sjáist tilskýndar í björtu, og svo traust, að þau máist ekki af, þó að votviðri gangi. Rekstrarmönnum ber að gæta þess vandlega, að annað fé lendi eigi saman við reksturinn, en verði það, skulu þeir, þegar þeir verða þess varir, draga það fé úr rekstrinum og annast um að það komist í átt Haga sína, eigendum kostnaðarlaust.

Skaða, sem hlýzt af því að út af þessu er brugðið, ber eiganda eða umsjónarmanni rekstursins að greiða eiganda fjárins, en sannist það, að skaðinn stafi af skeytingarleysi rekstrarmanns, skal hann auk þess sæta sektum.

Skylt er sláturhúsum að láta fara fram markskoðun á öllu fé, sem þar er leitt til slátrunar.

39. gr.

Sýslunefndin sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum. Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

40. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 100—1000 kr. eftir málavöxtum, er renni í fjallskilasjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið, eða í sýslusjóð.

41. gr.

77

Máls, sem risa út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með að hætti opin- 11. júlí
berra mála.

42 gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Suður-Þing-
eyjarsýslu og Húsavíkurbæ nr. 231 24. des. 1952.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefur samið og samþykkt,
staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 1927, til að öðlast
gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. júlí 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

A R Ð S K R Á

78

fyrir veiðifélag Kjósarhrepps.

11. júlí

Vatnasvæðið allt er 101.75 einingar, er skiptist þannig milli einstakra jarða.

1. Samveiði frá flæðarmáli upp að Laxfossi, svo og í fossinum sjálfum 44 einingar.

Af þessu svæði ber:

Laxárnes ½ hl.

Valdastöðum ¼ hl. (Valdastaðir 1 og 2).

Neðri Háls ¼ hl.

2. Pollveiðin frá Laxfossi að ármótum Laxár og Bugðu 9 einingar.

Af Pollveiðinni ber:

Laxárnesi ½ hl.

Valdastöðum ½ hluti (Valdastaðir 1 og 2).

3. Laxá ofan ármóta Laxár og Bugðu í Þórufoss 24 einingar.

Á þessi svæði ber jörðunum að sunnanverðu ½ hlutur, en jörðunum að norð-
anverðu ½ hlutur, og skiptast hlutirnir milli jarðanna þannig:

Að norðanverðu við ána:

Valdastaðir 1 og 2 10 einingar.

Sogn 1 og 2 10 —

Reynivellir 30 —

Vindás 25 —

Hækingsdalur 25 —

Að sunnanverðu við ána:

Káranes og Káraneskot 16 —

Meðalfell 12 —

Hurðarbak 12 —

Þorláksstaðir 12 —

Eyjar 1 og 2 6 —

Möðruvellir 1 og 2 14 —

Írafell 18 —

Fremri-Háls 10 —

- 78** 4. Bugða 9 einingar, er skiptist þannig:
 11. júlí Meðalfelli bera $\frac{2}{3}$ hlutar.
 Káranesi og Káraneskoti bera .. $\frac{1}{6}$ —
 Laxárnesi bera $\frac{1}{6}$ —
5. Meðalfellsvatn 14 einingar, er skiptist þannig:
 Meðalfell úr $\frac{1}{2}$ hluta, $\frac{1}{3} + \frac{3}{6}$ úr $\frac{1}{2}$
 Grjóteyri — $\frac{1}{2}$ — $\frac{1}{3} + \frac{1}{6}$ — $\frac{1}{2}$
 Flekkudalur — $\frac{1}{2}$ — $\frac{1}{3} + \frac{1}{6}$ — $\frac{1}{2}$
 Eyjar 1 og 2 — $\frac{1}{2}$ — $\frac{2}{6} + \frac{1}{6}$ — $\frac{1}{2}$
6. Sandsá 1 eining, er skiptist þannig:
 Sandur $\frac{1}{2}$ hl.
 Eyjar 1 og 2 $\frac{1}{2}$ —
7. Flekkudalsá 0.75 einingar, er skiptist milli Grjóteyrar og Flekkudals samkvæmt samkomulagi jarðeigenda.

Arðskrá þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 55 5. júní 1957, um lax- og silungsvæði, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. júlí 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

79
 16. júlí

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 224 26. okt. 1950, um síldveiðideild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til þeirra skipa bátaflotans, sem stunda síldveiðar með herpinót, hringnót og reknét.

2. gr.

3. grein orðist svo:

Veiðisvæði sumarsíldveiða skal vera eitt fyrir allt landið fyrir þau skip, sem veiða með herpinót eða hringnót. Veiðisvæði og bótatímabil fyrir síldveiðiskip, sem veiðar stunda með reknétjum, skulu vera sem hér segir:

1. svæði: Dyrhólaey að Horni
 15. maí til 30. september
 1. október til 22. desember
2. svæði: Norðurland (austan Horns)
 15. júlí til 30. september

3. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Veiðiskipum á sumarsíldveiðum með herpinót eða hringnót skal skipta í flokka, sem hér segir:

1. fl. Herpinótaskip.
2. fl. Hringnótaskip.

79

16. júlí

4. gr.

Með reglugerð þessari fellur úr gildi reglugerð nr. 43 23. marz 1959, um breyting á reglugerð nr. 224 26. okt. 1950, um sildveiðideild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, sbr. lög nr. 38 24. maí 1958, um breyting á þeim lögum, og öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 16. júlí 1959.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

80

22. júlí

um breytingu á reglugerð um iðnfræðslu, nr. 130 12. júní 1952.

1. gr.

Orðið „skósmíði“, í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar, falli burt. Aftan við c-lið 3. gr. reglugerðarinnar komi orðið: skósmíði.

2. gr.

12. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Sumarleyfi iðnnema skal vera 18 virkir dagar með kaupi.

3. gr.

Aftan við 15. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Óheimilt er að láta ungling hefja iðnnám, nema hann hafi lokið miðskólaprófi. Iðnfræðsluráð getur þó, þegar sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá þessu ákvæði, hafi unglingurinn lokið skyldunámi og sýni við inntökupróf í iðnskóla, að hann hafi nægilega undirstöðuþekkingu í íslenzku og reikningi til þess að fylgjast með kennslu í 1. bekk skólans.

4. gr.

31. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Lágmarkskröfur til burtfararprófs úr iðnskólum, hvar sem er á landinu, skulu vera sem hér segir:

- I. *Íslenzka*. Nemandi skal geta ritað íslenzku sæmilega, að því er varðar framsetningu, stafsetningu og greinarmerkjasetningu. Hann skal hafa lesið beygingafræði og setninga- og greinarmerkjafræði og kunna nokkur skil á íslenzkum bókmenntum.
- II. *Reikningur*. Nemandi skal kunna: Samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu með heilum tölum, almennum brotum, tugabrotum og nefndum tölum. Enn fremur einföld og samsett hlutföll (þriliðu), prósentu- og rentureikning og allar helztu mælieiningar lengdar, flatar, rúmmáls, þyngdar og tíma, sem eru löggiltar hér á landi. Auk þess skulu nemendur í húsgagnabólstrun, járn-iðnaði, myndagerð, klæða- og feldskurði, leirkerasmíði, málun, múr- og stein-smíði, netagerð, prentiðn, rafmagnsiðn, reiðtygja- og aktygjasmíði, reiða- og

80
22. júlí

seglasaum, sítun, trésmíði, úrsmíði, vagnasmíði og skriftvélavirkjun kunna að leysa uppsettar jöfnur með einum og tveimur óþekktum stærðum, og kunna frumatriði flatar- og rúmmálsreiknings.

- III. *Efna- og eðlisfræði*. Nemandi skal kunna undirstöðuatriðin í eðlis- og efnafræði og enn fremur kunna skil á þeim efnum og áhöldum, sem óhjákvæmileg eru til iðnaðarstarfsins.
- IV. *Bókhald*. Nemandi skal kunna að gera kostnaðaráætlanir um efni og vinnu, halda frumbók, vinnubók, efnisbók, dagbók með tvöföldu dálkakerfi og höfuðbók, enn fremur jafnaðar- og efnahagsreikning.
- V. *Erlent tungumál*. Nemandi skal hafa lesið vandlega sem svarar 100 bls. í 8 blaða broti. Ræður skólanefnd á hverjum stað, hvaða erlent tungumál skuli kennt.

VI. *Teikning*:

1. Almenn fríhendingsteikning: Hver nemandi skal hafa teiknað a. m. k. 15 flatarmyndir og 16 klossamyndir. Auk þess skal hann sýna með prófi, að hann geti teiknað einfalda hluti nokkurn veginn rétt. Allir nemendur skulu taka þátt í fríhendingsteikningu.
2. Flatarteikning. Nemendur skulu kunna að mynda horn, hringa, sporbauga, þríhyrninga og aðra marghyrninga, skipta línunum, bogum og hornum og innrita og umrita hringa. Nemendur í eftirtöldum greinum þurfa ekki að kunna flatarteikningu: Brauðgerð, framreiðslu, hárskurði, hárgreiðslu, kjötvinnslu, kvenhattasaumi, matreiðslu, mjólkurvinnslu og sítun.
3. Rúmteikning. Nemendur skulu kunna að gera fallmyndir á tvo fleti af punktum, línunum, strendingum, strýtum, keilum, keflum og kúlum og sýna skurðarfleti í þeim. Einnig skulu þeir kunna að nota hjálparflöt og finna sanna stærð flatar og rissa fríhendis fallmyndir af hlutum. Nemendur í eftirtöldum greinum þurfa ekki að kunna rúmteikningu: Brauðgerð, kökugerð, bókbandi, framreiðslu, hárskurði, hárgreiðslu, hattasaumi, kjötiðnaði, klæðskurði, kjólasaumi, kvennaklæðskurði, feldskurði, leturgreifri, matreiðslu, mjólkuriðnaði, prentun, rakstri, skósmíði, sítun og veggfóðrun.
4. Iðntekning:
 - a. Öllum nemendum, sem iðntekningu læra, skal kennd teikniskrift, og skal hún notuð við alla teiknikennslu.
 - b. Kökugerðarmenn skulu teikna kökur og kransa, tertur og skraut á þær.
 - c. Báta- og skipasmiðir skulu gera línuteikningu af bát eða skipi, er sýni lag skipsins og stærð, útfærsluteikningu, er sýni hvernig línuteikningin er færð út á flöt og hvernig smíðað er eftir henni, miðbandsteikningu og vinnuteikningu, er sýni langskurð skips, þilfarsflöt og lestarop, og seglateikningu, er sýni lengd og gildleika siglu og reiða.
 - d. Beykjar skulu gera útlits- og vinnuteikningar af helztu hlutum, sem þeim ber að geta smíðað.
 - e. Bókbindarar skulu gera teikningar af skreytingum á spjöld bókar og kjöl.
 - f. Bifreiðasmiðir, bifvélavirkjar, blikksmiðir, eirsmiðir, flugvélavirkjar, ketil- og plötusmiðir, málmsteypumenn, vélvirkjar, járn- og rennismiðir, pípu- og gaslagningarmenn og skriftvélavirkjar, skulu gera fríhendis frumdrátt að minni háttar hlutum, sem til iðnar þeirra teljast. Eftir þeim frumdráttum skulu þeir gera útlits- og vinnuteikningar með öllum nauðsynlegum málum.
 - g. Gull- og silfursmiðir, leirkerasmiðir, leturgrafarar, ljósprentarar, myndagerðarmenn, glerslíparar og speglagerðarmenn, myndskerar, prent-

arar og veggfóðrarar teikni frihendis stafi og skreytingar og hluti hver úr sinni iðn. 80

22. júlí

- h. Hárgreiðslukonur geri teikningar af hárgreiðslu, er hæfi mismunandi andlitsfalli og höfuðlagi.
 - i. Húsasmiðir skulu gera vinnuteikningar af hurðum, gluggum, stigum, þökum, bitalögum, handriðum og skápum í eldhús og víðar, með öllum nauðsynlegum málum. Enn fremur skulu þeir teikna einföld hús, bæði grunnmyndir, þverskurði og útlitsteikningar.
 - j. Húsgagnabólstrarar geri frihendis teikningar af fjaðrahúsgögnum og dýnum, svo og vinnuteikningar af grindum og fjaðrasetningu.
 - k. Húsgagnasmiðir geri útlits- og vinnuteikningar af nokkrum algengum húsgögnum.
 - l. Klæðskerar og feldskerar, kjólasaumarar, kvennaklæðskerar, netjarar, seglasaumarar og skósmiðir geri myndir af hlutum þeim, er varða iðn þeirra, og sýni mál og snið á efnispörtum í hlutina.
 - m. Hattasaumarar teikni skreytingu á hatta og húfur.
 - n. Málaraar teikni frihendis stafi, skreytingar og hluti. Einkum skulu þeir æfðir í skuggateikningum.
 - o. Múrarar skulu gera útlits- og vinnuteikningar af hlöðnum múrbogum, múrbindingum, dregnum listum, tröppum, handriðum o. fl. er að iðn þeirra lýtur. Þeir skulu og kunna skil á járnteikningum í járnþenta steinsteypu og geta gert grein fyrir, hvernig járn verði lögð í steypu eftir uppdrætti, er prófnafnd leggur fram, enn fremur kunna skil á einföldum húsateikningum.
 - p. Steinsmiðir skulu teikna stólpa, legsteina og minnismerki svo og skreytingar á þau.
 - q. Rafvirkjar skulu fá skurðar- og grunnmyndir af 3—4 húsnum til mismunandi nota, teikna raflagnir í þau og gera verklýsingu. Skulu teikningar valdar þannig, að þær sýni algengar raflagnir í íbúðarhús, verkstæði og iðjuver. Enn fremur skulu rafvirkjar gera tengimyndir af ýmsum tækjum og búnaði, er við kemur iðn þeirra.
 - r. Rafvélavirkjar teikni vélar og tækjahluti, er varða iðn þeirra, svo og vinnuteikningar að einfaldri rafstöð eða háspennustöð.
 - s. Reiðtygja- og aktygjasmíðir, tágaraar (körfugerðarmenn), mótasmiðir og vagnasmiðir geri útlits- og vinnuteikningar af þeim hlutum, sem þeim ber að kunna að smíða.
 - t. Úrsmiðir teikni ganga og hjól í úr.
 - u. Útvarpsvirkjar teikni mismunandi viðtækjahluti ásamt tengingum þeirra.
- VII. *Sérgreinar*: Hárgreiðslukonur og hárskerar kunni lífeðlisfræði hársins og hirðingu þess. Rafvirkjar og rafvélavirkjar kunni undirstöðuatriði í rafmagnsfræði. Matsveinar, bakarar, kökugerðarmenn, kjötiðnaðarmenn og mjólkuriðnaðarmenn kunni undirstöðuatriðin í almennri efnafræði og helztu efnasamböndum fæðutegunda. Leirkerasmiðir, málaraar og prentaraar skulu kunna undirstöðuatriði almennrar lítafræði og samsetningu líta.

5. gr.

33. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Kennslustundafjöldi í iðnskólum yfir allan námstímann, skal vera sem næst því, sem hér segir:

80	Hjá nemendum með 3 ára námstíma	984	kennslustundir.
22. júlí	— — — 4 — —	1302	—
	— — — 5 — —	1632	—

6. gr.

Í stað orðanna „iðn hans“, í 38 gr. reglugerðarinnar, komi: iðni hans.

7. gr.

2. málsliður síðari málsgreinar 40. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Iðnfulltrúar skulu kveðja prófnefnd, eða þar til skipaða eftirlitsmenn, sér til aðstoðar við eftirlit með verklegu námi.

8. gr.

Í stað „300 krónur“ í 1. málsgrein 46. gr. reglugerðarinnar komi: 600 krónur.
Aftan við 46. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Miða skal þóknun prófnefnda við kaupgjald iðnaðarmanna í viðkomandi iðngrein, eins og það er hverju sinni.

9. gr.

Aftan við 47. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Þó getur iðnfræðsluráð skipað sérstaka eftirlitsmenn í þessu skyni, enda sé það gert í samráði við viðkomandi iðngrein.

10. gr.

Aftan við 49. gr. reglugerðarinnar komi viðbót, svo hljóðandi:
Nú eru, þegar sveinspróf hefst í iðninni, tveir mánuðir eða skemmri tími eftir af námstíma nemanda samkvæmt námssamningi, og getur þá iðnfræðsluráð heimilað nemandanum að þreyta sveinspróf, enda hafi hann lokið burtfararprófi frá iðnskóla. Í slíkum tilfellum skal þó eigi gefa út sveinsbréf til próftaka, þótt hann standist prófið, fyrr en námstíma hans er lokið samkvæmt námssamningi og skal sveinsprófið talið tekið sama dag og námi lýkur.

11. gr.

68. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Við prófið skal gefa einkunnir frá 1—10. Skal sérstök einkunn gefin fyrir hvern lið, sem nefndur er í 56 gr. og verður meðaltal þeirra einkunna aðaleinkunn prófsins.
Ekki má láta neinn fá sveinsbréf, sem fær minna en 5 í aðaleinkunn, verklegu prófi né teikningu, eða minna en 3 í nokkurri prófgrein. Einkunnin 9 og þar yfir telst ágætiseinkunn, 7.25—8.99 telst I. einkunn, 6.00—7.24 telst II. einkunn og 5.00—5.99 telst III. einkunn.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 30. gr. laga um iðnfræðslu, nr. 46 25. maí 1949, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarmálaráðuneytið, 22. júlí 1959.

Gylfi Þ. Gíslason.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

81

22. júlí

um breyting á reglugerð um holræsi í Bolungavík, nr. 106 26. maí 1943.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr hreppsjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins, kr. 100.00 árlega, af hverju húsi og auk þess gjald, sem miðast við fasteignamat húsanna, sem hér segir:

Af fyrstu kr. 5000.00 greiðist	1%
— næstu kr. 5000.00 greiðist	6‰
— því, sem þar er fram yfir greiðist	3‰

Gjöld þessi er hreppsnefnd Hólshrepps heimilt að hækka eða lækka um allt að 50%, bæði gjöldin í heild og einstaka liði.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 146 26. júlí 1951 um breyting á reglugerð um holræsi í Bolungavík, nr. 106 26. maí 1943.

Félagsmálaráðuneytið, 22. júlí 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Skipstjóra- og stýri- **82**
mannafélagsins Ægis, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. júlí 23. júlí 1959.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóð Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með framlagi úr félagssjóði Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis í Reykjavík. Stofnfé sjóðsins er kr. 70700.00 — sjötíu þúsund og sjö hundruð krónur.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja meðlimi Ægis ef þeir verða hjálparþurfa, ekkjur þeirra eða börn.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru kr. 10.00 af ársiðgjaldi hvers starfandi félagsmanns í Ægi, ársvextir af höfuðstól og frjálsar gjafir. Stjórn félagsins er þó heimilt að allt að tífalda framlagið til sjóðsins, ef henni finnst ástæða til og sjóðurinn er fjárþurfi.

82

23. júlí

4. gr.

Stjórn félagsins Ægis hefur á hendi stjórn sjóðsins. Henni ber að sjá um, að höfuðstóll sjóðsins sé ávaxtaður með lánnum gegn öruggum tryggingum, í fasteignum eða kaupum á góðum fasteignum til tryggingar gegn verðfalli peninga, svo og að tekjur sjóðsins séu lagðar við höfuðstólinn og ávaxtaðar á sama hátt og hann að því leyti, sem þeim ekki er varið til styrkveitinga samkvæmt 5. gr.

Stjórn sjóðsins ber um hver áramót að gera reikning um fjárhag sjóðsins fyrir ár það, sem þá er liðið, og skal sá reikningur endurskoðaður og úrskurðaður á næsta aðalfundi Ægis.

5. gr.

Þegar höfuðstóll er orðinn kr. 200000.00 má verja allt að öllum ársvöxtum hans og helmingi af árstíllögum til styrkveitinga.

6. gr.

Aðnjótandi styrks úr sjóðnum geta orðið félagsmenn í Ægi þegar þeir verða hjálparþurfi sökum veikinda, slysa eða ellilasburða, sömuleiðis geta ekkjur þeirra og eftirlifandi börn, sem hjálpar þurfa, notið styrks úr sjóðnum.

7. gr.

Styrki úr sjóðnum veitir 5 manna nefnd, og eiga sæti í henni félagsstjórnin og 2 aðrir félagsmenn, sem til þess eru kosnir á aðalfundi ár hvert. Um styrkveitingar skal sækja skriflega og þarf umsóknin að hafa borizt fyrir 1. desember ár hvert, en stjórn sjóðsins skal hafa kynnt sér hag og þörf umsækjanda og tekið ákvörðun um styrkveitingar fyrir árslok.

8. gr.

Fari svo að Skipstjóra- og stýrimannafélagið Ægir leysist upp eða líði undir lok, skal styrktarsjóður þessi halda áfram að starfa undir þriggja manna stjórn, sem ráðherra skipar. Skal skólastjóri Stýrimannaskólans vera sjálfkjörinn í stjórnina og vera formaður hennar og skal sjóðurinn vera í vörzlu hans.

Sjóðinn ber að ávaxta eins og áður er fram tekið, og gjöfum til hans veitt mót-taka. Eftir hver áramót skal ráðherra gefin skýrsla um fjárhag sjóðsins.

Styrki úr sjóðnum má veita gömlum Ægis félögum, ekkjum þeirra og börnum, ef þeir eru hjálparþurfa. Á sama hátt má styrkja aðra innlenda skipstjóra og stýrimenn, ekkjur þeirra og eftirlátin börn. Enn fremur má styrkja fátæka og efnilega nemendur Stýrimannaskólans til framhaldsnáms eða ef um fjárhagsörðugleika er að ræða og rétt þætti að styrkja viðkomandi námssvein.

9. gr.

Eftir aðalfund Ægis ár hvert, sendir stjórn styrktarsjóðsins skýrslu um fjárhag sjóðsins síðastliðið ár til ráðherra, sem hefur eftirlit með að sjóðnum sé stjórnað samkvæmt framanskráðri skipulagsskrá.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt í Ægi í janúar 1959.

Auðunn Auðunsson,
formaður.

Sigurjón Stefánsson,
gjaldkeri.

Karl Magnússon,
ritari.

AUGLÝSING

83

23. júlí

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 12 24. jan. 1949.

1. gr.

64. grein orðist svo:

Búfénaður (nautgripir, sauðfé o. s. frv.) má ekki ganga laus í bænum.

Sauðfénað er óheimilt að hafa í kaupstaðnum, nema leyfi bæjarstjórnar komi til, og skal það alltaf bundið því skilyrði, að hann sé fluttur burtu til beitar þegar að loknum sauðburði.

Óheimilt er að beita sauðfé í bæjarlandið.

Fjárhús og önnur hús fyrir búpening má aðeins hafa þar sem bæjarstjórn ákveður.

Ef út af þessum ákvæðum er brugðið, varðar það eiganda sektum samkv. 99. gr. Enn fremur skal eigandinn greiða allan kostnað við handsömun, varðveizlu og sölu fénaðarins. Selja má ágangsfénaðinn til lúkningar þessum kostnaði, ef eigandi greiðir hann ekki tafarlaust.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dómsmálaráðuneytið, 23. júlí 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

84

25. júlí

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu í Bolungavík, nr. 105 26. maí 1943.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öllum íbúðarhúsum og öðrum slíkum húsum, þar sem vatns er þörf, skal greiða vatnsskatt og skal hann lagður á eftir fasteignamatsverði húsanna, sem hér segir:

Af húsum að fasteignamatsverði	kr.	4000.00	greiðist	kr.	200.00
— — — —	—	4001.00— 5000.00	—	—	250.00
— — — —	—	5001.00— 6000.00	—	—	300.00
— — — —	—	6001.00— 7000.00	—	—	350.00
— — — —	—	7001.00— 8000.00	—	—	400.00
— — — —	—	8001.00— 9000.00	—	—	420.00
— — — —	—	9001.00—10000.00	—	—	440.00
— — — —	—	10001.00—11000.00	—	—	460.00
— — — —	—	11001.00—12000.00	—	—	480.00
— — — —	—	12001.00—13000.00	—	—	500.00
— — — —	—	13001.00—14000.00	—	—	520.00
— — — —	—	14001.00—15000.00	—	—	540.00
— — — —	—	15001.00—16000.00	—	—	560.00
— — — —	—	16001.00—17000.00	—	—	580.00
— — — —	—	17001.00—18000.00	—	—	600.00

84 Af húsum að fasteignamati yfir kr. 18000.00 skal greiða kr. 600.00 af kr. 18000.00, 25. júlí en 3% af afgangi.

2. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af húsum, sem vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal greiða aukagjald samkvæmt samningi við hreppsnefndina. Náist ekki samkomulag um upphæð gjaldsins, er heimilt að innheimta það eftir máli, sem hér segir: Af fyrstu 500 smál. sé greitt kr. 1.00 af smálest, af næstu 500 smál. sé greitt kr. 0.50 af smál., af því, sem þar er fram yfir, greiðist kr. 0.20 af smálest.

3. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þegar ekki hefur verið samið sérstaklega um notkun vatns til fiskþvottar, skal greiða 30 aura fyrir hvert skippund af fiski, miðað við þurrfisk.

Fyrir vatn í þækil skal greiða 20 aura á hverja tunnu.

Fyrir vatn til skipa skal greiða kr. 6.00 fyrir hverja smálest, en þó skal aldrei greiða minna en kr. 12.00 fyrir fiskiskip og kr. 24.00 fyrir önnur skip. Gjaldið skal greiða við móttöku.

4. gr.

Á eftir 11. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, sem verður 12. gr. svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Heimilt er hreppsnefnd Hólshrepps að hækka eða lækka gjöld samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50%, án staðfestingar ráðuneytisins, hvort heldur er um að ræða einstaka liða eða gjöldin í heild.

Reglugerðarbreyting þessi sem samþykkt er af hreppsnefnd Hólshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20 júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 147 26. júlí 1951 um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu í Bolungavík, nr. 105 26. maí 1943.

Félagsmálaráðuneytið, 25. júlí 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

85

júlí 27.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerðum nr. 103 og 115 frá 1957,
um fyrirframgreiðslur skatta o. fl.

1. gr.

Aftan við 2. málsgr. 1. gr. komi ný málsgr. svo hljóðandi:

Nú er álagningu ekki lokið það tímanlega að hægt sé að krefja kaupgreiðendur um skatta starfsmanna fyrir 1. ágúst eða 1. september, og ber þeim þá, svo og öðrum skattgreiðendum, að greiða um þau mánaðamót sömu upphæðir og greiða þar 1. júní.

2. gr.

3. málsgr. 1. gr. verður 4. málsgrain.

3. gr.

85

Reglugerð þessi, sem sett er saknvæmt lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 27. júlí 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Kristján Thorlacius.

REGLUGERÐ

86

fyrir Matsveina- og veitingaþjónaskólann.

31. júlí

Samkvæmt lögum nr. 82 5. júní 1947, um Matsveina- og veitingaþjónaskóla, er hér með sett eftirfarandi reglugerð fyrir skólann:

I. KAFLI

Um markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Markmið skólans er að veita þá þekkingu og þjálfun, sem þarf til þess að geta lokið sveinsprófi í matreiðsluþjálfun og framleiðsluþjálfun og prófi fyrir matreiðslumenn á fiskiskipum og flutningaskipum, svo og að veita hagnýta kennslu í ýmsum öðrum starfsgreinum, er varða rekstur gistihúsa og veitingahúsa.

2. gr.

Skólinn starfar í þessum deildum:

1. Þriggja ára deild til sveinsprófs í matreiðslu.
2. Þriggja ára deild til sveinsprófs í framreiðslu.
3. Tvö fjögurra mánaða námskeið til prófs fyrir matreiðslumenn á fiskiskipum.
4. Námskeiðadeild fyrir þá, sem lokið hafa sveinsprófi samkvæmt 1. og 2. tölulið, svo og aðra, sem starfa við gistihús eða veitingahús.

3. gr.

Í verklegum námsgreinum mega að jafnaði ekki vera fleiri en 20 nemendur í deild, en í bóklegum greinum allt að 30 nemendur.

4. gr.

Nemendur í matreiðsluþjálfun og framreiðsluþjálfun skulu stunda nám í skólanum í fjóra mánuði á ári. Hinn hluta námstímans skulu þeir vera við nám hjá meisturum í iðn sinni, í veitingahúsi eða á farþegaskipi.

Nemendur, sem búa sig undir próf fyrir matsveina samkvæmt 3. tölulið 2. gr., geta með samþykki skólustjóra lokið námi sínu á einu ári eða skipt því á tvö ár.

II. KAFLI

Um inntöku nemenda í skólann.

5. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. að nemandi sé 16 ára eða eldri;
2. að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi;

- 86** 3. að hann hafi óflekkað mannorð;
31. júlí 4. að hann hafi lokað miðskólaprófi, en þó er heimilt að taka nemendur, sem ekki hafa lokið miðskólaprófi, ef þeir hafa lokið skyldunámi og sýna við inn-tökupróf, að þeir hafi nægilega undirstöðuþekkingu í íslenzku og reikningi til þess að fylgjast með kennslu í I. bekk skólans.

6. gr.

Umsóknir um skólavist nemenda skulu vera skriflegar og komnar til skólastjóra eigi síðar en 1. ágúst ár hvert. Umsókn skulu fylgja allar nauðsynlegar upp-lysingar eftir nánari ákvörðun skólastjóra.

Meistarar í matreiðsluiðn og framreiðsluiðn skulu senda umsóknir fyrir nemendur sína, og láta fylgja staðfest afrit af námssamningi við þá.

7. gr.

Þeir, sem byrjað hafa iðnnám í matreiðslu og framreiðslu hafa forgangsrétt að námi í þeim deildum, sem greinir í 1. og 2. tölulið 2. gr. Að því er varðar matreiðslumenn, hafa þeir forgangsrétt, sem stundað hafa verklegt nám hjá meistara í eitt ár.

Nú getur skólinn veitt viðtöku fleiri nemendum en sótt hafa og fullnægja skil-yrðum 1. málsg., og getur þá skólastjóri leyft mönnum, sem ekki eru ráðnir í iðnnám, en vilja reyna hæfileika sína til þeirra starfa, að stunda nám í skólanum til reynslu í einn eða tvo vetur. Lokapróf úr þessum deildum má þó engum veita fyrr en á því ári, sem hann lýkur verklegu námi hjá meistara.

8. gr.

Eftir að kennsla er byrjuð, geta nýir nemendur ekki fengið aðgang að skólanum. Þó má skólastjóri veita undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sérstaklega stendur á.

III. KAFLI

Um kennsluna.

9. gr.

Í skólanum skulu þessar greinar kenndar:

1. Í matreiðsludeild til sveinsprófs:
 - a. Verklegt og bóklegt nám í matreiðslu.
 - b. Bakstur.
 - c. Næringarefnafræði.
 - d. Vöruþekking, geymsla og nýting matvæla.
 - e. Íslenzka, danska, enska og franska.
 - f. Bókfærsla og reikningur.
 - g. Eðlisfræði og efnafræði.
 - h. Teikning og teikniskrift.
2. Í framreiðsludeild til sveinsprófs:
 - a. Verklegt og bóklegt nám í framreiðslu.
 - b. Þekking á matarréttum og drykkjarföngum.
 - c. Fyrirskurður (tranchering).
 - d. Íslenzka, danska, enska og franska.
 - e. Bókfærsla og reikningur.
 - f. Eðlisfræði og efnafræði.
 - g. Teikning og teikniskrift.

3. Í deild til prófs fyrir matsveina á fiskiskipum og flutningaskipum:
- Almenn matreiðsla, ásamt næringarefnafræði.
 - Undirstöðuatriði í bakstri.
 - Vöruþekking, geymsla og nýting matvæla.
 - Íslenzka og enska.
 - Bókfærsla og reikningur.
4. Námskeiðadeild.

86

31. júlí

Í þessari deild skal skólanefnd og skólustjóri ákveða kennslugreinar, kennslu og aðra tilhögun, eftir því, sem við á hverju sinni.

10. gr.

Verklega kennslan skal miða að því, að nemendur læri rétt öll handtök og allar aðferðir í iðn sinni, en fullnægjandi æfingu í henni ber meistara að sjá þeim fyrir á vinnustað.

Við alla kennslu skal leggja sérstaka áherzlu á reglusemi, þrifalega og háttprúða umgengni og snyrtimennsku.

11. gr.

Stundafjöldi námsgreina yfir allan námstímann til sveinsprófs, skal vera sem næst því, sem hér segir:

Íslenzka	160 st.
Enska	160 —
Bókfærsla	72 —
Efnafræði og eðlisfræði	24 —
Danska	160 —
Reikningur	160 —
Teikning og teikniskrift	96 —
Franska	160 —

Í matreiðsludeild að auki:

Næringarefnafræði	72 —
Matreiðsla verkleg og bókleg	600 —

Í framreiðsludeild að auki:

Framreiðsla verkleg og bókleg	600 —
-------------------------------------	-------

Á hverju námskeiði til prófs fyrir matsveina á fiskiskipum og flutningaskipum skal stundafjöldi námsgreina vera sem næst þessu:

Íslenzka	64 st.
Reikningur	48 —
Enska	64 —
Bókfærsla	48 —
Matreiðsla, verkleg og bókleg ásamt næringarefnafræði ..	850 —

12. gr.

Skólustjóri semur stundaskrá fyrir hvert skólaár í samráði við skólanefnd.

IV. KAFLI
Skólatími og leyfi.

13. gr.

Skólaárið hefst 1. september og lýkur 30. apríl.

86

31. júlí

14. gr.

Þessi leyfi skulu vera fast ákveðin: 1. Fyrsti desember. 2. Jólaleyfi frá 22. desember til 3. janúar, að báðum dögum meðtöldum. 3. Páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum, að báðum þeim dögum meðtöldum.

V. KAFLI

Um próf og einkunnir.

15. gr.

Próf skulu haldin í lok hvers kennslutímabils, þ. e. í desembermánuði og í aprilmánuði. Þau skulu vera munnleg, skrifleg eða verkleg, eftir því, sem við á. Lokapróf hvernar deildar skulu haldin á sömu tímum, eftir nánari ákvörðun skólastjóra. Við lokapróf (sveinspróf) skulu vera prófdómendur skipaðir af iðnfræðsluráði.

16. gr.

Einkunnir skal gefa frá 0 til 10 í heilum tölum og tíundu þörtum. Aðaleinkunn er meðaltal einkunna í einstökum prófgreinum, og skal það meðaltal reiknað með 2 aukastöfum.

17. gr.

Til þess að standast próf, hvort heldur er árspróf eða lokapróf, þarf nemandi að hljóta minnst 5.00 í aðaleinkunn. Í teikningu og sérgreinum iðnsveina verður nemandi að hafa hlotið minnst 5.00 í einkunn.

Aðaleinkunn 9 og þar yfir telst ágætiseinkunn, 7.25—8.99 telst I. einkunn, 6.00—7.24 telst II. einkunn, og 5.00—5.99 telst III. einkunn.

Skólastjóri annast framkvæmd prófa í samráði við skólanefnd. Heimilt er að gefa tvennar einkunnir nemenda í aðalgreinum þeirra.

18. gr.

Lágmarkskröfur til lokaprófs sveina skulu vera sem hér segir:

A. Í almennum námsgreinum.

1. Íslenzka. Nemandi skal geta ritað íslenzku sæmlega, bæði um framsetningu efnis og stafsetningu. Hann skal hafa lært í málfræði eigi minna en krafizt er til gagnfræðaprófs.

2. Reikningur. Nemandi skal kunna fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum, almennum brotum og tugabrotum og nefndum tölum. Einnig einföld og samsett hlutföll (þriliðu), prósentu- og rentureikning og kunna allar helztu mælieiningar, sem notaðar eru hér á landi og í nágrannalöndunum. Hann skal enn fremur kunna að fara með fyrsta stigs jöfnur með einni og tveimur óþekktum stærðum og kunna aðalatriði flatarmáls- og rúmmálsreiknings.

3. Bókfærsla. Nemandi skal kunna að gera kostnaðaráætlanir um efni og vinnu og gera verðútreikninga, kunna að færa frumbók, vinnubók, efnisbók, dagbók með tvöföldu dálkakerfi og höfuðbók, og kunna að gera jafnaðarreikning og efnahagsreikning.

4. Efnifræði og eðlisfræði. Nemandi skal kunna undirstöðuatriði í eðlisfræði og efnifræði.

5. Danska og enska. Nemandi skal hafa lesið vandlega sem svarar 200 bls. í 8 blaða broti í hvoru málinu fyrir sig. Hann skal geta snúið villulítið, munnlega eða skriflega, úr íslenzku á erlenda málið, léttum kafla um efni, er snertir iðn hans.

6. Iðnteikning og teikniskrift. Nemandi skal kunna að gera útlits- og vinnuteikningar, svo og teikniskrift.

7. Franska. Nemandi skal hafa lesið sem svarar 100 bls. í 8 blaða broti, og skal lesefnið snerta iðn hans að svo miklu leyti sem unnt er.

86
31. júlí

B. Sérkröfur í matreiðslu.

1. Nemandi skal kunna að hluta sundur skrokka af lömbum, svínnum, kálfum og nautum, og vita í hvaða matarrétti hentugast er að nota hvern vöðva eða vöðvaluta af þessum kjötttegundum. Hann skal kunna allar algengar aðferðir við að steikja og sjóða kjöt og fisk, og geta matreitt algenga heita og kalda matarrétti.

2. Nemandi skal geta bakað algengar kökutegundir, sem notaðar eru í eftirrétti, svo og brauðkollur og sniðtígla af ýmsum gerðum.

3. Nemandi skal kunna skil á næringarefnum og helztu efnasamböndum fæðutegunda. Hann skal vita hvernig fæðutegundirnar breytast við mismunandi matreiðsluaðferðir. Hann skal vita hver bætiefni eru í algengum fæðutegundum, og hvernig þau verði bezt varðveitt.

4. Nemandi skal þekkja til hlítar þau hráefni, sem hann vinnur úr, og vita, við hvaða aðstæður er bezt að geyma fæðutegundir, og hvernig þær verða bezt hagnýttar. Hann skal þekkja alla lögboðna stimpla á kjöti, svo og önnur gæðamerki á matvælum, sem lögboðin eru hér á landi.

C. Sérkröfur í framreiðslu.

1. Nemandi skal kunna að leggja á borð, þar sem framreiða skal kaldan og heitan mat, og að ganga um beina. Hann skal kunna skil á öllum algengum framreiðsluaðferðum og meðferð drykkjarfanga.

2. Nemandi skal vita í aðalatriðum, hvaða hráefni eru í algengum matarréttum. Hann skal kunna að semja matseðil, og enn fremur að skera fyrir (tranchera) algenga fisk- og kjötrétti.

19. gr.

Lágmarkskröfur til prófs fyrir matsveina á fiskiskipum og flutningaskipum, sbr. 2. gr. 3. tölul., skulu vera sem hér segir:

1. Nemandi skal kunna að búa til algenga matarrétti. Hann skal kunna að baka brauð og algengar kökutegundir.

2. Nemandi skal þekkja til hlítar þær matvörur, sem hann vinnur úr. Hann skal vita, við hvaða aðstæður bezt er að geyma fæðutegundir, og hvernig þær verða bezt hagnýttar. Hann skal þekkja lögboðna stimpla á kjöti, svo og önnur gæðamerki, sem lögboðin eru hér á landi.

3. Skólastjóri og skólanefnd ákveða prófkröfur í almennum námsgreinum, með hliðsjón af því námsefni, sem farið hefur verið yfir.

VI. KAFLI

Um stjórn skólans.

20. gr.

Samgöngumálaráðuneytið hefur yfirstjórn skólans, en daglega stjórn hefur skólastjóri á hendi. Ráðherra skipar til 4 ára í senn fimm manna skólanefnd, er hefur á hendi yfirumsjón skólans. Skal nefndin skipuð einum framreiðslumanni, matreiðslumanni, einum veitingamanni, og einum fiskiskipamatsveini, og skulu þessir menn skipaðir eftir tilnefningu hlutaðeigandi stéttarsamtaka, en fimmti nefndarmaðurinn án tilnefningar. Ráðherra skipar einn nefndarmannanna formann.

86

31. júlí

21. gr.

Ráðherra skipar skólastjóra og aðra fasta kennara að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri skal jafnframt vera bryti skólans, en fyrsti kennari skal vera framreiðslukennari, og skal hann einnig hafa yfirumsjón í veitingasal skólans. Skólastjóri ræður stundakennara í samráði við skólanefnd og með samþykki samgöngumálaráðuneytisins. Annað starfsfólk skólans ræður skólastjóri.

Ráðherra ákveður kennslu- og starfsskyldur skólastjóra og kennara, að fengnum tillögum skólanefndar.

22. gr.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn skólans í samráði við skólanefnd.

Hann skal sjá um, að góðri reglu sé haldið í skólanum. Hann hefur á hendi reikningshald skólans og hefur eftirlit með viðhaldi og ræstingu á húsnæði og munum skólans.

Skólastjóri skal senda samgöngumálaráðuneytinu eftir hver áramót reikninga skólans fyrir næstliðið ár ásamt fylgiskjólum, og einnig skal hann senda fræðslumálastjórninni skýrslu um starf skólans á liðnu skólaári.

23. gr.

Skólastjóri skal sjá um að í skólanum séu eftirtaldar bækur: Nemendaskrá, prófbók, bréfabók, áhaldabók og dagbók, og að reglulega sé í þær ritað, eftir því sem við á.

VII. KAFLI

Um nemendur skólans.

24. gr.

Nemendur skulu jafnan vera komnir í skólann á hverjum kennsludegi áður en kennsla hefst. Ef nemandi getur ekki sótt skólann sökum sjúkleika, eða af öðrum gildum ástæðum, skal hann samdægurs senda skólastjóra tilkynningu um það. Skólastjóra ber að grennslast eftir rökum fyrir fjarveru nemenda, ef eigi er sent læknisvottorð.

Í byrjun hvers ársnáms skal afhenda hverjum nemanda viðverubók og skal vikulega skrá í hana, hve oft nemandann hefur vantað í skólinn seinastliðna viku og af hvaða ástæðum, svo og hve oft hann hefur mætt of seint. Skal nemandinn síðan sýna heimilisföður sínum (eða móður) og meistara bókina og fá áritun þeirra. Bók þessa má svo nota sem prófskirteini milli bekkja og við ákvörðun um einkunn fyrir ástundun og hegðun.

25. gr.

Nemendur skulu vera trúðmannlegir í framkomu. Þeir skulu sýna skólastjóra og kennurum hlýðni, og rækja nám sitt með alúð og nákvæmni. Reykingar og neyzla áfengis er bönnuð í skólanum.

26. gr.

Valdi nemandi skemmdum á eignum skólans, skal hann bæta þær að fullu. Ef fullvíst er, að slíkar skemmdir hafi orðið af völdum nemenda í ákveðinni deild og enginn gengst við, skulu nemendur þeirrar deildar bæta allir í félagi.

27. gr.

Nú gerist nemandi brotlegur við reglur skólans, og skulu þá kennarar vanda um við hann eða eftir eðli brotsins tilkynna skólastjóra, sem áminnir nemanda, ef hann telur þörf á. Skipist nemandi ekki við áminningu kennara eða skóla-

stjóra, eða hafi hann sýnt ítrekaða óhlýðni, ókurteisi eða óreglusemi, skal skóla- **86**
stjóri víkja honum úr skóla um stundarsakir eða að fullu, ef brot er alvarlegt. 13. júlí

Skólastjóri getur þó leyft nemanda, sem vikið er úr skóla á síðari helmingi
námstímans, að ganga undir lokapróf í skólanum, enda komi til meðmæli frá
meistara nemandans.

28. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð nr. 33 frá 12. marz 1956,
fyrir Matsveina- og veitingaþjónaskólann.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1959.

Gylfi Þ. Gíslason.

Páll Pálmason.

Stjórnartíðindi 1959, B. 4.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1959.

*Stjórnarskipunarlæg um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní
1944, undirskrifuð af forsetanum 14. ágúst 1959, nr. 51.*

Lög um kosningar til Alþingis, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 52.

Forsetabréf um þinglausnir, undirskrifað af forsetanum 15. ágúst 1959, nr. 53.

*Forsetabréf um almennar kosningar til Alþingis, undirskrifað af forsetanum
sama dag, nr. 54.*

*Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1959, undirskrifuð af forsetanum 17.
ágúst 1959, nr. 55.*

REGLUR

87

um hreindýraveiðar í Múlasýslum árið 1959.

6. ágúst

1. gr.

Árið 1959 skal heimilt að veiða allt 600 hreindýr í Múlasýslum. Skal veiðin
fara fram á tímabilinu 7. ágúst til 20. september. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar
síðar á árinu, ef í ljós kemur, að eigi hefur á aðalveiðitímabilinu tekizt að ná þeirri
tölu dýra, sem heimilt er að farga, enda mæli eftirlitsmaður hreindýranna með
lenging veiðitímans.

2. gr.

Hreindýraveiðar skulu fara fram undir umsjá hreindýraeftirlitsmanns og aðstoðar-
manna, er hann kann að kveðja til.

3. gr.

Tala þeirra dýra, sem heimilað er að veiða samkvæmt 1. gr., skiptist þannig
milli eftirgreindra hreppa:

87 6. ágúst	(1) Fljótsdalshreppur	150	hreindýr
	(2) Jökulsdalshreppur	130	—
	(3) Fellahreppur	80	—
	(4) Tunguhreppur	70	—
	(5) Hlíðarhreppur	25	—
	(6) Hjaltastaðahreppur	15	—
	(7) Skriðdalshreppur	43	—
	(8) Vallahreppur	25	—
	(9) Egilsstaðahreppur	7	—
	(10) Eiðahreppur	15	—
	(11) Breiðdalshreppur	10	—
	(12) Beruneshreppur	15	—
	(13) Geithellnahreppur	15	—

Samtals 600 hreindýr

4. gr.

Auk þeirra hreindýra, sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót, ef henta þykir, m. a. handa söfnum, til vísindalegra rannsókna o. fl., og koma þau dýr eigi til skipta. Ef hreindýraeftirlitsmaður telur, að hrepparnir muni eigi láta veiða þá tölu dýra, sem þeim er ætluð, getur ráðuneytið til reynslu veitt einstaklingum eða veiðifélagi, er stofnað kynni að verða, leyfi til að veiða allt að 100 hreindýr, gegn 250 króna gjaldi fyrir hvert veiðidýr. Veiðin fari fram undir eftirliti hreindýraeftirlitsmanns. Andvirði veiðileyfa þessara renni í sjóð þeirra hreppa, sem um getur í 3. gr., að frádreginni þóknun til hreindýraeftirlitsmanns fyrir eftirlit með veiðinni. Tekjur þessar skulu skiptast milli hreppsjóða í hlutfalli við fjölda þeirra dýra, sem hreppunum er leyft að veiða. Hreindýraeftirlitsmaður annast innheimtu veiðileyfagjalds og stendur hreppunum skil á á því, sem þeim ber.

5. gr.

Hreppsnefndir þeirra hreppa, sem að framan eru nefndir, sjá um veiði þeirra hreindýra, sem þeim eru ætluð samkvæmt 3. gr. Skulu hreppsnefndir, hver í sínu umdæmi, fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitilönd sín, njóta arðs af veiðunum, en síðan sveitarsjóð.

6. gr.

Komi í ljós í lok aðalveiðitímans, að eigi hafi verið veidd sú tala hreindýra, sem gert er ráð fyrir hér að framan, skal hreindýraeftirlitsmanni heimilt að veiða á kostnað ríkissjóðs svo mörg dýr, að alls verði felld 600 hreindýr og þá þau, sem ólífvænlegust eru. Andvirði þessara dýra gangi til greiðslu kostnaðar við veiði þeirra.

7. gr.

Þá eina má fá til þess að veiða hreindýr, er eftirlitsmaður hreindýra samþykkir. Skulu þeir fá sérstakt, skriflegt leyfi frá eftirlitsmanninum. Ber þar að greina, auk nafns og heimilis leyfishafa, hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) megi nota, á hvaða svæði leyfið gildi, hve mörg dýr leyfishafi megi veiða og fyrir hvern hann veiði.

Leyfishafi skal bera leyfið á sér, þegar hann er við veiðar og sýna, ef krafizt er.

Hreindýraeftirlitsmaður skal tilkynna sýslumönnum Norður- og Suður-Múlasýslu nöfn leyfishafa jafnóðum og leyfin eru gefin út, svo og ráðuneytinu.

8. gr.

87

Hreindýraeftirlitsmaður skal gæta þess vandlega að leyfa eigi að veiða hreindýr á þeim slóðum, þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt að þau hagvenjist, heldur á stöðvum aðalhjarðarinnar eða þar sem ætlunin er að bægja þeim frá.

9. gr.

Hreindýraeftirlitsmaður skal sjá um, eftir því sem unnt er, að veiðd séu þau dýr, sem minnstur skaði er að fyrir vöxt og viðgang hjarðarinnar.

10. gr.

Hreindýraeftirlitsmaður annast eftirlit með veiði hreindýranna, sbr. 2. gr.

Hreindýraeftirlitsmanni skal heimilt að kveðja menn sér til aðstoðar við eftirlitið á tilteknum svæðum, fjarlægum heimili hans. Kostnaður vegna slíkrar aðstoðar greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er ráðuneytið úrskurðar.

11. gr.

Brot gegn reglum þessum, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 72/1954, um breyting á lögum nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, varðar allt að 10 000.00 króna sekt.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 6. ágúst 1959.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

AUGLÝSING

88

um að niður falli frestur til að auglýsa hvar kjörskrár við alþingiskosningar 25. og 26. október næstkomandi verði lagðar fram.

19. ágúst

Samkvæmt heimild í 2. málgr. 19. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, er hér með mælt svo fyrir að niður skuli falla frestur sá, sem þar er settur til að auglýsa hvar kjörskrár við alþingiskosningar 25. og 26. október næstkomandi verði lagðar fram.

Þetta birtist hér með til eftirbreynti öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 19. ágúst 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Ragnar Bjarkan.

89

20. ágúst

REGLUGERÐ

um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurlflugvelli.

1. gr.

Hámarkshraði ökutækja á öllum vegum lögsagnarumdæmis Keflavíkurlflugvallar er ákveðinn 35 km á klukkustund, með þeim undantekningum, er greinir í 2. gr.

2. gr.

Á eftirtöldum vegum má þó hámarkshraði vera 70 km á klukkustund:

- a) Flugvallarbraut frá aðalhlíði flugvallarins að gatnamótum Víkingsgötu.
- b) Flugbraut „F“ frá Austurbraut að Alþjóðavegi.
- c) Grjótagata.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga, nr. 26 frá 1958, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi fallin auglýsing um hámarkshraða á vegum á flugvallarsvæðinu við Keflavík, nr. 44 frá 11. marz 1953.

Utánríkisráðuneytið, 20. ágúst 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

90

17. ágúst

REGLUGERÐ

fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 18. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 55 3. marz 1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

1. gr.

Tilgangur veðdeildarinnar er að veita lán um langt árabíl gegn veði í fasteignum.

2. gr.

Veðdeildin gefur úr skuldabréf, sem hljóða á handhafa (bankavaxtabréf), sem má nafnskrá í bókum hennar, og verða þau kölluð 18. flokkur bankavaxtabréfa hennar. Öll upphæð þeirra má ekki fara fram úr 10 milljónum króna. Upphæð bankavaxtabréfanna skal talin í gjaldgengum peningum, og skulu bréfin samin eftir fyrirmynd, er bankastjórnin ákveður. Fjármálaráðherra og bankastjórar Seðlabankans, eða þeir, er til þess hafa umboð bankastjórnar Seðlabankans, rita undir þau. Í bankavaxtabréfunum skal vera útdráttur úr reglugerð þessari. Upphæð þeirra skal vera 5000 kr. og skal hvert vaxtabréf vera tölusett. Ásamt bankavaxtabréfunum skal afhenda vaxtamiða til 25 ára minnst.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum en sem nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildarflokkurinn á í veðskuldabréfum.

3. gr.

90

Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildarflokkurinn fær frá lántakendum, skal trygging fyrir honum vera:

- 1) Varasjóður veðdeildarflokksins.
- 2) Sameiginleg (solidarísk) ábyrgð lántakenda, er nemi allt að 10% (sbr. 9. gr.).
- 3) Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum veðdeildarflokksins.

5. gr.

Af bankavaxtabréfunum skal á ári hverju svara í vöxtu 7%, er greiðist einu sinni á ári, 2. janúar, gegn afhendingu vaxtamiðans. Vaxtamiðar, sem fallnir eru í gjald-daga, skulu innleystir í Seðlabankanum í Reykjavík. Sömmuleiðis skulu vaxtamiðarnir gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fé fyrir hendi, er greiða á í ríkissjóð.

6. gr.

Veðdeildarflokkurinn er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hann rétt til að fá ókeypis eign- og veðbókarvottorð til afnota fyrir sjálfan sig.

7. gr.

Fé veðdeildarflokksins má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð í kaupstöðum og verzlunarstöðum. Enn fremur er heimilt að lána fé veðdeildarinnar gegn veði í húsum með lóð annars staðar, ef ástæður mæla með því. Lánsupphæðin má ekki fara fram úr $\frac{3}{4}$ af virðingarverði fasteignarinnar.

Þegar veðdeildarflokkurinn tekur jarðir að veði, skal virða jarðarhúsin sér og jörðina sér í lagi. Öll önnur hús skal einnig virða sérstaklega og þau vátryggð, ef verð þeirra á að koma til greina við lánveitingar gegn veði í eigninni.

Heimilt er Seðlabankanum á kostnað lántakenda, að annast vátryggingu á húsum, sem veðsett eru veðdeildarflokknunum, að svo miklu leyti, sem þau eru eigi í innlendri brunaábyrgð, sem bankastjórnin tekur gilda.

8. gr.

Eignir þær, er veðdeildarflokkurinn tekur að veði, skulu tveir óvilhallir menn, dómkvaddir eða tilnefndir af hlutaðeigandi lögreglustjóra, þeir er nauðsynlega þekkingu hafa á slíku, virða á kostnað lánþega. Þó getur stjórn Seðlabankans, þegar henni eftir atvikum finnst ástæða til þess, sjálf nefnt til menn þá, er virða skulu. Enn fremur getur hún krafizt þess, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, er í hlut á, samþykki virðinguna. Eignirnar skal meta til þess verðs, sem þær eftir beztu vitund virðingarmanna hafa í kaupum og sölu, og skal virða þær með kvöðum þeim, er á þeim hvíla, hvort heldur eru skattar eða afgangur. Í virðingargerðunum skal eignunum ýtarlega og greinilega lýst. Sé það jarðeign, skal tilgreina dýrleika hennar, hve mörg kúgildi henni fylgi, upphæð afgangssins, hlunnindi hennar og kvaðir þær, er á henni kunna að hvíla. Enn fremur skal taka fram allt það, er lýtur að ásigkomu-lagi jarðarinnar í heild sinni og ræktunarástandi hennar, hvernig viðhaldi bygginga á jörðinni sé varið og önnur sérstök atvik, er hljóta að hafa áhrif á verðmæti jarðarinnar, svo sem hvort hún liggur undir skemmdum af vatnagangi, sjávangangi, skriðum, sandfoki o. fl. Þegar virtar eru húseignir, skal nákvæmlega lýsa hverri ein-

17. ágúst **90** stakri byggingu, tilgreina stærð hennar, hve mörg herbergi í henni eru, telja til allt múr- og naglfast, er henni fylgir, svo sem ofna, járneldstór o. fl., efni það, er byggingarnar eru byggðar úr, og að svo miklu leyti sem unnt er, gæði þess og enn fremur aldur bygginganna og viðhald. Að lokum skal í virðingargerðinni tekið fram, hve stór lóð sú sé, er húseigninni fylgir, og hvernig ásigkomulag hennar sé.

Hafi eignin gengið kaupum og sölum, skal kaupverðs hennar getið.

Lántakandi skal að minnsta kosti á hverjum 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skirteini, sem bankastjórnin tekur gilt, fyrir því, að veðið hafi ekki rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknnum geti verið nein hættu búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda stjórn Seðlabankans þetta skirteini, má hún láta skoðunargerð af innanhéraðsmönnum fara fram á kostnað lántakanda.

9. gr.

Lántakendur skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar veðdeildarflokksins, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra voru á síðasta gjaldþaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar, en til hennar má taka, hvenær sem varasjóður flokksins eigi nægir til að standast áfallið tap. Áður en gripið er til rikissjóðsábyrgðarinnar skal jafna niður á alla lántakendur veðdeildarflokksins aukagjaldi til varasjóðs, svo sem þörf er á, allt að 10% til að bæta skaðann. Niðurlögnun á aukagjaldi þessu skal vera í hlutfalli við upphæð lánanna. Eftir ákvörðun stjórnar Seðlabankans má skipta greiðslu þessari niður á fleiri en eitt ár.

Verði þörf á að grípa til ábyrgðarinnar til að fullnægja skuldbindingum veðdeildarflokksins, skal endurborga það án vaxta, þegar hagar flokksins leyfir það.

10. gr.

Eigi má lán nema gegn 1. veðrétti. Minnsta lán, sem veðdeildarflokkurinn veitir, skal vera 5000 krónur og skulu lánin jafnan standa á hálfum eða heilum tug þúsunda. Lánstíminn má vera allt að 25 árum, sé veðið jarðeign, vandað steinhús eða vandað timburhús.

11. gr.

Lán þau, sem veðdeildarflokkurinn veitir, má hann greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefur rétt til að krefjast, að bankastjórnin annist um að koma þeim í gjaldgenga peninga ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, og verðfall. Veðdeildarflokkurinn hefur þó jafnan rétt til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hann getur fengið fyrir bankavaxtabréfin, eða á von á fá fyrir þau, að frádregnum öllum beinum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabréfa flokksins fyrir fram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki ráðherra sá, sem fer með bankamál, söluverðið.

12. gr.

Til þess að menn geti fengið lán úr veðdeildarflokknnum, verða þeir að fullnægja þeim skilmálum, er nú skal greina:

a. Útvega virðingargerð samkvæmt því, sem segir í 8. gr.

b. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt afsals- og veðamála-bókum um, hvort nokkur veðskuld eða önnur eignabönd hvíli á eigninni og hver þau séu, svo það sjáist, að þau séu eigi því til fyrirstöðu, að eignin geti orðið veðsett veðdeildinni með 1. veðrétti.

c. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt embættisbókum hans um, að hlutaðeigandi hafi þinglesna eignarheimild fyrir eigninni, eða sé það eigi unnt, þá vottorð hans um, að eignin sé vitanleg eign hans.

13. gr.

90

17. ágúst

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins.

Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildarflokksnum, skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin.

Heimilt er veðdeildinni, við hver eigendaskipti, að heimta lánið borgið aftur að öllu eða nokkru leyti.

14. gr.

Vilji einhver, sem keypt hefur veð, taka að sér skuld við veðdeildarflokkinn, skal hann þegar í stað leita samþykkis bankastjórnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi eigandi yfirtaki lánið, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarétt sinn fyrir Seðlabankastjórninni og taka lánið að sér. Slík yfirtaka er ekki stimpilskyld.

15. gr.

Lánnum þeim, sem veðdeildarflokkurinn veitir, má hann eigi segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, sem hann hefur undirgengizt.

En þá er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar láns komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar, ef eigi er fullnægt einhverju atriði láns skilmálanna, t. d.:

a. Ef ákvæðisgjöld eru eigi greidd á réttum gjalddaga.

b. Ef veðið gengur svo úr sér, að það eigi lengur er svo tryggjandi, sem vera skal.

c. Ef skuldunautur heldur eigi váttryggðum húsum, sem að veði eru, eða vanrækir að senda veðdeildinni kvittun hlutaðeigandi váttryggingarfélags, fyrir iðgjaldinu í tæka tíð.

d. Ef á veðið falla eftirstöðvar af sköttum eða gjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka að sér lán.

16. gr.

Skuldunautar veðdeildarflokksins skulu 1.—14. október ár hvert greiða vexti, afborganir og tillög til stjórnarkostnaðar og varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð á hverjum gjalddaga. Sérhvert lán, sem veitt er á öðrum tíma árs en nefndum gjalddaga, skal teljast veitt á næstundanförnum gjalddaga, en á næsta gjalddaga á eftir skulu vextir og gjald til stjórnarkostnaðar og varasjóðs þó aðeins takast frá 1. degi þess mánaðar, sem lánið er tekið í, til næsta gjalddaga (1. október).

Tillag til stjórnarkostnaðar og varasjóðs er $\frac{1}{2}$ af hundraði á ári af upphæð lánsins, eins og hún er fyrir hvern gjalddaga, vextirnir eru 7 af hundraði á ári af höfuðstól þeim, sem í láni er á hverjum tíma.

17. gr.

Á hinum ákveðna gjalddaga má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir, sem þó standi á hundrað krónum, eða endurborga lánið að öllu leyti. Greiðslum þessum má hann lúka með bankavaxtabréfum 18. veðdeildarflokks eftir ákvæðisverði þeirra. Lögmætar skulu greiðslur þessar teljast, séu þær komnar til veðdeildarinnar fyrir 15. október. Á öðrum tímum árs má borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sé veðdeildinni að skaðlausu.

18. gr.

Sérhver skuldunautur, sem eigi hefur innan 1. nóvember borgað árleg gjöld sín, er hann átti að lúka á næst undangengnum gjalddaga, skal í dráttarvexti af nefndum gjöldum greiða 1 af hundraði fyrir hvern mánuð frá 1. október til borgunardags, og skal sá mánuður, sem komið er fram í, teljast sem heill.

90

19. gr.

17. ágúst

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa bankavaxtabréf þau, er veðdeildarflokkurinn hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna, annan kveður ráðherrann til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Auglýsinguna skal birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu. Veðdeildin má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf flokksins í stærri stíl en hér segir.

20. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum þeim, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða neina vexti af höfuðstólnum upp frá því. Útborgun fer fram á þeim stöðum, sem nefndir eru í 5. gr.

21. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í vara-sjóð veðdeildarflokksins, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

22. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaðinu. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur veðdeildarflokknum.

Um ógilding annarra glataðra bankavaxtabréfa og vaxtamiða fer eftir almennum lögum.

23. gr.

Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má ekki frammar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins, ásamt vaxtamiðum þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu veðdeildarinnar, og skal svo innan loka næsta reikningsárs eyðileggja þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

24. gr.

Hljóti veðdeildarflokkurinn að taka að sér veð, og hafi það eigi selzt innan árs frá því að hann tók það að sér, skal á fyrsta árlega gjalddaga næst á eftir draga inn og ónýta jafnmikla upphæð bankavaxtabréfa þeirra, er veðdeildarflokkurinn hefur gefið út. Heimilt er þó að jafna inndrætti þessum á 2 eða 3 ár. Síðan á vara-sjóðurinn eignina.

25. gr.

Þegar lán eru komin í gjalddaga (sbr. 15. gr.), hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildarflokknum út til eignar, ef þörf krefur.

Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dóm-skoti. 90 17. ágúst

Veðdeildin hefur aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjald-daga, og skuldunaut er frjálst að hefja mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðast á uppboðinu og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur lög-lega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

26. gr.

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til kaupa á banka-vaxtabréfum veðdeildarflokksins, en þó eigi hærra verði en skráðu gangverði þeirra hjá Landsbanka Íslands, Seðlabankanum.

27. gr.

Sérstakan reikning skal halda yfir 18. flokk bankavaxtabréfanna, enda sé þeim til tryggingar sérstakur varasjóður, og skulu í hann renna tekjur veðdeildarflokksins.

28. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum þessa veðdeildarflokks, rennur varasjóður hans til næsta flokks og svo áfram, skv. 24. gr. laga nr. 55 3. marz 1945.

29. gr.

Veðdeildin tekur að sér að gefa út bankavaxtabréf 18. flokks.

30. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar snerta að engu leyti reglugerðir þær fyrir veðdeild Landsbankans, sem staðfestar voru 15. júní 1900, 21. apríl 1903, 5. júlí 1905, 1. apríl 1906, 20. október 1909, 7. maí 1914, 20. júlí og 15. október 1926, 7. október 1927, 11. október 1928, 2. október 1929, 28. október 1931, 15. janúar 1936, 4. apríl 1939, 12. ágúst 1941, 15. júní 1943, 26. apríl 1944, 29. nóvember 1946 og 2. febrúar 1948, né heldur bankavaxtabréf þau, sem gefin eru út samkvæmt þeim.

Fjármálaráðuneytið, 17. ágúst 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Sigtr. Klemenzson.

S A M Þ Y K K T

fyrir vatnsveitufélagið Lindin við Lagarfljótsbrú, Fellahreppi.

91

19. ágúst

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélagið Lindin. Heimili þess og varnarþing er í Fella-hreppi í Norður-Múlasýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

91

19. ágúst

3. gr.

Stofnendur félagsins eru ábúendur býlanna: Skipalækur, Helgafell, Ekkjufells-
sel, Brúarland og Hlaðir. Auk þess Vegagerð ríkisins.

Hver stofnandi greiði eitt þúsund kr. sem stofngjald og telst hann eigi full-
gildur félagsmaður, fyrr en það stofngjald er innt af hendi.

Allt vatn í fjós, þvottahús og önnur þau hús, er heyra búrekstri jarðarinnar
til, telst undir sama stofngjald og íbúðarhús.

Félagsskylda samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar er því skilyrði háð, að ábú-
anda séu látin í té afnot af vatni því, sem félagið hefur til umráða.

4. gr.

Ef býlum fjölgar á félagssvæðinu má taka búendur þeirra í félagið með sam-
þykki lögmæts félagsfundar. Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri fé-
lagar og öll gjöld, sem á félaginu hvíla til jafns við aðra félagsmenn, frá því er
hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður
sérstaklega hans vegna til þess, að hann geti notað mannvirki félagsins.

5. gr.

Kostnað af upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar skal að jöfnum hlutum greiða
fyrir hvert býli á félagssvæðinu. Skal hann greiddur af stofngjöldum félagsmanna,
þar sem þau hrökkva til, og styrk, sem veittur kynni að vera til vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverju býli á félagssvæðinu, sem vatns
nýtur úr vatnsveitunni. Skal félagsstjórnin tiltaka upphæð hans þannig fyrir hvert
reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar aðalleiðslu vatns-
veitunnar og til viðhalds.

Gjöld samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar má taka lögtaki ásamt áföllnum inn-
heimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum um greiðslu gjalda til félagsins.

Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félags-
maður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum er
gert að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

6. gr.

Þeir, sem hafi á framfæri sínu börn eða aðra skylduómaga, sbr. d-lið 5. gr., skulu framvísa vottorði undirskattanefndar eða skattstjóra. Sama gildir, er um er að ræða undanþágu samkvæmt 2. mgr. 5. gr. nema ákvörðun undirskattanefndar eða skattstjóra hafi verið áfrýjað, þá skal framvísa ráðuneytisbréfi um undanþáguna. Eftir að hafa athugað hvort hlutaðeigandi bókar eigandi á rétt til undanþágu frá skyldusparnaði, samkvæmt framlögðum gögnum, ritar lögreglustjóri eða hreppstjóri vottorð um undanþáguna í sparimerkjabókina. Jafnframt skal hann auðkenna þau sparimerki, sem vera kunna í sparimerkjabók hlutaðeigandi manns, og undanþágan tekur ekki til, með stimpli sínum eða með upphafsstöfum sínum, ef stimpill er ekki fyrir hendi.

7. gr.

Hver sá, sem skyldaður er til sparnaðar, samkvæmt reglugerð þessari, getur snúið sér til næsta pósthúss, sem selur sparimerki, einu sinni í mánuði og framvísað þar sparimerkjabók sinni og óskað þess, að póstafgreiðslumaður rífi úr bókinni blöð þau, sem eru með álimdum sparimerkjum.

Jafnan skal tæma sparimerkjabækur um hver áramót, og þó ekki síðar en 10. janúar ár hvert.

Póstmaður sá, er við bókinni tekur skal rífa umrædd sparimerkjablöð úr bókinni og rita á stofn blaðanna kvittun fyrir móttöku merkjanna. Jafnframt skal hann útfylla vottorðseyðublað á sparimerkjablaðinu, sbr. 3. gr. 3. mgr. og undirrita það. Póstmaður lætur síðan sparimerkjablöðin í þar til gert umslag áritað til póststjórnarinnar og póstleggur það samstundis bókareiganda að kostnaðarlausu.

Vextir af sparifé teljast sparifjäreiganda frá þeim degi, sem sparimerkjablað er póstlagt.

Bréf með sparimerkjum, samkvæmt þessari grein, sendir póststjórnin, jafnóðum og þau berast henni, til Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

8. gr.

Sá, sem er undanþeginn skyldusparnaði, getur snúið sér til næsta pósthúss, sem selur sparimerki, einu sinni í mánuði hverjum og fengið þar greidd sparimerki sín.

Eftir að hafa athugað vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra, um undanþágu frá skyldusparnaði, sbr. 6. gr., og talið sparimerki bókareiganda, rífur póstmaður blað það eða blöð úr sparimerkjabókinni, sem eru með álimdum sparimerkjum, sem ekki hafa verið auðkennd, sbr. 6. gr., og greiðir bókareiganda andvirði merkjanna. Síðan ritar hann vottorð sitt um viðtöku merkjanna á stofn eða stofna bókarinnar og útfyllir vottorðseyðublað það á sparimerkjablaði, sem um ræðir í 3. gr. 3. mgr., og undirritar það. Slík sparimerkjablöð skal og yfirstimpla með áletruninni: **Endurgreitt**. Um sparimerkjabókarblöð með álimdum auðkenndum merkjum, fer samkvæmt 7. gr.

Heimilt er póstmanni að synja um greiðslu sparimerkja samkvæmt grein þessari, ef hann telur vera um óeðlilega upphæð sparimerkja að ræða, nema fyrir liggja vottorð hlutaðeigandi skattanefndar um sparimerkjaeignina.

Umrædd greidd sparimerkjablöð skulu síðan send póststjórninni með mánaðarskilagrein, sbr. 10. gr.

9. gr.

Nú hefur blað með álimdum sparimerkjum losnað frá stofni sparimerkjabókar og er þá pósthúsi óheimilt að veita slíku blaði móttöku.

Heimilt er Húsnæðismálastofnun ríkisins að taka gild sparimerki á slíku lausu sparimerkjablaði, ef sönnur eða mjög sterkar líkur eru færðar fyrir því, að blaðið hafi losnað frá stofni gegn vilja bókareiganda.

10. gr.

Póstmenn skulu eigi síðar en 3. dag hvers mánaðar póstleggja skilagrein til póststjórnarinnar um sölu sparimerkja í síðasta mánuði ásamt andvirði merkjanna. Frá andvirði merkjanna skal draga greidd sparimerki, sbr. 8. gr., og skulu umrædd sparimerkjablöð fylgja skilagreininni. Póststjórnin lætur gera eyðublöð fyrir skilagreinar samkvæmt grein þessari.

Frumrit af skrá um afhendingu sparimerkjabóka, sbr. 4. gr., skal fylgja skilagreininni.

11. gr.

Póststjórnin gerir yfirlit um sölu sparimerkja í landinu í hverjum mánuði og skal afhenda það Húsnæðismálastofnun ríkisins eigi síðan en 25. dag næsta mánaðar á eftir. Andvirði seldra merkja svo og sparimerkjablöð greiddra merkja skal fylgja yfirliti þessu, svo og skrár þær um afhendingu sparimerkjabóka, sem um ræðir í 10. gr. 2. mgr.

12. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins ávaxtar fé það, er henni berst samkvæmt 11. gr., fyrst í stað í Landsbanka Íslands (seðlabankanum), en jafnskjótt og henni berast spari-

116 merkjábref, sbr. 7. gr., skiptir hún fénu eftir því hvar sparimerkjaeigendur eru búsettir. Sparifé þeirra, sem búsettir eru á jörðum, ávaxtast í veðdeild Búnaðarbanka Íslands, en sparifé annarra skal ávaxta í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins. Sérhver sparifjäreigandi, samkvæmt reglugerð þessari, fær sérreikning yfir sparifé sitt í annarri hvorri þessara deilda, eftir því hvar hann er búsettur.

13. gr.

Hver sá, sem eignast hefur fé á sérreikningi samkvæmt 12. gr. og hefur náð 26 ára aldri, eða gengur í hjónaband og stofnar heimili, skal eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt að viðbættum þeim vöxtum og uppbót vegna vísitöluhækkunar, sem greidd er af vísitölubundnum verðbréfum á innlánstímanum. Nú andast maður, sem á fé á slíkum sérreikningi og skal þá endurgreiða dánarbúinu spariféð með sama hætti.

Rétt er sparifjäreiganda samkvæmt 1. mgr. að snúa sér til Húsnaðismálastofnunar ríkisins eða Búnaðarbanka Íslands með beiðni um greiðslu sparifjárins, en leggja skal hann fram fæðingarvottorð sitt eða giftingarvottorð. Sé um dánarbú að ræða, má krefjast dánarvottorðs.

Húsnaðismálastofnun ríkisins eða Búnaðarbanki Íslands skulu hlutast til um greiðslu sparifjárins, ef fullnægt er ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar.

Enn fremur skulu umræddir sparifjäreigendur að öðru jöfnu sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá Húsnaðismálastofnun ríkisins og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist um lán Húsnaðismálastofnunarinnar, þó eigi yfir $\frac{2}{3}$ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar, enda sé íbúðin og smíði hennar í samræmi við útlánareglur Húsnaðismálastofnunarinnar og samþykkt af henni áður en byggingarframkvæmdir hefjast. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði, að sparifjársöfnun þeirra, sem að smíði hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi að minnsta kosti kr. 25000.00.

Þeir, sem lagt hafa fé í veðdeild Búnaðarbanka Íslands og vilja stofna bú í sveit, skulu njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu um lán til bústofnunar úr deildum Búnaðarbankans, sbr. 4. mgr. þessarar greinar.

Heimilt er Búnaðarbanka Íslands og Húsnaðismálastofnun ríkisins að semja um, að réttindi þessi verð gagnkvæm.

14. gr.

Sérhverjum er heimilt að leggja til hliðar með sparimerkjakaupum hærri hluta launa sinna en 6%, byrja slíkan sparnað yngri en 16 ára og halda honum áfram eftir 26 ára aldur.

Hver sá, sem notar heimild þessa, skal njóta sömu réttinda og heimiluð er samkvæmt 13. gr. reglugerðar þessarar.

15. gr.

Fé það, sem skylt er að spara samkvæmt 1. og 2. gr. þessarar reglugerðar, skal undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Fé þetta er einnig skatt- og útsvarsfrjálst sem eign og ekki framtalsskylt. Vextir af fé þessu eru undanþegnir framtalsskyldu til tekju- og eignarskatts og skatt- og útsvarsfrjálsir.

Um fé, sem lagt er til hliðar samkvæmt 14. gr. þessarar reglugerðar, gilda ákvæði 2. mgr. þessarar greinar.

16. gr.

Póststjórnin skal láta hlutaðeigandi skattayfirvaldi í té fyrir 28. febrúar ár hvert upplýsingar um öll sparimerkjakaup á síðastliðnu almanaksári. Upplýsingar þessar skulu vera í því formi, sem skattayfirvöld ákveða. Á skýrslum þessum skulu vera

upplýsingar um nafn sparimerkjakaupanda, heimilisfang hans svo og upphæð þá, sem hann hefur keypt sparimerki fyrir á síðastliðnu ári, sbr. 4. gr. **116**

10. sept.

Samkvæmt þessum gögnum skulu skattaneindir og skattstjórar sannprófa hvort kaupgreiðendur og aðrir, sem skylt er að kaupa sparimerki samkvæmt 2. gr., hafi keypt sparimerki svo sem fyrir er mælt í reglugerð þessari.

17. gr.

Hverjum þeim, sem háður er ákvæðum þessarar reglugerðar um skyldusparnað skal skylt að mæta eða láta mæta hjá skattanefnd eða skattstjóra með sparimerkjabók sína eða senda hana skattayfirvaldi með öðrum hætti, til þess að sannprófað verði hvort hann hefur eignast sparimerki, svo sem vera ber, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

Skattanefndir og skattstjórar ákveða hvenær hlutaðeigendur skulu mæta, láta mæta eða senda sparimerkjabækur sínar, samkvæmt grein þessari, og skal birta þá ákvörðun með þeim hætti, sem venjulegt er að birta opinberar auglýsingar á hverjum stað.

Sparimerkjabækur, sem berast skattayfirvaldi samkvæmt grein þessari, skal yfirvald endursenda bókareiganda, honum að kostnaðarlausu, að lokinni sannprófun, samkv. 1. mgr. þessarar greinar.

18. gr.

Nú kemur í ljós, sbr. 16. og 17. gr., að sparimerkjakaup hafa verið vanrækt, og skal þá skattayfirvald úrskurða gjald á hendur þeim, sem sekur er um vanrækslu, sem nema skal allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið að kaupa sparimerki fyrir.

Þeim, sem vanrækir að mæta, láta mæta eða senda sparimerkjabók sína, samkv. 17. gr., án lögmætra forfalla, skal gert að greiða allt að 500 króna gjald.

Skattayfirvöld skulu semja skrár í tvennu lagi yfir gjöld samkvæmt þessari grein og skulu skrár þessar vera tvíritaðar. Annars vegar skal semja skrá yfir gjaldendur, sem ekki eru búsettir á jörðum. Samrit af þeirri skrá skal senda Húsnæðismálastofnun ríkisins og gjöld samkvæmt henni skulu renna í Byggingarsjóð ríkisins. Hins vegar skal semja skrá yfir þá gjaldendur, sem búsettir eru á jörðum. Samrit af þeirri skrá skal sent Búnaðarbanka Íslands og gjöld samkvæmt henni renna til veðdeildar Búnaðarbankans. Hitt eintak skráanna skal afhent innheimtu- mönnum gjaldanna, sbr. 19. gr.

19. gr.

Gjaldskrár samkvæmt 18. grein skulu liggja frammi almenningi til sýnis á sama stað og tíma og skrár um tekju- og eignarskatt. Kæra má til skattanefndar eða skattstjóra út af gjaldi samkvæmt 18. gr. með sama hætti og kæra má út af álögðum tekju- og eignarskatti.

Áfrýja má úrskurði skattayfirvalds til félagsmálaráðherra innan 6 vikna frá því, að hlutaðeigandi gjaldanda var kunnugt um úrskurðinn.

Gjöld samkvæmt 18. gr. falla í gjaldþaga á sama tíma og tekju- og eignarskattur og má innheimta þau með lögtaki.

Innheimtu gjalda samkvæmt 18. gr., annast sömu aðilar og þeir, sem annast innheimtu tekju- og eignarskatts.

20. gr.

Allur kostnaður við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldusparnaðarins greiðist úr ríkissjóði.

21. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

116 Með mál út af brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar skal farið að hætti
10. sept. opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 42 1. júní 1957 um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl., sbr. lög nr. 45 12. júní 1958 um breyting á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 184 27. nóv. 1957, um skyldusparnað og reglugerð nr. 76 9. júní 1958 um breyting á þeirri reglugerð.

Félagsmálaráðuneytið, 10. september 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

117
10. sept.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Krossvíkurhöfn í Neshreppi utan Ennis,
nr. 161 25. sept. 1942.

1. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Gjöld fyrir notkun hafnarinnar eru þessi:

A. Bátagjöld.

Vélbátar um vetrarvertíð frá 1. jan. til 14. maí	kr. 40.00	á hverja rúmlest.
Vélbátar um sumarvertíð frá 14. maí til 24. sept.	— 30.00	— — —
Vélbátar um haustvertíð frá 24. sept. til 31. des.	— 30.00	— — —
Bátur, sem gengur allt árið, greiði	— 90.00	— — —
Bátur frá 6—10 rúml. greiði	— 80.00	— — —
Bátur frá 10—20 rúml.	— 60.00	— — —

Fyrir aðkomubáta, allt að 8 rúml. að stærð, sem ekki hafa fast aðsetur, greiðist 8.00 kr. í hvert sinn, er þeir leggjast að bryggju, en fyrir stærri báta 10.00 kr.

Bátur, sem ekki er í notkun og sýnilega verður ekki í notkun heila vertíð, er skyldur að rýma festarhöld, ef hafnarnefnd leggur svo fyrir.

Bátagjöld þessi greiðast, hvort sem bátarnir nota vikina sjálfa eða hið annað hafnarsvæði, sem greinir í fyrstu grein reglugerðar þessarar.

2. gr.

16. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Af vörum þeim, sem fluttar eru í land eða skipað út í vikinni eða því hafnarsvæði, sem greinir í 1. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða gjöld sem hér segir:

1. Af salti, kolum, sementi, útlendum áburði og óverkuðum saltfiski, kr. 10.00 fyrir hverja lest.
2. Af verkuðum saltfiski, frystum fiski og beinamjöli kr. 12.00 á lest.
3. Af nýjum fiski kr. 5.00 fyrir hverja lest.
4. Af heilfötum (olíufötum) kr. 2.00 fyrir stykkið.
5. Af tómum tunnum nr. 1.00 fyrir stykkið.

6. Af trjáviði og öðrum vörum, sem reiknast eftir rúmmáli, kr. 0.35 af hverju teningsfeti. **117**
7. Af öllum öðrum vörum kr. 1.40 fyrir hver 100 kg. Póstur og farþegaflutningur er undanþeginn í gjaldi þessu. **10. sept.**

Vörugjald skal reiknast eftir máli vörunnar eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining.

Gjaldið skal ákveðið eftir farmskrá skipa, þegar um slík skjöl er að ræða, og er öllum skipaafgreiðslum skylt að láta hafnarnefnd í té afrit af öllum farmskrám yfir vörur, sem skipað er upp eða út á hafnarsvæðinu, innan tveggja sólarhringa eftir komu eða burtför skipanna.

Afgreiðslumaður skipa skal standa hafnarnefnd skil á vörugjaldi af þeim vörum, sem hann afgreiðir eða tekur á móti. Enn fremur sjái afgreiðslumaður um hafnargjöld skipa, sem koma að bryggju, samkv. 15. gr.

Kaupendur að nýjum fiski, af bátum, sem fara um vikina, skulu standa hafnarnefnd skil á vörugjaldinu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 71 16. maí 1944, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Krossvíkurhöfn í Neshreppi utan Ennis, nr. 161 25. sept. 1942 og 2. gr. reglugerðar nr. 135 17. okt. 1946, um breyting á sömu reglugerð.

Samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1959.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Grundarfjörð, nr. 60 5. maí 1944.

118
10. sept.

1. gr.

Fyrirsögn VII. kafla reglugerðarinnar orðist þannig:
Lestagjald, bryggjugjald og ljósagjald.

2. gr.

30. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Lestagjald.

Öll skip, sem koma til Grundarfjarðarhafnar og hafa samband við land, skulu greiða lestagjald, sem hér segir:

- A. Skip og bátar, sem eru eign manna búsettra í Grundarfirði, og ekki stunda fiskveiðar, greiði hafnargjald einu sinni á ári, kr. 5.00 af hverri nettó rúmlest, þó ekki minna en kr. 50.00.
- B. Innlend fiskiskip og strandferðaskip, sem eru í innanlandssiglingum, greiði kr. 0.40 af hverri nettó rúmlest í hvert skipti, sem þau koma til hafnarinnar, en þó ekki meira en kr. 5.00 á ári fyrir hverja rúmlest.
- C. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, skulu greiða kr. 0.50 af hverri nettó rúmlest, í hvert skipti, sem þau koma til hafnarinnar.

118

10. sept.

3. gr.

31. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Bryggjugjald:

Hvert skip, sem leggst við bryggju, eða við skip, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af nettó stærð skipsins. Gjaldið er reiknað fyrir hverjar 24 klukkustundir eða minna.

- A. Af innlendum fiskiskipum og strandferðaskipum í innanlandssiglingum, kr. 0.20 af hverri nettó rúmlest.
- B. Öll önnur skip greiði kr. 0.30 af nettó rúmlest.
- C. Fyrir önnur afnot af bryggjum, mannvirkjum eða lóðum hafnarinnar, fer eftir samningum við hreppsnefnd í hvert skipti.

4. gr.

32. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Ljósagjald.

Öll skip, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu 1. ágúst til 15. maí og greiða bryggjugjald, skulu greiða ljósagjald þannig:

- A. Bátar frá Grundarfirði greiði einu sinni á ári kr. 30.00.
- B. Öll önnur skip greiði kr. 0.10 af hverri nettó rúmlest skipsins.

5. gr.

37. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 2.00 hver 100 kg:
Kol, salt, sement, áburður, fóðurvörur, óverkaður saltfiskur, fryst síld.
2. flokkur. Gjald kr. 2.50 hver 100 kg:
Verkaður saltfiskur, frystur fiskur, fiskimjöl, lýsi, veiðarfæri og efni í þau, fiskumbúðir, kaðlar og aðrar útgerðarvörur.
3. flokkur. Gjald kr. 2.80 hver 100 kg:
Kornvara, sykur, garðávextir, og önnur sekkjavara, ótalin annars staðar.
4. flokkur. Gjald kr. 3.00 hver 100 kg:
Vikursteinn, vikurplötur, þilplötur til bygginga, vatnsrör og miðstöðvarrör, steypujárn, þakjárn, efni til múrhúðunar, og annað efni til bygginga, ótalið annars staðar. Óliur, benzín, smurolíur.
Kjöt, gærur, húðir, ull, mör og aðrar landbúnaðarvörur, ótaldar annars staðar.
5. flokkur. Gjald kr. 4.00 hver 100 kg:
Vélar alls konar og vélahlutir, gler, miðstöðvar, saumur, gólf dúkur og annað linoleum, málningarvörur, smjör, smjörliki, sápur, þvottaefni og aðrar hreinlætisvörur.
6. flokkur. Gjald kr. 5.00 hver 100 kg:
Kaffi, kaffibætir, kex og aðrar brauðvörur, ávextir nýir, þurrkaðir og niðursoðnir, kakaó, leirvörur og búsaðhöld alls konar, pappírsvörur, og allar aðrar vörur, sem flutningsgjald er reiknað af eftir þyngd, en ekki geta fallið undir aðra vöruflokka.
7. flokkur. Gjald kr. 1.00 hver 10 kg:
Vefnaðarvara, fatnaður, skófatnaður, tóbak, sælgæti, öl og gosdrykkir, og aðrar munaðarvörur, sem ekki eru taldar annars staðar.
8. flokkur. Gjald kr. 10.00 fyrir hvert stykki:
Eldavélar, þvottavélar, isskápar, baðker.

9. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hverja tunnu af saltsild, gotu og öðrum sjávar-afurðum, kjöti og öðrum landbúnaðarafurðum. **118**
10. sept.
10. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hverja tóma tunnu.
11. flokkur. Gjald kr. 0.60 fyrir hvert teningsfet af trjáviði og alls konar timburvörum, svo og öll önnur vara, sem reiknuð er eftir rúmmáli í flutningi, þar með talin húsgögn, einangrunarplötur og því um líkt.
12. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hverja kind, og kr. 10.00 fyrir stórgrip.
13. flokkur. Gjald 1½% af andvirði alls afla, sem lagður er á land í Grundarfirði.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreynti öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 5 7. jan. 1954, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Grundarfjörð, nr. 60 5. maí 1944.

Samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1959.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

HAFNARREGLUGERÐ

119

fyrir Bolungavík.

10. sept.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru bein lína, er hugsast dregin úr Ófærुकletti (innst á Stigahlíð) í Hólatá og ströndin innan þeirrar línu.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins. Hún kys úr sínum hóp, eftir hverjar hreppsnefndarkosningar, þriggja manna hafnarnefnd og er kjörtími heunar sami og hreppsnefndarinnar.

3. gr.

Hafnarnefnd hefur á hendi framkvæmd hafnarmálanna og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og annað þar að lútandi. Hún ræður hafnarstjóra og ákveður laun hans og setur honum erindisbréf, undir yfirstjórn hreppsnefndarinnar.

4. gr.

Hafnarstjóri annast allar daglegar framkvæmdir í samráði við hafnarnefnd. Hann hefur á hendi fjárhald og reikningsskil hafnarinnar í umboði hreppsnefndar og skulu ársreikningar hafnarinnar fylgja hreppsreikningi Hólshrepps og endurskoðast með honum.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu í höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og enn fremur þeirra starfsmanna, er settir kunna að verða til þess að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmanna ber að að hlýða þegar í stað.

6. gr.

Skyllt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljóss við höfnina og á henni. Einnig skal gæta fyllsta öryggis og varúðar við alla meðferð eldfimra og annarra hættulegra vara. Tóbaksreykingar eru bannaðar þar sem unnið er við þessa vöru.

Telji hafnarstjóri, að hætta geti stafað af eða nægilegs öryggis ekki gætt við feringu eldfimra og hættulegra vara, getur hann stöðvað verkið unz úr hefur verið bætt.

7. gr.

Öll skot á höfninni og við hana eru stranglega bönnuð. Þó getur hafnarnefnd veitt undanþágu til þess að skjóta seli eða hvali eða ef lóga þarf grip fljótlega.

8. gr.

Ekki má kasta kjölfestu, ösku, fiskúrgangi né neinu öðru, er valdið geti skemmdum á höfninni, innan hafnarbryggjunnar (brimbrjótsins), hvorki frá skipinu eða úr landi. Hafnarstjóri segir til um, hvort kasta megi kjölfestu og öðru slíku innan takmarka hafnarinnar.

9. gr.

Óheimilt er að láta fiskúrgang og annað, er óþrifum veldur, liggja á hafnarbryggjunni. Ekki má heldur safna neinu slíku í ilát eða á annan hátt til geymslu þar. Sé þessa ekki gætt, skal hafnarstjóri sjá um, að allt þess konar sé tafarlaust flutt burt á kostnað eiganda, og er það ásamt ilátum jafnframt upptækt og eign hafnarinnar. Kostnaðinn má taka með lögtaki.

10. gr.

Ekki má gera bryggjur eða önnur mannvirki við höfnina, nema með leyfi hafnarnefndar.

IV. KAFLI

Um afnot af höfninni og hafnarbryggjunni.

11. gr.

Skip, sem ekki er verið að afgreiða, mega ekki leggjast svo á höfninni að tálmi afgreiðslu annarra skipa og aldrei mega skip liggja svo nærri hafnarbryggjunni, að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur skip til að komast að henni og frá.

Skyllt er formanni eða skipstjóra eða umboðsmanni hans að flytja skip sitt og strengi þess þegar í stað til á höfninni eða við hafnarbryggjuna, ef hafnarstjóri eða umboðsmaður hans skipar svo fyrir. Sé þessu ekki sinnt, getur hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð umráðamanns skipsins. Kostnaðinn má taka lögtaki.

12. gr.

Venjulega skal skipum heimilt að leggja að hafnarbryggjunni í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrir fram auglýstri áætlun ganga fyrir öðrum skipum. Sé feringu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum

hraða, að dómi hafnarstjóra, ber því að vikja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Rísi ágreiningur um, í hverri röð skip skuli leggjast að hafnarbryggjunni, sker hafnarstjóri úr. 10. sept.

13. gr.

Beri nauðsyn til, að skipum, sem ferma eða afferma við hafnarbryggjuna, sé lagt hverju við annars hlið, er heimilt að flytja farm þeirra, sem utar liggja, yfir þilför hinna. Sama gildir um fólk og farangur þess.

14. gr.

Vörur, sem flytja á brott eða affermdar eru, mega ekki liggja á hafnarbryggjunni, svo að tálmi umferð eða afgreiðslu við hana. Engar vörur eða muni má geyma á hafnarbryggjunni um langan né skamman tíma, nema með leyfi hafnarstjóra.

15. gr.

Þegar fermingu eða affermingu er lokið, skal skipstjóri eða afgreiðslumaður láta ræsta bryggjuna, ef þörf gerist. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert á kostnað afgreiðslumanns eða skipstjóra.

16. gr.

Heimilt er heimabátum í Bolungavík, og öðrum er stunda sjóróðra þaðan, að slægja afla sinn á hafnarbryggjunni eftir því sem við verður komið, án endurgjalds, þó svo að ekki hamli umferð við hana, eða fermingu eða affermingu annarra skipa. Að lokinni aðgerð ber formanni að sjá um, að aflinn sé þegar fluttur á burt af bryggjunni og láta ræsta þann hluta hennar, sem notaður var. Farist það fyrir, ber hafnarstjóra að sjá um, að það sé gert á kostnað formanns.

V. KAFLI

Um gjöld til hafnarsjóðs.

17. gr.

Hvert fljótandi far, sem leggst við festar innan takmarkalínu Bolungavíkurhafnar, skal greiða lestagjald. Lestagjald greiðist í hvert skipti sem skip kemur í höfnina, með þeim undantekningum, er um getur síðar í þessum kafla. Þó skulu eftirtalin skip undanþegin lestagjaldi: Herskip, varðskip, vitaskip, skip, sem leita hafnar vegna illviðris, sjóskaða eða skemmda á skipi og hafa ekki samband við land, skip, sem leita þurfa læknishjálpar eða koma til þess að taka eða skila á land heimilisföstum Bolvíkingum, enda stundi skipin ekki strandferðir og fá ekki aðra afgreiðslu í höfninni. Lestagjöld sem og önnur gjöld til hafnarinnar renna í hafnarsjóð.

Alls staðar þar, sem miðað er við lestastölu skipa í neðanskráðum gjaldskrá, er átt við brúttó rúmlestir.

18. gr.

Lestagjald.

Lestagjald skal greiða samkvæmt neðanskráðri gjaldskrá:

1. Skip skrásett eða heimilisföst í Bolungavík.
 - a. Árabátar kr. 25.00.
 - b. Vélbátar undir 5 rúml. kr. 100.00.
 - c. Vélbátar 5—30 rúml. kr. 200.00.
 - d. Vélbátar 30 rúmlestir og yfir kr. 200.00 af 30 smál. og kr. 4.00 af hverri rúmlest þar yfir.
2. Önnur skip (fiskiskip):
 - a. Vélbátar undir 5 rúml. kr. 10.00 í hvert skipti, þó eigi yfir kr. 200.00 á ári.

- 119**
10. sept.
- b. Vélbátar 5—30 rúml. kr. 25.00 í hvert skipti, þó eigi yfir kr. 400.00 á ári.
 - c. Vélbátar 30 rúml. og yfir kr. 1.00 á hverja rúmlest hverju sinni. Gjaldið reiknast þó eigi oftar en 5 sinnum í mánuði.
3. Önnur skip:
- a. Skip undir 1000 rúmlestum kr. 0.40 á rúml. í hvert skipti.
 - b. Skip yfir 1000 rúmlestir kr. 400.00 af 1000 rúml. og kr. 0.20 af hverri umfram lest í hvert skipti.
 - c. Innlend strandferðaskip undir 200 rúml. kr. 0.20 af hverri rúml. í hvert skipti.

19. gr.

Ljósagjald.

Öll skip, sem greiða lestagjald, greiði samtímis ljósagjald eftir neðanskráðri gjaldskrá:

1. Skip skrásett eða heimilisföst í Bolungavík:
 - a. Skip yfir 12 rúml. greiði kr. 1.00 á rúmlest, þó ekki undir kr. 100.00 á ári.
 - b. Fiskveiðiskip skrásett eða heimilisföst utan Bolungavíkur, 12 rúmlestir og stærri greiði kr. 10.00 fyrir 30 rúmlestir og kr. 0.20 fyrir hverja rúmlest þar yfir, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
 - c. Öll önnur skip greiði kr. 0.20 fyrir hverja lest hverju sinni, þó aldrei meira en kr. 90.00 hverju sinni.
 - d. Strandferðaskip undir 200 rúml. greiði kr. 200.00 á ári.

20. gr.

Bryggjugjöld.

Bryggjugjald skulu öll skip, sem leggjast að hafnargörðum eða hafnarbryggjum í Bolungavíkurhöfn greiða, eftir neðanskráðri gjaldskrá:

1. Skip skrásett eða heimilisföst í Bolungavík: Allir vélbátar skrásettir eða heimilisfastir í Bolungavík greiði kr. 5.00 á smálest á ári. Lágmarksgjald skal vera kr. 100.00 á ári á bát.
2. Önnur fiskiskip greiði kr. 0.50 á smálest í hvert skipti, þó ekki yfir kr. 200.00 á mánuði.
3. Innlend strandferðaskip undir 200 smálestum greiði kr. 0.20 á hverja rúmlest, þó ekki yfir kr. 500.00 á ári.
4. Önnur skip, þar með talin vöruflutningaskip, þótt þau séu í strandferðum, greiði kr. 0.35 fyrir hverja lest í hvert skipti.

Fyrir sérstaka notkun á öldubrjótnum og landi hafnarinnar, svo sem til síldarsöltunar, vörugeymslu o. fl., skal hafnarnefnd ákveða sérstakt gjald eða semja við viðkomandi aðila. Óheimil eru afnot af öldubrjótnum til þess háttar starfsemi, nema leyfi hafnarnefndar komi til.

21. gr.

Bryggjugjald greiðist einu sinni fyrir hvern sólarhring, sem skip liggur við bryggju, þegar greitt er fyrir hvert skipti.

22. gr.

Vatnsgjald.

Fyrir að taka neyzluvatn eða vatn til véla skipa o. fl., úr vatnsleiðslum hafnarinnar, skal greiða vatnsgjald samkvæmt neðanskráðri gjaldskrá:

1. Skip skrásett eða heimilisföst í Bolungavík, greiði kr. 10.00 fyrir hverja rúmlest, þó ekki undir kr. 20.00 í hvert skipti.

2. Önnur skip greiði kr. 12.00 fyrir hverja rúmlest, þó ekki undir kr. 40.00 í hvert skipti.

119

10. sept.

23. gr.

Skipstjóri aðkomuskips ber ábyrgð á öllum gjöldum af skipi sínu til hafnarinnar. Skip má ekki leggja úr höfn, nema gjöld þess séu greidd. Er heimilt eftir kröfu hafnarvarðar eða hafnarstjóra að stöðva för skips með fógetavaldi, ef gjöld þess hafa ekki verið greidd áður en það fer úr höfninni, og hefur hafnarsjóður haldsrétt í því.

Afgreiðslumaður aðkomuskipa ber ábyrgð á gjöldum skips, sem hann annast afgreiðslu fyrir. Eigandi skips og útgerðarmaður bera einnig ábyrgð á gjöldum skipa sinna, hvort sem um aðkomuskip er að ræða eða ekki.

Gjalddagi árgjalda samkv. framanskráðum skráum er 1. febrúar fyrir hvert liðandi ár eða í fyrsta skipti, sem skip kemur á höfnina á árinu.

24. gr.

Vörugjald.

Af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru úr skipi eða í innan hafnarinnar, svo og af afla þeirra báta eða skipa, sem gerðir eru út frá Bolungavík og/eða leggja afla sinn þar á land, skal greiða vörugjald til hafnarsjóðs Bolungavíkur samkvæmt gjaldskrá þeirri, sem hér fer á eftir:

1. flokkur. Aflagjald:

- a. 1.00 kr. hver 100 kg: Allur fiskafli, slægður með haus, þar á meðal sild og rækjur.
- b. 0.80 kr., hver 100 kg: Allur fiskafli óslægður og úrgangsfiskur.
- c. 0.50 kr. hvert mál: Skelfiskur.

2. flokkur. Kr. 0.75 hver 100 kg:

Hraðfrystur fiskur, saltfiskur, sild útskipuð frá Bolungavíkurhöfn.

3. flokkur. Kr. 2.00 hver 100 kg:

Harðfiskur, beitusild, fiskmjöl, fiskur nýr eða ísvarinn, slægður eða óslægður, hráolía, sildarmjöl, smokkfiskur, tilbúinn áburður.

4. flokkur. Kr. 4.00 hver 100 kg:

Brúnkol, kol, mór, salt, kalk, múrsteinn, sement, steinsteypar vörur, steypustyrktarjárn, vikur, vikursteinn, þakjárn, þakplötur, fiskbein (hörð), fiskilínur, hey, kornvörur allar, lyf, lyfjavörur, mjólk síldarlýsi, áburðarolía, asbestpípur, ávextir (nýir, niðursoðnir og þurrkaðir), baðlyf, blý, blöð, brauðvörur, brýni, bækur, dráttarvélar og aðrar skyldar vélar, eldavélar, eldfastur leir og steinn, feiti, gaddavír, garnir, gólfúkur, grænsápa, gærur, hevvinnuvélar, hverfisteinar, jarðvinnsluvélar, járn, járnkeðjur, járnþípur, kaðlar, kaffi, kakaó, kartöflur, aðrir garðávextir, kitti, kjöt, kopar, koparvír, kork, krít, kæliskápar, leður, leirvörur, litarvörur, mör, niðursuðuvörur, nýlenduvörur, ofnar, pappi, pappír, hvers konar pokar, pokastrigi (hessian), rúðugler, saumavélar, saumur, segldúkur, seglgarn, skilvindur, smjör, smjörliki, smjörlikisolíur, steinn, sódi, stál, stálvír, stálvörur, steypar járnvörur, sykur, te, tjara, togleður, tólg, tvistur, ull, vaxdúkur, vélar, vélahlutar, vír, vírnet, vörubifreiðar, þvottaefni, þvottasápa, þvottavélar, dúnn, fiður, eldspýtur, glervörur, glysvörur og þess háttar, leðurvörur, leikföng, þrjónavörur, skinnavörur, skófatnaður, súkkulaði, sælgætisvörur, tóbaksvörur, vefnaðarvörur, vín, vínandi.

Allar vörur ótaldar annars staðar, sem reiknast eftir þyngd.

5. flokkur. Kr. 8.00 hver 100 kg:

Fólksflutningsbifreiðar, húsgögn, orgel, píanó. Fyrir ferðabifreiðar, hvers

119
10. sept.

konar, skal aðeins greiða kr. 15.00 fyrir hverja, fyrir hvert skipti, fram og aftur samanlagt. Líði meira en 6 mánuðir milli ferða reiknast gjaldið aftur. Sama gjald greiðist fyrir jarðvinnsluvélar, sem fluttar eru vegna vinnu og um höfnina fara. Séu vélarinnar yfir 6 smálestir er gjaldið kr. 50.00.

6. flokkur. Kr. 2.50 hvert stykki:

Sauðfé, endursendar umbúðir, tóm föt og tunnur, loðdýr.

7. flokkur. Kr. 4.00 hvert stykki:

Gosdrykkir, svaladrykkir, öl, benzín á tunnum, fernisólía, lýsi, lýsiskvoða, kjöt í tunnum, síld í tunnum, smurningsolíur, steinólía og aðrar vörur fastar eða fljótandi, sem fluttar eru í þess konar ílátum, ótaldar annars staðar. Súr- og gas-hylki, full og tóm, stykkjavara að 100 kg, ótalin annars staðar.

8. flokkur. Kr. 10.00 hvert stykki:

Hestar, nautgripir, svin.

9. flokkur. Kr. 0.30 hvert rúmfet:

Timbur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli, ótaldar annars staðar.

Vöru skal flokka til gjaldskrár eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur, og greiðist gjaldið eins og þar segir, þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en kr. 4.00, og brot úr gjaldeiningu reiknast sem heil.

25. gr.

Vörugjald af afla greiðist að hálfu leyti af óskiptum afla, en að hálfu leyti af kaupanda aflans. Kaupandi skal innheimta aflagjald það, sem reiknast af óskiptum afla og standa skil á því til hafnarsjóðs innan viku frá gjalddaga. Kaupandi ber ábyrgð á öllu gjaldinu gagnvart hafnarsjóði. Gjaldið fellur í gjalddaga, þegar afla er skipt, eða hann afreiknaður hjá kaupanda.

Vörugjald af öllum aðfluttum vörum greiðir móttakandi, en sendandi af útfluttum vörum, og er það gjaldkræft, er skipið, sem vöruna flytur, er komið á höfnina eða áður en það flytur vöru brott.

Afgreiðslumaður skips skal ávallt standa innheimtumanni skil á vörugjaldinu. Rétt á afgreiðslumaður á innheimtulaunum samkvæmt samningi við hafnarnefnd.

Brot úr gjaldeiningu reiknast sem heil eining. Leiki vafi á því, í hvaða gjaldflokki skuli telja einhverja vöru, sker hafnarstjóri úr.

Skipstjóri skips, sem hefur farm sinn skráðan, skal láta hafnarstjóra eða hafnarverði í té eftirrit af farmskránni. Skipstjóri skips, sem ekki hefur farm sinn skráðan, skal gefa hafnarstjóra eða hafnarverði skýrslu um farminn, þegar er skipið kemur í höfnina og áður en það lætur úr höfn. Sama skylda hvílir á afgreiðslumanni skips. Verði ekki sannreynt, hvert vörumagn skip flytur, er hafnarstjóra heimilt að meta magnið til vörugjalds. Sá sem lætur fyrir farast að gefa nefnda skýrslu eða gefur ranga eða villandi skýrslu um farm skips, hefur með því gerzt brotlegur við reglugerð þessa. Skipstjóri og útgerðarmaður þess skips, sem flytur óskráðar vörur, ber ábyrgð á greiðslu vörugjalds af þeim vörum, og einnig sá, sem annast afgreiðslu slíkra skipa. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörum, unz vörugjald er greitt.

26. gr.

Undanþeginn vörugjaldi er póstflutningur, farþegaflutningur, vistir og aðrar nauðsynjar til skipa til eigin þarfa, svo og vörur, sem lagðar eru á land til umskipunar til annarra hafna.

27. gr.

Öll gjöld og sektir samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

VI. KAFLI
 Ýmis ákvæði.

119
 10. sept.

28. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það, áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm dómkvöddum mönnum. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim, er þess krafðist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt honum í vil, svo nema 10% af hinni ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnað við yfirmatið.

29. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Bolungavíkur.

30. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Bolungavíkarkauptún, nr. 96 2. júlí 1941, ásamt síðari breytingum.

Samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1959.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

HAFNARREGLUGERÐ

120

fyrir Grímsey.

14. sept.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Grímseyjarhöfn takmarkast að norðan af línu, sem hugsast dregin í réttvisandi vestur frá Hrauntanga, 1000 metra frá landi en að sunnan af samsíða, jafnlangri línu úr Borgarhöfða. Að vestan takmarkast hafnarsvæðið af línu, sem hugsast dregin milli vesturenda þessara lína.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Grímseyjarhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirstjórn samgöngumálaráðuneytisins.

120

14. sept.

3. gr.

Að nýafstöðnum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Grimseyjarhrepps kjósa 3 menn í hafnarnefnd og jafn marga til vara, ef henni þykir það vera hagkvæmara en fara með þessi mál sjálf. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og hreppsnefndar. Hafnarnefnd eða hreppsnefnd sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og stjórnar öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reikningshald og fjárvörzlur hafnarsjóðs, fyrir hönd hreppsins, enda ber sveitarsjóður ábyrgð á eignum og skuldbindingum hafnarsjóðs.

4. gr.

Hafnarnefnd eða hreppsnefnd ræður hafnarvörð og aðra starfsmenn hafnarinnar, setur þeim starfsreglur og ákveður laun þeirra, enda komi samþykki hreppsnefndar til. Hafnarvörður skal í forföllum sínum setja annan mann í sinn stað, sem hafnarnefnd samþykkir, og skal sá maður hafa sama vald og hafnarvörður. Rísi ágreiningur um ráðningu starfsmanna eða laun þeirra, sker hreppsnefnd úr.

Hafnarnefnd kýs sér formann, er boðar til funda og stýrir þeim, sér um bókanir á fundargerðum og ályktunum nefndarinnar og hefur umsjón og eftirlit með fjármálum hafnarinnar.

Hafnarnefnd hefur fundi svo oft, sem þurfa þykir og er formaður hafnarnefndar skyldur að boða til fundar, æski einn nefndarmanna þess.

5. gr.

Við lok hvers rekstursárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning hafnarsjóðs, og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlok næsta reikningsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og reikningar sveitarsjóðs Grimseyjarhrepps.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari renni í hafnarsjóð Grimseyjarhrepps, er varið skal til byggingar hafnarmannvirkja og viðhalds á þeim, svo og til annarra umbóta á hafnarsvæðinu.

7. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

III. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

8. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina, að þau tálmi affermingu annarra skipa og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarvarðar, eða annarra starfsmanna hafnarinnar um það hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega nein skip leggjast svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt svigrúm fyrir önnur skip, að komast að eða frá.

Tregðist eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skipa við að hlýða boðum hafnarvarðar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, getur hafnarvörður látið gera það á kostnað eiganda.

9. gr.

120

Enginn má leggja sérstök legugögn í höfnina nema með leyfi hafnarvarðar, og skal hann ákveða, hvar þau skuli lögð. 14. sept.

Í hverju skipi, að undanskildum skipum sem hafa leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlauð í lægi hafnarinnar, skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er geti tekið á móti skipunum hafnarvarðar og látið framkvæma þær, hvort heldur er að færa skipið, eða framkvæma eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

10. gr.

Ekki má festa skip við bólvirki né bryggju, nema við festarhring eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirki, þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust. Skyllt er að hafa tryggar hlifur á milli skips og bryggju eða bólvirkja.

11. gr.

Vélskip mega ekki láta vélar ganga með svo miklu afli, að öðrum skipum eða mannvirkjum stafi hættu af því. Ekki má hleypa vatni á bryggju eða bólvirki að óþörfu.

12. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að álitni hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarnefnd láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er henni heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

Hrökkvi andvirði hins selda skips, ekki fyrir kostnaðinum, er eigandi þess ábyrgur fyrir eftirstöðvunum.

IV. KAFLI

Um notkun bryggju og bólvirkja.

13. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggju og bólvirki hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu þau skip, sem sigla eftir fastri auglýstri ferða-áætlun og flytja póst, hafa rétt til að leggjast að bryggjum og bólvirkjum, þótt önnur skip liggja þar fyrir og verða þau þá að vikja meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skipa eigi haldið áfram með hæfilegum hraða að álitni hafnarvarðar, ber því að vikja fyrir öðrum skipum er hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarvörður vísað skipum frá bryggjum og bólvirkjum, álitni hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

14. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur sé lagt hlið við hlið er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilfar hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja heimil nauðsynleg umferð um þilfar þeirra skipa, sem nær liggja.

15. gr.

Við upp- og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðardúka milli skips og bryggju, svo ekkert falli fyrir borð. Sé þess ekki gætt getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz úr er bætt.

120

14. sept.

16. gr. Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju né bólvirkjum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar, nema á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með leyfi hafnarvarðar. Skal flytja vörur og muni brott jafnskjótt og hann krefst þess. Sé því ekki sinnt, getur hafnarvörður látið flytja vöruna burtu á kostnað eiganda. Hafnarnefnd ber ekki ábyrgð á skemmdum eða tapi á vörum, sem liggja í greinarleysi á bryggju eða hafnarlóðinni.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar eða bryggjum, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða önnur störf, sem þar fara fram.

Skylt er hverjum þeim aðila, sem afnot hefur af hafnarbryggju eða hafnargarði til fiskaðgerða eða annars sjófangs að hreinsa í hvert sinn að aðgerð lokinni. Sé þess ekki gætt, getur hafnarvörður látið hreinsun fara fram á kostnað hlutað-eiganda.

V. KAFLI

Um almenna reglu.

17. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og enn fremur annarra þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir hafnarnefnd, en skipunum hafnarvarðar eða annarra starfsmanna bera að hlýða tafarlaust.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

18. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavélum skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar á þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu, enda skal það greinilega auglýst. Álíti hafnarvörður, að hætta stafi af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni.

VI. KAFLI

Hafnarmannvirki einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar.

19. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir úrskurð samgöngumálaráðuneytisins. Sé slíkt leyfi ekki notað innan eins árs fellur það úr gildi.

Sá sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn því varða sektum allt að 10 þúsund kr. og getur hreppsnefnd látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Til meiri háttar framkvæmda og ráðstafana skal leita samþykkis samgöngumálaráðuneytisins.

VII. KAFLI

Um lestagjöld og ljósagjöld.

120

14. sept.

20. gr.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin, skulu greiða hafnargjöld, sem miða skal við brúttórúmlestatölu skipsins í hvert skipti, er þau koma inn á hafnarsvæðið. Þó með þessum undantekningum:

Herskip, varðskip, björgunarskip, skip sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, skip, sem leita hafnar vegna veðurs, en hafa ekki samband við land, og skip, sem sanna fyrir sjórétti, að þau hafi orðið að leita hafnar vegna sjótljóns.

21. gr.

- A. Skip og bátar, 12 brúttórúmllestir að stærð og stærri, sem eru í eign manna búsettra í Grímsey og gerðir út þaðan til fiskveiða, og flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Grímsey a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 2.50 krónur af hverri brúttó rúmllest skips eða báts, þó aldrei minna en kr. 62.50 á ári.
- B. Önnur innlend fiskiskip, 12 til 50 brúttórúmllestir, greiði 75 aura fyrir hverja brúttó rúmllest í hvert skipti, er þau koma til hafnarinnar, en eigi skulu þau greiða lestagjald þetta oftár en tvisvar á sama mánuði, þó þau komi oftár til hafnarinnar.
- C. Öll önnur skip, er til hafnarinnar koma (nema þau sem undanþegin eru lestagjaldi skv. 20. gr.) skulu greiða 35 aura lestagjald fyrir hverja brúttórúmllest í hvert skipti, er þau koma til hafnarinnar. Strandferðaskip, sem sigla eftir fyrirfram auglýstri áætlun, greiði þó aðeins 25 aura lestagjald af brúttórúmllest.
- D. Hafi skip, gjaldskyld skv. B-lið, legið 6 daga, skal það greiða lestagjald að nýju fyrir hverja 6 daga eða brot úr þeim. Þó skal flutningaskip, sem bíður eftir farmi, ekki greiða gjaldið fyrr en eftir 10 daga. Verði skip veðurteppt, telst sá tími ekki með.
- E. Lestagjaldið er þegar fallið í gjalddaga, er skipið hefur varpað akkerum á hafnarsvæðinu.

Auk hafnargjalds greiða fiskiskip 12—50 brúttó rúmllestir í bryggjugjald í hvert sinn, er þau leggjast að bryggju, 60 aura af brúttó rúmllest, þó aldrei minna en 12.50 krónur.

Öll fiskiskip, 50 brúttó rúmllestir og stærri, greiði 30 aura á brúttó rúmllest.

22. gr.

Vélbátar, 5 rúmllestir og minni, sem eru í eign manna búsettra í Grímsey, greiði kr. 185.00 á ári í hafnar- og bryggjugjöld.

Vélbátar, 5—12 rúmllestir brúttó, greiði kr. 375.00 í bryggju- og hafnargjöld.

23. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem útskipað er eða afskipað á höfninni, með þeim undantekningum, sem um getur í næstu greinum.

24. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálfvörugjald.

Af vörum, sem settar eru í land, en eiga að fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert vörugjald.

120

14. sept.

25. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- A. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.
- B. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin nota, sem fluttar eru úr landi.
- C. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.

26. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum, af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og eru skipstjórar eða afgreiðslumaður skipa skyldir til að láta hafnarnefnd í té afrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagn á þann hátt, er hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

27. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur, og gjald greiðast eftir því, sem þar segir.

Ef vafi leikur á í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má áfrýja til hreppsnefndar.

Vörugjaldskrá.

28. gr.

Aðfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald 2.50 kr. fyrir hver 100 kg:
Sement, olíur, benzín, áburður, kol, salt.
2. flokkur. Gjald 3.75 kr. fyrir hver 100 kg:
Alls konar kornvörur, sykur, fóðurvörur.
3. flokkur. Gjald 5.00 kr. fyrir hver 100 kg:
Járnvörur, vélar, saltur og fullverkaður fiskur, annar en skreið.
4. flokkur. Gjald 6.25 krónur fyrir hver 100 kg:
Vefnaðarvara, tóbak, smjörliki, fiskumbúðir, skreið, byggingarvörur, málningarvörur og alls konar aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir þyngd.
5. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hvert teningsfet:
Trjáviður.
6. flokkur. Gjald 1.25 krónur fyrir hvert teningsfet:
Hljóðfæri, húsgögn og aðrar vörur, sem reiknast eftir máli.
7. flokkur. Gjald 12.50 krónur fyrir hvern grip:
Stórgripir.
8. flokkur. Gjald 6.25 krónur fyrir hvern grip:
Sauðfé.
9. flokkur. Gjald 2.50 krónur fyrir hverja tunnu.
Sild.
10. flokkur. Gjald kr. 4.35 fyrir hverja tunnu:
Hrogn alls konar, hrognkelsi, kjöt, lýsi og aðrar vörur, sem sendar eru í tunnum, og ekki eru áður tilgreindar.
11. flokkur. Gjald kr. 1.25 fyrir hvert stykki:
Tómar tunnur eða föt, uppsett eða óuppsett. Allar aðrar endursendar umbúðir eru undanþegnar vörugjaldi.

12. flokkur. Gjald kr. 62.50 fyrir hvert stykki:
b. Veðdeild	—	24 847 015.13	
c. Ræktunarsjóður	—	208 073 727.75	
d. Byggingarsjóður	—	95 187 709.11	
e. Smábýladeild	—	18 935.38	
f. Nýbýlasjóður	—	543 887.89	
		<hr/>	kr. 374 084 044.22
2. Verðbréf:			
a. Sparisjóðsdeild	kr.	71 261 667.01	
b. Veðdeild	—	4 050.00	
c. Ræktunarsjóður	—	4 409 674.51	
d. Byggingarsjóður	—	3 486 709.15	
		<hr/>	— 79 162 100.67
3. Vixlar			— 137 878 329.04
4. Lán í hlaupareikningi			— 80 726 882.34
5. Ýmsir skuldunautar:			
a. Sparisjóðsdeild	kr.	9 539 612.40	
b. Ræktunarsjóður	—	100 464.00	
		<hr/>	— 9 640 076.40
6. Teiknistofa			— 286 178.24
7. Tryggingar fyrir ábyrgðum			— 5 941 233.95
8. Innanstokksmunir			— 942 433.98
9. Sameiginlegur kostnaður			— 5 193 565.36
10. Fasteignir			— 2 400 001.00
11. Innheimtur			— 15 431 960.79
12. Bankainnstæða og peningar í sjóði			— 29 295 746.79
		<hr/>	Kr. 740 982 552.78

Skuldir:

1. Sparisjóður	kr.	185 019 799.37	
2. Skirteini	—	5 714 720.29	
3. Hlaupareikningur	—	67 163 648.92	
4. Reikningslán	—	340 290.56	
5. Ýmsir kröfuhafar:			
a. Sparisjóðsdeild	kr.	16 814 675.37	
b. Veðdeild	—	6 475 000.00	
		<hr/>	— 23 289 675.37
6. Ríkissjóður:			
a. Ræktunarsjóður	kr.	8 994 289.10	
b. Byggingarsjóður	—	5 806 452.91	
		<hr/>	— 14 800 742.01
7. Framkvæmdabanki:			
a. Ræktunarsjóður	kr.	134 423 213.60	
b. Byggingarsjóður	—	11 605 152.40	
		<hr/>	— 146 028 366.00

148 Mismunur við kaup á			
3 veðdeildarbréfum, nafnverð	kr.	3000.00	
en keypt fyrir	—	2700.00	
			kr. 300.00
			Kr. 13789.72

Gjöld:

Leiga fyrir bankahólf nr. 54 í Landsbanka Íslands	kr.	60.00	
Eftirstöðvar til næsta árs:			
5 veðdeildarbréf, 1 á 500 kr., 4 á 1000 kr., nafnv. ..	kr.	4500.00	
Peningar í innlánsbók nr. 7237 við Útvegsb. Íslands	—	936.53	
Peningar í innlánsbók nr. 444 við Söfnunarsj. Íslands	—	8293.19	
			— 13729.72
			Kr. 13789.72

Reykjavík, 20. febrúar 1953.

Sigurgeir Sigurðsson.

Sigurjón Jónsson.

Helgi Ingvarsson.

149

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Kristjáns læknis Jónssonar árið 1953.

Tekjur:

Eign frá fyrra ári:			
5 veðdeildarbréf, 1 á 500 kr., 4 á 1000 kr., nafnv. ..	kr.	4500.00	
Peningar í innlánsbók nr. 7237 við Útvegb. Íslands	—	936.53	
Peningar í innlánsbók nr. 444 við Söfnunarsj. Íslands	—	8293.19	
			kr. 13729.72

Vextir:

Af inneign í Útvegsbanka Íslands	kr.	43.25	
— inneign í Söfnunarsjóði Íslands	—	431.24	
— veðdeildarbréfum	—	225.00	
			— 699.49
			Kr. 14429.21

Gjöld:

Leiga af bankahólfi nr. 54 í Landsbanka Íslands	kr.	60.00	
Eftirstöðvar til næsta árs:			
5 veðdeildarbréf, 1 á 500 kr., 4 á 1000 kr., nafnv. ..	kr.	4500.00	
Peningar í innlánsbók nr. 7237 við Útvegb. Íslands	—	919.78	
Peningar í innlánsbók nr. 444 við Söfnunarsj. Íslands	—	8724.34	
Óinnleystir vextir af veðdeildarbréfum	—	225.00	
			— 14369.21
			Kr. 14429.21

Reykjavík, 23. október 1955.

Hólmfríður Sigurjónsdóttir.

Helgi Ingvarsson.

Ásmundur Guðmundsson.

REIKNINGUR

150

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Kristjáns læknis Jónssonar árið 1954.

Tekjur:

Eign frá fyrra ári:

5 veðdeildarbréf, 1 á 500 kr., 4 á 1000 kr., nafnv. ..	kr. 4500.00	
Peningar í innlánsbók nr. 7237 við Útvegsb. Íslands	— 919.78	
Peningar í innlánsbók nr. 444 við Söfnunarsj. Íslands	— 8724.43	
Óinnheimtir vextir af veðdeildarbréfum	— 225.00	
		kr. 14369.21

Vextir:

Af inneign í Útvegsbanka Íslands	kr. 46.52	
— inneign í Söfnunarsjóði	— 453.67	
— veðdeildarbréfum	— 225.00	
		— 725.19
		Kr. 15094.40

Gjöld:

Eftirstöðvar til næsta árs:

5 veðdeildarbréf, 1 á 500 kr., 4 á 1000 kr., nafnv. ..	kr. 4500.00	
Peningar í innlánsbók nr. 7237 við Útvegsb. Íslands	— 966.30	
Peningar í innlánsbók nr. 444 við Söfnunarsj. Íslands	— 9178.10	
Óinnleystir vextir af veðdeildarbréfum	— 450.00	
		kr. 15094.40
		Kr. 15094.40

Reykjavík, 23. október 1955.

Hólmfríður Sigurjónsdóttir.

Helgi Ingvarsson.

Ásmundur Guðmundsson.

REIKNINGUR

151

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Kristjáns læknis Jónssonar árið 1955.

Tekjur:

Eign frá fyrra ári:

5 veðdeildarbréf, 1 á 500 kr., 4 á 1000 kr., nafnv. ..	kr. 4500.00	
Peningar í innlánsbók nr. 7237 við Útvegsb. Íslands	— 966.30	
Peningar í innlánsbók nr. 444 við Söfnunarsj. Íslands	— 9178.10	
Óinnleystir vextir af veðdeildarbréfum	— 450.00	
		kr. 15094.40

Vextir:

Af inneignum í Útvegsbanka Íslands	kr. 53.83	
— inneignum í Söfnunarsjóði Íslands	— 481.85	
— veðdeildarbréfum	— 225.00	
		— 760.68
		Kr. 15855.08

151

Gjöld:

Leiga af bankahólfri nr. 54 fyrir árin 1954 og 1955	kr.	120.00
Styrkur veittur á árinu 1955 Dagmar Sigurgeirsdóttur	—	550.00
Eftirstöðvar til næsta árs:		
5 veðdeildarbréf, 1 á 500 kr., 4 á 1000 kr., nafnv. ..	kr.	4500.00
Peningar í innlánsbók nr. 7237 við Útvegsb. Íslands	—	1025.13
Peningar í innlánsbók nr. 444 við Söfnunarsj. Íslands	—	9659.95
		<hr/>
		15185.08

Kr. 15855.08

Reykjavík, 22. ágúst 1956.

Hólmfríður Sigurjónsdóttir.

Ásmundur Guðmundsson.

Helgi Ingvarsson.

152

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Kristjáns læknis Jónssonar árið 1956.

Tekjur:

Eftirstöðvar frá fyrra ári:		
5 veðdeildarbréf, 1 á 500 kr., 4 á 1000 kr., nafnv. ..	kr.	4500.00
Peningar í innlánsbók nr. 7237 við Útvegsb. Íslands	—	1025.13
Peningar í innlánsbók nr. 444 við Söfnunarsj. Íslands	—	9659.95
		<hr/>
		kr. 15185.08

Vextir:

Af inneignum í Útvegsbanka Íslands	kr.	48.80
— inneignum í Söfnunarsjóði Íslands	—	511.97
— veðdeildarbréfum	—	225.00
		<hr/>
		785.77

Kr. 15970.85

Gjöld:

Leiga af bankahólfri nr. 54 í Landsbanka Íslands	kr.	60.00
Eftirstöðvar til næsta árs:		
5 veðdeildarbréf, 1 á 500 kr., 4 á 1000 kr., nafnv. ..	kr.	4500.00
Peningar í innlánsbók nr. 7237 við Útvegb. Íslands	—	1013.93
Peningar í innlánsbók nr. 444 við Söfnunarsj. Íslands	—	10171.92
Óinnleystir vextir af veðdeildarbréfum	—	225.00
		<hr/>
		15910.85

Kr. 15970.85

Reykjavík, 28. maí 1959.

Hólmfríður Sigurjónsdóttir.

Helgi Ingvarsson.

Ásmundur Guðmundsson.

REIKNINGUR

153

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Kristjáns læknis Jónssonar árið 1957.

Tekjur:

Eign frá fyrra ári:

5 veðdeildarbréf, 1 á 500 kr., 4 á 1000 kr., nafnv. .	kr.	4500.00	
Peningar í innlánsbók nr. 7237 við Útvegsb. Íslands	—	1013.93	
Peningar í innlánsbók nr. 444 við Söfnunarsj. Íslands	—	10171.92	
Óinnleystir vextir	—	225.00	
			— 15910.85

Vextir:

Af inneignum í Útvegsbanka Íslands	kr.	51.29	
— inneignum í Söfnunarsjóði Íslands	—	549.28	
— veðdeildarbréfum	—	225.00	
			— 825.57
			Kr. 16736.42

Gjöld:

Leiga fyrir bankahólf nr. 54 í Landsbanka Íslands	kr.	60.00	
Styrkur veittur á árinu 1957 frá Dagmar Sigurgeirsdóttur	—	500.00	
Eftirstöðvar til næsta árs:			
5 veðdeildarbréf, 1 á 500 kr., 4 á 1000 kr., nafnv. . .	kr.	4500.00	
Peningar í innlánsbók nr. 7237 við Útvegsb. Íslands	—	825.22	
Peningar í innlánsbók nr. 444 við Söfnunarsj. Íslands	—	10721.20	
Óinnleystir vextir af veðdeildarbréfum	—	225.00	
			Kr. 16271.42
Frá dregst skuld við gjaldkera	—	95.00	
			— 16176.42
			Kr. 16736.42

Reykjavík, 28. maí 1959.

Hólmfríður Sigurjónsdóttir.

Ásmundur Guðmundsson.

Helgi Ingvarsson.

REIKNINGUR

154

Iðnaðarbanka Íslands h.f. fyrir árið 1958.

Rekstursreikningur 1958.

Gjöld:

Vextir af innstæðum í sparisjóði og hlaupareikningi	kr.	3904232.02	
Reksturskostnaður bankans	—	2137909.58	
Afskriftir:			
Áhöld	kr.	152612.14	
Lækjargata 10 B	—	500000.00	
			kr. 652612.14

154 Hagnaður á árinu færður í varasjóð	kr. 486468.05
	<hr/> Kr. 7181221.79
Tekjur:	
Forvextir af vixlum	kr. 5158338,11
Vextir af yfirdrætti á hlaupareikningum	— 1072895.05
Vextir af verðbréfum og innstæðum í öðrum bönkum	kr. 505361.45
— Sama — (Áfallnir en ógreiddir vextir)	— 148151.00
	<hr/> — 653512.45
Aðrar tekjur	— 296476.18
	<hr/> Kr. 7181221.79

Efnahagsreikningur 31. desember 1958.

Eignir:	
Fasteignir	kr. 700000.00
Áhöld og innanstokksmunir	— 330000.00
Verðbréf	— 6760983.32
Víxlar	— 77139995.26
Innstæða í öðrum bönkum	— 1382929.92
Lán í hlaupareikningi	— 13994035.63
Ógreiddir vextir	— 148151.00
Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða	— 200000.00
Ýmsir skuldunautar	— 633526.44
Peningar í sjóði	— 2699566.09
	<hr/> Kr. 103989187.66
Skuldir:	
Hlutafé	kr. 6500000.00
Innstæða í sparisjóði	— 68442562.48
Innstæði í hlaupareikningi	— 26094648.25
Fyrirfram greiddir vextir	— 1085981.81
Varasjóður	— 1543169.12
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	— 200000.00
Ýmsir kröfuhafar	— 122826.00
	<hr/> Kr. 103989187.66

Reykjavík, 3 febrúar 1959.

Guðm. Ólafs. Jón Sigtryggsson.

Framanritaða reikninga Iðnaðarbanka Íslands h.f. fyrir árið 1958 höfum við endurskoðað og vottum, að reikningarnir eru í fullu samræmi við bækur bankans.

Við höfum einnig fullvissað okkur um, að vixilbirgðir, verðbréfaeign, sjóðseign og aðrar eignir bankans, samkvæmt reikningi þessum, eru fyrir hendi.

Reykjavík, 2. apríl 1959.

Gunnar Friðriksson. Einar Gíslason.

Með tilvísun til framanskráðrar yfirlýsingar endurskoðendanna kvittar banka-ráðið fyrir reikninginn.

Reykjavík, 13. apríl 1959.

Kr. Jóh. Kristjánsson. Helgi Bergs. Sveinn Guðmundsson.
Magnús Ástmarsson. Guðm. H. Guðmundsson.

REIKNINGUR

155

Barnaspítalasjóðs Hringins árið 1958.

Rekstrarreikningur 1958.

Tekjur:

Áheit og gjafir	kr. 187760.00
Arfur eftir Jóhönnu Sigurgeirsdóttur	— 259116.91
Minningarsjóðsspjöld	kr. 168571.10
÷ Umboðslaun og annar kostnaður	— 23989.06
	<hr/>
	— 144582.04

Ýmsar tekjur:

Netto tekjur af jólavörum	kr. 115225.40
— — — hlutaveltu	— 68964.25
— — — skemmtunum	— 43682.00
Frá Ríkisútvarpinu	— 7500.00
Innkomið fyrir bazarvörur	— 1220.00
10% af blómasölu 15. júní 1958	— 1420.00
	<hr/>
	— 238011.65

Vextir:

Af verðbréfum	kr. 3904.00
— viðtökuskirteinum	— 26420.28
— sparisjóðsbókum	— 73450.73
	<hr/>
	— 113775.01
	<hr/>
	Kr. 933245.61

Gjöld:

Skrifstofukostnaður	kr. 2249.72
Magnarakerfi og vinna við það vegna barnadagsins ..	— 8141.10
Prentun heillaóskakorta	— 9250.30
	<hr/>
	kr. 19641.12
Tekjuafgangur	— 913604.49
	<hr/>
	Kr. 933245.61

Efnahagsreikningur Barnaspítalasjóðs Hringins 1958.

Eignir:

Verðbréf	kr. 156900.00
Bankainnstæða:	
Viðtökuskirteini	kr. 459288.55
Bækur með 6 mánaða uppsagnarfresti	— 698789.68
Alm. sparisjóðsbækur	— 1302614.75
	<hr/>
	— 2460692.98
Vörubirgðir:	
Jólavörur	— 25310.00
Útistandandi skuldir	— 9445.00
	<hr/>
	Kr. 2652347.96

155

Skuldir:

Höfuðstólsreikningur:

Hrein eign skv. efnahagsreikningi 1957	kr. 1864186.80
Tekjuafgangur skv. rekstrarreikningi 1958	— 913604.49

 Kr. 2777791.29

→ Ráðstafað til Barnaspítalans	— 125443.31	
		kr. 2652347.98

 Kr. 2652347.96

Ráðstafað til Barnaspítalans:

Skv. ársreikningum 1955	kr. 1026600.00
— — 1956	— 1032164.06
— — 1957	— 1088968.19
— — 1958	— 125443.31

 Kr. 2273175.56

Framanskráðan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir árið 1958 hef ég endurskoðað og ekkert fundið athugavert.

Ég hef sannreynt að verðbréf og bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 15. maí 1959.

Ragnar A. Magnússon,
löggiltur endurskoðandi.

156

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Þórleifar Kr. Sigurðardóttur ljósmóður frá Kóngsbakka fyrir árið 1958.

Tekjur:

1. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands frá f. ári	kr. 18088.84
2. Gjóf frá ónefndum	— 100.00
3. Vextir á árinu lagðir við höfuðstól	— 995.07
4. Verðlaun vaxtabætis Söfnunarsjóðs	— 27.09

 Kr. 19210.94

Gjöld:

1. Innstæða í Söfnunarsjóði í árslok 1958	kr. 19210.94
-------------------------------------------------	--------------

 Kr. 19210.94

Innri Kóngsbakka, 5. ágúst 1959.

Guðbrandur Sigurðsson.

Sigurborg Magnúsdóttir.

Aðalheiður Bjarnadóttir.

REGLUGERÐ

um vísindasjóð.

157

28/2 '58

I. KAFLI

Verksvið vísindasjóðs.

1. gr.

Sjóðurinn heitir vísindasjóður og er til hans stofnað með lögum nr. 51 5. júní 1957. Tekjur sjóðsins eru þessar:

1. Árlegt framlag úr menningarsjóði, sbr. lög nr. 50 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð, 4. gr. a. Stjórn menningarsjóðs ávísar stjórn vísindasjóðs fé þessu í lok hvers ársfjórðungs.

2. Aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að bætast.

Leggja skal í sérstakan sjóð, sem nefnist stofndeild vísindasjóðs, hið minnsta 5% af árlegu framlagi menningarsjóðs, en stjórn vísindasjóðs getur ákveðið, að hærri hundraðshluti af framlagi þessu renni í stofndeildina.

2. gr.

Það er hlutverk vísindasjóðs að efla íslenskar vísindarannsóknir.

Í þessum tilgangi styrkir sjóðurinn:

1. Einstaklinga og vísindastofnanir vegna tiltekinna rannsóknarverkefna.

2. Kandidata til vísindalegs sérnáms og þjálfunar. Kandidat verður að vinna að tilteknum sérfræðilegum rannsóknum eða afla sér vísindapjálfnar til þess að verða styrkhæfur.

3. Rannsóknarstofnanir til kaupa á tækjum, ritum eða til greiðslu á öðrum kostnaði í sambandi við starfsemi, er sjóðurinn styrkir.

II. KAFLI

Skipulag og stjórn vísindasjóðs.

3. gr.

Vísindasjóður greinist í tvær deildar, raunvísindadeild og hugvísindadeild. Raunvísindadeild annast styrkveitingar til rannsókna á sviði náttúruvísinda, þar með taldar eðlisfræði og kjarnorkuvísindi, efnafræði, stærðfræði, læknisfræði, líffræði, lífeðlisfræði, jarðfræði, dýrafræði, grasafræði, búvísindi, fiskifræði, verkfræði og tæknifræði.

Hugvísindadeild annast styrkveitingar á sviði sagnfræði, bókmennta, málvísinda, félagsfræði, lögfræði, hagfræði, heimspeki, guðfræði, sálfræði og uppeldisfræði.

Stjórn deildar er heimilt að veita styrki til rannsóknar á öðrum greinum vísinda en þeim, sem nefndar eru í 1. og 2. málsgrein.

Nú verður ágreiningur um, undir hvora deild sjóðsins umsókn heyri, og sker þá stjórn vísindasjóðs til fullnaðar úr þeim ágreiningi.

4. gr.

Stjórn vísindasjóðs skal skipuð 5 mönnum. Skulu 4 þeirra ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar alþingiskosningar, en formaður og varaformaður skulu skipaðir af menntamálaráðherra. Stjórnin kys sér ritara og gjaldkera á fyrsta fundi sínum.

B 35

157 Stjórn vísindasjóðs er í fyrirsvari fyrir sjóðinn gagnvart stjórnarvöldum og 28/2 '58 öðrum aðilum og sér um fjárvörzlu sjóðsins. Fé því, sem til úthlutunar er ár hvert, skiptir stjórn vísindasjóðs milli deilda í byrjun hvers fjárhagsárs. Stjórn vísindasjóðs ávísar til deildarstjórna því fjárframlagi, sem á að renna árlega til hvorrar deildar um sig, og setur, að höfðu samráði við menntamálaráðherra, reglur um verkefnaval og styrkveiting úr sjóðnum, en deildarstjórnir úthluta síðan fénu til einstakra verkefna og framkvæmda.

Stjórn vísindasjóðs skal vera ólaunuð.

Nú úthlutar deildarstjórn tiltekið ár ekki öllu því fjárframlagi, sem hún hafði til umráða, og skal hún varðveita það með tryggilegum hætti. Henni er jafnan heimilt að úthluta þessu fé síðar.

Nú tekur aðili, sem úthlutað hefur verið fé úr sjóðnum, ekki við fé þessu, og fer þá um það með þeim hætti, sem segir í 4. málsg. r.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar deildarstjórnir til fjögurra ára samkvæmt því, sem hér segir:

1. Stjórn raunvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Skal einn tilnefndur af rannsóknarráði ríkisins, einn af læknadeild Háskóla Íslands, einn af verkfræðideild Háskóla Íslands og einn af fundi fulltrúa frá vísindastofnunum, sem fást við rannsóknir á sviði raunvísinda. Menntamálaráðherra boðar til fundarins, og skal kveðja á fundinn fulltrúa frá þessum aðilum: Náttúrugripasafni Íslands, rannsóknarstofu Háskólans í meina- og sýklafræðum, tilraunastöð Háskólans í meinafræði á Keldum, tilraunaráði jarðræktar, tilraunaráði húfjarræktar, búnaðardeild, iðnaðardeild og fiskideild Atvinnudeildar Háskólans (hver deild einn fulltrúa), Veðurstofunni, rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands, kjarnfræðanefnd og jarðhitadeild raforkumálastjórnarinnar. Menntamálaráðherra skipar formann deildarstjórnar án tilnefningar, og skal sá maður vera viðurkenndur vísindamaður í einhverri grein raunvísinda.

2. Stjórn hugvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Er einn tilnefndur af heimspekideild Háskóla Íslands, einn af laga- og viðskiptadeild Háskóla Íslands, einn af félagi íslenzkra fræða, enda sé hann kosinn á almennum félagsfundi, og einn af fundi fulltrúa frá vísindastofnunum og félögum, sem fást við rannsóknir á sviði hugvísinda. Menntamálaráðherra boðar til fundarins, og skal kveðja á fundinn fulltrúa frá þessum aðilum: guðfræðideild Háskóla Íslands, Vísindafélagi Íslendinga, enda fáist sá maður við rannsóknir í hugvísindum, Hinu íslenzka bókmenntafélagi, Sögufélaginu, Hinu íslenzka fornritafélagi, Fornleifafélaginu, Lögmannafélagi Íslands, Hagfræðingafélagi Íslands, Félagi íslenzkra sálfræðinga, nefnd til útgáfu íslenzkra handrita, orðabókarnefnd Háskólans, Þjóðminjasafni, Landsbókasafni og Þjóðskjalasafni. Menntamálaráðherra skipar formann deildarstjórnar án tilnefningar, og skal hann vera viðurkenndur fræðimaður í einhverri grein hugvísinda.

3. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

4. Formaður stjórnar vísindasjóðs stýrir fyrrgreindum fundum, þar sem tilnefndir skulu fulltrúar í deildarstjórnir. Fundir þessir eru lögmætir, ef $\frac{2}{3}$ boðaðra fundarmanna sækja þá. Afl atkvæða ræður kjöri, en hlutkesti, ef jöfn atkvæði verða. Deildarstjórnir eru ólaunaðar.

6. gr.

Deildarstjórnir úthluta styrkjum hvor úr sínum hluta vísindasjóðs og hafa eftirlit með því, að þeim sé varið í samræmi við það, sem áskilið var, er þeir voru

veittir. Hvorri deildarstjórn er heimilt að ráða vísindalega menntaðan ritara til **157**
undirbúnings styrkveitinga, eftirlits með hagnýtingu styrkja og til annarra tækni- **28/2 '58**
legra starfa. Laun hans ásamt öðrum kostnaði við framkvæmd laga þessara skulu greidd úr vísindasjóði.

Styrkur er að jafnaði ekki veittur nema eftir umsókn. Stjórn deildar getur þó boðið vísindamanni eða forráðamanni rannsóknarstofnunar fjárstyrk til ákveðinna rannsókna. Styrkur er veittur til eins árs í senn, en heimilt er að veita sama aðila styrk oftár en einu sinni.

Deildarstjórnir setja í samráði við stjórn vísindasjóðs reglur um það, hvernig umsóknir eigi að vera úr garði gerðar, hvernig haga skuli úthlutunum og greiðslu á styrkjum og með hverjum hætti styrkþegi skuli gera grein fyrir rannsóknum þeim, sem hann vinnur að með styrk úr sjóðnum.

Stjórn deildar getur átt frumkvæði að rannsóknum á tilteknum efnum og skipulagt þær. Deildarstjórnir, svo og stjórn vísindasjóðs, skulu kosta kapps um að hafa samvinnu við aðra aðila, sem veita fé til vísindalegra rannsókna eða fást við að skipuleggja þær.

7. gr.

Stjórn vísindasjóðs hlutast til um, að gefin sé út tilkynning til birtingar á opinberum vettvangi um styrkveitingar úr sjóðnum eftir hverja úthlutun. Einn fremur skal stjórnin gefa út árlega skýrslu um starfsemi sjóðsins og fjárreiður.

Reikningar sjóðsins, sem endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins endurskoðar, skulu birtir ár hvert í Stjórnartíðindum.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 51 5. júní 1957, um vísindasjóð, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 28. febrúar 1958.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um kennaramenntun í söng og tónlist.

158

1. júní

1. gr.

Tónlistarskólanum í Reykjavík veitist réttur til að sérmennta og útskrifa tónlistarkennara við almenna skóla í landinu. Námsstími sé tveir vetur. Um inntökuskilyrði, námsefni, námstilhögun og próf verði settar sérstakar reglur.

2. gr.

Brottfararpróf úr kennaradeild Tónlistarskólans veitir réttindi til söng- eða tónlistarkennarastöðu við barna-, unglínga- og framhaldsskóla landsins, og heitir sá tónlistarkennari, er því prófi lýkur.

3. gr.

Kennaraskólinn heldur áfram að útskrifa söngkennara á sama hátt og verið hefur, og gilda þar um þær kröfur, sem nú eru gerðar. Söngkennarapróf úr kennaraskólanum veitir réttindi til söngkennslu í skólum skyldunámsstigsins. Þó skulu þeir,

158 sem lokið hafa tónlistarkennaraprófi, ganga fyrir í þeim skólum, er hafa sérkennara 1. júní í söng.

4. gr.

Samvinna Tónlistarskólans og Kennaraskólans um sérmenntun söng- og tónlistarkennara skal hagað á þann veg, að Kennaraskólinn veiti kennaranemum Tónlistarskólans kennslu í uppeldisfræði, kennslufræði og heilsufræði. Þar á móti veiti Tónlistarskólinn söngkennaraefnum Kennaraskólans kennslu í tónlist, eftir því sem við verður komið.

5. gr.

Þeir, sem söngkennaraprófi ljúka í Kennaraskólanum, skulu eiga þess kost að ljúka tónlistarkennaraprófi að loknu eins vetrar námi í Tónlistarskólanum, enda séu sömu kröfur til þeirra gerðar og hinna, sem lokið hafa tveggja vetra námi þar.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 16 frá 1947, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 1. júní 1959.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius

159

15. júní

REGLUR

um styrki og námslán til íslenzkra námsmanna erlendis.

Samkvæmt ákvæði í fjárlögum fyrir árið 1959, 14. gr. II. a, skal menntamálaráðuneytið setja reglur um skiptingu á fé því, sem veitt er til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis. Ákveður ráðuneytið hér með, að við úthlutun skuli fylgt eftirfarandi reglum:

1. Árlega skal 5 stúdentum, sem ljúka prófi á því ári og sýnt hafa sérstaka hæfileika til náms, veittur fastur styrkur, að upphæð 20 þúsund krónur. Sá, sem hlýtur slíkan styrk, heldur honum í allt að 5 ár, enda leggi hann árlega fram greinargerð um námsárangur, sem Menntamálaráð tekur gilda. Umsóknir um styrki þessa skulu auglýstar vor hvert að loknu stúdentsprófi, og úthlutar Menntamálaráð styrkjunum fyrir 1. september.

Menntamálaráð setur nánari reglur um styrkveitingar þessar.

2. Íslenzkir námsmenn erlendis, aðrir en stúdentar þeir, sem hlotið hafa fasta styrki, skulu eitt eða tvö fyrstu námsárin fá námslán eingöngu. Við ákvörðun um upphæð námslána skal tekið tillit til mismunandi dvalarkostnaðar í löndunum, þar sem námið er stundað. Þessi regla, um námslán eitt eða tvö fyrstu árin, gildir þó ekki um þá, sem lokið hafa fyrri hluta sérfræðináms hér á landi. Er Menntamálaráði heimilt að veita þeim námsstyrki þegar á fyrsta námsári erlendis.
3. Heimilt er Menntamálaráði að auglýsa og veita sérstök námslán, hærri en hin almennu lán, til að styrkja efnilega nemendur, er leggja vilja stund á þær greinar, sem sérstök þörf er fyrir sérmenntun í.
4. Því fé, sem eigi hefur verið ráðstafað, þá er hinir föstu styrkir og námslán á fyrsta og öðru námsári hafa verið veitt, skiptir Menntamálaráð milli þeirra, sem eru við framhaldsnám. Mega lán og styrkir vera mishá, eftir mikilvægi þess náms, sem lögð er stund á, og eftir dvalarkostnaði í löndum, þar sem námið er

stundað. Styrkir skulu einkum veittir til náms í þeim greinum, sem Mennta- 159
málaráð telur þjóðfélaginu nauðsynlegast hverju sinni. Öðrum sé veittur kostur 15. júní
á láni, eftir því sem fjárveiting hrekkur til.

5. Menntamálaráð setur nánari reglur um úthlutun styrkja og lána, eftir því sem
þurfa þykir. Skulu þær reglur endurskoðaðar árlega og sendar menntamálaráðu-
neytinu, áður en úthlutun fer fram.

Menntamálaráðuneytið, 15. júní 1959.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

160

21. ágúst

um barnavernd í Siglufirði.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Siglufjarðar er börnum yngri en 12 ára eigi
leyfilegt að vera á almannaferi eftir kl. 20, á tímabilinu frá 1. september til 1. maí,
og ekki síðar en kl. 22 á öðrum tíma árs, nema í fylgd forsjármanns.

Börn á aldrinum 12—14 ára mega eigi vera á almannaferi eftir kl. 21, á tíma-
bilinu 1. september til 1. maí, nema þau séu í fylgd forsjármanns, séu í atvinnu eða
öðrum nauðsynlegum erindagerðum, að dómi barnaverndarnefndar. Á tímabilinu 1.
maí til 1. sept. skulu unglingar á þeim aldri eigi vera á almannaferi eftir kl. 23, nema
með þeim takmörkunum, sem að framan greinir.

Foreldrar og aðrir forráðamenn barna skulu sjá um, að viðlagðri ábyrgð, að
ákvæðum þessum sé framfylgt.

2. gr.

Bannað er að selja eða gefa börnum og unglingum innan 14 ára aldurs tóbak
eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það um hönd.

3. gr.

Barnaverndarnefnd skal kynna sér kvikmyndir, leiksýningar og aðrar opin-
berar sýningar. Telji nefndin sýningu skaðlega eða óholla sálarlífi barna og unglunga,
getur hún bannað þeim aðgang að henni. Unglingum innan 14 ára aldurs er óheimill
aðgangur að opinberum kvikmyndasýningum, leiksýningum eða öðrum sýningum,
er hefjast kl. 20 eða síðar, á tímabilinu 1. september til 1. maí, nema í fylgd forsjár-
manns, enda sé myndin eða sýningin eigi bönnuð unglingum af öðrum ástæðum.

4. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að opinberum dansleikjum.
Undanskildir eru þó dansleikir, sem sérstaklega eru ætlaðir börnum og unglingum,
svo sem jólatrésfagnaðir og dansleikir skóla.

5. gr.

Börnum og unglingum innan 14 ára aldurs er óheimill aðgangur að knattborðs-
stofum og öldrykkjustofum. Einnig er þeim óheimill aðgangur að almennum kaffi-
stofum eftir kl. 20. Sama gildir um ís- og sælgætissölur.

Þeir, sem reka slík fyrirtæki, sem í fyrstu málsgrein getur, svo og þeir, sem leyfi
hafa til dansleikjahalds, skulu sjá um, að börn fái þar eigi aðgang.

160 Óheimilt er þeim, sem fást við veitingasölu eða hliðstæðan rekstur að ráða í
21. ágúst þjónustu sín börn innan 16 ára aldurs. Til þess að ráða börn innan 16 ára aldurs
til annarra verzlunarstarfa, þarf leyfi foreldra eða forráðamanna barnanna. Barna-
verndarnefnd er heimilt að ganga úr skugga um, að slíkt leyfi foreldra sé fyrir
hendi. Barnaverndarnefnd er heimilt, þótt leyfi foreldra sé fyrir hendi, að stöðva
slíka atvinnu unglinga, ef nefndarmönnum þykir sýnt, að velferð þeirra sé í hættu
eða að starfið hafi óheillavænleg áhrif á þá.

6. gr.

Óheimilt er börnum og unglingum innan 16 ára aldurs að fara um borð eða
hafast við í skipum, nema í fylgd foreldra eða forsjármanns. Barnaverndarnefnd
getur þó veitt undanþágu, ef um uppskipun eða atvinnu við útveg er að ræða.

7. gr.

Barnaverndarnefnd er heimilt að ákveða, að unglingar, 12—16 ára að aldri, skuli
bera aldursskirteini.

8. gr.

Um brot á reglugerð þessari og viðurlög við þeim skal fara samkvæmt ákvæðum
barnaverndarlaga.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 29/1947, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 21. ágúst 1959.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

161

21. sept.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Patrekshöfn.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar og stjórn.

1. gr.

Patrekshöfn takmarkast annars vegar af strandlengjunni á milli Yxnhamars
og Þúfneyrarodda og hins vegar af miðjum Patreksfirði, undan sömu stöðum.

2. gr.

Hreppsnefnd Patrekshrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna, undir yfir-
stjórn þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál hverju sinni.

Hver nýkjörin hreppsnefnd kys á fyrsta fundi sínum, til fjögurra ára í senn,
þrjá menn í hafnarnefnd og ákveður jafnframt formann hennar.

Hafnarnefnd hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni,
sér um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að
lúta, annast bókhald og fjárhald hafnarinnar og öll reikningsskil, svo framarlega,
sem hreppsnefnd ákveður ekki aðra skipan. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja
hreppsreikningum og endurskoðast ásamt þeim.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að hafa samið og lagt fyrir hrepps- 161
nefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári. Hrepps- 21. sept.
nefnd skal hafa fullsamið áætlunina og sent hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Hreppsnefnd skipar fasta starfsmenn hafnarinnar eftir tillögum hafnarnefndar og setur þeim erindisbréf. En hafnarnefnd getur sagt þeim upp, eða vikið þeim frá, án þess að til þurfi að koma samþykki hreppsnefndar.

3. gr.

Hreppsnefnd skipar hafnarvörð eftir tillögum eða í samráði við hafnarnefnd. Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarvörður í samráði við hafnarnefnd.

II. KAFLI

Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og enn fremur þeim starfsmönnum öðrum, er hann setur til þess að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af hafnarverði eða mönnum hans, getur sá hinn sami kært það til hafnarnefndar, en skipun hafnarvarðar og manna hans ber að hlýða þegar í stað.

5. gr.

Þeim, sem ekkert erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa, eða öðrum störfum, sem þar eru unnin.

6. gr.

Skylt er að gæta varúðar í meðferð elds og ljósa á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavélum skipsins og á lögboðnum ljóskerum, Tóbaksreikningar eru bannaðar í þeim skipum og því svæði, sem unnið er á að fermingu og affermingu eldfimra efna.

Álíti hafnarvörður, að hætta geti stafað af fermingu og affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarvarðar.

7. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum, olíu eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, frá skipum, er þar liggja, né flytja það úr landi út í höfnina.

Á hafnarsvæðinu má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né hreyfa þau hafnarmannvirki, sem nú eru og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarnefndar komi til.

Nú hefur bryggja brotnað og er þá bryggjueiganda skylt, ef hann ætlar að byggja upp bryggjuna, að byggja hana svo trausta, að hafnarnefnd telji hana hæfa. Að öðrum kosti ber bryggjueiganda að taka burtu allar eftirstöðvar bryggjunnar, draga upp alla staura og hreinsa til, svo að engin hætta geti stafað af brotum á bryggjusvæðinu. Sé þetta ekki gert innan hæfilegs frests, er hafnarnefnd ákveður, er henni heimilt að láta gera það á kostnað eiganda og má taka þann kostnað lögtaki.

161

21. sept.

III. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

8. gr.

Fiskiskip og önnur skip, sem ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að þau tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa. Skulu þau í hvert skipi skyld að hlýða boðum hafnarvarðar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Skipum og bátum má ekki leggjast svo að þau hindri eða tefji umferð um höfnina. Nú tregðast skipstjóri, eða eigandi skips, við að hlýða fyrirmælum hafnarvarðar um að flytja skip sitt, bát eða strengi, til á höfninni, getur þá hafnarvörður látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda. Kostnaðinn má taka lögtaki.

9. gr.

Í sérhverju skipi, að undanteknum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til þess að liggja mannlauk á höfninni, skal jafnan vera að minnsta kosti einn maður, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skip, eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

10. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringi eða festarstólpa. Festum skal einnig þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjum eða bólvirkjum. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og virkis eða bryggju, ef krafizt er.

11. gr.

Vélskip mega ekki láta vélar sínar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af því.

Ekki má hleypa vatni á bryggjur eða bólvirki að óþörfu.

12. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarvarðar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal eigandi þess láta færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burtu á kostnað eiganda. Kostnaðinn má taka lögtaki.

IV. KAFLI

Um notkun hafnarinnar.

13. gr.

Venjulega skal heimila skipum að leggjast að bryggjum eða bólvirkjum í þeirri röð, er þau koma til hafnarinnar. Þó skal farþegaskipum, sem sigla eftir fyrirfram auglýstum áætlunum, leyft að leggjast að bryggjum, þótt önnur skip liggja þar fyrir. Skulu þau þá víkja, sé það nauðsynlegt að dómi hafnarvarðar.

Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða að dómi hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðru skipi, ef hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarvörður vísað skipi frá bryggju, áliti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

Verði ágreiningur, ræður hafnarvörður hvar og í hvaða röð skip koma að bryggjum.

14. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, er utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilfar þeirra skipa, er nær liggja.

161

21. sept.

15. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi eða öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðardúka milli skips og bólvirkis, bryggju eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa ekki nægilega gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er. Kjölfestu má ekki láta annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar, sem hafnarvörður vísar til.

16. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður skips eða skipstjóri, láta ræsta bryggjur eða bólvirki, sem notuð hafa verið, ef þörf gerist. Farist það fyrir skal hafnarvörður sjá um að það sé gert. Afgreiðslumaður eða skipstjóri greiði allan kostnað, sem af því leiðir. Kostnaðinn má taka lögtaki hjá afgreiðslumanni eða eiganda skipsins.

17. gr.

Þær vörur, sem ferma skal eða afferma, svo og tæki þau, sem notuð eru við fermingu eða affermingu, mega ekki liggja á bryggjum eða bólvirkjum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burtu muni þessa og vörur jafnskjótt og hann krefst þess.

V. KAFLI

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

18. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu, eða lagt í lægi. Skal eigandi láta taka skipið, ef það sekkur, eða láta sprengja það sundur eða taka af grunni, svo það skemmi ekki höfnina. Sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefndin látið gera það á kostnað eiganda. Slíkan kostnað má taka lögtaki. Vanræksla á að hlýða skipun hafnarnefndar í þessum efnum, er enn fremur brot á hafnarreglugerðinni.

Hafnarvörður ákveður hvert sinn, hvar slíkum skipum skuli lagt, hve traust legufæri skuli vera og hvernig þeim skuli fyrir komið. Nú sannar eigandi geymsluskip, með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hætta af leka, þótt það sé mannlaut, þá er honum heimilt að leggja skipinu og láta það liggja, án þess að menn séu í því, á þeim tíma árs, sem ekki verður heimtað ljós á skipum. Skylt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd eða hafnarvörður krefst þess. Ljós skulu tendruð á skipum þessum, þegar hafnarvörður krefst þess.

19. gr.

Meðan skip liggur mannlaut á höfninni, skal eigi sjaldnar en einu sinni í viku fara út í það, til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað. Ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er. Eigi ber hafnar-sjóður ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lægi á höfninni.

VI. KAFLI

Um lestagjöld.

20. gr.

Öll skip, hvort þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar á höfninni. Þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist lestagjald af nettó burðarmagni skips, talið í heilum tonnum, en brotum sleppt.

21. gr.

- a. Skip, sem eru eign manna búsettra á Patreksfirði og skrásett þar og ekki eru í utanlandssiglingum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, kr. 8.00 af hverri rúmlest, með gjalddaga 1. júlí. Séu þessi skip að einhverju leyti í utanlandssiglingum, greiði þau aukalega kr. 0.30 af hverri rúmlest, í hvert skipti, er þau koma úr utanlandssiglingu. Vélbátar undir 12 rúml. brúttó, greiði kr. 30.00 á ári, aðrir bátar kr. 20.00 með gjalddaga 1. júlí.
- b. Innlend fiskiskip greiði kr. 1.20 af hverri rúmlest í hvert skipti, er þau koma til hafnar. Eigi skulu þau þó greiða þetta oftan en tvisvar á mánuði, þótt þau komi oftan til hafnar. Lægsta gjald skal vera kr. 30.00. Bátar undir 12 rúml. brúttó greiði kr. 10.00 hvert skipti, þó ekki oftan en tvisvar í mánuði.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma (nema þau, sem undanþegin eru hafnargjaldi), skulu greiða kr. 1.20 fyrir hverja rúmlest í hvert skipti, er þau koma til hafnar. Strandferðaskip ríkisins greiði þó aðeins kr. 0.50 af hverri rúmlest.
- d. Undanþegin greiðslu lestagjalds eru: Herskip, varðskip, björgunarskip, vitaskip ríkissjóðs, skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsóknna og skip, sem leita hafnar vegna sjótjóns, er sannast í sjóprófi.
- e. Liggi skip lengur í höfninni en 14 daga, skal eiganda þess skylt að greiða lestagjald að nýju, fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim. Hafi skip verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi.

VII. KAFLI

Um ljósagjald.

22. gr.

Öll skip, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu 1. ágúst til 15. maí, greiði ljósagjald þannig:

- a. Skip, sem getur um í a-lið 21. gr. greiði kr. 50.00 á ári fyrir fyrstu 30 brúttó rúmlestirnar og kr. 1.00 af hverri brúttó rúmlest þar fram yfir. Bátar undir 12 brúttó rúmlestum greiði kr. 20.00 á ári. Gjalddagi er 1. júlí.
- b. Skip, sem um getur í b-lið 21. gr., greiði ljósagjald í hvert skipti, sem þeim ber að greiða lestagjald, kr. 10.00 fyrir fyrstu 30 brúttó rúml. og kr. 0.20 fyrir hverja brúttó rúml. þar fram yfir.
- c. Öll önnur skip greiði kr. 0.20 fyrir hverja brúttó rúmlest, þó aldrei meira en kr. 120.00 í hvert skipti.

VIII. KAFLI

Bryggju- og bólvirkisgjald.

23. gr.

Hvert skip, sem leggst að bólvirki eða bryggju, hvar sem er í höfninni, eða að skipi, sem liggur við bólvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum rúmlestum, en brotum sleppt.

- a. Skip, sem um getur í a-lið 21. gr. greiði kr. 6.00 af hverri brúttó rúmlest á ári. **161**
Bátar undir 12 brúttó rúml. greiði kr. 30.00 á ári. Gjalddagi er 1. júlí. **21. sept.**
- b. Skip, sem um getur í b-lið 21. gr. greiði kr. 0.50 af hverri brúttó rúmlest í hvert skipti, sem þeim ber að greiða lestagjald. Bátar undir 12 rúml. brúttó, greiði kr. 10.00 hvert skipti.
- c. Öll önnur skip greiði kr. 0.50 af hverri brúttó rúmlest. Innlend vöru- og farþegaskip, greiði þó aðeins kr. 0.30 af hverri nettó rúmlest. Bryggjugjald miðast við sólarhring eða hluta úr sólarhring.

24. gr.

Öll skip, sem leggjast að bryggju, greiði aukalega festargjald, kr. 25.00—300.00, eftir stærð skipsins.

25. gr.

Varðskip og björgunarskip eru undanþegin bryggjugjaldi, nema þegar þau flytja vörur eða farþega og taka gjald fyrir.

IX. KAFLI

Fjörugjald.

26. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru, innan takmarka hafnarinnar, til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða kr. 0.25 af hverri nettó rúmlest, fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, þó aldrei minna en kr. 20.00. Undanþegin gjaldi þessu eru skip, sem heima eiga á Patreksfirði.

X. KAFLI

Um vörugjald.

27. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, sem um getur í næstu greinum.

28. gr.

Fyrir vörur, sem skv. farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar og eiga því ekki að leggja á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálfvörugjald. Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara áfram með sama skipi, enda sé það ákveðið í farmskrá, greiðist ekkert vörugjald.

29. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
- Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.
- Póstur og venjulegur farþegaflutningur .

30. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum, og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining.

161 Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða af-
21. sept. greiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirit af farmskrá. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

31. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds, eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðast eins og þar segir.

XI KAFLI

Vörugjaldskrá.

32. gr.

1. flokkur. Gjald kr. 0.60 fyrir hver 100 kg:
Fiskur, nýr, slægður eða óslægður, ísvarinn, saltaður óverkaður, fiskbein blaut, stálvírar, keðjur, akkeri, vikursteinn.
2. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir hver 100 kg:
Sement, salt kol, koks, múrsteinn, kalk, eldfastur leir, tilbúinn áburður, hey, kartöflur, gulrófur, landbúnaðarvélar, aflvélar í skip og vinnustofur, jarðstrengir, beita alls konar, fiskmjöl, beinamjöl, freðsild, skreið, verkaður saltfiskur, hraðfrystur fiskur, gærur, fuel-olíur.
3. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg:
Kornvara í sekkjum, kjöt, lýsi múrhúðunarefni, mör, tólg, sykur, kálmeti, harðfiskur til manneldis, saumur alls konar, gashylki, steinolía, hráolía, þak- og þilplötur úr asbest.
4. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:
Benzín, fiskilínur, fisknet og nætur, fiskumbúðir, hessían, trolltvinni, netjagarn, strigapokar, tvistur, ull, ullarballar, hrogn, smurolíur, jurtafeti, skinn hert, reiðingur, rafgeymar, járn alls konar, járnþípur.
5. flokkur. Gjald kr. 4.50 fyrir hver 100 kg:
Brauðvörur, bækur, pappír alls konar, korkur, kitti, málning og efni í málningu, blý, tin, krossviður, aðrar þilplötur, linoleum, miðstöðvarkatlar, miðstöðvarofnar, smjör, smjörliki, timbur, tjara, þakpappi, önglar, öngultaumar, strengir úr hampi og sísal, lóðabelgir, netakúlur úr gleri eða málm, handkerrur, hestakerrur, hjólbörur, rúðugler.
6. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hver 10 kg:
Eldavélar, þvottapottar (ekki rafmagns), gólf- og veggflisar, hjólbarðar, gúmmiskófatnaður, hlífðarföt úr gúmmi eða lérefti, veggfóður, sápur, þvottaduft, þvottalögur, lím, lökk, zink, kopar, öl og gosdrykkir, ávextir nýir og þurrkaðir, blikkvörur, baðlyf, brýni burstavörur, bökunardropar, eldhúsáhöld, essensar, gips, gerduft, grefni, gólfklútar, búsáhöld úr leir og gleri, hverfi- steinar, handverkfæri, smájárnvörur, svo sem boltar, rær, skrúfur, skrár, lamir o. fl., kaffi, kaffibætur, lyfjavörur, niðursuðuvörur, nýlenduvörur, sýrur, sóði, skó- og gólfáburður, húsgagnaáburður.
7. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir hver 10 kg:
Bólsturefni, gólfteppi, eldspýtur, húsgögn jólatré, barnavagnar.

8. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hver 10 kg:

161

Fatnaður alls konar, gler, keramik- og leirvörur til skrauts, grammófónar, hljómplötur, smærri hljóðfæri, ljósmyndavélar, ljósmyndavörur, smávörur úr leðri og plasti, leikföng, rafmagnsvörur, rafmagnsáhöld, skrifstofuáhöld, símaáhöld, sportvörur, skófatnaður úr öðru en gúmmi, skotfæri, sprengiefni, viðtæki, segulbandstæki, úr klukkur, vefnaðarvörur, mjólkurduft, kakaó, súkkulaði, te.

21. sept.

9. flokkur. Gjald kr. 3.50 fyrir hver 10 kg:

Dúnn, fiður, hárvötn, snyrtivörur, kryddvörur, skartgripir, tóbaksvörur, vínföng.

10. flokkur. Ýmislegt:

Timbur, kr. 0.50 fyrir hvert teningsfet.
 Hljóðfæri, kr. 1.00 fyrir hvert tengingsfet.
 Húsgögn, kr. 1.00 fyrir hvert teningsfet.
 Oliugeymar, kr. 1.00 fyrir hvert tengingsfet.
 Kindur og loðdýr kr. 5.00 fyrir hvern grip.
 Stórgripir, kr. 10.00 fyrir hvern grip.
 Reiðhjól, venjuleg, kr. 5.00 fyrir hvert stykki.
 Reiðhjól, vélknúin, kr. 25.00 fyrir hvert stykki.
 Dráttarvélar, kr. 100.00 fyrir hvert stykki.
 Jeppar og fólkshílar, kr. 125.00 fyrir hvern.
 Vörubílar, kr. 150.00 fyrir hvern.
 Stórvirkar vinnuvélar, kr. 200.00—500.00 fyrir hverja.
 Bátar, opnir, kr. 100.00 fyrir hvern bát.
 Herpinótabátar, kr. 200.00 fyrir hvern bát.

Vörugjald fyrir óvenjulegar vörur, svo og vörur, sem ekki eru sérstaklega nafngreindar í gjaldskrá þessari, skal ákveðið af gjaldkera hafnarinnar. Úrskurði hans, ef um ágreining er að ræða, má skjóta til hafnarnefndar, sem þá ákveður vörugjaldið endanlega.

Lægsta vörugjald í öllum flokkum skal vera kr. 2.00.

Gjaldskrá þessi gildir um vörur, sem fluttar eru til eða frá höfninni.

XII. KAFLI

Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

33. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar, skal greiða kr. 0.50 fyrir hvern fermetra, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burtu innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring. Sama gjald skal greiða fyrir tæki og áhöld hvers konar, sem einstaklingar eiga og láta eða vilja láta standa á landi hafnarinnar. Gjald fyrir slík tæki, sem og mikið vörumagn, má ákveða með samningi við hafnarnefnd.

34. gr.

Gjald fyrir lóðir, geymsluhús eða tæki, sem leigð eru einstaklingum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða samkvæmt samningi.

XIII. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

35. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

161

21. sept.

Skipstjóri eða formaður báts ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds, ljósagjalds, bryggju-og festargjalds.

Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna, svo og annarra gjalda, er skipinu ber að greiða. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi, unz gjöldin eru að fullu greidd.

Þar sem ekki er í gjaldskrá þessari ákveðnir fastir gjalddagar, skal greiða gjöldin áður en skip fer burtu úr höfninni.

37. gr.

Gjöld fyrir vörur, sem um getur í 32. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans hér. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum, unz gjöldin eru greidd.

Eigi margir vörur í sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslu vörugjaldsins til hafnargjaldkera.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

38. gr.

Öll gjöld skv. reglugerð þessari skulu renna í hafnarsjóð. Má taka þau lög-taki og hafa þau forgangsrétt sem opinber gjöld.

Enn fremur skulu öll skipsgjöld tryggð með lögveði í skipi og gangi það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum.

XIV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

39. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöld-um, fer eftir almennum reglum. Ef samningar takast ekki um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en mánuður er liðinn frá því að mats-gerð var lokið.

Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni upprunalegu matsupphæð, að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

40. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu, eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglu-gerð þessari, má fara úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji trygg-ingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

41. gr.

Enginn skipstjóri getur vænt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglu-stjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnargjaldkera, að hann hafi greitt gjöld þau, er honum ber að greiða, samkvæmt reglugerð þessari. Svo og sektir og skaða-bætur, ef um er að ræða.

42. gr.

Hverja þá skipun, sem gefa má skipi skv. reglugerð þessari, skal gefa stýri-manni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans skv. 9. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skip-unina og er það jafn gilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

43. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggji við skv. almennum lögum. Sektir renna í hafnarsjóð Patrekshafnar.

161

21. sept.

44. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, um breyting á þeim lögum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Patrekshöfn í Patreksfirði, nr. 191 22. nóv. 1949, með síðari breytingum.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. september 1959.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um holræsi í Sauðárkrókskaupstað.

162

21. sept.

1. gr.

Þar sem bæjarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytja á allt skolp frá húsinu út í aðalræsið. Regnvatn af húsi og lóð skal einnig að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í holræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórn tiltekur, eða vatns- og skolpveitunefnd fyrir hennar hönd, skal verkið unnið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi, skal hann skýra verkstjóra bæjarins eða þeim, sem bæjarstjórn felur umsjón með lagningu holræsa í bænum frá því og fá samþykki þar til. Lega, halli, stærð og gerð pípnna, brunna, vatnslása og yfir höfuð alls þess, sem skolplögninni innan hús og utan tilheyrir, skal ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjón með verkinu og er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, sem að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur. Sé um stór hús að ræða eða mikla lögn, má umsjónarmaður bæjarstjórnar krefjast uppdráttar sem sýni glögglega alla tilhögun lagnarinnar. Rísi ágreiningur á milli umsjónarmanns og húseiganda út af holræsalögn, skal bæjarstjórnin skera úr.

3. gr.

Bæjarstjórn getur löggilt menn, sem teljast skulu hæfir að leggja og ganga frá holræsum, bæði utan húss og innan, enda sýni þeir eða sanni fyrir bæjarstjórn, að þeir séu til þess færir. Þeir einir, sem bæjarstjórn löggildir til holræsalagninga, skulu hafa rétt til að leggja og ganga frá skolpræsum, sem standa í sambandi við holræsaferfi bæjarins.

162

21. sept.

4. gr.
Kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist úr bæjarsjóði. Til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsa, ber hverjum þeim, sem hús á, lóð eða lóðarréttindi við götu, veg eða opið svæði, sem bærinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til bæjarsjóðs 0.5% af fasteignamatsverði húss og lóðar.

5. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart bæjarsjóði.

Kröfur, sem bæjarsjóður kann að öðlast samkv. reglugerð þessari, má taka lög-
taki á kostnað gjaldenda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjaldsins er 1. júlí ár hvert, í fyrsta sinn 1. júlí 1959.

6. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar ná til allra holræsa, sem bærinn hefur látið gera, enda annast hann viðhald og endurnýjun þeirra.

Húseigendum er og skylt að annast viðhald og endurnýjun ræsa frá húsum sínum að aðalræsi.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um holræsi fyrir Sauðárkrókshrepp nr. 194 7. okt. 1943.

Félagsmálaráðuneytið, 21. september 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

163

21. sept.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Sauðárkrókskaupstaðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt og einnig til hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupstaðinn, sem henta þykir svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar á sinn kostnað.

3. gr.

163

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveitu Sauðárkróks, skal sækja um leyfi bæjarstjórnar þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

21. sept.

4. gr.

Umsjónarmaður vatnsveitunnar hefur eftirlit með öllu, sem að vatnsveitunni lýtur og er öllum neytendum skylt að fara eftir fyrirmælum hans um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna og annast viðgerðir og endurbætur tafarlaust, ef hann telur þess þörf.

5. gr.

Heimilt er umsjónarmanni vatnsveitunnar að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það svo óþrifum valdi eða vanrækja að annast nauðsynlegt viðhald á pípum sínum og tækjum, sem við þær eru tengdar. Bannað er að tengja vélar við vatnsveituna, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar.

6. gr.

Vatnsveitunefnd og umsjónarmanni er heimilt að fara um hús manna þar sem vatnsæðar liggja til þess að athuga þær og tæki þau, sem við þær eru tengdar.

7. gr.

Bæjarstjórn getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið þegar þarf vegna hreinsunar á vatnsgeymum, tengingu eða viðgerðar á vatnsæðum veitunnar. Slíkar lokanir skal tilkynna fyrirfram, ef nokkur tók eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða þó að slík lokun fari fram.

8. gr.

Af öllum húseignum í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks, sem virt eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða skal greiða vatnsskatt árlega. Skatturinn skal lagður á eftir lögskipaðri fasteignamatsvirðingu húsanna og telst húshluti sem virtur er sér til fasteignamats í þessu sambandi heilt hús.

9. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks, sem svo er ástatt, sem í 8. grein segir, skal greiða vatnsskatt 0.8% fasteignamatsverðs árlega, þó þannig, að lægsta gjald af einbýlishúsi sé kr. 100.00 og af íbúðarhúsi með tveimur eða fleiri íbúðum skal lægsta gjald vera kr. 70.00 af íbúð. Ef um er að ræða hús, sem að dómi bæjarstjórnar nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin og útheimtir mikið vatn, skal greiða vatnsskatt 1.6% af fasteignamatsverði. Bæjarstjórn er heimilt að víkja frá lágmarksgjaldi, ef um sérstakar ástæður er að ræða.

10. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða vatnsskatt sem hér segir:

1. Af hverri tunnu saltaðrar síldar	kr.	0.75
2. — — smál. innvegins fiskjar	—	1.00
3. Fyrir hverja frysta síldartunnu	—	0.75
4. — hvern kjötskrokk	—	0.40
5. — vatn í steypu af hverri sementstunnu	—	0.50
6. — hverja bifreið, sem skrásett er á Sauðárkróki	—	40.00 árlega.
7. — krana utanhúss og í peningshúsum	—	25.00 —

163

21. sept.

11. gr.
Fyrir vatn til mjólkurbúða og verksmiðja heimilast bæjarstjórn að krefjast greiðslu samkv. vatnsmælum og skal þá greiða allt að kr. 0.90 fyrir hverja smálest upp að 1000 smálestum og allt að kr. 0.50 fyrir hverja smálest sem umfram er.

12. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau er hér hafa verið nefnd skal greiða samkv. samkomulagi við bæjarstjórn.

13. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Atvinnurekandi, útgerðar- maður eða útflytjandi ber ábyrgð gagnvart vatnsveitunni á greiðslu vatnsskatts af síld og öðrum fiski. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á að vatnsskattur af vatnsskattsskyldri framleiðslu eða verkun á stöð hans sé greiddur á gjalddaga.

14. gr.

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 10.00 fyrir hverja smálest, en minnst gjald skal þó vera kr. 30.00 fyrir fiskiskip og kr. 50.00 fyrir önnur skip. Bæjarstjórn er heimilt að ákveða að hafnarbryggja Sauðárkróks greiði vatnsveitunni ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir ákvörðun bæjarstjórnar, enda hafi bryggjan tekjur af vatns-sölu þeirri er fram fer á bryggjunni, að undanskildum framleiðslugjöldum af sjávar- afurðum, sem um ræðir í 10. gr. þessarar reglugerðar.

15. gr.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn má ekki að viðlögðum sektum fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

16. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts er 1. júlí ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrirtæki, án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðsréttar í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangs- veði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

17. gr.

Heimilt er bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50%.

18. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaup- staðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Sauðárkróks, nr. 145 24. júní 1945.

Félagsmálaráðuneytið, 21. september 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrimur Dalberg.

REGLUGERÐ

164

22. sept.

um Innkaupastofnun ríkisins.

1. gr.

Hlutverk Innkaupastofnunar ríkisins er að annast innkaup og útvegum á vörum, sem ríkisstofnanir þarfnast og nauðsynlegar eru vegna sérstakra framkvæmda ríkisins eða rekstrar, sem ríkisstofnanir hafa með höndum.

2. gr.

Forstjóri stofnunarinnar má ekki hafa á hendi önnur störf, er snerta verzlun og viðskipti, og ekki má hann vera í stjórn verzlunarfyrirtækja.

3. gr.

Innkaupastofnunin selur eða útvegar ríkisstofnunum allar vörur við kostnaðarverði, að viðbættum ómakslaunum, er skulu yfirleitt miðuð við það, að þau greiði kostnaðinn við rekstur stofnunarinnar.

4. gr.

Innkaupastofnunin annast innkaup fyrir allar stofnanir, sem reknar eru fyrir rekning ríkissjóðs að öllu eða einhverju leyti, eða hafa með höndum sérstakar framkvæmdir, sem kostaðar eru eða styrktar verulega af ríkissjóði. Ber stofnunum þessum að láta Innkaupastofnunina annast innkaup sín. Ráðherra getur þó heimilað undanþágur, enda liggja fyrir umsögn forstjóra Innkaupastofnunarinnar.

Ákvæði þessi taka þó ekki til innkaupa, sem einkasölum ríkisins eru falin samkvæmt lögum.

5. gr.

Innkaupastofnunin skal viðhafa þá meginreglu að kaupa eigi inn aðrar vörur en þær, sem fyrirfram er vitað, að ríkisstofnanir þarfnast, eða þær hafa pantað hjá Innkaupastofnuninni.

Öll meiri háttar vörukaup, að mati forstjóra, sem gerð eru á vegum stofnunarinnar, skulu gerð á þann hátt, að auglýst sé opinberlega eða óskað skriflega eftir tilboðum með hæfilegum fyrirvara. Skal jafnan tekið því boði, sem hagkvæmast getur talizt, miðað við verð, vörugæði, afgreiðslu og aðra skilmála, ef ekki hindra gjalddeyris- eða innflutningsráðstafanir.

Þeir, sem tilboð senda, skulu hafa rétt til að vera viðstaddir, þegar tilboðin eru opnuð. Forstjóri Innkaupastofnunarinnar ásamt forstjóra þeirrar stofnunar, er í hlut á, skera úr um hvaða tilboð séu hagkvæmust. Ef til ágreinings kemur, sker ráðherra úr.

6. gr.

Ráðherra ákveður, hversu mikið lánsfé Innkaupastofnuninni sé heimilt að hafa til umráða á hverjum tíma, og má hún ekki stofna til skulda umfram hina ákveðnu fjárhæð, nema með skriflegu leyfi ráðherra.

Innkaupastofnunin getur krafist kaupendur um fyrirframgreiðslu á pöntuðum vörum samkvæmt þeim skilmálum, sem hún þarf sjálf að hlíta.

7. gr.

Innkaupastofnunin skal senda viðskiptamálaráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu fyrir 10. hvers mánaðar reikningsyfirlit fyrir mánuðinn næst á undan.

164

22. sept.

Ríkisstofnanir skulu senda Innkaupastofnuninni sundurliðaða áætlun um væntanlegar innkaupáþarfir sínar með nægum fyrirvara.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 72 5. júní 1947, um Innkaupastofnun ríkisins, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er reglugerð nr. 73 29. marz 1952, um Innkaupastofnun ríkisins, numin úr gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 22. september 1959.

Gylfi Þ. Gíslason.

Yngvi Ólafsson.

165

24. sept.

S A M Þ Y K K T

um hundahald í Flateyrarkauptúni.

1. gr.

Bannað er hundahald í Flateyrarkauptúni nema með leyfi hreppsnefndar.

2. gr.

Hreppsnefndin getur veitt leyfi til hundahalds, ef ástæða þykir til og sérstökum skilyrðum er fullnægt, en aldrei mega hundar vera úti að næturlagi, er truflað geti svefn manna og raskað næturró.

3. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum.

Samþykkt þessi, er gerð var af hreppsnefnd Flateyrarhrepps 29. maí 1959, staðfestist hér með skv. heimild í 1. gr. l. nr. 7 1953 til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 24. september 1959.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

166

25. sept.

R E G L U G E R Ð

um skemmtanaskatt í Húsavíkurkaupstað.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Húsavíkurkaupstað og aðgangur er seldur að og eigi eru með lögum undanþegnar skatti.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur:

- a) Fyrirlestrar og upplestrar.
- b) Söngskemmtanir og hljómléikar.
- c. Sjónleikir.
- d) Kappleikir og íþróttasýningar annarra en áhugamanna.
- e) Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

2. flokkur:

- a) Dansleikir og danssýningar.
- b) Loddara- og fjölleikasýningar.
- c) Allar aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru hér taldar sérstaklega.

3. gr.

Af þeim skemmtunum, sem taldar eru í 1. flokki, skal greiða 10% af aðgöngu-eyri og af þeim, sem taldar eru í 2. flokki, 20%. Ef skemmtun er margþætt, skal miða við þann þátt hennar, sem hæst er skattlagður.

4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur bæjarstjórn Húsavíkur veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til styrktar menningar- og framfaramálum kaupstaðarins.

5. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur hefur eftirlit með, að reglugerð þessari sé framfylgt og sér um innheimtu skattsins og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann eða falið það löggæzlumönnum bæjarins.

6. gr.

Hver sá, sem hyggst halda skemmtun, skal tilkynna það bæjarskrifstofunni og afhenda henni til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, er nota á við skemmtunina. Aðgöngumiðar séu þannig gerðir, að þeir séu auðveldlega rifnir í tvennt.

Eigi síðar en tveim dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda skrifstofu bæjarins alla ónotaða aðgöngumiða, svo og stofna af seldum miðum og greiða um leið skatt af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið, sbr. 3. grein þessarar reglugerðar. Bæjarstjórn getur þó ákveðið, að skatturinn skuli greiddur um leið og aðgöngumiðar eru stimplaðir.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur á sama hátt.

8. gr.

Bæjarstjórn færir inn í sérstaka skemmtanaskattsbók nafn forstöðumanns skemmtunar, tegund skemmtunar og hvar og hvenær hún skuli haldin, tölu stimplaðra aðgöngumiða, sem afhentir eru forstöðumanni gegn kvittun hans ritaðri í bókina. Þá skal geta um tölu óseldra miða og seldra og útreikning skattfjárhæðarinnar. Falli skemmtunin niður, skal þess getið í bókinni.

9. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari greiðast í bæjarsjóð. Féð skal þó varðveitt í sérstökum sjóði, sem bæjarstjórn stjórnar. Skulu reikningar þess sjóðs

166 fylgja reikningum bæjarsjóðsins og endurskoðast og úrskurðast með þeim. Fé sjóðs-
25. sept. ins skal varið til hvers konar menningarstarfsemi í Húsavík, svo sem til styrktar félags-
starfsemi bæjarins, einkum félagsheimili staðarins.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum. Skulu mál út af brotum á reglugerðinni sæta meðferð opinberra mála.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 34/1918, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 25. september 1959.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Ásgeir Pétursson.

167 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Skógræktarsjóð systkinanna Gunn-
8. okt. laugs Kristmundssonar, sandgræðslustjóra, Ingibjargar Kristmundsdóttur og Guð-
mundar Kristmundssonar, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráð-
hera 8. okt. 1959.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skógræktarsjóð systkinanna Gunnlaugs Kristmundssonar, sandgræðslu-
stjóra, Ingibjargar Kristmundsdóttur og Guðmundar Kristmundssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Ingibjörgu Kristmundsdóttur, Brekkugötu 12. Hafnarfirði, með erfðaskrá 21. apríl 1950, en hún lézt 1. júní 1952.

2. gr.

Eign sjóðsins er nú kr. 33339.72 og skulu fjármunir sjóðsins geymdir í Sparisjóði Hafnarfjarðar, eða annarri tryggri lánsstofnun.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að efla og styrkja skógrækt í Hafnarfirði eða nágrenni kaupstaðarins. Skal ef við verður komið verja fé sjóðsins til uppgræðslu eða skógræktar á tilteknu svæði, er beri nafn systkinanna.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, bæjarstjórinn í Hafnarfirði og formaður Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, og skipta þeir nánar með sér verkum.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal færa reikning yfir rekstur og tekjur umliðins árs, og eignir í árslok í gerðabók er stjórn sjóðsins heldur. Þar skulu og færðar fundargerðir og allar ákvarðanir stjórnarinnar varðandi sjóðinn.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Davíðs Sigurðssonar, 168
 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. okt. 1959. 8. okt.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Davíðs Sigurðssonar.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af frú Þórdísi Stefánsdóttur með eitt þúsund króna gjöf, til minningar um mann hennar Davíð Sigurðsson trésmíðameistara á Akureyri.

2. gr.

Stjórn sjóðsins er falin stjórn Iðnaðarmannafélags Akureyrar, en fjárframlög samkvæmt 4. grein verða aðeins gerð á lögmætum fundi félagsins, enda mæli stjórnin með þeim.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Vextir af sjóðnum leggist við höfuðstólinn, unz þeir eru orðnir 200 krónur árlega. Skal þá vöxtunum úthlutað annað hvort ár samkvæmt 4. grein, en hitt árið skulu þeira lagðir við höfuðstólinn.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að styrkja efnilega iðnaðarmenn í Akureyrarbæ til utanfarar, til frekara náms í iðn sinni.

5. gr.

Allt reiðufé sjóðsins skal ávaxta í banka eða verðbréfum á Akureyri. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal reikningur hans endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda.

6. gr.

Verði Iðnaðarmannafélag Akureyrar lagt niður, veitir bæjarstjórn Akureyrar sjóðnum forstöðu. Um styrkveitingar úr sjóðnum skal þá farið samkvæmt meðmælum fjölmennasta félags iðnaðarmanna í bænum.

7. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita staðfestingar forseta Íslands.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð áfengissjúklinga, útgefin 169
 á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. okt. 1959. 9. okt.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð áfengissjúklinga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður áfengissjúklinga.

Stofnfé hans er kr. 116224.84 og er það eftirstöðvar fjársöfnunar til drykkju-mannaskýlis kr. 60762.44, og framlag frá bæjarstjórn Reykjavíkur í sama tilgangi kr. 55462.40.

169

9. okt.

Tilgangur sjóðsins er sá að kosta á hjúkrunarheimili Bláa Bandsins næturgisting heimilislausra drykkjumanna, sem er veitt viðtaka oftast en reglugerðir mæla fyrir, enn fremur greiða dvalarkostnað þeirra á vistheimilum Bláa Bandsins að svo miklu leyti sem fjárhagur sjóðsins leyfir.

2. gr.

3. gr.

Verja má vöxtum sjóðsins í þeim tilgangi, er um getur í 2. gr. En höfuðstól má aldrei skerða.

4. gr.

Ávaxta skal eignir sjóðsins í sparisjóði eða tryggum verðbréfum.

5. gr.

Félagið Bláa Bandið í Reykjavík fer með stjórn sjóðsins í samráði við biskup Íslands og borgarstjórnann í Reykjavík, sem skipa sinn endurskoðanda hvor.

Félagið og þjóðkirkja Íslands skulu leitast við að efla sjóðinn með þeim hætti, er tiltækilegt þykir.

6. gr.

Ef Bláa Bandið hættir að starfa, ákveða biskup og borgarstjóri, hvernig fara skuli með eignir sjóðsins.

7. gr.

Endurskoðaðir reikningar sjóðsins skulu árlega sendir biskupi og borgarstjóra.

8. gr.

Til breytinga á skipulagsskrá þessari þarf samþykki biskups Íslands og bæjarstjórnar Reykjavíkur.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

170

9. okt.

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Kópavogs.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Kópavogs og skal heimili hans og varnarþing vera í Kópavogskaupstað.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru undirritaðir 30 ábyrgðarmenn hans og skuldbinda þeir sig með undirskrift sinni undir samþykktir þessar til þess að ábyrgjast að sjóðurinn standi í skilum. Svarar hver ábyrgðarmaður hlutfallslega fyrir halla eða tjóni sem sjóðurinn kann að verða fyrir, en hann getur ekki sjálfur staðið stráum af. Þó ábyrgist enginn einn meira en kr. 4000.00 — fjögur þúsund krónur —. Hver ábyrgðarmaður leggur fram við stofnun sjóðsins kr. 2000.00 — tvö þúsund krónur — af ábyrgðarupphæð sinni, sem stofnfé sjóðsins. Skal ákveðið um vexti af því fé á aðalfundi. Þó mega þeir ekki vera hærri en 1% umfram innlánsvexti sjóðsins.

3. gr.

170

9. okt.

Ábyrgðarmenn sjóðsins (eða stofnfjáreigendur) skulu ekki vera færri en en 30 og ekki fleiri en 50. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að ábyrgðarmenn (eða stofnfjáreigendur) verði aldrei færri en 30. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr kaupstaðnum, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt. Stofnfjárframlag endurgreiðist eigi fyrr en við löglegt niðurfall ábyrgðar eða samkvæmt heimildinni í 22 gr. laga nr. 69 27. júní 1941.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Skulu 3 þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna (eða stofnfjáreigenda), en hinir 2 af bæjarstjórn á sama tíma og gildir kosning þeirra allra til 1 árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni 4 ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að 4 árum liðnum. Stjórnin kys formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr kaupstaðnum, eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætán hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af bæjarstjórn, eða verði á lögmætán hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að bæjarstjórn kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu er komi í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparissjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparissjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

6. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Við sparissjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sjóðsins hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparissjóðsins. Sömu leiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávisun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

170 Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum til-
9. okt. lögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvara-
laust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðar-
manna þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.
Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum félagsstjórnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagssjóðbókina og aðrar þær þækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af vixli skal einnig tafar-
laust skráð á víxilinn.

10. gr.

Allar þækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig
ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt,
sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt
hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti einu sinni í viku og ákveður
stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

12. gr.

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn, og boðar for-
maður hann öllum ábyrgðarmönnum 7 dögum fyrir fundinn með ábyrgðarbréfi eða
á annan sannanlegan hátt. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið
almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur
fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir
þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur þegar helm-
ingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að
nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður
afl atkvæða. Þá má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema $\frac{2}{3}$ hlutar
fundarmanna á lögmætum fundi samþykki. Ábyrgðarmaður getur ekki látið aðra
mæta fyrir sig á fundum.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

13. gr.

- a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 5 kr. í senn.
- b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færast inn í innstæðubók og fær hver innlags-
maður reikning.
- c. Sem skirteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu
yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að
samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins séu til athugunar
á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar ef þeir óska.
Í viðskiptabókina skal prenta ágrip af lögum nr. 69 27. júní 1941 um sparisjóði,

svo og samþykktir sparisjóðsins sjálfs, og gildir hún í öllu sem samningur við sjóðinn. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti. 170
9. okt.

- d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðlöku á fé í sparisjóðinn eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kasti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
- e. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins í lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema kr. 1000.00 eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn, sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðréttá skal skekkjuna þá er hún finnst.

15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá kr. 500.00 til 1500.00 sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með 2 mánaða fresti. Án 2 mánaða frests er eigi skylt að borga meira en kr. 2000.00 á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóður tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhaf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samamburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

170

9. okt.

17. gr.
Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærist útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með 3 mánaða fresti. Skal annað hvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því sem uppsagt er.

20. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða skal greiðast úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrir- tækja í almenningsþarfir í hreppnum.

21. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá ríkistryggðum bönkum. Þó er eigi skylt að koma meira af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lagt aftur.

III. Um útlán.

22. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- a. Með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álíta má jafngöð.
- b. Með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi $\frac{3}{5}$ af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni.
- c. Með því að kaupa víxla sem sparisjóðsstjórnin álitur tryggja.
- d. Á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

23. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum; vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykktur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðurinn skal, til þess að það sé tryggt að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst $\frac{1}{10}$ af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Pegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaborða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueignum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánnum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skirteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

26. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávisun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

27. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

28. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggst:

1. Hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og úr honum og sé þar í greint hver sjóðforðinn hafi verið í ársbyrjun og í hver árslok.
2. Hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins.
3. Hverjar séu eignir sjóðsins í árslokinn og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagar hans stóð í árslok.

29. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn

170 á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal 9. okt. semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggst sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árlök og eigi eru innlestir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skráum skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

30. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

31. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af bæjarstjórn, með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

32. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

33. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og verðbréfaeign hans að minnsta kosti misserislega.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

34. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrir-mæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugasemdi, svo að úr verði tafarlaust bætt.

35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reiknings sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

36. gr.

170

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningshaldi sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar. 9. okt.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð nr. 36 15. febr. 1942 og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því sem ábótavant er.

37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með. Jafnframt eru úr gildi felldar samþykktir fyrir Sparisjóð Kópavogs nr. 170 17. des. 1954.

Viðskiptamálaráðuneytið, 9. október 1959.

Gylfi Þ. Gíslason.

Yngvi Ólafsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ingibjargar og Mar- 171
grétar Þorkelsdætra frá Barkarstöðum í Bólstaðarhlíðarhreppi, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 14. október 1959. 14. okt.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ingibjargar og Margrétar Þorkelsdætra
frá Barkarstöðum í Bólstaðarhlíðarhreppi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ingibjargar og Margrétar Þorkelsdætra frá Barkarstöðum.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Árna Sveinssyni frá Mælifellsá í Skagafirði til minningar um konu hans Ingibjörgu og Margrėti mágkonu hans.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 8000.00 — átta þúsund krónur —, er afhendist þannig til Kvenfélags Bólstaðarhlíðarhrepps, kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur — í peningum og kr. 7000.00 — sjö þúsund krónur — útistandandi skuld, sem gefandi á með árs-vöxtum.

Skal stjórn Kvenfélags Bólstaðarhlíðarhrepps gera sjóðnum skipulagsskrá og ákveða honum starfssvið.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er til líknarstarfsemi innan Bólstaðarhlíðarhrepps eða, ef þess þarf ekki, þá til einhverra annarra nauðsynlegra þarfa til menningar fyrir sveitarfélagið.

171

14. okt.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Vextir.
- b. Gjafir og áheiti, sem honum kunna að áskotnast.

5. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipar stjórn Kvenfélags Bólstaðarhlíðarhrepps. Skal hún ávaxta sjóðinn í sparisjóði, banka eða annarri tryggri peningastofnun eða hjá starfandi félagi innan Bólstaðarhlíðarhrepps. Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók.

Í gerðabókinni skal færa allar fundargerðir stjórnarinnar, um styrk úr sjóðnum og yfirleitt allt, er hag hans varðar og rekstur. Enn fremur skal birta árlega reikning um tekjur og gjöld sjóðsins. Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður af endurskoðanda sveitarsjóðs Bólstaðarhlíðarhrepps.

7. gr.

Úthlutun úr sjóðnum má hefjast þegar höfuðstóllinn er orðinn kr. 40000.00 — fjörutíu þúsund krónur —. Þá má úthluta hálfum ársvöxtum, hinn helmingur vaxtanna leggist ætíð við höfuðstólinn.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

P. t. Keflavík, 30. júlí 1954.

Árni Sveinsson.

172

15. okt.

G J A L D S K R Á

fyrir rafveitu Patrekshrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Patrekshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.00.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst. auk fastagjalds kr. 12.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiddast af gólfleti í húðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur hvers konar, ganga, bílskúra, gripahús, áhaldahús o. fl. skal greiða kr. 4.20 á ári af hverjum fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á kr. 0.80 hverja kwst. auk fastagjalds kr. 12.00 á mánuði af einu herbergi hvernar íbúðar, en kr. 6.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Þar sem uppsett afl á eldavél og þvottapotti er 8 kw. er rafveitunni heimilt að fyrirskipa notanda að setja upp skiptirofa til að fyrirbyggja samtímisnotkun á heimilistækjunum.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi sem ætluð eru til íbúðar 172 og eldhús. Herbergi, sem eru minni en 5 ferm. skal teljast sem hálf, en stærri en 25 ferm. sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 ferm., má reikna með þeirri meðalstærð. Þar sem önnur ljósnotkun en til heimilisþarfa kemur inn á heimilismæli, skal af slíku húsnæði reiknast fast gjald mánaðarlega af hverjum fermetra gólfflatar, er lýsa skal, sem hér segir:

Af búðum, vinnustofum, skrifstofum o. þ. h. kr. 2.00
 Af bílskúrum, geymslum, göngum, gripahúsum og öðrum útihúsum — 0.25

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst. Minnsta gjald skal vera kr. 300.00 á hvert uppsett kw. véla. Á verkstæðum og vinnustofum, þar sem ein mæling er fyrir ljós og vélar, skal auk þess greiddast fastagjald samkv. gjaldskrárlið A. 2.
2. Til fiskiðnaðar og fleira. Um afl- og orkumæla þannig reiknað:
 - a. Aflgjald af notuðu afli kr. 780.00 á kw. á ári. Minnsta aflgjald skal þó vera kr. 5 000.00 á ári.
 - b. Orkugjald af allri notkun kr. 0.28 á kwst. Notað afl í kw. telst vera mesta álag á ári, mælt yfir stundarfjórðung.
 - c. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig: um kwst.mæli á kr. 0.28 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 690.00 á ári fyrir hvert kw. málraun véla.
 - d. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja alla raforkunotkun annarra atvinnufyrirtækja gegn greiðslu fastagjalds af ljósanotkun samkvæmt gjaldskrárlið A. 2. Rafveitan áskilur sér rétt til að takmarka rafmagnsnotkun þessara fyrirtækja (a. b. c. og d.) á mestu álagstímum rafveitunnar í allt að 2 klst. á dag.

Framangreint raforkuverð fyrir vélar, gildir fyrir notkun með raunstuðul, $\text{COS} = 0.8$ eða hærri. Sé raunstuðull hjá notanda lægri en 0.8, hækkar afl og orkugjald notandans skv. reglum, sem rafveitustjóri setur þar um.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á kr. 0.50 hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegi og síðdegis, þó ekki lengur en um $1\frac{1}{2}$ klst. í senn.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að ekki þurfi að auka vélaafl, línur eða spenna vegna álagsins.
- b. Að notandi setji segulrofa fyrir álagið og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar notandi þá tengingu þeirra.
- c. Notandi greiðir leigu af rofum og rofaklukkum, samkv. reglum, sem gilda um leigu mælitækja.
- d. Að tæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitustjóra, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E. Önnur rafmagnsnotkun.

1. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst.
2. Til fasttengdra bökunarofna og annarra tækja í brauðgerðarhúsum um tví-gjaldmæli á kr. 0.28 hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til 10 og kr. 0.60 hverja kwst. í 10 klst. á tímanum frá kl. 8 til 24, enda sé straumur-

172
15. okt.

inn rofinn í 4 klst. á mestu álagstímum rafveitunnar, þó eigi lengur en 2 klst. í senn.

Um sölu samkv. þessum lið gilda sömu skilyrði og um sölu samkv. gjaldskrárlið D.

3. Til götu og hafnarlýsingar um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst., og annast rafveitan þá um rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.
4. Til gisti- og veitingahúsa, skóla, sjúkrahúsa, samkomuhúsa og annarra slíkra staða má selja rafmagn til suðu, hitunar og annarra fasttengdra tækja í eldhúsi á kr. 0.80 hverja kwst. og önnur notkun seld eftir gjaldskrárlið A.
5. Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, þó að tilskildu samþykki rafveitunefndar og hreppsnefndar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn. Sé slíkum samningi ekki sagt upp af öðrum hvorum aðila, framlengist hann sjálfkrafa um eitt ár.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Greiða skal leigu af mælitækjum, sem hér segir:

- | | |
|------------------------------------------|-----------------|
| 1. Af einfasamælingu upp að 30 amp. | kr. 5.00 á mán. |
| 2. — þrífasa mælingu upp að 50 amp. | — 6.00 — — |
| 3. — þrífasa mælingu 50—200 amp. | — 12.50 — — |
| 4. — þrífasa mælingu yfir 200 amp. | — 18.00 — — |

Af öðrum tækjum skal ársleigan vera sem næst 20% af verði tækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD.

Heimtaugargjald skal miða við rúmmál húsa, sem hér segir:

1. Grunngjald loftlínuheimtaugar kr. 1 200.00.
2. Grunngjald jarðlínuheimtaugar kr. 1 800.00.
3. Auk heimtaugargjaldsins reiknast kr. 2.50 af hverjum rúmmetra húss, allt að 700 rúmmetra og kr. 1.00 af hverjum rúmmetra þar yfir.
4. Sé lengd jarðlínuheimtaugar meira en 15 metrar og loftlínuheimtaugar meira en 40 metrar og gildleiki víra meira en 3x70 mm² skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi. Stærð húsa reiknast eftir utanmáli þeirra. Heimtaugargjaldið fellur í gjalddaga, þegar tengingu er lokið.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 40.00.
2. Ef fundinn er óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandi hefur greitt kr. 40.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar. Rafveitunni er ekki skylt að framkvæma enduropnun, utan venjulegs vinnutíma rafvirkja.

Heimild til hækkunar.

172

Gjaldskrá þessi er miðuð við innkaupsverð á rafmagni, er gjaldskráin tekur gildi. Verði breytingar á því, breytast afl og orkugjöld samkv. því, en fastagjöld eigi fyrir en 10% breyting er orðin á afl- og orkugjöldum.

15. okt.

Gjaldskrá þessi, sem Rafveitunefnd Patrekshrepps hefur samið og hreppsnefnd Patrekshrepps samþykkt, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að óðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir rafveitu Patrekshrepps nr. 218 14. okt. 1950.

Atvinnumálaráðuneytið, 15. október 1959.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

173

fyrir vatnsveitu Víkurkaupþúns innan Hvammshrepps í Vestur-Skaftafellssýslu.

15. okt.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvammshrepps hefur einkarétt til sölu vatns á svæði því, sem vatnsveita hreppsins nær yfir og getur fullnægt.

2. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna í samráði við oddvita og hreppsnefnd, sem ákveður laun vatnsveitunefndar. Í vatnsveitunefnd séu þrír menn og þrír til vara. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

3. gr.

Allar tekjur vatnsveitunnar renna í sérstakan sjóð, Vatnsveitusjóð Víkurkaupþúns. Úr honum greiðast öll gjöld vatnsveitunnar. Aðalæðar vatnsveitunnar og umbúnaður við vatnsbólin verða sameign kaupþúnsins og kostuð af vatnsveitusjóði, svo og viðhald þeirra, eftirlit með vatnsleiðslunni og stjórn hennar.

4. gr.

Vatnsveitan leggur aðalvatnsæðar um kaupþúnið, svo víða sem fært þykir. Hver, sem vill fá vatn leitt í hús sitt, sækir skriflega um það til vatnsveitunefndar. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða frá aðalæð í hús sín og annast viðhald þeirra. Gildir það jafnt um gamlar lagnir sem nýjar.

5. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá aðalvatnsæð veitunnar, nema með leyfi vatnsveitunefndar og eftir fyrirmælum hennar, bæði um efni og tilhögun verks. Skyld er hverjum húseiganda að gera tafarlaust við vatnsæðar sínar, komi leki að þeim.

6. gr.

Vatnsveitunefnd eða mönnum í umboði hennar er heimilt að fara um hús og lóðir manna, þar sem vatnsæðar liggja, til að athuga þær og tæki þau, sem í sam-

- 173** bandi við þær eru. Þyki útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi
 15. okt. tafarlaust láta bæta úr því, ella má láta gera það á hans kostnað. Heimilt er vatns-
 veitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á
 leiðslum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum
 gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar
 eru lokaðar af þessum sökum. Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun, ef
 skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf, vegna hreinsunar
 á vatnsgeymi eða viðgerðar á vatnsæðum, enda skal það tilkynnt áður, sé þess
 nokkur kostur.

7. gr.

Af öllum húsum í Víkurkaupþúni, sem metin eru til fasteignaskatts og vatni
 er veitt í, skal greiða vatnsskatt. Einnig skal greiða vatnsskatt af öllum húsum,
 sem liggja að aðalæðum vatnsveitunnar, enda þótt þau noti ekki vatn frá vatns-
 veitunni. Skattinn skal greiða einnig af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu
 eru, ef þær eru vátryggðar ásamt því, enda noti þær vatn frá veitunni.

8. gr.

Af öllum húsum í Víkurkaupþúni, sem svo er ástatt um, sem um getur í 7. gr.
 reglugerðar þessarar, skal greiða árlegan vatnsskatt, fast gjald af hverju húsi, kr.
 100.00 — eitt hundrað krónur — og $\frac{1}{2}\%$ af fasteignamatsverði hvers húss. Við-
 tengingargjald er kr. 300.00 — þrjú hundruð krónur.

9. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

- a. Af kælivatni til véla samkvæmt vatnsmæli kr. 0.50 á smálest af fyrstu 1000
 smálestumum, en kr. 0.30 eftir það, sé notkun meiri, nema öðru vísi hafi verið
 sérstaklega samið við hreppsnefnd.
 - b. Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu,
 sem í þeim er rekin og útheimtir mikið vatn, svo sem frystihús, verksmiðjur,
 baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrrtæki o. fl., skal greiða vatnsskatt, 3% af fast-
 eignamatsverði, nema öðruvísi sé sérstaklega um samið við hreppsnefnd.
 - c. Enn fremur skal gjalda kr. 0.30 á hverja sauðkind, sem slátrað er í sláturhúsum,
 og fyrir hvern stórgrip kr. 0.50.
 - d. Ef fjós eða hesthús er tengt við vatnsveitukerfið, greiðist kr. 10.00 fyrir hvern
 grip, sem inni stendur vetrarlangt.
- Fyrir önnur vatnsnot en hér eru talin greiðist hverju sinni eftir samkomulagi.

10. gr.

Gjöld samkvæmt þessari reglugerð getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um
 allt að 50%, ef þurfa þykir, bæði einstaka liði og í heild, án staðfestingar ráðu-
 neytisins.

11. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts er 1. júlí ár
 hvert. Skatturinn greiðist í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskatt, sem miðaður er
 við starfrækslu, má krefja, þegar starfræksla hefur farið fram.

12. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu fyrir hús sitt. Vatnsskattinn má taka lögtaki,
 og er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með
 forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði eða aðfararveði.

13. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar batur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag þar um.

173

15. okt.

14. gr.

Á tímabilinu frá 15. september til 1. nóvember, meðan slátrun stendur yfir, er stranglega bannaður allur þvottur á bilum með rennandi vatni frá vatnsveitunni.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 500.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektarfé rennur í vatnsveitusjóð. Valdi nokkur skemmdum á veitukerfinu, skal hann bæta það eftir mati tveggja óvilhallra manna. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvammshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Víkurkaupþúns nr. 80 18. nóvember 1922.

Félagsmálaráðuneytið, 15. október 1959.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

174

31. okt.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur hafa bifreiðastöður verið bannaðar í Suðurgötu, beggja vegna götunnar, frá Vonarstræti að Kirkjugarðsstíg.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 31. október 1959.

Sigurjón Sigurðsson.

175 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Magnúsar Gunnars-sonar frá Utanverðunesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. nóvember 1959.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Magnúsar Gunnarssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Magnúsar Gunnarssonar frá Utanverðunesi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Sigurbjörgu Gunnarsdóttur frá Utanverðunesi til minningar um bróður hennar Magnús hreppstjóra Gunnarsson, er andaðist 11. júlí 1955. Stofnfé sjóðsins er 40 000 krónur.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja og hlynna að hinu nýja héraðssjúkrahúsi Skagfirðinga, sem nú er verið að byggja á Sauðárkróki, og skal hlutverki sjóðsins hagað eins og fyrir er mælt í skipulagsskránni.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins skiptist að jöfnu í tvær deildir, A og B, að upphæð 20 þúsund krónur hvor. Skal fé deildanna ávaxtað og varið eins og fyrir er mælt í eftirfarandi greinum.

5. gr.

A-deild: Stofnfé hennar má aldrei skerða, en $\frac{2}{3}$ hlutum vaxta höfuðstólsins skal varið til að styrkja ræktun hvers konar gróðurs á sjúkrahúslóðinni, sem verða má til gagns eða prýðis, eins og ráðlegt þykir, að þar til fengnum tillögum sjúkrahússtjórnar og að dómi sjóðstjórnarinnar. $\frac{1}{3}$ hluti vaxtanna skal árlega lagður við höfuðstólinn.

6. gr.

B-deild: Þá er stjórn héraðssjúkrahússins óskar má verja $\frac{3}{4}$ hlutum af innistæðufé deildarinnar til kaupa á ljóslækningatækjum handa sjúkrahúsinu. Afgang fjárens skal vaxta áfram og verja innistæðunni, eins og hún er á hverjum tíma, til viðhalds og endurbóta á ljóslækningatækjum, þannig að jafnan verði eftir nokkuð fé til áframhaldandi styrkveitinga í þessu skyni. Milli þess sem styrkir eru veittir úr B-deild, skulu allir vextir af innistæðufé deildarinnar lagðir árlega við höfuðstólinn.

7. gr.

Ekki skal veita styrki úr sjóðnum fyr en byggingu sjúkrahússins er lokið, og lóð þess hefur verið afmörkuð. Þangað til þessu er lokið skulu allir vextir beggja deilda árlega lagðir við höfuðstól þeirra.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: 1) sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, 2) héraðslæknirinn á Sauðárkróki og 3) sýslunefndarmaður Rípurhrepps. Sýslumaður er formaður sjóðstjórnar, en að öðru skiptir sjóðstjórnin með sér verkum.

9. gr.

175

Sjóðurinn eflist með vöxtum, frjálsum framlögum, minningargjöfum og áheitu- 2. nóv.
um, og á hvern annan hátt, sem stjórn hans þykir henta.

10. gr.

Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun fjár hans og úthlutar styrkjum úr honum, samkvæmt þeim reglum, sem getið er hér að framan. Gæta skal þess að fé sjóðs-
ins sé vandlega tryggt.

Stjórnin heldur fundi í marzmánuði ár hvert og oftast er þurfa þykir. Skal
hún færa fundargerðir í sérstaka bók ásamt ársreikningum beggja deilda sjóðs-
ins, en sjóðir þeirra og reikningshald skal jafnan vera aðskilið.

Öll stjórnin undirritar fundargerðir og reikninga.

11. gr.

Ársreikningar sjóðsins ásamt fylgiskjölum skulu jafnan sendir sýslunefnd
Skagafjarðarsýslu til yfirlits og endurskoðunar.

12. gr.

Skipulagsskrá þessa má endurskoða á 10 ára fresti, ef sjóðstjórninni þykir
þess þörf. Breyta má þá ákvæðum 5. gr. um árlega úthlutun vaxta, svo og ákvæð-
um hennar á þá leið að fé A-deildar verði varið til annarrar styrktarstarfsemi
sjúkrahúsins til nota, að þar til fengnum tillögum sjúkrahússtjórnar.

Þó má aldrei víkja frá tilgangi sjóðsins, (sjá 3. gr.).

13. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og skal hún
birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Hróarsdal, 10. janúar 1959.

Sigurbjörg Gunnarsdóttir.

REGLUGERÐ

176

fyrir vatnsveitu Hellissands.

5. nóv.

1. gr.

Hreppsnefnd hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði,
er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Hreppsnefnd hefur þegar lagt stofnæðar um þorpið, samkvæmt staðfestum
skipulagsuppdraetti, en notendur annast lagningu æða þaðan að húsum á eigin
kostnað.

3. gr.

Hreppsnefnd hefur yfirumsjón með vatnsveitukerfi hreppsins, en heimilt er
henni að ráða umsjónarmann og innheimtumann, er hafi á hendi eftirlit með
vatnsveitukerfinu og innheimtu á gjöldum, samkvæmt erindisbréfi, er hreppsnefnd-
in setur honum. Hreppsnefnd og umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara

176 í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar á vatnslögninni og eftirlits 5. nív. með vatnsnotkun.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Hellissands, skal senda hreppsnefnd skriflega umsókn þar um.

5. gr.

Skylt er húseigendum að halda vatnsæðum sínum vel við. Skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Ef hreppsnefnd eða umsjónarmanni vatnsveitunnar þykir í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella geri hreppsnefnd það á hans kostnað.

6. gr.

Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið þegar þarf vegna hreinsunar á vatnsgeymum eða viðgerðar á vatnsæðum og tenginga á heimæðum. Slik lokun skal tilkynnt fyrirfram ef tók eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slik lokun fari fram.

7. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að loka fyrir vatnið hjá þeim, sem eftir itrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, svo og ef þeir hafa vatnsveitum sínum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

8. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

Hver sá sem skemmir eða saugar vatnsæðar vatnsveitunnar, geymana eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

10. gr.

Hver sá sem fær tengt við vatnsveitu Hellissands, skal greiða tengigjald kr. 1 500.00 af hverju húsi.

Af öllum íbúðarhúsum í Hellissandskaupþúni, sem vatn nota, skal greiða vatnsskatt kr. 365.00 á ári og 0.25% af fasteignamati húsa og tilheyrandi lóða. Auk þess skal greiða kr. 365.00 fyrir hverja íbúð, sem búið er í umfram eina í hverju húsi.

Fyrir önnur vatnsafnot skal greiða sem hér segir:

- a. Af hverju tonni af mjöli í verksmiðju kr. 8.00.
- b. Af hverri smálest af innvegnum fiski í fiskiðjuver kr. 2.00.
- c. Fyrir saltfiskþvott kr. 0.50 á smálest hverja af fiski.
- d. Af hverjum vörubíl kr. 150.00, enda sé rennandi vatn á þvottastæði fyrir bifreiðar, a. m. k. yfir sumarmánuðina.
- e. Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, s. s. fiskvinnslustöðvar o. fl., getur hreppsnefnd ákveðið að selja vatn um mæli og skal þá greiða kr. 1.00 fyrir smálest. Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, skal hreppsnefnd útvega mæli og koma honum fyrir, en hlutaðeigandi notandi annast sjálfur viðhald hans. Vanræki vatnsnotandi viðhald mælisins, skal vatnsgjald

reiknað, þann tíma sem mælirinn er í ófullkomnu lagi eftir þeirri vatnseyðslu, 176 sem mest hefur orðið hjá hlutaðeigandi notanda næsta ár á undan, miðað við 5. nóv. einn ársfjórðung.

- f. Fyrir önnur vatnsafnot, svo sem í sláturhús, beitingahús o. fl., skal greiða gjald eftir samkomulagi við hreppsnefnd.

11. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldldagi vatnsskatts er 1. apríl ár hvert, þó skal greiða vatn ef það er selt um mæli samkvæmt e-lið 10. gr. ársfjórðungslega og er þá fyrsti gjaldldagi 1. apríl, annar gjaldldagi 1. júlí o. s. frv. Húseigandi ber ábyrgð á vatnsskatti húsa. Eigendur vörubíla bera ábyrgð á vatnsskatti þeirra og eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á því að vatnsskattur af stöð hans sé greiddur. Vatnsskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrirtæki og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu tvö ár eftir gjaldldaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

12. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka vatnsskatt um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytis.

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar allt að kr. 1 500.00 sekt, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerðinni skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerð nr. 2 2. jan. 1953 og breytingar á þeirri reglugerð nr. 50 30. marz 1955 og nr. 136 9. okt. 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 5. nóvember 1959.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð Árnassýslu, nr. 73 15. apríl 1950.

177
9. nóv.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Með sjóði þessum skal byggja og viðhalda þeim sýsluvegum, sem ákveðnir eru í samþykkt þessari, eftir þeim reglum og fyrir þær fjárveitingar, sem sýslunefnd ákveður á hverjum tíma.

Sýsluvegir eru þeir, sem hér greinir, og skal greina þá í tvo flokka.

177 Í I. flokki eru þessir vegir:

9. n.óv. 1. Selvogsvegur, af Þjóðvegi að Nesi.
2. Vogsósavegur, af Þjóðvegi að Vogsósum.
3. Hafnarvegur í Þorlákshöfn, frá hafskipabryggju á Þjóðveg.
4. Hraunsvegur, af Þjóðveginum á Hjallamel að Hrauni.
5. Bæjarþorpsvegur, af Suðurlandsbraut að Kröggólfsstöðum.
6. Arnarbælisvegur, af Þjóðveginum hjá Sandhóli að Arnarbæli.
7. Hveragerðisvegur (Breiðamörk) að brú á Varmá gegnt Reykjakoti með álmu að Gufudal.
8. Laufskógavegur í Hveragerði, frá Þjóðvegi á sýsluveg hjá Álfafelli.
9. Heiðmörk í Hveragerði, frá Laufskógavegi að heilsuhæli NLFÍ og þaðan þvert út á Þjóðveg.
10. Eyjavegur, af Þjóðvegi norðan Djúpanna um Útey að túni í Austurey.
11. Skólavegur á Laugarvatni, af Þjóðvegi framhjá héraðsskóla að húsmæðraskóla og þaðan að Þjóðvegi hjá Stöng.
12. Miðdalsvegur, af Þjóðvegi að Miðdal.
13. Sólheimavegur, frá Borg að Sólheimum.
14. Búrfellsvegur, frá Sogsvegi hjá Ásgarði um Búrfell og Klausturhóla á Þjóðveg austan Seyðishóla.
15. Hagavegur, af Þjóðveginum vestan Brúarár um Sel að Hagatúni.
16. Auðsholtsbraut, af Skálholtsvegi að Auðsholtsferju.
17. Laugarásbraut, af Skálholtsvegi að Laugarási.
18. Vatnsleysuvegur, af Biskupstungnavegi um Vatnsleysu, Arnarholt og Kjaransstaði á Þjóðveg hjá Tjörn.
19. Kjóastaðavegur, af Gullfossvegi framhjá Gýgjarhóli að Kjóstöðum.
20. Hvammsvegur, af Þjóðvegi norðan Litlu-Laxár að Hvammi.
21. Seljavegur, af Þjóðvegi vestan Högnastaða um Sel að Hvítárholti.
22. Laugavegur, af Þjóðvegi hjá Reykjum um Reykjaból að Laugum.
23. Hrunavegur, af Þjóðvegi um Hruna að túni í Kaldbak.
24. Tungufellsvegur, af Þjóðvegi austan Brúarhlaða að túni í Tungufelli.
25. Hlíðarvegur, frá Þjóðvegi neðan Geldingaholts um Hæl að Hlíð.
26. Háholtsvegur, af sýsluveginum hjá Geldingaholti að vegamótum Háholts og Ásbrekku.
27. Laxárdalsvegur, frá Þjóðveginum gegnt Stóru-Mástungu að Laxárdal.
28. Stóra-Núpsvegur, frá Þjóðveginum á Harðabakka að Stóra-Núpi.
29. Vorsabæjarvegur á Skeiðum, af Húsatóftaholti að Fjalli.
30. Skeiðháholtsvegur, frá Ólafsvöllum um Skeiðháholt, Kálfhól og Kílhraun á Þjóðveg.
31. Urriðafossvegur, frá Skálmholti um Urriðafoss og Egilsstaði á Þjóðveg á Villingaholti.
32. Gaflsvegur, af Villingaholti um Gafl á Hamarsveg vestan Skóganess.
33. Kolsholtsvegur, af Villingaholtsvegi hjá Vatnsenda að Kolsholti.
34. Hróarsholtsvegur, af Villingaholtsvegi að Hróarsholtstúni.
35. Brúnastaðavegur, frá Suðurlandsvegi að Brúnastöðum.
36. Langholtsvegur, af Flóavegi meðfram túni í Halakoti að Efstaskurði.
37. Selfossvegur, af Þjóðvegi hjá sýslumannsbústað meðfram Ölfusá að Selfosstúni.
38. Ræktunarvegur á Selfossi, af Eyrarbakkevegi að ípróttavelli og suður um Lækjamót á Votmúlaveg.
39. Árbakkavegur, af Þjóðvegi vestan Ölfusárbrúar meðfram Ölfusá að malar-gryfju.
40. Árbæjarvegur, af Þjóðvegi hjá Hrísmýrarkletti að Árbæ.

41. Votmúlavegur, frá Eyrarbyggðavegi um Votmúla og Smjördali á Gaulverja-
bæjarveg. 177
9. nóv.
42. Eyrarbyggðavegur, frá 70 km steini að Einarshöfn.
43. Gamla-Hraunsvegur, af Þjóðvegi norðan Hafliðakots að Gamla-Hrauni.
44. Stokkseyrarvegur, frá Kaðlastöðum austur fyrir Sjónarhóla.
45. Brattholtsvegur, frá Stokkseyrarhlaði um Holt og Hæringsstaði á Gaulverja-
bæjarveg.
46. Vorsabæjarvegur í Flóa, af Gaulverjabæjarvegi um Vorsabæ á Hamarsveg hjá
Syðra-Velli.
47. Arnarhólsvegur, af Gaulverjabæjarvegi austan Gagnishóla að Arnarhóli.

Í II. flokki eru þessir vegir:

1. Sognavegur, af Þjóðvegi vestan Gljufurárhólts að Sogni og Gljufri.
2. Kirkjuferjuvegur, af Þjóðvegi að Kirkjuferju.
3. Hálsvegur, af Grafningsvegi að Stóra-Hálsi.
4. Bildsfellsvegur, af Grafningsvegi gegnt Hálsvegi, að Bildsfelli.
5. Króksvegur, af Grafningsvegi norðan Króksár að Króki.
6. Nesjavallavegur, af Grafningsvegi að Hraunprýði.
7. Nesjavegur, af Grafningsvegi að Nesjum.
8. Stíflisdalsvegur, af Þjóðvegi að Stíflisdalstúni.
9. Brúsastaðavegur, frá Þingvallavegi að Brúsastöðum.
10. Svartagilsvegur, af Kaldadalsvegi sunnan Þingvallaréttu að Svartagili.
11. Gjábyggðavegur, frá Sogsvegi að Gjábyggðatúni.
12. Arnarfellsvegur, af Sogsvegi að Arnarfelli.
13. Mjóanesvegur, af Sogsvegi norðan Miðfells að Mjóanesi.
14. Miðfellsvegur, af Sogsvegi að Miðfellstúni.
15. Böðmóðsstaðavegur, af Þjóðvegi að Böðmóðsstöðum.
16. Stærribæjarvegur frá Sólheimavegi að Stærribæ.
17. Vaðnesvegur, af Biskupstungnabraut norðan Snæfoksstaða að Vaðnesi.
18. Vatnsnesvegur, af Sólheimavegi um Ormsstaði að Vatnsnesi.
19. Bjarkarvegur, af Þjóðvegi að Björk.
20. Arnarbælisvegur, af Kiðjabergsvegi að Arnarbæli.
21. Höfðavegur, af Auðsholtsvegi við Hvítu að Höfða.
22. Helludalsvegur, af Geysisvegi að Helludal.
23. Drumboddsstaðavegur, af Bræðratungubraut austan Tungufljótsbrúar að Drumb-
oddsstöðum.
24. Kjarnholtavegur, af Gullfossvegi að Kjarnholtum.
25. Sólheimavegur, af Hrunavegi að Sólheimum.
26. Þjórsárholtavegur, af Þjóðvegi austan Kálfár að Þjórsárholti.
27. Hofsvegur, af Þjóðvegi vestan Kálfár að Stóra-Hofi.
28. Álfstaðavegur, af Skálholtsvegi að Álfstöðum.
29. Birnustaðavegur, af Vorsabæjarvegi að Birnustöðum.
30. Útverkavegur, af Vorsabæjarvegi að Útverkum.
31. Kampholtsvegur, af Þjóðvegi hjá Flatholti að Kampholti.
32. Hurðarbaksvegur, af Villingaholtsvegi um Dalsmynni að Hurðarbakstúni.
33. Þingdalsvegur, af Villingaholtsvegi að túni í Þingdal.
34. Mýravegur, af Gafsvégi að Mýrum.
35. Súluholtsvegur, af Gaulverjarbæjarvegi að túni í Súluholti.
36. Hjálmholtavegur, af Þjóðvegi að Hjálmholti.
37. Laugavegur, af Kiðjabergsvegi hjá Litlu-Reykjum að Stekkjarheiði hjá Laugum.
38. Byggðarhornsvegur, af Votmúlavegi hjá Jórvík að Byggðarhorni.
39. Hreiðurborgarvegur, af Kaldaðarnesvegi að Hreiðurborg.

- 177 40. Flóagafilsvegur, frá Eyrarbakka að Háhúsarima.
 9. nóv. 41. Háeyrarvegur, af Eyrarbyggðavegi hjá Háeyri að Móscurði og meðfram honum á Þjóðveg.
 42. Stokkseyrarengjavegur, af Brattholtsvegi, um 2 km.
 43. Stokkseyrarselsvegur, af Eyrarbyggðavegi að Stokkseyrarseli.
 44. Rútsstaðavegur, af Gaulverjabæjarvegi að Rútsstöðum.
 45. Meðalholtsvegur, af Gaulverjabæjarvegi að Meðalholtum.
 46. Skarðsvegur, af Þjóðvegi við Laxárbrú að Skarði.

Fjárveitingar úr sýslusjóði til nýbyggingar og viðhalds vegum í 1. flokki eru að jafnaði ekki bundnar mótframlögum annars staðar að, en allar greiðslur úr sjóðnum til vega í II. flokki eru bundnar því skilyrði, að jafnframt sé a. m. k. $\frac{1}{3}$ alls kostnaðarins greiddur af öðrum aðiljum, þ. e. hlutaðeigandi sveitarsjóði eða einstaklingum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. nóvember 1959.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

178

9. nóv.

REGLUGERÐ

um vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

1. gr.

Ágóði af vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga (hér í reglugerðinni skammstafað SÍBS) skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarfrankvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi, til byggingar og rekstrar vinnustofu fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands íslenzkra berklasjúklinga, sem viðurkennd er af ríkisstjórninni.

Eignum happdrættisins skal, ef það verður lagt niður, verja á sama hátt.

2. gr.

Stjórn SÍBS fer með yfirstjórn happdrættisins og hefur á hendi reikningshald þess eða felur það framkvæmdastjóra. Hún skal færa ákvarðanir, er happdrættið varða, í gerðabók sína. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra happdrættisins.

3. gr.

Reikningsár happdrættisins er almanaksárið. Fjármálaráðuneytið skipar tvo endurskoðendur reikninganna. Þóknun til þeirra greiðist af fé happdrættisins.

4. gr.

Fjármálaráðuneytið skipar þriggja manna happdrættisráð til þriggja ára í senn og ákveður formann þess. Það ákveður þóknun happdrættisráðsmanna, er greiðist af fé happdrættisins.

Happdrættisráð skal hafa aðgang að bókum og skjölum happdrættisins og skal því veitt sú vitneskja um starfsemina, sem það óskar. Það skal tafarlaust tilkynna fjármálaráðuneytinu, ef það telur ákvæði laga nr. 18 22. apríl 1959 og breytinga á þeim lögum, eða reglugerða settra samkvæmt þeim, brotin.

Happdrættisráð hefur eftirlit með og úrskurðarvald um drætti, svo sem síðar segir.

5. gr.

Happdrættið gefur árlega út 65.000 — sextíu og fimm þúsund — hluti í 12 flokkum. Hver hlutamiði ber áprentað númer, frá 1—65.000 og auk þess merki SÍBS, verð, síðasta endurnýjunardag, dráttardag og innlausnarfrést. Á hann skal prenta eiginhandarnafn framkvæmdastjóra happdrættisins, og á honum skal vera undirskrift eða eiginhandarstimpill umboðsmannsins.

6. gr.

Vinningar eru samanlagt 12.000 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti kr. 14 040 000.00.

Stjórn SÍBS ákveður vinningatölu og verðmæti þeirra í hverjum flokki. Þó séu aldrei færri en 500 vinningar í 1. flokki og ekki fleiri en 2000 vinningar í 12. flokki.

7. gr.

Verð ársmiða er kr. 360.00 — en endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 30.00 —. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum þeim flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

8. gr.

Hlutamiðar eru seldir á skrifstofu SÍBS í Reykjavík og hjá umboðsmönnum happdrættisins víðs vegar um landið.

Endurnýjun hlutamiða hefst að 15 dögum liðnum frá síðasta drætti og varir til kvölds síðasta endurnýjunardags, sem skráður er á hvern miða. Endurnýjun skal fara fram hjá þeim umboðsmanni, sem hefur selt miðann.

9. gr.

Um vinninga í 1. flokki skal dregið 10. janúar og í 2. flokki 5. febrúar og síðan 5. hvers mánaðar eða næsta virkan dag á eftir, ef þessa daga ber upp á helgidag.

10. gr.

Áður en dregið er í 1. flokki skal leggja í hlutastokkinn 65 000 miða, sem merktir eru tölunum 1 til 65 000. Áður en dregið er í hverjum hinna síðari flokka skal leggja í hlutastokkinn jafnmarga miða sem síðast voru úr honum dregnir og með sömu tölum.

Samtímis skal leggja í vinningastokkinn miða, sem á eru prentaðir vinningar þeir, einn á hvern miða, sem draga skal um í það skipti samkvæmt vinningaskrá, er stjórn SÍBS semur, en happdrættisráð þarf að samþykkja.

Miðana skal láta í stokkana að viðstöddu happdrættisráði, sem skal gæta þess að allt fari löglega fram. Happdrættisráð skal innsigla hlutastokkinn að drætti loknum og gæta þess, að innsiglið sé óbrotið þegar miðar verða látnir í stokkinn fyrir næsta drátt. Það skal og gæta þess, að rétt miðatala með réttum númerum og vinn-ingum sé látin í stokkana. Ef dráttur hefst ekki strax þegar lokið er að láta miðana í stokkana skal innsigla þá unz dráttur hefst.

Að minnsta kosti 2 happdrættisráðsmenn skulu vera viðstaddir hvern drátt til eftirlits.

178 Dráttur fer þannig fram, að fyrst er dreginn miði úr hlutastokknum og skal 9. n.ó.v. númer hans þegar fært inn í þar til gerða dráttarbók, síðan er dreginn miði úr vinningastokknum, sem segir til hvað unnizt hefur á hið útdregna hlutanúmer og skal það einnig samstundis fært inn í dráttarbókina. Þannig skal haldið áfram unz allir miðar eru dregnir úr vinningastokknum.

Heimilt er þó, ef happdrættisráð leyfir, að draga sér í lagi númer lægstu vinninganna, sem allir eru með jafnhárrí fjárhæð, og skal það gert eftir að allir hærri vinningar eru út dregnir.

Þegar að drætti loknum skal bera númerin og vinningana á miðunum saman við númerin og vinningana, sem færðir hafa verið inn í dráttarbókina og gæta þess að rétt sé innfært. Eftirlitsmennirnir skulu færa í gerðabók happdrættisráðs að þeir hafi gætt að innsiglium á stokknum og að rétt tala miða með réttum númerum og vinningum hafi verið sett í stokkana og hvernig dráttur hafi farið fram.

11. gr.

Vinningaskrá skal gefin út að loknum hverjum drætti og skal hún fást ókeypis hjá öllum umboðsmönnum happdrættisins.

12. gr.

Eigandi miða, sem hlotið hefur vinning, skal snúa sér til þess umboðsmanns, er seldi miðann. Umboðsmaðurinn stimplar þá vinningsmerki á miðann, ritar á hann hver vinningurinn er, dagsetningu og skrifar nafn sitt undir.

Í upphafi hvers árs eiga menn kost á því að kaupa hlutamiða með sama númeri, sem þeir hafa haft næsta ár á undan, ef þeir snúa sér til umboðsmanns happdrættisins á þeim tíma, sem stjórn SÍBS auglýsir. Þetta gildir þó því aðeins að umboðsmaðurinn hafi fengið umrætt númer aftur frá skrifstofu happdrættis SÍBS.

13. gr.

Allir vinningarnir greiðast í vörum og er vöruhappdrætti SÍBS óheimilt að greiða andvirði þeirra í peningum.

14. gr.

Vinninga afhenda einungis viðurkenndir birgðasalar happdrættisins. Ef vinningurinn er ekki ákveðin vörutegund er vinnanda í sjálfsvald sett hvaða vörutegund eða verðmæti hann kys sér af því, er birgðasali hefur á boðstólum fyrir happdrættið. Vinning má ekki afhenda nema gegn stimpluðum og árituðum miða samkvæmt 12. gr. Umboðsmenn happdrættisins skulu láta viðskiptamönnum þess ókeypis í té skrá yfir birgðasalana.

Á vinningaskrá skal auglýst hvenær afhending vinninga hefst. Ef mótmæli koma fram gegn afhendingu vinninga til handhafa hlutamiða, áður en afhending hefst samkvæmt auglýsingunni, skal vinningur ekki afhentur fyrr en 8 vikur eru liðnar frá því að afhending átti að hefjast og skal hann þá afhentur handhafa miðans nema sannað sé, að mál sé þingfest til úrskurðar um eignarrétt vinningsins og skal þá vinningurinn ekki afhentur fyrr en dómsúrskurður er fallinn.

Ef miði, sem vinning hlýtur, hefur glatazt, getur eigandi hans snúið sér til stjórnar SÍBS með beiðni um að fá vinninginn afhentan, en fylgja skal vottorð umboðsmanns, sem seldi miðann, um það, að samkvæmt bókum hans hafi umsækjandi keypt miðann. Slík beiðni þarf að komast í hendur stjórnar SÍBS innan 6 mánaða frá drætti, en hafi vinningur samkvæmt miðanum þegar verið afhentur er beiðnin kom fram, er happdrættið laust allra mála.

15. gr.

178

Vinningar, sem enginn hefur vitjað innan eins árs frá drætti, verða eign happ-
drættisins. 9. nóv.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, öðlast þegar
gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 1 9. jan. 1957, um vöruhappdrætti
Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

Fjármálaráðuneytið, 9. nóvember 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Sigtr. Klemenzson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóhönnu Margrétar 179
Þorlákssdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. 12. nóv.
nóvember 1959.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóhönnu Margrétar Þorlákssdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Minningarsjóður Jóhönnu Margrétar Þorlákssdóttur og er hann
stofnaður af Guðmundi Jónssyni, trésmið, síðast að Hallveigarstíg 8 í Reykjavík, með
arfleiðsluskrá hans, dags. 28. febrúar 1955, til minningar um konu hans, Jóhönnu
Margrétu Þorlákssdóttur, Hallveigarstíg 8 í Reykjavík, sem andaðist 12. apríl 1944.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er samkvæmt úthlutan í dánarbúi gefandans, framkvæmdri af
skiptarétti Reykjavíkur 1. maí 1957, kr. 45 259.58 — fjörutíu og fimm þúsund tvö
hundruð fimmtíu og níu krónur og 58 aurar.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá að styrkja eftir nánari ákvarðan sjóðstjórnarinnar
þá menn, er þjást af augnsjúkdómum, sumpart á þann hátt að veita þeim styrk
til að leita sér lækninga við téðum sjúkdómum og sumpart með beinum eða óbein-
um fjárhagslegum stuðningi til framfærslu þeirra eða annarra nauðsynja.

4. gr.

Sjóðurinn er eign Blindravinafélags Íslands og fer stjórn þess félags með
stjórn sjóðsins, enda er formaður Blindravinafélags Íslands formaður sjóðsins.
Verði Blindravinafélag Íslands lagt niður, skulu sitja í stjórn sjóðsins: Landlæknir,
sem þá verður formaður sjóðstjórnar, borgarlæknirinn í Reykjavík og augnlæknir
sá, er á hverjum tíma kennir augnlækningar í læknaeild Háskóla Íslands.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður eftir því sem stjórn hans telur tryggilegast, enda
skulu reikningar sjóðsins gerðir upp árlega og endurskoðaðir af endurskoðendum
Blindravinafélags Íslands, en síðan lagðir fyrir aðalfund þess félags til samþykktar.
Skal reikningsár sjóðsins vera hið sama sem reikningsár félagsins. Reikningar
sjóðsins skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

179

12. nóv.

6. gr.
Tekjur sjóðsins eru vextir og annar arður af höfuðstólnum, svo og gjafir, er sjóðnum kunna að hlotnast. Skal árlega leggja við höfuðstólinn allar tekjur hans, unz vextir af sjóðnum nema minnst 500 kr. á ári. Þegar svo er komið, má fara að veita styrki úr sjóðnum efnalítlum sjúklingum enda má verja í þessu skyni allt að $\frac{3}{4}$ — þremur fjórðu hlutum — af árlegum tekjum sjóðsins. Mismunurinn leggst við höfuðstólinn hverju sinni. Nú fer ekki fram úthlutun samkvæmt því, sem nú var greint allt að fimm árum samfleytt, og má þá verja $\frac{3}{4}$ — þremur fjórðu hlutum — þeirra vaxta er safnað hafa á tímabilinu til styrkveitinga í einu lagi.

7. gr.

Styrkveitingar samkvæmt 3. gr. og 6. gr. hér á undan ákveður stjórn sjóðsins, þó svo að sjúklingar, sem ættaðir eru úr Ásahreppi í Rangárvallasýslu og úr Ísafjarðarkaupstað skulu ganga fyrir öðrum um styrki af fé sjóðsins.

8. gr.

Skipulagsskrá þessi er gerð samkvæmt ofangreindri erfðaskrá gefandans, dags. 28. febrúar 1955, og skal leita staðfestingar forseta Íslands á henni.

Reykjavík, september 1959.

Í stjórn Blindravinafélags Íslands.

Þórsteinn Bjarnason. Helgi Tryggvason, Kristín Jónsdóttir. Þóra Björnsdóttir.

180

29. okt.

F Y R I R M Æ L I

um frystingu á karfa til útflutnings.

Þar til öðruvísi kann að verða ákveðið, skulu eftirfarandi fyrirmæli gilda um vinnslu á óslægðum karfa í frystihúsum.

1. gr.

Þegar skip landa karfa af fjarlægum miðum, skal vinnslu hans og frystingu vera lokið innan þriggja sólarhringa (72 klst.) frá því að löndun hefst.

2. gr.

Um karfa, sem veiddur er á heimamiðum og er orðinn 6 daga gamall, skulu gilda sömu tímatakörk og segir í 1. gr. Vinnslu karfa af heimamiðum, sem nýrri er en 6 daga skal lokið innan fjögurra sólarhringa (96 klst.) frá því að löndun hefst.

3. gr.

Fyrirmæli þessi varða einungis tímatakörk, en raska í engu gæðamati á karfanum til vinnslu.

4. gr.

Brot gegn fyrirmælum þessum varða sektum allt að kr. 50000.00.

Fyrirmæli þessi eru sett samkvæmt heimild í 16. gr. laga nr. 46 5. apríl 1948 um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 29. október 1959.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Bréf menntamálaráðuneytisins til skólastjóra Tónlistarskólans í Reykjavík, varðandi reglur um kennslu og próf við kennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík. 181
12. nív.

Hér með er yður tjáð, herra skólastjóri, að ráðuneytið hefur staðfest reglur um kennslu og próf við kennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík, sem stofnuð var með reglugerð nr. 158/1959. — Fara reglurnar hér á eftir:

Reglur um kennslu og próf við kennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík.

1. gr.

Námstími.

Námstíminn er 4 kennslumisseri eða 2 ár. Þó skal þeim, sem ljúka söngkennara-prófi í Kennaraskólanum, veitast kostur á að ljúka námi á einum vetri.

2. gr.

Námsgreinar.

Söngur: Raddmyndun, raddbeiting, framsögn.

Tónfræði: Heyrnarþjálfun, hljómfæði, raddsetning.

Tónlistarsaga, og í tengslum við hana námskeið í formfræði. Tónverkakynning.
Píanóleikur.

Kórsöngur og kórstjórn.

Kennslufræði (methodik) og kennsluæfingar: Leikur á blokkflautur og slag-hljóðfæri.

Uppeldisfræði.

Heilsufræði.

Síðasttaldar námsgreinar, uppeldisfræði og heilsufræði, eru kenndar í Kennaraskóla Íslands. Þar á móti kennir Tónlistarskólinn söngkennarnemum Kennaraskólans blokkflautuleik, kennslufræði og kennsluæfingar.

3. gr.

Inntökuskilyrði.

Nemandi sé fullra 18 ára.

Almenn menntun: Gagnfræðapróf eða miðskólapróf.

Undirbúningsmenntun í tónlist:

Í söng: Nemandi skal vera óblestur í máli og geta sungið hreint og lýtalaust þjóðlag, sálmalag eða eitthvert alþýðulag, sem valið er úr 20 lögum, er umsækjandi tilnefnir. Enn skal nemandi geta sungið hreint þrihljóma í dúr og moll.

Í tónfræði: Staðgóð kunnátta í undirstöðuatriðum tónfræðinnar.

Í píanóleik: Nemandi leiki tvö lög á borð við Kleine Präludien eftir J. S. Bach og sönótupætti eftir Kuhlau og Clementi. Miða má við hliðstæða kunnátta í orgel- og harmóniuleik.

4. gr.

Tilhögun kennslunnar:

1. ár:

Söngur (4 saman)	2 st. á viku.
Námsefni undirbúningsdeildar skv. kennsluskrá Tónlistarskólans.	
Tónfræði (í flokkum)	2 st. á viku.
Á fyrri misseri: Almenn söngfræði.	
Á síðara misseri: Hljómfræði, þ. e. undirstöðuatríði raddfærslu, þríhljómar og sexundarhljómar á aðalsætum, V7 og hljómhvörf hans, komutónar.	
Heyrnarþjálfun (í flokkum)	2 st. á viku.
Á fyrri misseri: Tónbil og tónstigar, hljóðfallsæfingar.	
Á síðara misseri: Tónhæfni (musikdikat).	
Píanóleikur (2 saman)	1 st. á viku.
Námsefni framhaldsdeildar 1. (skv. kennsluskrá Tónlistarskólans).	
Tónlistarsaga (í flokkum)	2 st. á viku.
K. Nef: Tónlistarsaga I.	
Kórsöngur og kórstjórn (í flokkum)	3 st. á viku.
Kynning íslenskra þjóðlaga. Æfður samsöngur. Kennsluáðferðir skýrðar.	
Blökkflautuleikur (í flokkum)	1 st. á viku.
	<hr/>
	Samtals 12 st. á viku.

2. ár:

Söngur (4 saman)	2 st. á viku.
Námsefni undirbúningsdeildar, framhald.	
Tónfræði (í flokkum).	
Fyrri misseri: Hljómfræði. Afbrigðilegir hljómar í aðalsætum, þríhljómar og ferhljómar á aukasætum og hljómhvörf þeirra, breyttir hljómar, flutningur milli tóntegunda (modulation).	
Síðara misseri: Undirstöðuatríði í ströngum kontrapunkti. Kórraddsetning, einnig tví- og þrí-radda. Ýmislegar verklegar æfingar. Hljóðfærafræði og einfaldar hljóðfæraútsetningar: (Instrumentation).	
Heyrnarþjálfun (í flokkum)	2 st. á viku.
Fyrri misseri: Tónhæfni (diktat) og söngur frá blaði.	
Síðara misseri: Söngur frá blaði, tónhæfni ein- og tvíradða.	
Píanóleikur (2 saman)	1 st. á viku.
Námsefni framhaldsdeildar I.	
Tónlistarsaga (í flokkum)	2 st. á viku.
K. Nef: Tónlistarsaga II.	
Tónverkakynning, formfræði og formgreining	1 st. á viku.
Kórsöngur, kórstjórn (í flokkum)	3 st. á viku.
Samsöngur. Æfingakennsla.	
	<hr/>
	Samtals 12 st. á viku.

5. gr.

Lokapróf.

Söngur:

Tvö sönglög (valin úr sex lögum, sem gefin eru upp til prófs).

Tónfræði:

Verkefni í raddsetningu, sem nemandi hefur verið fengið með tveggja vikna fyrirvara. Hljómsetning við þjóðlag eða eitthvert annað einfalt lag á pianó af „fingrum fram“. Próf í tónhæfni og hljómgreiningu.

181

12. nóv.

Píanóleikni:

Kennaraefni leiki tónverk, valin úr námsefni framhaldsdeildar I., skv. kennsluskrá Tónlistarskólans.

Tónlistarsaga:

- a) Ritgerð.
- b) Svör við spurningum úr tónlistarsögunni.
- c) Formgreining. Skýrt tónverk (með viku undirbúningi).

Kórsöngur og kórstjórn:

1. Kennslustund með bekk barna eða unglunga, sem kennaraefni hefur ekki veitt tilsögn áður (30 mín.). Verkefni tilkynnt með þriggja daga fyrirvara. (Dæmi verkefna: dúr-, mollstíginn, kirkjutónstígar, frá dokerfinu í venjulegar tóntegundir, nótnaborðið, formerkin, fimmundarhringurinn, hljóðfall, taktur).
2. Stjórn samsöngs og -leiks með nemendaflokki, sem hefur þegar hlotið tilsögn kennarafnis (45 mín.).
 - a) Kennaraefni leiðbeinir um flutning á kórlagi og stjórnar því.
 - b) Kennaraefni kennir íslenskt þjóðlag, einraddað, semur með nemendum forleik og undirleik (fyrir blokkflautur og slaghljóðfæri) og stjórnar síðan flutningi. Verkefni tilkynnt með þriggja daga fyrirvara.
3. Kennaraefni svarar spurningum prófanda um túlkun og tækni og sýnir taktslátt á nokkrum alþýðulögum, (15 mín.). Verkefni tilkynnt án fyrirvara.

Uppeldisfræði og heilsufræði:

Skv. reglugerð Kennaraskólans. Lægsta einkunn í hverri námsgrein til að standast prófið er 6, þ. e. *viðunandi*.

Geti nemandinn leikið á fiðlu, knéfiðlu, orgel eða klarínettu af kunnáttu, sem svarar námsefni Framhaldsdeildar I. í kennsluskrá Tónlistarskólans, má við lokapróf, gera vægari kröfur til hans í píanóleik.

AUGLÝSING**182**

16. nóv.

um breyting á reglugerð nr. 61 14. júní 1933, um raforkuvirki.

b-liður 14. greinar reglugerðarinnar orðist þannig:

b) Skylda rafveitustjórnar og eiganda rafveitufyrirtækis, skv. a-lið þessarar greinar, til eftirlits með virkjun, sem ekki eru þeirra eign, leiðir eigi af sér skaðabótaskyldu fyrir skemmdir, er stafa frá þeim virkjum.

Reglugerðarbreyting þess er gerð samkvæmt raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, og öðlast gildi þegar í stað og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnuáráðuneytið, 16. nóvember 1959.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

183

20. nóv.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt nr. 68 9. marz 1945, um lokunartíma sölubúða á Eskifirði.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Frá 1. janúar til 30. apríl skal loka sölubúðum eigi síðar en kl. 19 á föstudögum og eigi síðar en kl. 13 á laugardögum.

Frá 1. maí til 30. september skal loka sölubúðum eigi síðar en kl. 19 á föstudögum og eigi síðar en kl. 12 á laugardögum.

Frá 1. október til 31. desember skal loka sölubúðum eigi síðar en kl. 18 á föstudögum og eigi síðar en kl. 16 á laugardögum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 35 24. marz 1954, um breyting á samþykkt nr. 68 9. marz 1945, um lokunartíma sölubúða á Eskifirði.

Félagsmálaráðuneytið, 20. nóvember 1959.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

184

24. nóv.

AUGLÝSING

um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í sveitum og kaupúnum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

186. Sjúkrasamlag Mýrahrepps, A.-Skaft., staðf. 6. júní 1958.

187. — Vopnafjarðarhr., N.-Múl., staðf. 20. nóv. 1959.

188. — Seyðisfjarðarhr., N.-Múl., staðf. 20. nóv. 1959.

Félagsmálaráðuneytið, 24. nóvember 1959.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

S A M Þ Y K K T

185

24. nóv.

um forkaupsrétt Siglufjarðar á lóðum og fasteignum, sem að sjó liggja í Siglufirði.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum og fleiru, hefur bæjarstjórn Siglufjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á öllum útgerðarstöðvum með lóðarréttindum frá bryggjum Síldarverksmiðja ríkisins suður að lóðum Hafnarsjóðs Siglufjarðar í Innri höfn, en það eru eftirtaldar útgerðarstöðvar:

- Hraðfrystihús og lóðarréttindi h.f. Hrimnis (Þormóðsreitur).
- Síldarstöð og lóðarréttindi Samv.fél. Jarlinn (Þormóðsreitur).
- Síldarstöð og lóðarréttindi dætra Óskars Halldórssonar (Ásgeirsreitur).
- Síldarstöð og lóðarréttindi Ólafs Henriksen (Henriksreitur).
- Síldarstöð og lóðarréttindi Hinriks Thorarensen (Búðarreitur).
- Síldarstöð og lóðarréttindi Ólafs Ragnars (Ragnarsreitur).
- Síldarstöð og lóðarréttindi h.f. Hafliði (Hafliðareitur).
- Síldarstöð og lóðarréttindi d.b. Halldórs Jónassonar (Halldórsreitur).
- Hús og lóðarréttindi Edvin Jacobsen við Gránugötu.
- Síldarstöð og lóðarréttindi Kaupfélags Siglufjarðar (Kveldúlfsreitur).
- Síldarstöð og lóðarréttindi Jóns Hjaltalín (Hjaltalínsreitur).
- Síldarstöð og lóðarréttindi Sameignarfélagsins Ísafold (Friðleifsreitur).
- Hraðfrystihús sameignarfélagsins Ísafold (Friðleifsreitur).
- Síldarstöð og lóðarréttindi Vigfúsar Friðjónssonar (Helgareitur).
- Síldarstöð og lóðarréttindi h.f. Sunnu, Ólagata 1, 2, 3 (Álalækjarreitur).
- Síldarstöð og lóðarréttindi h.f. Sunnu (Ólagata 4).
- Síldarstöð og lóðarréttindi Þóroddar Guðmundssonar (Ólagata 5).
- Síldarstöð og lóðarréttindi Óskars Halldórssonar (Kallastöð) Snorragata 1.
- Síldarstöð og lóðarréttindi Skafta Stefánssonar (Snorragata 7).
- Síldarstöð og lóðarréttindi h.f. Njörður (Snorragata 9).
- Síldarstöð og lóðarréttindi Samvinnufélags Ísfirðinga (Snorragata 11).
- Síldarstöð og lóðarréttindi Ásgeirs Péturssonar h.f., ásamt fiskimjölsverksmiðju og hraðfrystihúsi með lóðarréttindum.

Siglufjarðarkaupstað er enn fremur áskilinn forkaupsréttur á lóðarréttindum þeim, með tilheyrandi mannvirkjum sem hér segir:

Ránargata 2 (Kamsreitur), eign Oliuverzlunar Íslands h.f.

Hvanneyrarkrók III., eign Shell h.f.

Hvanneyrarakbakka, eign Vigfúsar Friðjónssonar.

Einnig lóðum, bryggju og mannvirkjum Síldarverksmiðja ríkisins, austan Vetrarbrautar.

Enn fremur allri strandlengjunni austan fjarðarins, frá Álfhól út að Siglunes-skriðum, 150 m frá fjöruborði til fjalls, miðað við stórstraumsflóð.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. desember 1959 og gildir í 5 ár frá þeim degi að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. nóvember 1959.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

S A M Þ Y K K T

um skipun og skiptingu borgarstjóraembættisins í Reykjavík.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir, að þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu tveir borgarstjórar settir í Reykjavík. Skal annar fara með fjármál bæjarins og verklegar framkvæmdir, en hinn með menntamál, heilbrigðismál og félagsmál.

2. gr.

Um verkaskiptingu borgarstjórana gilda eftirfarandi ákvæði:

A. Borgarstjóri fjármála og verklegra framkvæmda:

1. Fjármál bæjarins, þar á meðal tekjustofnar, innheimta bæjargjalda og sjóðir.
2. Bókhald, endurskoðun, hagsýsluskrifstofa.
3. Bæjarstarfsmenn, réttindi og skyldur.
4. Skipulagsmál, byggingarnefndarmál.
5. Verklegar framkvæmdir, þar á meðal gatna- og holræsagerð, byggingar skóla, íbúðarhúsa og sjúkrahúsa, lóðamál, umferðarmál.
6. Fasteignamál.
7. Vatnsveita.
8. Hitaveita.
9. Rafmagnsveita.
10. Bæjarútgerð.
11. Reykjavíkurhöfn.
12. Innkaupastofnun bæjarins.
13. Málefni, er varða bæjarfélagið í heild að því leyti, sem þau eru ekki sérstaklega falin borgarstjóra menntamála, félagsmála og heilbrigðismála.

B. Borgarstjóri menntamála, heilbrigðismála og félagsmála:

1. Fræðslumál.
2. Söfn, listir, íþróttamál, skemmtigarðar og leikvellir.
3. Framkvæmd heilbrigðismála.
4. Hreinlætismál.
5. Sjúkrahús og heilsuvernd.
6. Félagsmál, þar með talin hjúkrunar- og líknarmál, barna- og vistheimili, vinnumiðlun, almannatryggingar og framfærslumál.
7. Húsnæðismál, önnur en íbúðabyggingar.
8. Hagfræðideild, manntalsskrifstofa, kosningar.
9. Brunamál.
10. Húsatryggingar bæjarins.
11. Strætisvagnar Reykjavíkur.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, samkvæmt 6. mgr. 30. gr. laga nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. nóvember 1959.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

187

30. nóv.

um hámarkstölu vörubifreiða á Akranesi.

1. gr.

Bæjarstjórn getur, að fengnum tillögum Vörubílstjórafélagsins Þjótar og með samþykki samgöngumálaráðuneytisins, ákveðið hámarkstölu þeirra vörubifreiða á Akranesi, sem nota má til aksturs fyrir almenning gegn borgun.

2. gr.

Áður en bæjarstjórn ákveður hámarkstölu, skv. 1. gr., skal félagið láta henni í té skýrslu um atvinnuhorfur stéttarinnar, og skal þar einnig greint frá, hvort fækkað hafi í stéttinni á s. l. 12 mánuðum, og ef svo er, þá um hve marga og hve margar inntökubeiðnir hafa borizt félaginu, svo og öðru því, er máli skiptir. Enn fremur skal félagið láta bæjarstjórn í té rökstudda tillögu um hámarkstölu vörubifreiða á næsta tímabili, sbr. 3. gr.

Áður en bæjarstjórn ákveður hámarkstölu, skal hún leita álits samtaka útvegsmanna og vinnuveitenda um málið.

3. gr.

Í októbermánuði ár hvert tekur bæjarstjórn ákvörðun um, hver hámarkstala skuli vera, og má hún aldrei vera lægri en tala starfandi vörubifreiða hjá Vörubílastöð Akraness 1. þess mánaðar. Ákvörðun skv. 1. mgr. gildir í eitt ár í senn, frá 1. nóvember til jafnlengdar næsta ár.

4. gr.

Stjórn félagsins er skylt að veita bæjarstjórn allar þær upplýsingar, sem bæjarstjórnin telur nauðsynlegar í sambandi við framkvæmd reglugerðar þessarar.

Ef atvinnuástand breytist verulega á tímabilinu, getur bæjarstjórn breytt ákvörðun um hámarkstölu, að fengnum tillögum þeirra aðila, er getur um í 2. gr., og samþykki samgöngumálaráðuneytisins.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða né vörubifreiða, sem eru í eign einstakra atvinnufyrirtækja og hafa ekki afgreiðslu á Vörubílastöð Akraness. Ef ágreiningur rís, um hvort bifreið skuli teljast vörubifreið eða sendiferðabifreið samkvæmt reglugerð þessari, sker bæjarráð úr því.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. nóvember 1959.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hafa verið sett upp stöðvunarmerki samkvæmt 5. gr. B 13 í reglugerð um umferðarmerki o. fl. á eftirtöldum gatnamótum:

Miklubraut við Suðurlandsbraut.
 Grensásvegi við Miklubraut.
 Háaleitisvegi við Miklubraut.
 Seljalandsvegi við Miklubraut.
 Njarðargötu við Hringbraut.
 Hofsvallagötu við Hringbraut.
 Bræðraborgarstíg við Holtsgötu.
 Bræðraborgarstíg við Vesturgötu.
 Ægisgötu við Vesturgötu, norðan megin.
 Frakkastíg við Hverfisgötu, sunnan megin.
 Laugarnesvegi við Borgartún og Sundlaugaveg.
 Laugalæk við Sundlaugaveg.
 Njarðargötu við Laufásveg, norðan megin.
 Njarðargötu við Sóleyjargötu, norðan megin.
 Vonarstræti við Suðurgötu.

Þar sem sett hefur verið stöðvunarmerki, ber ökumanni skilyrðislaust að nema staðar. Þegar ekið er af stað aftur, er skylt að sýna ýrtruðu varúð og vikja fyrir umferð frá báðum hliðum, hvort sem um aðalbraut er að ræða eða ekki.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 30. nóvember 1959.

Sigurjón Sigurðsson.

- 189 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Eiríks Tómassonar
 4. des. frá Járngerðarstöðum í Grindavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms-
 málaráðherra 4. desember 1959.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Eiríks Tómassonar frá Járngerðarstöðum í Grindavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Eiríks Tómassonar frá Járngerðarstöðum í Grindavík.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Sæmundi Tómassyni, Reykjavík, til minningar um Eirík bróður hans á sextugustu ártíð hans en hann var fæddur 8. desember 1898 á Járngerðarstöðum og dáinn þar hinn 2. september 1941. Stofnframlag er kr. 2500.00.

3. gr.

189

Sjóðurinn skal varðveitast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og ávaxtast þar. 4. des.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla og hvetja til áhuga og dugnaðar við sundnám í Unglingaskóla Grindavíkur. Skal í þessu skyni veita tvenn verðlaun, fyrstu og önnur, eftir mati prófdómara og skólastjóra, við sundpróf skólans og skal miðað við fermingarár nemenda. Gildir þetta jafnt fyrir stúlkur sem drengi. Skal árlega verja $\frac{1}{2}$ hluta ársvaxta af innstæðu sjóðsins í lok hvers reikningsárs. Hinn helmingurinn skal leggjast við höfuðstólinn.

5. gr.

Verðlaun skulu vera heiðursskjal, sem undirritað verði af skólastjóra og prófdómara við sundprófið, og peningaupphæð, sem takmarkast af hálfum vöxtum sjóðsins, og skiptist þannig, að fyrstu verðlaun verði $\frac{3}{5}$, en önnur $\frac{2}{5}$ af þeim hluta vaxta, sem úthlutað verður. Útborgun vaxta fer fram 1. marz árlega og skal tilkynna til Söfnunarsjóðs, ef notaðir verða til verðlauna

6. gr.

Tekjur sjóðsins verða: Vextir af höfuðstóli, eins og hann er á hverjum tíma, svo og gjafir eða áheit, sem honum kann að áskotnast.

7. gr.

Verðlaun skulu veitt í fyrsta sinn á yfirstandandi skólaári og afhendast við skólaslit.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: formaður skólanefndar, sem jafnframt sé formaður sjóðsstjórnar og skólastjóri unglingskóla Grindavíkur og formaður slysavarnadeildarinnar Þorbjörns í Grindavík. Stjórn sjóðsins sér um eignir sjóðsins, reikningshald og fjárreiður.

9. gr.

Viðskiptabók sjóðsins og skipulagsskrá skal vera í vörzlu sjóðstjórnar. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af tveim endurskoðendum tilnefndum af skólanefnd.

10. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita staðfestingar forseta Íslands.

Reykjavík, 15. október 1959.

Sæmundur Tómasson.

190

10. des.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 212 28. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

1. gr.

1. másl. 3. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skýrslur þær og skjöl, sem ræðir um í 1. málsgr. þessarar greinar, skulu afhentar svo tímanlega, að fram geti farið skoðun á vörunum, ef þörf krefur, áður en ferming þeirra á sér stað, og mega farmflytjendur ekki afhenda útflytjendum frumrit af farmskírteinum nema með leyfi tollstjóra.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 10. desember 1959.

Gylfi Þ. Gíslason.

Yngvi Ólafsson.

191

11. des.

AUGLÝSING

um hækkun bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Frá 1. janúar 1960 skulu grunnupphæðir bóta samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956 um atvinnuleysistryggingar, hækka um 15 af hundraði frá því sem verið hefur.

Samkvæmt þessu verður lágmark bótanna á dag svo sem hér segir: Fyrir einhleypan mann kr. 24.00, fyrir kvæntan mann kr. 30.00 og fyrir hvert barn allt að þremur kr. 6.00. Hámark bóta á dag verður sem hér greinir: Fyrir einhleypan mann kr. 52.00, fyrir kvæntan mann kr. 60.00 og fyrir hvert barn allt að þremur kr. 8.00.

Bótaupphæðir þessar eru grunnupphæðir miðaðar við núgildandi vísitölugrundvöll, sbr. lög nr. 1 30. janúar 1959, 5. gr.

Hækkun þessi er ákveðin til samræmingar við þær kauphækkningar, sem urðu á árinu 1958, samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 4 20. jan. 1959, um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Félagsmálaráðuneytið, 11. desember 1959.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarlund Jóns biskups Arasonar að Grýtu í Eyjafirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. desember 1959. 15. des.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarlund Jóns biskups Arasonar að Grýtu í Eyjafirði.

1. gr.

Lundurinn er sjálfseignarstofnun.

2. gr.

Eignir hans eru: Land að Grýtu um það bil 1 hektari að stærð, gefið árið 1950 af ekkjunni Rósu Jónasdóttur, auk þess fé, er lundinum kann að áskotnast með gjöfum eða opinberum tillögum. Lundurinn hefur verið girtur með vandaðri girðingu og gróðursett í hann um 10 þúsund trjáplöntur, mest birki, en jafnframt nokkuð af barrtrjám. Ætlunin er að auka í framtíðinni ræktun barrtrjána eftir því sem rúm verður til og skilyrði fyrir því batna.

3. gr.

Stjórn Minningarlundarins skipi 5 menn. Af þeim eru sjálfkjörnir: Sóknarprestur Munkaþverársóknar, oddviti Öngulsstaðahrepps og húsfreyjan á Grýtu. Auk þess skal einn maður vera skipaður af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu og einn af menntamálaráðuneytinu. Stjórnin skiptir með sér verkum.

4. gr.

Verksvið stjórnarinnar er:

- a. Að sjá um að girðingu sé ávallt vel við haldið, svo að hún sé örugg fyrir öllum ágangi búfjár.
- b. Að hafa eftirlit með trjágróðrinum í lundinum, láta planta nýjum trjám eða grisja eftir því sem þörf gerist, og sjá um að hann sé ávallt á hverjum tíma svo vel útlitandi sem frekast er kostur á.
- c. Að útvega lundinum rekstursfé eftir þeim leiðum, sem nefndin sér tiltækilegast á hverjum tíma, og sjá um allar fjárreiður hans.
- d. Nefndin skal semja á hverju ári reikning yfir tekjur og gjöld og allan efnahag lundsins, og skal hann vera endurskoðaður af mönnum, sem kosnir eru af hreppsnefnd Öngulsstaðahrepps.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

193

21. des.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 128 19. okt. 1954, um útgáfu og notkun vegabréfa á varnarsvæðum á Keflavíkurflugvelli.

3. gr. orðist svo:

Vegabréf skulu vera prentuð og auðkennd með orðinu: Keflavíkurflugvöllur, með mynd og eiginhandarundirskrift vegabréfshafa. Þau skulu tölusett og tilfærður gildistími, nafn vegabréfshafa, fæðingardagur og ár, lögheimili, dvalarstaður, starf og nafn atvinnuveitanda.

Vegabréf þessi skulu útgefin í tveim liðum, blá og bleik. Skulu þeir vegabréfs-hafar, sem lögheimili eiga innan varnarsvæðis bera bleik vegabréf, en þeir, sem lögheimili eiga utan þess, blá vegabréf.

Vegabréf þessi skulu vera í innsigliðu plasthylki.

Gjald fyrir myndatöku skal vegabréfshafi greiða kr. 20.00.

4. gr. orðist svo:

Skylt er að sýna vegabréf þessi hvenær sem lögreglumenn krefjast.

5. gr. orðist svo:

Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli skal halda spjaldskrá um vegabréf, sem gefin verða út.

Spjaldskráin skal geyma upplýsingar um öll þau atriði, sem tilgreind eru í vegabréfi, sbr. 3. gr., svo og hverjar þær upplýsingar, sem lögreglustjórinn telur nauðsynlegar.

Hver, sem vegabréf skal bera, er skyldur til að gefa sig fram á lögreglustöðinni á Keflavíkurflugvelli til þess að fá vegabréfið afhent. Hann skal og gefa allar þær upplýsingar, sem lögreglustjóri telur nauðsynlegar við útgáfu vegabréfsins og samning gjaldskrárinnar.

Reglugerðarbreyting þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 10 15. maí 1942, um notkun vegabréfa innanlands, öðlast gildi 1. janúar 1960, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Utánríkisráðuneytið, 21. desember 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Tómas Árnason.

194

23. des.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 67/1959 og innheimta á árinu 1960 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum, vitagjald samkvæmt lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum, lesta-gjald og leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.

- c. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60 194 1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, 23. des. öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundradshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1959.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.

AUGLÝSING

195

23. des.

um niðurfelling aðflutningsgjalda af nokkrum vörutegundum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 67/1959 um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga, hefur ríkisstjórnin ákveðið, að á árinu 1960 skul fella niður verðtoll af:

- Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður verðtoll og vörumagnstoll af kaffi, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár, og sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1959.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.

AUGLÝSING

196

23. des.

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1960.

Ákveðið hefur verið að nota heimild í 1. gr. laga nr. 67 15. desember 1959 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1960. Þó skulu leiksýningar, hljómléikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

Í menntamálaráðuneytinu, 23. desember 1959.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.

197

29. des.

BÆJANÖFN

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum bæjanöfnum á árinu 1959:

Grund, nýbýli í landi Þorpa í Kirkjubólshreppi, Strandasýslu.

Birtingaholt IV, í landi Birtingaholts I í Hrunamannahreppi, Árnassýslu.

Rípur II, nýbýli í landi Ríps í Rípurhreppi, Skagafjarðarsýslu.

Rípur III, nýbýli í lands Ríps í Rípurhreppi, Skagafjarðarsýslu.

Tungufell, nýbýli í landi Kambs og Stafns í Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu.

Mávavatn, nýbýli í landnámi ríkisins að Reykhólum, Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu.

Sólberg, nýbýli í landi Geldingsár í Svalbarðsstrandarhreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Stóratunga II, nýbýli í landi Stórutungu í Bárðdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Rauðanes II, nýbýli í landi Rauðaness í Borgarhreppi, Mýrasýslu.

Valbjarnarvellir II, nýbýli í landi Valbjarnarvalla í Borgarhreppi, Mýrasýslu.

Kjörvogur II, nýbýli í landi Kjörvogs í Árneshreppi, Strandasýslu.

Eysta-Seljaland, nýbýli í landi Seljalands í Vestur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu.

Engihlíð, nýbýli í landi Svinabakka í Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

Vaðbrekka II, nýbýli í landi Vaðbrekku í Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu.

Háafell, nýbýli í landi Torfastaða í Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

Hnefilsdalur II, nýbýli í landi Hnefilsdals í Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu.

Nýpugarðar, nýbýli í landi Borgar í Mýrahreppi, Austur-Skaftafellssýslu.

Ytri-Þóreyjarnúpur, nýbýli í landi Þóreyjarnúps í Kirkjuhvammshreppi, Vestur-Húnavatnssýslu.

Syðribrekka, nýbýli í landi Brekku í Sveinsstaðahreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

Kornsá II, nýbýli í landi Kornsár í Áshreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

Höllustaðir II, nýbýli í landi Höllustaða í Svinavatnshreppi, Húnavatnssýslu.

Móar, nýbýli í landi Ása í Gnúpverjahreppi, Árnassýslu.

Kotlaugar, nýbýli í landi Skipholts II, Hrunamannahreppi, Árnassýslu.

Efstaland, nýbýli í landnámi ríkisins í byggðahverfi undir Ingólfsfjalli, Ölfushreppi, Árnassýslu.

Útwík, nýbýli í landi Víkur í Staðarhreppi, Skagafjarðarsýslu.

Háteigur, nýbýli í landi Hrappsstaða í Vopnafirði, Norður-Múlasýslu.

Grænamýri, nýtt nafn á býlinu Hjaltastaðakot í Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Kirkjubæjarklaustur II, nýbýli í landi Kirkjubæjarklausturs í Kirkjubæjarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu.

Brúnahlíð, nýbýli í landi Klambarsels, Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Vogar IV, nýbýli í landi Voga II í Skútustaðahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Syðri-Sandhólar, nýbýli í landi Sandhóla, Tjörneshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Akurgerði, nýbýli í landnámi ríkisins í Ölfushreppi, Árnassýslu.

Litlimelur, nýbýli í landi Stóra-Lambhaga, Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Árvangur, nýbýli í landi Æsustaða í Mosfellshreppi, Kjósarsýslu.

Mörk, nýbýli í landi Ingveldarstaða, Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.

Sólbakki, nýbýli í landi Búðar í Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu.

Hemla II, nýbýli í landi Hemlu í Vestur-Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu.

Álfheimar, nýbýli í landi Stóraskógar, Miðdalahreppi, Dalasýslu.

Brú, síma- og pósthöð í Hrutafirði, Strandasýslu.

- Laugarás*, nýbýli í landi Laugalands í Nauteyrarhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu. **197**
Dalgarður, nýbýli í landi Mosfells í Mosfellssveit, Kjósarsýslu. 29. des.
Tungunes, nýbýli í landi Ness í Hálshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
Árdalur, nýbýli í landi Einfætlingsgils í Öspakseyrarhreppi, Strandasýslu.
Holt II, nýbýli í landi Holts í Stokkseyrarhreppi, Árnessýslu.
Kvígindisdalur II, nýbýli í landi Kvígindisdals í Rauðasandshreppi, Barðastrandarsýslu.
Akur, nýbýli í landi Rútsstaða í Öngulsstaðahreppi, Eyjafjarðarsýslu.
Fosshóll, nýbýli í landi Kollafoss, Fremri-Torfustaðahreppi, Vestur-Húnavatnssýslu.
Melbær, nýbýli í landi Bæjar í Króksfirði, Reykhólahreppi, Barðastrandarsýslu.
Deildartunga II, nýbýli í landi Deildartungu í Reykholtisdalshreppi, Borgarfjarðarsýslu.
Fellshlið, nýbýli í landi Stafns í Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
Halldórsstaðir IV, nýbýli í landi Halldórsstaða III í Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
Hallkelshólar II, nýbýli í landi Hallkelshóla, Grímsneshreppi, Árnessýslu.
Vatnsholt II, nýbýli í landi jarðarinnar Vatnsholt í Villingadalshreppi, Árnessýslu.
Hvanná II, nýbýli í landi jarðarinnar Hvanná í Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu.
Miðdalur, nýbýli í landi jarðanna Ytri- og Fremri-Svartárdalur, Lýtingsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu.
Þrándarlundur, nýbýli í landi Þrándarholts, Gnúpverjahreppi, Árnessýslu.
Ártún, nýbýli í landi Granastaða I, Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
Heiðmörk, nýbýli í landi Stangar II, Skútustaðahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
Selfell, nýbýli í landi Fellssels, Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
Kjöllur, nýbýli í landi Núpa, Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
Árteigur, nýbýli í landi Granastaða II, Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
Kirkjubær II, nýbýli í landi Kirkjubæjar, Kirkjubæjarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
Mýrartunga II, nýbýli í landi Mýrartungu, Reykhólahreppi, Barðastrandarsýslu.
Hofteigur, nýbýli í landi Stóra-Hofs, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu.
Ármót, nýbýli í landi Fróðholtshjáleigu, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu.
Vökuland, nýbýli í landi Ytra-Laugalands, Öngulsstaðahreppi, Eyjafjarðarsýslu.
Varmaland, nýbýli í landi Flúða, Hrunamannahreppi, Árnessýslu.
Garðyrkjustöðin Edin, garðyrkjunýbýli í landi Hveragerðis, Árnessýslu.
Hrafnabjörg IV, nýbýli í landi Hrafnabjarga I, Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
Birkihlið, nýbýli í landi Botns I og II, Suðureyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.
Smiðjuholt, býli (iðnaðarbýli) í landi Reykholts, Reykholtisdalshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Í menntamálaráðuneytinu, 29. desember 1959.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

198

30. des.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir söluturna í Reykjavík o. fl.

Samkvæmt heimild í 1. gr. samþykktar nr. 90 28. maí 1957 um breyting á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða o. fl., hefur bæjarstjórn Reykjavíkur ákveðið að gjald fyrir hvert leyfi, sem veitt kann að verða, samkvæmt a- og b-liðum greinarinnar skuli vera kr. 12000.00 árlega og greiðast ársfjórðungslega fyrir fram.

Ofanrituð gjaldskrá staðfestist hér með samkvæmt lög nr. 17 1. febr. 1936 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 93 15. júní 1957, um sama efni.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1959.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

199

31. des.

REGLUGERÐ

um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga.

Ákvörðun um iðgjöld árið 1960 samkvæmt 27. og 29. gr. almannatryggingalaga nr. 24 1956, er frestað að öðru leyti en því, sem hér segir:

1. Í janúar 1960 skal greiða upp í iðgjöld samkvæmt 27. gr. sem hér segir:
 - a. Hjón og ókvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 650.00
– 2. —	— 500.00
 - b. Ógiftar konur:

Á 1. verðlagssvæði	— 450.00
– 2. —	— 350.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 29. gr. vegna lögskráðra sjómanna og ökumanna bifreiða, skulu árið 1960, þar öðru vísi verður ákveðið, vera þessi:

Á 1. verðlagssvæði	— 10.00 á viku.
– 2. —	— 7.80 —

Reglugerð þessi, sem gerð er samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 70 23. des. 1959, um breyting á lögum nr. 74 30. des. 1958, um breyting á lögum nr. 24 1956, um almannatryggingar, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1959.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1959.

Bráðabirgðalög um verð landbúnaðarafurða, undirskrifuð af forsetanum 18. september 1959, nr. 56.

Auglýsing um framlengingu viðskipta- og greiðslusamnings Íslands og Ungverjaland, undirskrifuð af utanríkisráðherra 24. janúar 1959, nr. 57.

Auglýsing um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Svíþjóðar, undirskrifuð af utanríkisráðherra 17. ágúst 1959, nr. 58.

Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Spánar um afnám vegabréfsáritana, undirskrifuð af utanríkisráðherra 20. ágúst 1959, nr. 59.

Auglýsing um framlengingu á viðskiptasamningi milli Íslands og Ítalíu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 24. ágúst 1959, nr. 60.

Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Ísrael, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama daga, nr. 61.

Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama daga, nr. 62.

Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1959 skuli koma saman til fundar föstudaginn 20. nóvember 1959, undirskrifað af forsetanum 10. nóvember 1959, nr. 63.

Auglýsing um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifuð af forsetanum 20. nóvember 1959, nr. 64.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis, undirskrifuð af forsetanum 7. desember 1959, nr. 65.

Lög um bráðabirgðaffárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960, undirskrifuð af forsetanum 15. desember 1959, nr. 66.

Lög um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 67.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 68.

Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Tékkóslóvakíu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 28. september 1959, nr. 69.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 74 30. des. 1958, um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum 23. desember 1959, nr. 70.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um stofnun sérstakrar kirkjusóknar með kirkju að Görðum. 200 31. des.

Eftir viðtöku bréfs yðar, háeruverðugi herra, dags. 11. f. m., er fylgdi afrit af bréfi prófastsins í Kjalarnesprófastsdæmi, dags. 8. okt. þ. á., varðandi framkomin tilmæli íbúa Garðahrepps um stofnun sérstakrar kirkjusóknar með kirkju að Görðum, tekur ráðuneytið fram, að þar sem fyrir liggur samþykki safnaðarfundar Hafnarfjarðarsóknar og héraðsfundar Kjalarnesprófastsdæmis fyrir þessari ráðstöfun, samþykkir ráðuneytið með tilvisun til tillagna yðar og 8. gr. laga nr. 31 1952, um skipun prestakalla, að Hafnarfjarðarsókn verði skipt í tvær sóknir,

B 43

- 200** Hafnarfjarðarsókn og Garðasókn, þannig að Garðahreppur norðan Hafnarfjarðar
 31. des. verði sérstök kirkjusókn, þannig að Hafnarfjarðarkirkja haldi eignum sínum og
 sjóði óskertum og að samkomulag sé um afnot hinnar nýju Garðasóknar af Hafnar-
 fjarðarkirkju, unz endurreist Garðakirkja verður tekin í notkun.

201
 31. des.

G J A L D S K R Á

fyrir rafveitu Ísafjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Ísafjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Ljós.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.65 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.00 hver kwst. nemi kr. 13.00 á ári af hverjum fermetra gólfplatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verzlunum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 4.00 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 66 aura hver kwst. Auk fastagjalds kr. 5.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Mælagjald falli þá niður. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús en ekki ganga, baðherbergi, þvottahús og geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 fermetrar skal telja sem hálf, en stærri en 25 fermetrar sem tvö.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli kr. 1.50 hver kwst. til iðnaðar.
2. Um kwst.mæli til fiskiðnaðar ef uppsett vélaafl fastra véla er yfir 20 kw, 60 aura hver kwst.

D. Bökun.

1. Um kwst.mæli til bökunarofna í brauðgerðarhúsum 40 aura.
2. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli 35 aura hver kwst. ef straumur er rofinn frá kl. 9 til kl. 22, eða um tvígjaldsmæli á 35 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9 og kr. 1.50 hverja kwst. frá kl. 9 til kl. 22.

E. Til hafnar- og götuljósa.

Um kwst.mæli til hafnar- og götuljósa 60 aura hver kwst.

F. Önnur notkun.

1. Hiti kirkju um kwst.mæli 35 aurar hver kwst.
2. Hiti í sundlaug um kwst.mæli 10 aurar hver kwst.
3. Súgþurrkun um kwst.mæli 35 aurar hver kwst.

G. Heimtaugargjald.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða heimtaugargjald. Skal það vera sem hér segir:

1. Grunnjald fyrir hverja loftlínuheimtaug kr. 400.00.
2. Fyrir jarðlínuheimtaug kr. 800.00.

Auk þessa grunnjalds skal greiða kr. 4.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og annarra mannvirkja. Hálfu þúsund eða minna í brunabótamati skal sleppa í útreikningi þessum, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða rafveitustjórn samræmt það nýju mati og miðað heimaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný skal þó heimaugargjaldið miðast við það mat.

Húseigandi greiði grunnjald heimaugar um leið og uppsetningu heimaugar er lokið. Hinn hluti heimaugargjaldsins fellur í gjalddaga þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meira en 15 metrar og loftlínuheimtaugar meira en 40 metrar og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 m², skal húseigandi greiða að fullu kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein taug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimaug eftir reikningi.

Hámark heimaugargjaldsins fari þó ekki fram yfir kr. 5000.00, að viðbættu grunnjaldi.

H. Opnunargjald.

1. Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar, er óheimilt að opna fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 20.00 opnunargjald á skrifstofu rafveitunnar.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust. Er óheimilt að opna aftur, fyrr en notandi hefur greitt kr. 20.00 á skrifstofu rafveitunnar.

I. Ákvæði vegna vatnsskorts.

Ef fyrirsjáanlegt er að dómi rafveitustjóra, að örðugleikar verði á rekstri rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn með samþykki ráðuneytisins gert bráðabirgðaráðstafanir, er hún telur heppilegar til að draga úr orkunotkun á veituvæðinu meðan á vatnsskortri stendur.

J. Heimild rafveitustjórnar til breytinga á gjöldum.

Bæjarstjórninni er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórnin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar komi.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að ganga í gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Ísafjarðar, nr. 113 29. júní 1951, ásamt síðari breytingu, nr. 20 26. febrúar 1959.

Atvinnumálaráðuneytið, 31. desember 1959.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Reykjavík skal, á meðan bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps ekki leyfa fólksbifreiðastöðvar, hvor í sínu lögsagnarumdæmi, fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Reykjavík, miðuð við íbúatölu á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Frama, Reykjavík, þannig, að ein bifreið komi á hverja 125 íbúa, sem þar eiga lögheimili, samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Félagssvæði samkv. 1. mgr. telst Reykjavík, Kópavogskaupstaður og Seltjarnarneshreppur.

Meðan leigubifreiðar eru fleiri en sem svarar einni á hverja 125 íbúa, skal ekki veita ný leyfi vegna fjölgunar íbúa, nema eitt fyrir hverja 1500 íbúa.

Þegar rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita atvinnuleyfi vegna fólksfjölgunar, eitt atvinnuleyfi fyrir hverja 125 íbúa.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. október ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

Atvinnuleyfi, sem lögð hafa verið inn til úthlutunarmanna eftir 1. janúar 1959, og ekki úthlutuð öðrum, skulu koma til úthlutunar samkvæmt framansögðu við gildistöku reglugerðar þessarar. Síðan skal veita leyfi í stað hvers atvinnuleyfis, sem losnar.

2. gr.

Enginn bifreiðarstjóri má aka allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga í Reykjavík, nema hann hafi afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Reykjavík, og hafi öðlazzt atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri í Reykjavík.

Atvinnuleyfin skulu tölusettt og bundin við nafn leyfishafa.

Engum má úthluta fleiri en einu atvinnuleyfi, nema Bifreiðastöð Steindórs, sem skal fá 45 atvinnuleyfi af þeirri tölu leigubifreiða, sem leyfð er.

Bifreiðastöð Steindórs er óheimilt að nota þau atvinnuleyfi, sem gefin eru út á nafn Bifreiðastöðvar Steindórs, fyrir aðrar leigubifreiðar en þær, sem eru eign Bifreiðastöðvar Steindórs.

Þeim leyfishöfum, sem að staðaldri hafa látið aðra aka bifreið sinni, sem leigubifreið til mannflutninga í útgerðarleyfum sínum, skal, ef þeir æskja þess, heimilt að hafa þann hátt á áfram, þar til leyfishafi byrjar akstur sjálfur, þótt bifreiðastjórinn ekki hafi atvinnuleyfi, enda sé bifreiðarstjórinn meðlimur í Bifreiðastjórafélaginu Frama.

3. gr.

Óheimilt er að veita bifreiðarstjóra atvinnuleyfi, nema hann skuldbindi sig til að stunda akstur leigubifreiðar sinnar sem aðalatvinnu og sækir um upptöku í Bifreiðastjórafélagið Frama.

Þeir bifreiðastjórar, sem vinna störf þau, sem talin eru í b-lið 12. gr., halda óskertum rétti sínum, þótt þeir stundi ekki akstur bifreiðar sem aðalstarf.

4. gr.

Leigubifreiðarstjórar, sem ekki hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Reykjavík, hafa ekki atvinnurétt þar, nema eftir kvaðningu fyrirfram.

5. gr.

202

19. nóv.

Í Reykjavík skal ávallt vera a. m. k. ein bifreiðastöð opin alla nóttina. Bifreiðastjórum er skylt að hlíta reglum, sem stjórn viðkomandi bifreiðastöðva kann að setja í samráði við stjórn Bifreiðastjórafélagsins Frama, því til tryggingar að ekki sé tilfinnanlegur skortur á leigubifreiðum vissa hluta sólarhringsins.

6. gr.

Bifreiðarstjóri, sem óskar að fá atvinnuleyfi, sem leigubifreiðarstjóri, skal sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum, til Bifreiðastjórafélagsins Frama. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð í Reykjavík, um að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu.

Atvinnuleyfin skulu gefin út af tveimur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þessari. Skal annar þeirra tilnefndur af stjórn Bifreiðastjórafélagsins Frama, en hinn af ráðherra. Tilnefningin er til þriggja ára í senn.

Úthlutunarmenn skulu líta eftir, að ákvæðum laga um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum og reglugerðar þessarar sé fylgt. Verði ágreiningur á milli úthlutunarmanna, sker samgöngumálaráðuneytið úr.

Stjórn Bifreiðastjórafélagsins Frama skal senda úthlutunarmönnum til afgreiðslu umsóknir um atvinnuleyfi, og annað, sem fyrir þá ber að leggja samkvæmt reglugerð þessari, ásamt rökstuddum tillögum.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðarstjóra við akstur leigubifreiða til mannflutninga lagður til grundvallar, þannig, að sá sem hefur lengstan starfsaldur sem bifreiðarstjóri við mannflutninga, hvar sem er á landinu, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda verði hann, ef hann fær atvinnuleyfi, búsettur í Reykjavík, Kópavogskaupstað eða Seltjarnarneshreppi.

Bifreiðarstjórar, sem haft hafa atvinnuleyfi, en sagt því upp, sbr. 1. mgr., hafa forgangsrétt til atvinnuleyfis í næstu 2 ár eftir uppsögn, og fer röð þeirra innbyrðis eftir starfsaldri.

Starfstími bifreiðarstjóra við akstur sérleyfisbifreiða til mannflutninga telst við aldursflokkun jafngildur akstri smærri bifreiða, enda uppfylli umsækjandi skilyrði 3. gr. reglugerðar þessarar.

7. gr.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá hverri þeirri bifreiðastöð í Reykjavík, sem hann getur fengið afgreiðslu hjá, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af bæjarstjórn Reykjavíkur.

Óheimilt er bifreiðastöð að taka bifreið í afgreiðslu fyrr en viðkomandi bifreiðarstjóri hefur lagt fram atvinnuleyfi sitt. Skal leyfið vera í vörzlum bifreiðastöðvarinnar, á meðan leyfishafi hefur þar afgreiðslu.

Nú vill leyfishafi flytja sig á aðra bifreiðastöð og skal hann þá afhenda bifreiðastöð, er hann ekur hjá, yfirlýsingu frá þeirri stöð, sem hann hyggst flytja á, um að hann geti fengið þar afgreiðslu. Skal síðan sú bifreiðastöð, sem leyfishafi flytur frá, tilkynna Bifreiðastjórafélaginu Frama flutninginn innan 4 daga.

Þegar leyfishafi flytur milli stöðva, skal stöðvarstjóri sá, sem leyfishafi flytur frá, afhenda atvinnuleyfi hans stöðvarstjóra þeim, sem leyfishafi flytur til eða Bifreiðastjórafélaginu Frama.

Bifreiðastöð er óheimilt að halda atvinnuleyfi leyfishafa, ef hann flytur sig löglega til afgreiðslu á annarri bifreiðastöð.

8. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt, nema til Bifreiðastjórafélagsins Frama, sem tilkynnir það þegar úthlutunarmönnum.

202 Leyfishafi, sem af einhverjum ástæðum getur ekki rekið leigubifreið samkvæmt 19. nív. leyfi sínu, eða notað það á annan hátt löglega, getur haldið leyfisréttindum sínum í allt að því 6 mánuði. Ef sérstaklega stendur á, geta úthlutunarmenn framlengt þenna frest, enda óski leyfishafi þess.

Úthlutunarmönnum er heimilt að taka atvinnuleyfi leyfishafa hjá viðkomandi bifreiðastöð, hafi hann ekki notfært sér atvinnuleyfið í 6 mánuði eða lengur og ekki sótt um frest. Skulu þá úthlutunarmenn tilkynna leyfishafa innköllun leyfisins með ábyrgðarbréfi. Hafi leyfishafi ekki óskað eftir framlengingu leyfisins og fært fram ástæður, sem úthlutunarmenn geta tekið til greina, innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins.

Nú notar leyfishafi ekki atvinnuleyfi sitt í lengri eða skemmri tíma, en heldur því þó, sbr. 2 mgr., og er þá bifreiðastöð óheimilt að taka annan í afgreiðslu í hans stað á meðan.

Leyfishafi getur misst atvinnuréttindi sín, ef hann er fjarverandi tvo mánuði eða lengur án þess að hafa tilkynnt viðkomandi bifreiðastöð fjarveru sína og orsakir hennar. Stöðvarstjóri skal þá tilkynna fjarveruna stjórn Bifreiðastjórafélagsins Frama, en hún ber málið undir úthlutunarmenn, sem ákveða hvort svipta skuli leyfishafa atvinnuleyfi eða ekki.

9. gr.

Brjótí leyfishafi eitthvað það af sér, að dómi bifreiðastöðvarstjóra, að segja beri leyfishafa upp afgreiðslu um stundarsakir, er viðkomandi bifreiðarstöðvarstjóra heimilt að segja leyfishafa upp afgreiðslu í allt að 5 sólarhringa í fyrsta skipti, en allt að því 10 sólarhringa í annað skipti.

Skulu slíkar uppsagnir og tilefni þeirra skrásettar hjá viðkomandi bifreiðastöð og tilkynntar úthlutunarmönnum jafnóðum.

Telji bifreiðastöðvarstjóri ástæðu til að víkja leyfishafa úr afgreiðslu oftast, lengri tíma eða fyrir fullt og allt, skal viðkomandi bifreiðastöð afhenda úthlutunarmönnum atvinnuleyfi leyfishafa og leggja málið fyrir þá. Skulu úthlutunarmenn, innan 15 daga, úrskurða, hvort útiloka skuli umræddan bifreiðarstjóra frá afgreiðslu og hve langan tíma eða alveg.

Telji úthlutunarmenn ástæðu til að segja leyfishafa upp afgreiðslu um lengri eða skemmri tíma, skal atvinnuleyfi leyfishafa vera í vörzlu þeirra, meðan uppsögn afgreiðslunnar stendur.

Viðkomandi bifreiðastöð er skylt að taka leyfishafa í afgreiðslu aftur að afgreiðslubanni loknu, ef leyfishafi æskir þess.

Nú æskir leyfishafi ekki að afgreiðslubanni loknu að fara til þeirrar bifreiðastöðvar, sem hann var hjá, skal hann þá innan 30 daga útvega sér afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð, en takist honum það ekki, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins og fellur það þá til úthlutunar að nýju, nema úthlutunarmenn ákveði annað.

Báðir aðilar hafa rétt til að skjóta úrskurði úthlutunarmanna til samgöngumálaráðuneytisins, innan 6 daga frá birtingu úrskurðarins, ef um er að ræða útilokun í 6 mánuði eða lengri tíma eða ef ágreiningur er um afgreiðslu málsins hjá úthlutunarmönnum.

10. gr.

Nú hættir leyfishafi að reka leigubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp. Skal hann þá skrá yfirlýsingu þar að lútandi á atvinnuleyfi sitt og bifreiðastöð sú, sem hann hafði afgreiðslu hjá, síðan afhenda atvinnuleyfið skrifstofu Bifreiðastjórufélagsins Frama samdægurs eða næsta virkan dag. Síðan ráðstafa úthlutunarmenn leyfinu samkvæmt reglugerð þessari.

Á sama hátt skal skila til Bifreiðastjórufélagsins Frama atvinnuleyfum, sem

losna af öðrum orsökum en um getur í 1. mgr., svo sem við andlát leyfishafa eða ef hann fyrirgerir rétti sínum til leyfisins. **202**

19. nóv.

Sé atvinnuleyfi leyfishafa lagt inn til Bifreiðastjórafélagsins Frama, án undirskriftar leyfishafa, skulu úthlutunarmenn tilkynna leyfishafa það með ábyrgðarbréfi. Hafi hann ekki gefið skýringu, sem úthlutunarmenn geta tekið gilda, innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til atvinnuleyfisins.

11. gr.

Óheimilt er að hafa vaktaskipti bifreiðarstjóra á leigubifreiðum, nema báðir hafi atvinnuleyfi.

12. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan mann en þann, sem hefur atvinnuleyfi, aka fyrir sig, nema í eftirgreindum tilfellum, að fenginni undanþágu samkvæmt 13. gr.:

- a. Ef leyfishafi er veikur, enda sanni hann veikindi sín með vottorði læknis.
- b. Ef leyfishafi er að vinna í þágu Bifreiðastjórafélagsins Frama, bifreiðastöðva þeirra, er reglugerð þessi nær til, eða þeirra stofnana verkalýðssamtakanna, sem Bifreiðastjórafélagið Frami á aðild að.
- c. Ef leyfishafi deyr, heldur ekkja hans atvinnuleyfinu, ef hún æskir þess, enda sé bifreiðastjórinn meðlimur í Bifreiðastjórafélaginu Frama.

13. gr.

Vilji leyfishafi öðlast undanþágu samkvæmt 12. gr., skal hann sækja um það skriflega til Bifreiðastjórafélagsins Frama. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð leyfishafa um að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill að aki bifreiðinni.

Bifreiðastjórafélaginu er þá heimilt að veita undanþáguna og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram, hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðarstjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér, er hann er við akstur, og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagsins, ef þeir æskja þess.

Bifreiðastjórafélagið skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt framan-sögðu.

14. gr.

Hverri bifreiðastöð er skylt að láta úthlutunarmönnum í té, í septembermánuði ár hvert, skrá yfir allar bifreiðar, sem þar hafa þá afgreiðslu. Í skrá þessari skal tilgreint skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bifreiðarstjóra og bifreiðar-eiganda.

15. gr.

Úthlutunarmönnum er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir, ef leyfishafi brýtur ákvæði reglugerðar þessarar, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgöngumálaráðuneytisins.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kaupúnum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 13 9. febr. 1956, um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og um ráðstöfun atvinnuleyfa, og reglugerð nr. 54 18. apríl 1959, um breytingu á þeirri reglugerð.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. nóvember 1959.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

ALÞINGISMENN

kosnir í júní 1959.

A. Þingmenn kjördæma.

Fyrir Vestur-Skaftafellsýslu:	Óskar Jónsson, bókari.
— Vestmannaeyjar:	Guðlaugur Gíslason, bæjarstjóri.
— Rangárvallasýslu:	Ingólfur Jónsson, kaupfélagsstjóri.
	Björn Björnsson, sýslumaður.
— Árnessýslu:	Ágúst Þorvaldsson, bóndi.
	Sigurður Ó. Ólafsson, kaupmaður.
— Gullbringu- og Kjósarsýslu:	Ólafur Thors, fyrrv. forsætisráðherra.
— Hafnarfjörð:	Matthías Á. Mathiesen, sparisjóðsstjóri.
— Reykjavík:	Bjarni Benediktsson, ritstjóri.
	Björn Ólafsson, stórkaupmaður.
	Einar Olgeirsson, ritstjóri.
	Jóhann Hafstein, bankastjóri.
	Gylfi Þ. Gíslason, ráðherra.
	Gunnar Thoroddsen, borgarstjóri.
	Þórarinn Þórarinsson, ritstjóri.
	Ragnhildur Helgadóttir, lögfræðingur.
— Borgarfjarðarsýslu:	Jón Árnason, framkvæmdastjóri.
— Mýrasýslu:	Halldór E. Sigurðsson, sveitarstjóri.
— Snæfellsness- og Hnappadalssýslu:	Sigurður Ágústsson, útgerðarmaður.
— Dalasýslu	Ásgeir Bjarnason, bóndi.
— Barðastrandarsýslu:	Gísli Jónsson, forstjóri.
— Vestur-Ísafjarðarsýslu:	Þorvaldur G. Kristjánsson, lögfræðingur.
— Norður-Ísafjarðarsýslu:	Sigurður Bjarnason, ritstjóri.
— Ísafjörð:	Kjartan J. Jóhannsson, læknir.
— Strandasýslu:	Hermann Jónasson, hæstaréttarlögmaður.
— Vestur-Húnavatnsýslu:	Skúli Guðmundsson, bóndi.
— Austur-Húnavatnssýslu:	Björn Pálsson, bóndi.
— Skagafjarðarsýslu:	Ólafur Jóhannesson, prófessor.
	Gunnar Gíslason, prestur.
— Siglufjörð:	Einar Ingimundarson, bæjarfógeti.
— Eyjafjarðarsýslu:	Bernharð Stefánsson, bankastjóri.
	Magnús Jónsson, lögfræðingur.
— Akureyri:	Jónas G. Rafnar, héraðsdómslögmaður.
— Suður-Þingeyjarsýslu:	Karl Kristjánsson, sparisjóðsstjóri.
— Norður-Þingeyjarsýslu:	Gísli Guðmundsson, fyrrv. ritstjóri.
— Norður-Múlasýslu:	Páll Zóphóníasson, fv. búnaðarmálastjóri.
	Halldór Ásgrímsson, kaupfélagsstjóri.
— Seyðisfjörð:	Björgvin Jónsson, kaupfélagsstjóri.
— Suður-Múlasýslu:	Eysteinn Jónsson, fyrrv. ráðherra.
	Vilhjálmur Hjálmarsson, bóndi.
— Austur-Skaftafellssýslu:	Páll Þorsteinsson, kennari.

Varamenn þingmanna Reykjavíkur.

203

Fyrir Alþýðubandalagið:	Alfreð Gíslason, lækni.
— Alþýðuflokkinn:	Sigurður Ingimundarson, efnafræðingur.
— Framsóknarflokkinn:	Einar Ágústsson, sparisjóðsstjóri.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Ólafur Björnsson, prófessor.
	Ásgeir Sigurðsson, skipstjóri.
	Angantýr Guðjónsson, verkamaður.
	Sveinn Guðmundsson, forstjóri.
	Davíð Ólafsson, fiskimálastjóri.

Varamenn þingmanna Rangárvallasýslu:

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Sigurður Tómasson, bóndi.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Sigurjón Sigurðsson, bóndi.

Varamenn þingmanna Árnessýslu.

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Guðmundur Guðmundsson, bóndi.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Steinþór Gestsson, bóndi.

Varamenn þingmanna Skagafjarðarsýslu.

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Kristján Karlsson, skólastjóri.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Gisli Gottskálfsson, bóndi.

Varamenn þingmanna Eyjafjarðarsýslu.

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Garðar Halldórsson, bóndi.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Árni Jónsson, tilraunastjóri.

Varamenn þingmanna Norður-Múlasýslu.

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Tómas Árnason, deildarstjóri.
	Stefán Sigurðsson, bóndi.

Varamenn þingmanna Suður-Múlasýslu.

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Stefán B. Björnsson, bóndi.
	Stefán Einarsson, flugafgreiðslustjóri.

B. Landskjörnir þingmenn.

(Skammstafanir: A = Alþýðuflokkur, Ab = Alþýðubandalag.)

1.	landskjörinn þingmaður:	Hannibal Valdimarsson, fyrrv. ráðh. Ab.
2.	—	Eggert G. Þorsteinsson, múrari. A.
3.	—	Gunnar Jóhannsson, verkamaður. Ab.
4.	—	Emil Jónsson, forsætisráðherra. A.
5.	—	Finnbogi R. Valdimarsson, bankastj. Ab.
6.	—	Guðmundur Í. Guðmundsson, ráðherra. A.
7.	—	Karl Guðjónsson, kennari. Ab.
8.	—	Björn Jónsson, verkamaður. Ab.
9.	—	Steindór Steindórsson, menntaskólak. A.
10.	—	Lúðvík Jósepsson, fyrrv. ráðherra, Ab.
11.	—	Friðjón Skarphéðinsson, ráðherra. A.

203

Varamenn landskjörinna þingmanna.

Fyrir Alþýðubandalagið:

Geir Gunnarsson, skrifstofustjóri.
 Páll Kristjánsson, aðalbókari.
 Ingi R. Helgason, héraðsdómslögmaður.
 Ásmundur Sigurðsson, fulltrúi.
 Bergþór Finnbogason, kennari.
 Jónas Árnason, rithöfundur.
 Áki Jakobsson, hæstaréttarlögmaður.
 Benedikt Gröndal, ritstjóri.
 Friðfinnur Ólafsson, forstjóri.
 Unnar Stefánsson, viðskiptafræðingur.
 Pétur Pétursson, forstjóri.

— Alþýðuflokkinn:

204

ALÞINGISMENN

kosnir í október 1959.

A. Þingmenn kjördæma.

Fyrir Vesturlandskjördæmi:

Ásgeir Bjarnason, bóndi.
 Sigurður Ágústsson, útgerðarmaður.
 Halldór E. Sigurðsson, sveitarstjóri.
 Jón Árnason, framkvæmdastjóri.

— Vestfjarðakjördæmi:

Benedikt Gröndal, ritstjóri.
 Gísli Jónsson, forstjóri.
 Hermann Jónasson, hæstaréttarlögmaður.
 Kjartan J. Jóhannsson, læknir.
 Sigurvin Einarsson, forstjóri.

— Norðurlandskjördæmi vestra:

Birgir Finnsson, forstjóri.
 Skúli Guðmundsson, bóndi.
 Gunnar Gíslason, prestur.
 Ólafur Jóhannesson, prófessor.
 Einar Ingimundarson, bæjarfógeti.

— Austurlandskjördæmi:

Björn Pálsson, bóndi.
 Eysteinn Jónsson, fyrrv. ráðherra.
 Halldór Ásgrímsson, kaupfélagsstjóri.
 Jónas Pétursson, bústjóri.

— Reykjaneskjördæmi:

Lúðvík Jósepsson, fyrrv. ráðherra.
 Páll Þorsteinsson, kennari.
 Ólafur Thors, fyrrv. forsætisráðherra.
 Emil Jónsson, forsætisráðherra.
 Matthías Á. Mathiesen, sparisjóðsstjóri.

— Norðurlandskjördæmi eystra:

Jón Skaftason, stjórnarráðsfulltrúi.
 Finnbogi R. Valdimarsson, bankastjóri.
 Karl Kristjánsson, sparisjóðsstjóri.
 Jónas G. Rafnar, héraðsdómslögmaður.
 Gísli Guðmundsson, fyrrv. ritstjóri.
 Garðar Halldórsson, bóndi.
 Björn Jónsson, verkamaður.
 Magnús Jónsson, lögfræðingur.

Fyrir Suðurlandskjördæmi:	Ingólfur Jónsson, kaupfélagsstjóri.	204
	Ágúst Þorvaldsson, bóndi.	
	Guðlaugur Gíslason, bæjarstjóri.	
	Björn Fr. Björnsson, sýslumaður.	
	Sigurður Ó. Ólafsson, kaupmaður.	
— Reykjavík:	Karl Guðjónsson, kennari.	
	Bjarni Benediktsson, ritstjóri.	
	Auður Auðuns, lögfræðingur.	
	Einar Olgeirsson, ritstjóri.	
	Gylfi Þ. Gíslason, ráðherra.	
	Jóhann Hafstein, bankastjóri.	
	Gunnar Thoroddsen, borgarstjóri.	
	Þórarinn Þórarinsson, ritstjóri.	
	Ragnhildur Helgadóttir, lögfræðingur.	
	Alfreð Gíslason, læknir.	
	Eggert G. Þorsteinsson, múrari.	
	Ólafur Björnsson, prófessor.	
	Pétur Sigurðsson, sjómaður.	

Varamenn þingmanna Vesturlandskjördæmis.

Fyrir Alþýðuflokkinn:	Pétur Pétursson, forstjóri.
— Framsóknarflokkinn:	Daniel Ágústínusson, bæjarstjóri.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Gunnar Guðbjartsson, bóndi.
	Friðjón Þórðarson, sýslumaður.
	Ásgeir Pétursson, deildarstjóri.

Varamenn þingmanna Vestfjarðakjördæmis.

Fyrir Alþýðuflokkinn:	Hjörtur Hjálmarsson, skólastjóri.
— Framsóknarflokkinn:	Bjarni Guðbjörnsson, bankastjóri.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Halldór Kristjánsson, bóndi.
	Sigurður Bjarnason, ritstjóri.
	Þorvaldur G. Kristjánsson, lögfræðingur.

Varamenn þingmanna Norðurlandskjördæmis vestra.

Fyrir Framsóknarflokkinn:	Jón Kjartansson, forstjóri.
	Kristján Karlsson, skólastjóri.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Guðmundur Jónasson, bóndi.
	Jón Pálmason, bóndi.
	Guðjón Jósefsson, bóndi.

Varamenn þingmanna Austurlandskjördæmis.

Fyrir Alþýðubandalagið:	Ásmundur Sigurðsson, fulltrúi.
— Framsóknarflokkinn:	Björgvin Jónsson, kaupfélagsstjóri.
	Vilhjálmur Hjálmarsson, bóndi.
— Sjálfstæðisflokkinn:	Páll Metúsalemsson, bóndi.
	Einar Sigurðsson, útgerðarmaður.

204

Varamenn þingmanna Reykjaneskjördæmis.

Fyrir Alþýðubandalagið:	Vilborg Auðunsdóttir, kennari.
